



Stúdentaráð Háskóla Íslands



## EFNISYFIRLIT

Ávarp forseta – Breytingar eru í vændum .....	1
Stúdentaráð 2018-2019 .....	3
Niðurstöður kosninga 2018 .....	3
Fulltrúar í sviðsráðum .....	3
Fulltrúar á Háskólaþingi .....	4
Starfshópar Stúdentaráðs .....	4
Starfshópur Stúdentaráðs um endurskoðun laga um LÍN .....	4
Fulltrúar Stúdentaráðs í öðrum ráðum og nefndum .....	5
Fulltrúar Stúdentaráðs í stjórn LÍN .....	5
Alþjóðafulltrúi SHÍ .....	5
Fulltrúi stúdenta í stjórn Félagsstofnunar stúdenta .....	5
Fulltrúar stúdenta í fulltrúaráði LÍS .....	6
Fulltrúar stúdenta í fulltrúaráði BN .....	6
Fulltrúar í háskólaráði .....	7
Fulltrúar stúdenta í háskólaráði 2018-2020 .....	7
Fulltrúar stúdenta í nefndum háskólaráðs .....	7
Fastanefndir Stúdentaráðs .....	8
Félagslífs- og menningarnefnd .....	8
Fjármála- og atvinnulífsnefnd .....	10
Fjölskyldunefnd .....	11
Alþjóðanefnd .....	11
Jafnréttisnefnd .....	15
Kennslumálanefnd .....	15
Lagabreytinganefnd .....	16
Nemendafélagsnefnd .....	17
Nýsköpunar- og frumkvöðlanefnd .....	17
Umhverfis- og samgöngunefnd .....	18
Stjórn Stúdentaráðs .....	20
Skrifstofa Stúdentaráðs .....	21
Árskýrsla forseta .....	21



Stúdentaráð Háskóla Íslands

Ársskýrsla varaforseta .....	21
Ársskýrsla hagsmunafulltrúa .....	22
Ársskýrsla lánasjóðsfulltrúa .....	23
Ársskýrsla ritstjóra .....	24
Ársskýrsla framkvæmdastjóra .....	26
Starfsemi Stúdentaráðs .....	31
Handover og fræðslukvöld Stúdentaráðs .....	31
Handover dagur Stúdentaráðs .....	31
Fræðslukvöld Stúdentaráðs .....	31
Stefnumótun Stúdentaráðs .....	31
Geðheilbrigðismál .....	37
Starfshópur um geðheilbrigðisþjónstu innan hÍ .....	37
Niðurgreidd sálfræðiþjónusta fyrir shí .....	37
Húsnæðismál .....	37
Gamli garður .....	38
Önnur húsnæði .....	39
Samgöngumál .....	39
Strætózip 39	
Borgarlínan .....	39
Naturstrætó .....	39
U-pass 40	
Herferðir .....	40
Stúdentar mega ekki hafa það betra – LÍN herferð .....	40
Samstöðufundur við Lánasjóð íslenskra námsmanna .....	41
Framfarir í lánasjóðsmálum og niðurstöður herferðar .....	41
Aldursgreiningar ungra hælisleitenda .....	42
Gleðigangan 2018 .....	43
Háskólinn okkar .....	43
Októberfest .....	44
100 ára afmæli fullveldis Íslands .....	48
Landsþing 2019 .....	49

---



Stúdentaráð Háskóla Íslands

Undirbúningur .....	49
Þátttaka SHÍ á landsþingi 2019.....	49
Verkfall fyrir loftslagið .....	50
Aurora samstarfsnet.....	51
Starf innan Aurora .....	51
Alþjóðafulltrúi Stúdentaráðs.....	52
Stúdentaráðsfundir .....	53
Skiptafundur 19. mars 2018 .....	53
Stúdentaráðsfundur 9. apríl 2018 .....	53
Stúdentaráðsfundur 9. maí 2018.....	53
Stúdentaráðsfundur 30. maí 2018.....	53
Stúdentaráðsfundur 19. júní 2018.....	53
Stúdentaráðsfundur 8. ágúst 2018 .....	53
Stúdentaráðsfundur 25. september 2018 .....	54
Stúdentaráðsfundur 22. október 2018.....	54
Stúdentaráðsfundur 21. nóvember 2018.....	54
Stúdentaráðsfundur 18. desember 2018.....	54
Stúdentaráðsfundur 23. janúar 2019.....	54
Stúdentaráðsfundur 26. febrúar 2019 .....	55
Stúdentaráðsfundur 15. apríl 2019 .....	55
Kjörfundur Stúdentaráðs 13. mars 2019.....	55
Skiptafundur Stúdentaráðs 13. maí 2019.....	55
Útgefið efni Stúdentaráðs.....	56
Akademían 2018 .....	56
Studentablaðið.....	57
Ályktanir og yfirlýsingar Stúdentaráðs .....	58
Umsagnir Stúdentaráðs til Háskóla Íslands .....	66
Umsagnir Stúdentaráðs til Alþingis.....	74
Sjóðir Stúdentaráðs .....	83
Hrafinkelssjóður .....	83
Studentasjóður.....	84

---



Stúdentaráð Háskóla Íslands

Ábendingar um lög og reglur sjóðsins:.....	84
Samstarfsaðilar Stúdentaráðs .....	86
Nemendafélög og önnur félög innan Háskóla Íslands .....	86
Landssamtök íslenskra stúdenta .....	86
Landssamband ungmennafélaga.....	86
Félagsstofnun stúdenta .....	87
Stjórnsýsla Háskóla Íslands.....	87
Fyrirtæki .....	87
Kjörstjórn og kosningar 2019.....	89
Fundir Kjörstjórnar.....	89
Kjördagar 6. og 7. Feb.....	91
Viðauki A – ársskýrslur sviðsráða .....	93
Sviðsráð Félagsvísindasviðs.....	93
1. Gagnlegar upplýsingar.....	93
2. Um sviðsráð.....	93
3. Ábyrgðarhlutverk.....	93
4. Stefnumál – helstu hagsmunamál ársins .....	94
5. Nefndir og ráð.....	96
6. Helstu viðburðir.....	100
7. Verklagsreglur .....	100
8. Skiptafundur .....	101
Sviðsráð Heilbrigðisvísindasviðs .....	101
Sviðsráð Hugvísindasviðs .....	105
Gagnlegar upplýsingar.....	105
Um Sviðsráð .....	106
Ábyrgðarhlutverk .....	106
Stefnumál – helstu hagsmunamál ársins .....	107
Nefndir og ráð.....	109
Verklagsreglur .....	110
Skiptafundur .....	111
Sviðsráð Menntavísindasviðs .....	111

---



Stúdentaráð Háskóla Íslands

Verklagsreglur sviðsráðs Menntavísindasviðs.....	112
Sýnileiki sviðsráðs Menntavísindasviðs .....	112
Spurningakönnun til stúdenta MVS.....	112
Fundur með FS .....	112
Opinn fundur MVS með rektor.....	113
Sviðsþing Menntavísindasviðs .....	113
Aðstaða stúdenta.....	113
Náms- og starfsráðgjöf .....	113
Salerni fatlaðra.....	113
Skúti 114	
Endurtektarpróf.....	114
Nemendur með íslensku sem annað mál fá lengri próftíma og orðabók í prófum.....	114
Ný námskeið á Menntavísindasviði.....	115
Réttur stúdenta að sjá eldri próf.....	115
Umsögn um drög að frumvarpi.....	115
Fulltrúar stúdenta í nefndum og ráðum MVS .....	115
Sviðsráð Verkfræði- og náttúruvísindasviðs .....	116
Gagnlegar upplýsingar.....	116
Um sviðsráð.....	116
Ábyrgðarhlutverk innan sviðsráðs.....	117
Helstu áfangar og hagsmunamál ársins .....	117
Nefndir og ráð.....	120
Nefndir innan VoN .....	120
Nefndir innan SHÍ .....	120
Lýsing á nefndarstarfi síðasta árs .....	120
Stjórn VoN .....	120
Kennslunefnd VoN.....	122
Náttverk 122	
Viðburðir 123	
Ryðjum veginn: konur í vísindum og verkfræði.....	123
Opinn fundur sviðsráðs.....	124

---



Stúdentaráð Háskóla Íslands

Hópeflisdagur sviðsráðs .....	126
Aðkoma sviðsráðs að viðburðum á sviðinu .....	126
Nýnemadagar .....	126
Kynningarfundur fyrir nýnema .....	127
Sviðsþing Verkfræði- og náttúruvísindasviðs .....	127
Verklagsreglur .....	128
Skiptafundur .....	129
Viðauki B – Tillögur samþykktar af Stúdentaráði .....	130
Viðauki C – Heildarendurskoðun laga SHÍ .....	144
Viðauki D – Aðrar lagabreytingatillögur .....	159
Viðauki E – Samþykktar stefnur Stúdentaráðs .....	174
Stefna SHÍ í fjölskyldumálum .....	174
Stefna SHÍ í náms- og kennslumálum .....	177
Stefna SHÍ í jafnréttismálum .....	179
Stefna SHÍ í umhverfis- og samgöngumálum .....	182
Stefna SHÍ í fjármála- og atvinnulífsmálum .....	184
Stefna SHÍ í alþjóðamálum .....	186
Stefna SHÍ í lánasjóðsmálum .....	188

---

## ÁVARP FORSETA – BREYTINGAR ERU Í VÆNDUM

„Því sérhver ný kynslóð verður að frelsa heiminn  
með því að skapa hann í sinni mynd“

Kæru Stúdentaráðsliðar, stúdentar og samstarfsaðilar,

Árið 2018-2019 hefur einkennst af ótrúlegum samhug og baráttuanda Stúdentaráðs fyrir bættum kjörum stúdenta og er óhætt að segja að árið var uppfullt af stórum sigrum fyrir stúdentana. Við höfum haldið setumótmæli á rektorsgangi til þess að berjast fyrir áframhaldandi uppbyggingu stúdentagarða og mótmælt töfum á byggingu á reit Gamla Garðs, sem leiddi af sér skýra tímalínu og framkvæmdum með fyrirséðri fyrstu skóflustungu haustið 2020. Að frumkvæði Stúdentaráðs fóru allir forystuaðilar stúdenta á Íslandi í sameiginlega herferð, undir formerkjum LÍS, þar sem barist var fyrir bættum lánasjóði sem leiddi af sér hækkun frítekjumarks í fyrsta sinn í fimm ár en frítekjumarkið hækkaði um litlar 400.000 krónur. Í ársbyrjun 2019 hefur Stúdentaráð komið að skipulagningu verkfalls fyrir loftslagið, sem er hluti af alþjóðlegu verkfalli og baráttu að frumkvæði Gretu Thunberg, og föstudaginn 15. mars 2019 fylltist Austurvöllur af 2000 börnum og ungmennum sem kröfðust aðgerða í þágu loftslagsins. Stúdentaráð hefur jafnframt staðið sameinað með flóttabörnum sem leita hælis á Íslandi og lagst einróma gegn því að Háskóli Íslands framkvæmi aldursgreiningar á þeim.



Það eru þó ekki einungis stóru sigrarnir sem skipta máli heldur þeir litlu engu að síður. Við höfum barist fyrir bættri þjónustu við stúdentana innan Háskóla Íslands í formi geðheilbrigðisþjónustu sem leiddi af sér að tveir sálfræðingar eiga að vera ráðnir til starfa og veita stúdentum gjaldfrjálsa þjónustu. Við höfum barist fyrir vistvænni samgöngum, barist fyrir bættri þjónustu við erlenda nemendur við Háskólann og fengið í gegn nýtt stöðugildi á skrifstofu Stúdentaráðs og átt í góðu samstarfi við Félagsstofnun stúdenta sem hefur leitt af sér fjölmarga sigra á borð við græn kaffikort, djúpgáma við stúdentaíbúðir, framleigju stúdentaíbúða og meiri svigrúm fyrir foreldra í úthlutunarreglum. Sviðsráð Stúdentaráðs hafa unnið góða vinnu fyrir stúdentana og fjölmargir sigrar unnist innan mismunandi sviða Háskóla Íslands.

Allt þetta sýnir fram á að barátta stúdenta er raunveruleg og skiptir sköpum fyrir háskólasamfélagið. Ég get með mikilli staðfestu sagt að við erum hvergi nærri hætt og bjartir tímar framundan fyrir stúdentana.

Einn mikilvægasti lærdómur ársins er klárlega sá að standa með gildum hagsmunabaráttunnar, að koma þeim skýrt á framfæri við öll tækifæri og dreifa boðskapi okkar vítt. Það þarf að treysta nýjum kynslóðum til þess að móta samfélagið í sinni mynd. Það er ótrúlegur kraftur og fjársjóður sem býr í öllum þeim fjölbreyttu einstaklingum sem eru reiðubúnir að gefa tíma sinn og vinnu fyrir baráttu stúdenta og til þess að skapa heiminn í sinni mynd. Öll sem hafa





Stúdentaráð Háskóla Íslands

komið að baráttunni síðasta ár eiga mjög stórt hrós skilið því ekkert af þessu hefði gengið eftir ef ekki væri fyrir allt það magnaða fólk sem myndar Stúdentaráð.

Ég fagna árangri og hlakka til að fylgjast með áframhaldandi baráttu stúdenta. Ársskýrsla Stúdentaráðs 2018-2019 sem var tekin saman af undirritaðri fer yfir öll stærstu málin sem tekin voru fyrir á árinu og gefur greinagott yfirlit yfir þá fjölbreyttu og víðtæku starfsemi sem Stúdentaráð stendur fyrir.

Takk fyrir mig Stúdentaráð!

Elísabet Brynjarsdóttir  
Forseti Stúdentaráðs 2018-2019

## STÚDENTARÁÐ 2018-2019

### NIÐURSTÖÐUR KOSNINGA 2018

Kosningar til Stúdentaráðs og Háskólaráðs fóru fram rafrænt á Uglunni 7. og 8. febrúar 2018. Alls voru 13.090 manns á kjörskrá. Um 31% kusu til háskólaráðs, eða 4071 manns, og um 39% kusu til Stúdentaráðs, eða 5129 manns.

- Á Félagsvísindasviði kusu 1579 manns af 3967 á kjörskrá, eða 39.8%.
- Á Heilbrigðisvísindasviði kusu 1105 manns af 2300 á kjörskrá, eða 48.04%.
- Á Hugvísindasviði kusu 748 manns af 2284 á kjörskrá, eða 32,75%.
- Á Menntavísindasviði kusu 687 manns af 2057 á kjörskrá, eða 33,4%.
- Á Verkfræði- og náttúruvísindasviði kusu 1010 manns af 2186 á kjörskrá, eða 46,2%.

Röskva hlaut 18 fulltrúa í Stúdentaráði og Vaka 8 fulltrúa.

### FULLTRÚAR Í SVIÐSRÁÐUM

Sviðsráð Stúdentaráðs eru fimm og mynda saman Stúdentaráð Háskóla Íslands. Sviðsráðin vinna sjálfstætt innan sinna fræðisviða og vinna öflugt starf í þágu stúdenta. Forseti sviðsráða situr fyrir hönd stúdenta í stjórn sviðsins, ásamt deildarforsetum og sviðsforseta. Ársskýrslur sviðsráða er að finna í viðauka A, þar sem farið er yfir það starf sem unnið var innan sviðsráðanna.

#### Sviðsráð Félagsvísindasviðs

- Jóna Þórey Pétursdóttir (forseti, Röskva)
- Þórhallur Valur Benónýsson (Vaka)
- Vaka Lind Birkisdóttir (Röskva)
- Katrín Ásta Jóhannsdóttir (Vaka)
- Benedikt Guðmundsson (Vaka)
- Róbert Ingi Ragnarsson (Röskva)
- Krístrún Helga Valþórsdóttir (Röskva)

#### Sviðsráð Heilbrigðisvísindasviðs

- Sigurður Ýmir Sigurjónsson (forseti, Röskva)
- Theodóra Listalín Þrastardóttir (Rösvka)
- Leifur Auðunsson (Vaka)
- Krister Blær Jónsson (Röskva)
- Guðný Björk Proppé (Röskva)

#### Sviðsráð Hugvísindasviðs

- Alexandra Ýr van Erven (forseti, Röskva)
- Valgerður Hirst Baldurs (Röskva)
- Þorgerður Anna Gunnarsdóttir (Vaka)
- Grétar Þór Sigurðsson (Röskva)
- Anna Margrét Arnarsdóttir (Röskva)

#### Sviðsráð Menntavísindasviðs

- Kolbrún Lára Kjartansdóttir (forseti, Vaka)
- Ágúst Arnar Þráinsson (Röskva)
- Flóki Jakobsson (Vaka)
- Thelma Rut Jóhannsdóttir (Röskva)
- Axel Örn Sæmundsson (Vaka)

#### Sviðsráð Verkfræði- og náttúruvísindasviðs

- Eyþór Óli Borgþórsson (forseti, Röskva)
- Harpa Almarsdóttir (Röskva)
- Svana Þorgeirsdóttir (Vaka)
- Númi Sveinsson (Röskva)
- Melkorka Mjöll Jóhannesdóttir (Röskva)

#### FULLTRÚAR Á HÁSKÓLAÞINGI

Á Stúdentaráðsfundi 30. maí 2018 voru fulltrúar stúdenta á Háskólaþingi starfsárið 2018-2019 skipaðir af Stúdentaráði. Samkvæmt lögum Stúdentaráðs skipar Stúdentaráð 10 fulltrúa til Háskólaþings og fjóra til vara. Skipa skal 3 fulltrúa úr hópi starfsfólks skrifstofu Stúdentaráðs og 7 skulu skipaðir úr hópi Stúdentaráðsliða og varafulltrúa þeirra í hlutfalli við niðurstöður kosninga til Stúdentaráðs.

Aðalfulltrúar stúdenta á Háskólaþingi 2018-2019 voru:

- Elísabet Brynjarsdóttir (tilnefning skrifstofu)
- Pétur Geir Steinsson (tilnefning skrifstofu)
- Sonja Sigríður Jónsdóttir (tilnefning skrifstofu)
- Þórhallur Valur Benónýsson (tilnefning Vöku)
- Kolbrún Lára Kjartansdóttir (tilnefning Vöku)
- Alexandra Ýr van Erven (tilnefning Röskvu)
- Eyþór Óli Borgþórsson (tilnefning Röskvu)
- Ágúst Arnar Þráinsson (tilnefning Röskvu)
- Róbert Ingi Ragnarsson (tilnefning Röskvu)
- Númi Sveinsson (tilnefning Röskvu)

Varafulltrúar stúdenta á Háskólaþingi 2018-2019 voru:

- Jóhann H. Sigurðsson (tilnefning Vöku)
- Eiríkur Búi Halldórsson (tilnefning Vöku)
- Jóna Þórey Pétursdóttir (tilnefning Röskvu)
- Harpa Almarsdóttir (tilnefning Röskvu)

Fulltrúar stúdenta í Háskólaráði sátu einnig Háskólaþing á starfsárinu 2018-2019.

#### STARFSHÓPAR STÚDENTARÁÐS

#### STARFSHÓPUR STÚDENTARÁÐS UM ENDURSKOÐUN LAGA UM LÍN

Lánasjóðsfulltrúi Stúdentaráðs var falið af Stúdentaráði að koma á fót starfhópi um Lánasjóðs íslenskra námsmanna í tilefni þess að mennta- og menningarmálaráðherra hafði

nýlega skipað verkefnastjórn um nýtt lánasjóðsfrumvarp. Talið var mikilvægt að hafa starfrækan starfshóp sem gæti brugðist við ef frumvarpið yrði lagt fram og gæti þá mótað stefnu Stúdentaráðs.

Skv. tillögu sem samþykkt var á fundi Stúdentaráðs 9. apríl 2018 skal starfshópurinn skipaður að hámarki 5 áhugasömum Stúdentaráðsliðum og varamönnum úr báðum fylkingum í kjölfar auglýsingar meðal þeirra, auk lánasjóðsfulltrúa SHÍ sem stýrir störfum hópsins.

Fulltrúar stúdenta í starfshópnum árið 2018-2019 voru:

- Elísa Björg Grímsdóttir, lánasjóðsfulltrúi
- Heiða Skúladóttir, forseti fjármála- og atvinnulífsnefndar
- Alexandra Ýr van Erven
- Eyrún Baldursdóttir
- Isabel Alejandra Díaz
- Jóhann H. Sigurðsson

## FULLTRÚAR STÚDENTARÁÐS Í ÖÐRUM RÁÐUM OG NEFNDUM

### FULLTRÚAR STÚDENTARÁÐS Í STJÓRN LÍN

Stúdentaráð skipar fulltrúa sinn í stjórn Lánasjóðs íslenskra námsmanna (LÍN). Hann tekur þó ekki við af fyrri fulltrúa fyrir en samningaviðræðum um úthlutunarreglur næsta skólaárs er lokið. Fulltrúi Stúdentaráðs í stjórn LÍN gegnir embætti lánasjóðsfulltrúa Stúdentaráðs.

Varafulltrúi Stúdentaráðs í stjórn LÍN skal valinn úr hópi starfsfólks skrifstofu SHÍ og staðfestur af stjórn SHÍ með tilliti til jafnréttissjónarmiða og í samræmi við 15. gr. laga nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

Fulltrúar Stúdentaráðs í stjórn LÍN skólaárið 2018-2019 voru því:

- Elísa Björg Grímsdóttir, aðalfulltrúi
- Pétur Geir Steinsson, varafulltrúi

### ALÞJÓÐAFULLTRÚI SHÍ

Forseti alþjóðanefndar er alþjóðafulltrúi Stúdentaráðs. Alþjóðafulltrúi á sæti í Aurora samstarfsnetinu, ásamt einu fulltrúa af skrifstofu Stúdentaráðs. Skýrslu alþjóðanefndar má finna í kafla 3 í ársskýrslunni.

Alþjóðafulltrúi Stúdentaráðs fyrir skólaárið 2018-2019 var Derek T. Allen.

### FULLTRÚI STÚDENTA Í STJÓRN FÉLAGSSTOFNUNAR STÚDENTA

Samkvæmt lögum Stúdentaráðs á að bera upp aðalfulltrúa og varafulltrúa saman til samþykktar Stúdentaráðs á tveggja ára fresti. Samkvæmt reglugerð fyrir Félagssstofnun stúdenta (FS) er stjórn FS skipuð 5 mönnum, Menntamálaráðuneytið skipar 1 mann og varafulltrúa hans til tveggja ára í senn og háskólaráð kys 1 mann og varafulltrúa hans til tveggja ára í senn. Stúdentar skipa því meirihluta í stjórn FS.

Fulltrúar stúdenta í stjórn FS fyrir skólaárin 2017-2019 eru:

- Erla Ósk Ásgeirsdóttir (formaður stjórnar), skipuð af Röskvu. Varafulltrúi hennar var Nanna Hermannsdóttir.
- Brynhildur Bolladóttir, skipuð af Röskvu. Varafulltrúi hennar var Álfrún Perla Baldursdóttir.

- Janus Arn Guðmundsson, skipaður af Vöku. Varafulltrúi hans var María Guðjónsdóttir.

---

#### FULLTRÚAR STÚDENTA Í FULLTRÚARÁÐI LÍS

Samkvæmt lögum Landssamtaka íslenskra stúdenta (LÍS) er fulltrúaráð þess skipað tveimur fulltrúum frá hverju aðildarfélagi sem tilnefndir eru á landsþingi. Hvert aðildarfélag tilnefnir á landsþingi ár hvert einn fulltrúa sem situr í fulltrúaráði í tvö ár. Þá skulu aðildarfélög einnig tilnefna tvo varamenn fyrir fulltrúa sem gegna því hlutverki í eitt ár.

Samkvæmt lögum Stúdentaráðs Háskóla Íslands situr forseti Stúdentaráðs til tveggja ára í fulltrúaráði LÍS. Setan er fléttuskipulag og er kjörtímabil hvers aðalfulltrúa tvö ár. Þar sem lög LÍS voru sett á landsþingi 2018 var sett inn bráðabirgðaákvæði í lög Stúdentaráðs fyrir 2019 sem segir að varaforseti Stúdentaráðs situr til eins árs fyrsta árið í nýju fulltrúaráði með forseta.

Fulltrúar stúdenta SHÍ í fulltrúaráði LÍS skólaárið 2018-2019 voru:

- Elísabet Brynjarsdóttir, forseti Stúdentaráðs, skipuð til tveggja ára. Varafulltrúi hennar var Þórhallur Valur Benónýsson.
- Sonja Sigríður Jónsdóttir, varaforseti Stúdentaráðs, skipuð til eins árs. Varafulltrúi hennar var Ester R. Antonsdóttir.

---

#### FULLTRÚAR STÚDENTA Í FULLTRÚARÁÐI BN

Byggingafélag námsmanna ses, er sjálfseignarstofnun með sjálfstæðan fjárhag. Að félaginu standa stúdenta- og nemendafélög eftirtalinna skóla sem eiga nú aðild að Byggingafélaginu: *Háskólinn í Reykjavík, Háskóli Íslands, Listaháskóli Íslands og Tækniskólinn.*

Þau stúdenta- og nemendafélög sem eiga aðild eiga rétt til fulltrúa á fulltrúaráðsfundum BN. Stúdentaráð Háskóla Íslands á rétt á 4 fulltrúum á fulltrúaráðsfundum.

Fulltrúar SHÍ í fulltrúaráði BN skólaárið 2018-2019 voru:

- Elísabet Brynjarsdóttir, forseti Stúdentaráðs.
- Sonja Sigríður Jónsdóttir, varaforseti Stúdentaráðs.
- Elísa Björg Grímsdóttir, lánasjóðsfulltrúi Stúdentaráðs.
- Pétur Geir Steinsson, hagsmunafulltrúi Stúdentaráðs.

Kosið er til stjórnar stofnunarinnar ár hvert á aðalfulltrúaráðsfundi. Ási Þórðarson situr sem meðstjórnandi í stjórn BN fyrir hönd SHÍ.

## FULLTRÚAR Í HÁSKÓLARÁÐI

Háskólaráð er æðsta stjórnvald Háskóla Íslands og stúdentar tilnefna tvo fulltrúa af ellefu sem eru skipaðir til tveggja ára í senn. Í febrúar 2018 var kosið í fyrsta skiptið síðan 2012 um fulltrúa stúdenta í háskólaráði í allsherjarkosningum meðal stúdenta Háskóla Íslands. Röskva og Vaka buðu því fram fulltrúa í háskólaráð á framboðslista sem stúdentar kusu um. Alls kusu 4071 manns af 13090 á kjörskrá til háskólaráðs og var því um 31% kosningabátttaka.

### FULLTRÚAR STÚDENTA Í HÁSKÓLARÁÐI 2018-2020

Fulltrúar stúdenta í háskólaráði starfsárið 2018-2020

- Benedikt Traustason (varafulltrúi Helga Lind Mar)
- Ragnhildur Alda María Vilhjálmsdóttir (varafulltrúi Jóhann Óli Eiðsson)

### FULLTRÚAR STÚDENTA Í NEFNDUM HÁSKÓLARÁÐS

Stúdentar eiga fulltrúa í meirihluta nefnda Háskólaráðs. Stúdentaráð kýs fulltrúa í þessar nefndir og allir stúdentar Háskóla Íslands geta boðið sig fram í nefndirnar þegar sætin losna. Yfirleitt er skipað í nefndirnar til tveggja eða þriggja ára í senn.

#### **Fulltrúar stúdenta í starfsnefndum háskólaráðs eru eftirfarandi:**

Gæðanefnd (skipuð frá 2018 til 2021): Pétur Marteinn Urbancic Tómasson

Skipulagsnefnd (skipuð frá 2018 til 2020): Ari Guðni Hauksson

Vísindanefnd (skipuð frá 2017 til 2020): Skúlína Hlíf Kjartansdóttir

Jafnréttisnefnd (forseti jafnréttisnefndar SHÍ): Óskar Steinn Jónínuson Ómarsson

Kennslumálanefnd (forseti kennslumálanefndar SHÍ): Róbert Ingi Ragnarsson

#### **Fulltrúar stúdenta í öðrum nefndum háskólaráðs eru eftirfarandi:**

Ráð um málefni fatlaðs fólks (skipuð frá 2016 til 2019): Unnur Hjaltadóttir

Sjálfbærni- og umhverfisnefnd (skipuð frá 2018 til 2021): Ásmundur Jóhannsson

Málnefnd (skipuð frá 2018 til 2021): Atli Jasonarson

## FASTANEFNDIR STÚDENTARÁÐS

## FÉLAGSLÍFS- OG MENNINGARNEFND

**Skipan nefndar**

- Guðný Ljósbrá Hreinsdóttir (forseti)
- Björnfríður S. Björnsdóttir
- Rakel Sif Magnúsdóttir
- Vaka Lind Birkisdóttir
- Mikael Berg Steingrímsson

**Skipulag nefndar**

Nefndin hóf störf 18. apríl 2018. Við hittumst eftir það og héldum fund þar sem við settum upp plan fyrir árið. Samskipti nefndarmeðlima yfir árið fóru að mestu fram í gegnum samfélagsmiðla. 4 stelpur voru í nefndinni út sumarið og tók nefndin 5 meðliminn inn í ágúst. Nefndin auglýsti eftir aðilum á Facebook og sendum út tölvupóst og fengum 2 umsóknir. Forseti nefndar þekkti báða aðilana þannig nefndin var látin kjósa um umsækjendur fyrst og eftir það niðurstaðan endanlega rædd með öllum. Mikael Berg kom því inn í nefndina um haustið. Mismunandi aðilar tóku að sér mismunandi verkefni á viðburðum. Forseti var alltaf með yfirumsjón en útdeildi verkefnum þegar við á.

**Viðburðir**

Nefndin hélt 5 viðburði á árinu en stóð til að halda fleiri. Nefndin var í miklum samskiptum við Völu hjá FS en hún sér um Stúdentakjallarann og samstarfið við hana gekk mjög vel. Við bættum við nokkrum viðburðum, stefnan var að reyna að hafa einn viðburð í mánuði, en það gekk ekki eftir - fjöldi viðburða var eftir því en upprunalegu dagsetningar gengu ekki upp. Því varð mjög mikið að gera hjá okkur í janúar og febrúar, við mælum með að þeim sé betur dreift upp á álag á nefndarmeðlimum.

**Sumarparty með Símanum (varð ekki)**

Ætluðum í samstarfi við Símann að halda sumarparty. Það tókst því miður ekki vegna veðurs og dagsetningar hentuðu ekki. Síminn var samt spenntur fyrir hugmyndinni og hefði það verði flottur viðburður sem mætti endilega kíkja aftur á. Hugsunin var útsvæði, DJ og mögulega einhverskonar sumariþróttamót (eins og blak), bjóða þá nýnemum sérstaklega svo þetta væri fyrsti HÍ viðburðurinn sem þau myndu mæta á.

**Nýnemamót 7. Sept**

Aðal atriðið hér er auglýsing og skráning. Gera viðburðinn sýnilegan. Þetta er alltaf í kringum Októberfest og Nýnemavikuna svo það er mikið í gangi og mikilvægt að vera sýnilega. Gerðum viðburð á samfélagsmiðlum snemma og byrjuðum að heyra í nemendafélögum rúmlega 2 vikum fyrir. Svo sendir SHÍ persónulega á nemendur. Reglurnar okkar voru 7-10 í liði amk 2 nýnemar. Nemendafelög máttu vera með nokkur lið. Muna að fá bikarinn snemma frá nemendafélaginu sem vann. Vorum með riðlakeppni 14 lið skráðu sig og gekk þetta vel. Þrennan, RedBull og Tékkland sponsuðu og gáfu þátttakendum glaðninga og sáu um vinninga. Síminn og Redbull mættu og voru með stemmingu. Mörkin voru fengin lánuð hjá Val frítt. Við urðum að fá sendibíl til að fara með mörkin. Mörk eru merkilega þung og því þarf að fá nóg að fólki til að hjálpa við að bera mörkin, bæði á völlinn og af honum í lok dags. Ekki vanmeta það að fá mannafla í þetta verkefni. Dómarar voru úr röðum Stúdentaráðsliða.

### Mínútuleikar á Októberfest 8. Sept

Á laugardeginum á Októberfest fengum við það hlutverk að sjá um drykkjuleika á milli nemendafélaga. Það voru 8 lið sem skráðu sig til leiks. Það voru 3 þrautir og tvö lið á hverri þraut. Ekki það góð skráning og því miður mættu ekki öll liðin, við gerðum viðburð vel fyrir vorum með frían bjór og gerðum pepp myndband. Keppt var í píramýdaþrautinni, flip'a'cup og nóa kropp bjór þraut. Teknir voru niður tímarnir á liðunum og fékk sigurliðið vinninga frá Símanum og bjór. Umsjónaraðili Októberfest sá um bjórinn. Nemendafélögin áttu að bera ábyrgð á því að koma sínu fólki þangað. Sum gerðu það vel önnur ekki. Keppnin gekk mjög vel en það hefði mátt vera meiri stemning. Við fengum þá til að opna svæðið aðeins fyrir fyrir keppnina þar sem árið á undan hafði verið alltof mikið fólk inni tjaldinu. Veit því ekki hvort er betra að opna fyrir og hafa aðeins færri eða opna á venjulegaum tíma og hafa sprungið tjald. Kannski er millivegur?

### Party bingó Þrennu 27. Okt

Við ákváðum að hafa Party bingó í samstarfi við Þrennu. Venjulegt bingó en aðeins meiri áhersla á party stemmingu. Við græjuðum vinninga sjálf og fengum lánað bingó dót. Ég gerði event og auglýsingar og bókaði DJ en Þrenna borgaði Djinn, bjórinn og mikið af vinningum. Rukkuðum klink fyrir spjöldinn svo að við gætum stjórnað fjöldanum (fólk væri ekki að sækja endalaust frítt). Það var mjög góð stemming og gekk vel. Einfalt og þægilegt.

### Þrennuvísó SHÍ 15. Feb

Viðburðurinn var í fyrsta skiptið ekki haldinn með HR. Þrenna sá um skipulagningu en við um skráningu og auglýsingar. Það kom klúður upp þar sem ég stein gleymdi dagsetningunni þangað til rúmum 5 dögum fyrir og Síminn gleymdi að hafa samband við okkur til að minna á vegna starfsmannaskipta svo við byrjuðum að auglýsa seinna en við hefðum viljað. Það reddaðist þó því SHÍ var með skráningu á docs og fengum við 200 sæti sem fylltust. Við gerðum lítið annað en að mæta, sendum á Símann skráninguna sem þeir héldu svo utan um. Við vorum ekki með rútur. Mikil stemming var en augljóslega mættu færri en þegar þetta var haldið með HR.

### Fyndnasti háskólaneminn 25, 26 feb og 4 mars

Haldið í samstarfi við Landsbankann. Þau voru með samning við Mið-Ísland í ár og þess vegna komu þeir sem dómara, við fengum einnig sigurvegarann frá því í fyrra til að vera dómara lokakvöldið. Karen Björk uppistandari var gestadómari 25 og Jakob Birgisson uppistandari var gestadómari 26. Gerður var event sem notaður var til auglýsinga á facebook (grúppur og annað), gerð voru kynningarmyndbönd og plaköt (Landsbankinn). Skráningin var mjög góð en það tóku 12 einstaklingar þátt í keppninni. Það komust 2 uppúr fyrra kvöldinu og 3 úr seinna kvöldinu. Á lokakvöldinu voru því 5 keppendur. Landsbankinn gaf sigurvegaranum 100 þúsund krónur í ávísunarformi frá Landsbankanum. Við vorum ekki með verðlaun fyrir 2 og 3 sætið en það væri eflaust létt að redda því. Þarf að passa að á kjallaranum þarf að koma með eigin tölvu fyrir viðburði til að hafa bakgrunn, lentum einusinni í því að screen saver fór í gang þegar strákur var uppá sviði og það sló han smá útaf laginu.

### Háskólaport í Apríl

Árlegi fatamarkaðurinn „Háskólaport“ er haldið í apríl.

### Lokaorð

Flest allir viðburðirnir okkar gengu mjög vel, smáatriði hér fóru úrskaiðis eða þurfti að redda



á síðustu stundu sem gerist allstaðar. Bara passa að AUGLÝSA vel og nýta tengsl inn í háskólann, nefndir, nemendafélög osfrv.

## FJÁRMÁLA- OG ATVINNULÍFSNEFND

### **Skipan nefndar**

Í fjármála- og atvinnulífsnefnd 2018-2019 sátu:

- Ragnheiður Skúladóttir (forseti)
- Hjalti Björn Hrafnkelsson
- Emil Dagsson
- Halla Guðrún Jónsdóttir
- Alexandra Björg Ægisdóttir.

Nefndin samanstóð af fjórum fulltrúum Vöku og Röskvu ásamt einum óháðum aðila.

### **16.10.18**

Hlaðvarp í samstarfi við F/A og SHÍ um atvinnumál stúdenta fór í loftið, þar sem Heiða Skúladóttir, forseti F/A, ræddi um atvinnumál stúdenta ásamt Jónínu Kárdal, náms- og starfsráðgjafa HÍ og Baldri G. Jónssyni, mannauðsstjóra Landsbankans. Umræðu stjórnaði Jónas Már Torfason, framkvæmdarstjóri SHÍ

### **17.10.18**

Opinn fræðslufundur á Stúdentakjallaranum í samstarfi við Landsbankann um húsnæðisvanda stúdenta.

Fram komu: Ari Skúlason, hagfræðingur hjá Landsbankanum, Rebekka Sigurðardóttir, upplýsingafulltrúi FS og Sigurborg Ósk Haraldsdóttir, formaður skipulagsnefndar Reykjavíkurborgar.

### **13.11.18**

Annar fræðslufundur á Stúdentakjallaranum í samstarfi við Landsbankann um lán.

Fyrirlesarar voru Sigurjón Gunnarsson, sérfræðingur í fjárstýringu í fjármáladeild Landsbankans, og Kolbrún Ýr Kristjánsdóttir, fjármálaráðgjafi hjá Landsbankanum.

### **14.11.18**

Fyrsta starfsframaráðgjöf Hagvangs í samstarfi við F/A

Nemendur fengu email í gegnum shi@hi.is með boð í starfsframaráðgjöf og gátu skráð sig í gegnum Google Forms. Aðeins einn nemandi gat skráð sig í hvert tíma-slot og þegar það var bókað hvarf tímasetningin sem valmöguleiki fyrir næstu skráningu. Það var gert með Ad-on “Choice Eliminator2”. Boðið var uppá viðtöl frá kl. 9 til 12 og var gert ráð fyrir 15 mínútum á hvert viðtal.

### **14.01 - 25.01 - ATVINNUDAGAR 2019**

Atvinnudagar, áður Framtíðardagar, voru haldnir í síðari hluta janúar. Dagarnir samanstóðu af röðum fyrirlestra tengda atvinnulífinu auk heimsóknna til fyrirtæki. Í ár var í fyrsta sinn sem Atvinnudagar hafa verið haldnir yfir tveggja vikna tímabil, einnig voru heimsóknir til fyrirtækja nýjung. F/A, NSHÍ og Landsbankinn stóðu fyrir Atvinnudögum. Viðburðirnir voru fjármagnaðir af Háskóla Íslands og Landsbankanum.

## FJÖLSKYLDUNEFND

**Skipan nefndar**

Í fjölskyldunefnd 2018-2019 sátu:

- Anna Margrét Arnarsdóttir – forseti
- Bergþóra Ingbórsdóttir
- Thelma Rut Jóhannsdóttir
- Arna Guðnadóttir
- Margrét Vilborg Steinsdóttir

**Hlutverk**

Fjölskyldunefnd fer með hagsmunamál fjölskyldufólks og þeirra stúdenta sem eru foreldrar við Háskóla Íslands. Nefndinni er ætlað að gæta hagsmuna foreldra sem og barna þeirra. Meðal þess sem nefndin berst fyrir er að sérstakt tillit sé tekið til foreldra í námi, hvað varðar námslán, fæðingastyrk og sveigjanleika í námi. Nefndin tryggir að foreldrar geti mætt með börn sín í skólan og að lágmarks búnaður sé í hverri byggingu, svo sem barnastólar og skiptiborð. Nefndin passar að virkt eftirlit sé með því að ekki séu kennd skyldufög í háskólanum eftir að leikskóla lýkur á daginn eða um helgar. Nefndin sér einnig um skipulag ýmissa námskeiða og uppákoma fyrir börn og foreldra.

**Starfsárið**

Nefndin byrjaði á því að kanna hvort að skiptiborð og barnastólar væru í öllum byggingum háskólans sem kom nokkuð vel út og taldi nefndin að ekki væri þörf á því að kalla eftir bættari aðstöðu eins og stendur þó að alltaf megi gera betur í þessum málum.

Í samstarfi við skrifstofu SHÍ kom nefndin að skipulagi íþróttaskóla og jólaballs á starfsárinu sem heppnaðist vel. Kostnaður við íþróttaskólann var töluverður og mætti huga að leiðum til að minnka þann kostnað. Nánari upplýsingar um íþróttaskólann má finna í ársskýrslu framkvæmdastjóra.

Hið árlega jólaball var haldið fimmtudaginn 27. desember k. 15:00 á Háskólatorgi. Ballið er samstarfsverkefni Stúdentaráðs og starfsmannasviðs HÍ en ballið er fyrir börn stúdenta og starfsfólks. Á ballinu voru skemmtiatriði frá Langlegg og Skjóðu, jólasveinar komu og dönsuðu með börnunum í kringum jólatré og gáfu í lokinn nammipoka.

Stúdentaráð lagði fram veitingar (djús, vatn, mandarínur og piparkökur) sem var pantað í gegnum Hámu. Á ballinu sjálfu voru svo þrír fulltrúar frá SHÍ á staðnum til að setja upp veitingarnar og ganga frá með starfsmannasviði eftir ballið. Í ár mættu um 200 börn og góð mæting, en lítil mæting var hjá stúdentum og börnum þeirra. Það mætti hugleiða hvernig væri hægt að auglýsa viðburðinn betur fyrir stúdentum. Í ár var sendur úr tölvupóstur og búinn til Facebook viðburður en það virðist ekki hafa dugað.

Nefndin setti leikskólamál í forgrunn og hafði samband við Sigríði Stephensen leikskólastjóra til að fá svör og ræða breytingar á kerfi leikskólans. Nefndin lagði til að foreldrar gætu fengið að borga lægri leikskólagjöld yfir þann tíma sem algengt er að foreldrar eru í fríi frá skóla (sumarfrí og jólafrí).

## ALÞJÓÐANEFND

**Skipan nefndar**

Í Alþjóðanefndinni SHÍ í starfsárinu 2018-2019 sátu:

- Derek T. Allen, forseti
- Andrea Sif Sigurðardóttir
- Daði Björnsson

- Margrét Steinunn Benediktsdóttir
- Veronika Jónsson

Veronika var skipuð af hinum fjórum nefndarmeðlimunum að vori úr hóp af 11 umsækjendum. Daði sagði af sér úr nefndinni í febrúar 2019.

### **Samstarf við Skrifstofu Alþjóðasamskipta**

Skrifstofa Alþjóðasamskipta er aðalsamstarfsaðili okkar í þessari nefnd. Við funduðum og unnum oft með skrifstofunni, helst með Anítu Hannesdóttur, verkefnisstjóra, og Kolbrún Hrafnisdóttur, kynningarstjóra. Samskipti með Skrifstofu Alþjóðasamskipta er mikilvægur þáttur í þessari nefnd.

#### **1. Móttaka erlendra nema**

Móttökudagur erlendra nema fer alltaf fram í byrjun annar. Alþjóðanefnd SHÍ aðstoðar Skrifstofu Alþjóðasamskipta við skipulag móttökudagsins, sérstaklega með því að finna tónlistaratriði og redda veitingum. Móttakan er haldin á Háskólatorgi.

Meðlimur úr Alþjóðanefndinni SHÍ stjórnar dagskránni og flytur stutt ávarp á móttökudeginum.

- *Haustönn:* Dagskráin byrjaði á nokkrum ræðum. Derek T. Allen, forseti Alþjóðanefndar, ávarpaði nemendur um hlutverk Alþjóðanefndarinnar SHÍ. Svo kom Jón Atli Benediktsson, rektor Háskóla Íslands, með ávarp. Næst var Elísabet Brynjarsdóttir, forseti SHÍ, að ávarpa nemendur um hlutverk SHÍ og að lokum ávarpaði Daniel Fernandez, fulltrúi frá Erasmus Student Network (ESN) um hlutverk þeirra. Gönguferðirnar, sem Daði Björnsson sá um, byrjuðu strax eftir ræðuhöld. Boðið var upp á gos og grillaðar pylsur eftir gönguferðirnar. Í staðinn fyrir að finna tónlistaratriði ákvað nefndin að búa til spilunarlista á Spotify af íslenskri popptónlist. Um kvöldið var móttökuveisla á vegum Stúdentakjallarans.
- *Vorönn:* Í þetta skiptið ákváðum við að halda gönguferðirnar fyrst og svo halda ræður. Eins og í ágúst skipulagði Daði gönguferðirnar. Þá voru ræður frá Derek T. Allen, Jón Atla Benediktsson, og Elísabetu Brynjarsdóttur. Ingvar Gíslason, fulltrúi frá ESN, var viðstaddur til þess að auglýsa félagið, en flutti enga ræðu. Rebekka Blöndal var með tónlistaratriði. Við buðum upp á grænmetissúpu og brauð ásamt gosi sem Veronika Jónsson reddaði í samstarfi við Ölgerðina. Það var veisla í Stúdentakjallaranum eins og í ágúst.

#### **2. Alþjóðadagar**

Dagana 22.-26. október voru haldnir Alþjóðadaga Háskóla Íslands sem voru skipulagðir af Skrifstofu Alþjóðasamskipta í samstarfi við Alþjóðanefnd SHÍ.

Alþjóðanefnd SHÍ skipulagði tvær bíósýningar í Stúdentakjallaranum; í annarri var sýnd *Lobster* og í hinni var sýnd *Okja*. Nefndin var einnig með bás og happdrætti á Alþjóðatorginu í samstarfi við ýmis fyrirtæki, háskóla, og aðra aðila.

### **Mentorkerfið**

Hlutverk mentora er að aðstoða nemendur við komuna til landsins, hitta úthlutuðu nemendurnar sína að lágmarki einu sinni, og kynna fyrir þeim námið og félagslífið í Háskóla Íslands. Hver

mentor er yfirleitt úthlutað 2-3 nemendur, en þetta getur breyst vegna fjölda mentora eða erlendra nema. Mentorar fá viðurkenningu skráða í skírteinisviðauka sem inniheldur viðbótarupplýsingar við prófskírteini ef skilað er könnun í lok tímabils að beiðni Alþjóðanefndar SHÍ.

Þátttakendur og skráning: Skrifstofa Alþjóðasamskipta sendir póst á erlenda nema til þess að auglýsa mentorkerfið fyrir þá sem hafa áhuga á meðan Alþjóðanefnd SHÍ sér yfir skráningu mentora í gegnum Google Forms skjal. Nefndin þarf einnig að semja og senda út póst til allra núverandi nema til þess að fá skráða mentora. Mikilvægt er að auglýsa mentorkerfið því annars þarf mögulega að úthluta mentora fleiri en 2-3 nemendur.

Pörun: Skrifstofa Alþjóðasamskipta sendir á nefndina tvo lista. Annar þeirra inniheldur upplýsingar um erlenda nema á sínum eigin vegum og hinn þeirra inniheldur upplýsingar um skiptinema. Nefndin sendir þessa tvo lista og einnig mentoralistann á Davíð Erik Molberg, samstarfsaðili sem hefur stofnað sjálfvirkt kerfi til þess að para nemendum með mentorum.

### *1.1 Haustönn*

Vegna kerfis Davíðs náðum við að para saman 382 nemendur með 80 mentora. 241 nemendur voru skiptinemar og 141 nemendur voru á eigin vegum. Þegar lokið var pörun var haft samband við mentora til þess að kynna þeim nemenda sína og að hvetja þá að hafa samband við þá nemenda sem fyrst.

### *1.2 Vorönn*

Í þessari önn héldum við áfram að nota kerfi Davíðs. Við náðum að para saman 119 nemendur með 59 mentora. Þar voru 103 skiptinemar og 16 nemendur á eigin vegum. Þegar lokið var pörun var haft samband við mentora til þess að kynna þeim nemenda sína og að hvetja þá að hafa samband við þá nemenda sem fyrst. Send

einnig var upplýsingar um hlutverk mentora og að mentorafundir væru auglýstir síðar.

Mentorafundir: Eftir það var haft samband við mentora voru þeim boðið á fund þar sem aðilar úr Skrifstofu Alþjóðasamskipta og Alþjóðanefnd SHÍ voru viðstaddir. Þar voru tveir fundir, einn fyrir hverja önn. Þar voru stuttar kynningar um hlutverk mentora. Við lok kynningarinnar voru mentorar leyfðir að spyrja spurninga.

Samskipti við mentora: Aðalmiðillinn sem Alþjóðanefnd SHÍ nýtti sér til þess að hafa samband við mentora voru tölvupóstar. Til þess að efla samskiptið á milli nefndarinnar og mentora stofnaði Margrét Steinunn Benediktsdóttir Facebook-hop fyrir mentora haustannar. Margar mikilvægar upplýsingar voru deildar innan hópsins og einnig í gegnum tölvupóst.

Mentorkönnun: Alþjóðanefndin ákvað að breyta nafninu á þessu frá „mentorskýrsla“ vegna þess að okkur fannst heitið „mentorkönnun“ frekar ógnandi. Nemendur þurfa að skila könnun í lok annar svo að við getum tryggt að mentorarnir hafa sinnt starfi þeirra svo þeir geta fengið skírteinisviðauka. Alþjóðanefndin sendi út Google Forms skjal til mentoranna með ýmsar spurningar. Í haustönn sendum við út könnunina í miðju nóvember með skilafrestinn 21. desember.

## **Erasmus Student Network**

Hlutverk: Erasmus Student Network (ESN) eru samtök evrópskra nemenda sem starfa í þágu erlenda háskólanema. ESN skiptist í þrjá hluta: staðbundið (local), þjóðlegt (national), og

alþjóðlegt (international). Á Íslandi eru tvær undireiningar: ESN Háskóla Íslands og ESN Reykjavík. ESN Reykjavík starfar á staðbundnu og þjóðlegu stigi undir forysta forseta þeirra Ingvar Gíslason. ESN sér yfir bæði Facebook-hópin Erasmus Student Network Iceland og vefsíðu þeirra ([www.esn.is](http://www.esn.is)).

#### Samstarf Alþjóðanefndar SHÍ og ESN

Það hefur ekki verið mikið samstarf á milli Alþjóðanefndar SHÍ og ESN en hefur verið vilji fyrir að auka það. Á báðum móttökudögum voru ESN með bás þar sem þau voru að selja simkort og kort sem veita alls konar afslætti og kjör.

Þann 28. febrúar fundaði Derek T. Allen með Elísabetu Brynjarsdóttur og Daniel Fernandez, fulltrúa innan ESN, til þess að búa til áætlun með vonina að virkja ESN aftur. Ákveðið var að Daniel gæti ávarpað við Stúdentaráðið í maí.

#### **Stefnumótun**

Undirbúningur og skrif: Í byrjun október funduðu alþjóðanefndarmeðlimir til þess að ræða innihald stefnunnar. Eftir fundinn samdi Derek T. Allen stefnuna sem var svo samþykkt þann 22. október á Stúdentaráðsfundi. Stefnuna má finna í viðauka E.

#### **Heimsóknir og Vísindaferðir**

Heimsókn í Snæfellsnes: Alþjóðanefnd SHÍ skipulagði ferð til Snæfellsness þann 13. október fyrir erlenda nema. Margrét Steinunn Benediktsdóttir sá um skráningu sem átti sér stað í gegnum Google Forms skjal sem byrjaði í lok september. Skráningin var „fyrsti kemur fyrsti fær“. 35 nemendur voru skráðir, en um 33 nemendur sóttu ferðina. Veronika sá um greiðslur fyrir ferðina. Rukkað var 4500kr. Nemendur skráðir í ferðinni þurftu að hitta Veroniku á Háskólatorgi og borga með pening. Nefndin hafði samband við Muhammed Emin Kizilkaya sem bókaði rútu og bílstjóra. Nefndin fékk einnig styrk frá Stúdentaráði fyrir ferðinni. Veronika og Derek sóttu ferðina og Veronika var leiðsögumaður ferðarinnar. Það heppnaðist mjög vel og við hlökkum til að sjá hvað alþjóðanefndirnar í framtíðinni gera til þess að fylgjast með þessa nýja hefð sem við byrjuðum með.

#### **Daglegur rekstur**

Það er ekki eingöngu stórir viðburðir sem Alþjóðanefndin SHÍ sér um. Hún sér einnig um alls konar litla hluti sem eru mikilvægir til að halda utan að til þess að tryggja besta upplifun sem hægt er fyrir erlenda nema. Andrea Sif Sigurðardóttir sá um tölvupósta sem sendir voru frá Skrifstofu Alþjóðasamskipta, erlendum nemum, og öðrum aðilum. Margrét Steinunn Benediktsdóttir sá helst um samfélagsmiðla. Við erum með Facebook-síðu þar sem við fáum skilaboðum frá sömu aðilum sem voru lýstir fyrir ofan.

#### **Önnur verkefni**

Derek T. Allen hefur verið virkur í Aurora Student Council ásamt Elísabetu Brynjarsdóttur, forseta Stúdentaráðs. Derek var kosinn ritari Stúdentaráðs Aurora í júní þar sem hann hefur skrifað fundargerðir af rafrænum fundum og einnig af fundum nemenda sem átti sér stað í The University of Antwerp í Belgíu. Þar tók Derek þátt í starfshóp sem heitir *Inclusive*

*Internationalisation.* Í starfshópnum er fjallað um hvernig á að hvetja nemenda, sérstaklega þá sem stunda nám innan háskóla Aurora tengslanets, til að fara í skiptinámi.

#### JAFNRÉTTISNEFND

##### **Skipan nefndar**

Í jafnréttisnefnd SHÍ starfsárið 2018-2019 sátu:

- Óskar Steinn Jónínuson Ómarsson (forseti)
- Tinna Hallgrímsdóttir
- Ingveldur Anna Sigurðardóttir
- Gunnar Smári Þorsteinsson
- Anastasía Jónsdóttir

Anastasía var skipuð af hinum fjórum nefndarmeðlimunum að hausti af öðrum nefndarmeðlimum. Fulltrúi jafnréttisnefndar SHÍ mætti á fundi jafnréttisnefndar HÍ yfir starfsárið.

##### **Jafnréttisdagar 2018**

Jafnréttisnefnd skipulagði einn viðburð á árinu. Þann 3. október stóð nefndin fyrir fundi í tengslum við jafnréttisdaga Háskóla Íslands. Fundurinn bar yfirskriftina „Jafnrétti til náms? Upplifun nemenda með sértæka námsörðugleika“. Þar skoðuðum við hvernig Háskóli Íslands stendur sig gagnvart nemendum sem þurfa sértæka aðstoð í námi. Frummælandi á fundinum var Sigríður Jónsdóttir sem hefur unnið rannsókn á sértækri þjónustu Náms- og starfsráðgjafar HÍ. Þá sögðu nokkrir nemendur frá reynslu sinni af þjónustu Háskólans. Þessir nemendur höfðu reynslu af bæði andlegri og líkamlegri fötlun. Á fundinum kom fram að víða er pottur brotinn í þjónustu háskólans við nemendur með þörf á sértækri aðstoð í námi.

##### **Þjónustusamningur um aldursgreiningar á hælisleitendum**

Jafnréttisnefnd HÍ, sem forseti jafnréttisnefndar á sæti í fyrir hönd stúdenta, hafði þjónustusamning Háskólans við Útlendingastofnun til umfjöllunar og var nefndin beðin um að veita umsögn um samninginn til háskólaráðs. Í samræmi við samþykkt Stúdentaráðs var afstaða fulltrúa stúdenta sú að ekki ætti að gera þjónustusamning um tanngreiningar á ungum hælisleitendum. Það féll í skaut fulltrúa stúdenta að skrifa drög að umsögn nefndarinnar um þjónustusamninginn. Þau drög lögðu grunninn að ítarlegri og vel rökstuddri umsögn nefndarinnar þar sem lagst var gegn þjónustusamningnum.

#### KENNSLUMÁLANEFND

##### **Skipan nefndar**

Nefndina skipuðu Róbert Ingi Ragnarsson, Eiríkur Búi Halldórsson, Tinna Hallgrímsdóttir, Arnór Stefánsson og Aðalheiður Ármann. Nefndin tók við störfum þann 19. apríl 2018 og starfaði fram að skiptafundi Stúdentaráðs 13. maí 2019

##### **Starfsemi**

Hlutverk nefndarinnar er fyrst og fremst að sjá til þess að rödd stúdenta heyrast í þeim ákvarðanatökum innan kennslunefndar háskólaráðs og voru í ár mörg járn í eldinum í þeirri nefnd. Stefna Háskólans um gæði náms og kennslu var samin á þessu starfsári og var við samningur hennar horft til stefnu Stúdentaráðs í kennslumálum sem og HÍ21. Stefnan er nú öllum aðgengileg og nú þegar er vinna hafin við það að koma áhersluatriðum í starf. Veigamesta hlutverk kennslunefndar Háskólans eru veitingar styrkja og þar er brýnt að rödd stúdenta heyrast. Sú vinna er enn í gangi en útlit er fyrir að verkefni sem vinna í þágu stúdenta

séu efst á baugi nefndarinnar og er því fyrirséð að styrkveitingar muni hafa jákvæð áhrif á alla stúdenta skólans.

Lagst var í tilraunaverkefni á Félagsvísindasviði þar sem stúdentar úr öllum deildum sviðsins komu saman og skrifuðu niður lista af þeim námskeiðum þar sem kennslu væri ábótavant. Upphaflega var lagt upp með að námskeiðin yrðu þau námskeið sem hægt væri að prufukeyra upptökur í tímum en í raun sá nefndin í samráði við kennslunefnd Félagsvísindasviðs að frekari tækifæri væru í þessu verkefni. „Vandræðanámskeiðin“ svokölluðu munu fá algjöra yfirhalningu á næsta hausti þar sem stefnt verður að því að stórbæta kennsluhætti. Nauðsynlegt er fyrir næstu nefnd að fylgja eftir þessu verkefni í samráði við sviðsráð Félagsvísindasviðs og kennslunefnd Félagsvísindasviðs.

## Fundir

Á starfsárinu voru haldnir 5 fundir:

- 19. apríl 2018
- 14. maí 2018
- 23. júní 2018
- 11. október 2018
- 15. nóvember 2018

Á fundum nefndarinnar voru markmið ákveðin, stefnan mótuð og skoðanir samrýmdar ef stórar ákvarðanir innan kennslunefndar háskólaráðs væru á döfinni. Að auki mættu fulltrúar nefndarinnar á fundi kennslunefndar háskólaráðs í lang flestum tilfellum en þeir eru haldnir tvisvar á mánuði.

## LAGABREYTINGANEFND

### Skipan nefndar

Í nefndinni sátu Hallgerður Kolbrún E Jónsdóttir (forseti), Inger Erla Thomsen, Andrea Ósk Sigurbjörnsdóttir, Katrín Ósk Ásgeirsdóttir og Gunnar Trausti Eyjólfsson.

### Starfsárið

Verkefni lagabreytinganefndar voru víðtæk og var þar stærsta verkefni hennar heildarendurskoðun laga SHÍ. Sú vinna hófst þó ekki fyrr en á seinni hluta starfsársins en verkefni voru nokkur áður.

#### Afsögn úr Stúdentaráði:

- Lögð var fram tillaga um samræmingu laga þar sem breyting fól í sér að segði Stúdentaráðsliði af sér tæki næsti maður á sama lista við sætinu. Breytingarnar voru á greinum 14. og 28. Þær breytingatillögur voru samþykktar.

#### Breytt mynd Stúdentaráðs og sviðsráða kynnt á fundi ráðsins:

- Tekið var mið af niðurstöðum úr stefnumótunarferð SHÍ þar sem nýjir Stúdentaráðsliðar vildu fækka sætum í ráðinu og breyta starfsháttum sviðsráða. Kynnt var tillaga að skipulagi þar sem Stúdentaráðsliðar yrðu 16 og sviðsráð samanstæðu af 3 (4 á FVS) aðalfulltrúum og 3 (4 á FVS) varafulltrúum. Bókun kom frá sviðráði Félagsvísindasviðs um að fulltrúum þess yrði ekki fækkað, sem nefndin tók til greina, svo að lokatölur voru 17 í stúdentaráði og 10 í heildina í sviðsráði félagsvísindasviðs. Sú tillaga var samþykkt á Stúdentaráðsfundi í nóvember.
- Desemberfundur: kynnt breyting á skipulagi ráðanna sem síðar var samþykkt á heildarendurskoðunarfundi í janúar.

#### Heildarendurskoðun laga:

- Lög Stúdentaráðs voru endurskoðuð í heild sinni og borin upp á Stúdentaráðsfundi í janúar þar sem þau voru samþykkt með smávægilegum breytingum. Stúdentaráð sem tekur við 2020 mun lúta þeim lögum.

#### NEMENDAFÉLAGSNEFND

##### **Skipan nefndar**

Í nemendafélagsnefnd 2018-2019 sátu:

- Krístrún Helga Valþórsdóttir – forseti
- Derek T. Allen
- Guðný Björk Proppé
- Flóki Jakobsson
- Björg Bjarnadóttir

Nefndin var í fyrsta skiptið starfræk á árinu 2018-2019 sem hluti af nefndum Stúdentaráðs Háskóla Íslands. Vegna þess að nefndin var ný voru hvorki til verklagsreglur fyrir nefndina né stefna um hver tilgangur nefndarinnar var, þurfti að móta bæði og var ákvörðun tekin um að best væri að fá tillögur frá meðlimum SHÍ í stefnumótunarferð. Í stefnumótunarferð SHÍ var því haft sérstakt umræðuborð um nemendafélagsnefndina og athugað hvað meðlimir SHÍ vildu sjá nefndina gera. Á því umræðuborði komu upp margar hugmyndir um hvernig nefndin átti að starfa sem milliliður í samskiptum frá skrifstofu SHÍ og allra nemendafélaga Háskóla Íslands og setja nemendafélögunum einskona starfsramma, tillögur um hvernig þau ættu að starfa. Forseti nefndarinnar tók allar þær tillögur sem bornar voru upp á umræðuborðinu og vann úr þeim. Eftir stefnumótunarferðina hittist nefndin til þess að skipta á milli sín hlutverkum innan nefndarinnar og var rætt hvernig væri best að ná þessum markmiðum sem komu upp í stefnumótunarferðinni.

Eftir þann fund tók forseti nefndarinnar allar tillögur nefndarmeðlimana og reyndi að útbúa einskona verklagsreglur fyrir nefndina og undirbúning að stefnu nefndarinnar. Þar sem nánast allar tillögurnar snérist að upplýsingaflæði reyndist þetta mjög erfitt verk. Vegna þess var aftur tekið upp á Stúdentaráðs fundi sérstakur liður þar sem nefndin var aftur rædd og aftur var beðið um tillögur. Niðurstaðan á þeim fundi var mjög svipuð og niðurstaðan sem kom frá stefnumótunarferðinni.

Forseti nefndarinnar fór því næst á fund með forseta SHÍ til þess að reyna að komast að niðurstöðu hvernig best væri að vinna úr þessum tillögum og getað þannig mótað bæði verklagsreglur og stefnu nefndarinnar. Niðurstaða fundarins var sú að nemendafélagsnefndin væri í raun óþörf þar sem skrifstofa SHÍ starfar mjög náið með nemendafélögum Háskóla Íslands. Vegna þessara ástæðna var ákveðið að leggja fram lagabreytingartillögu á SHÍ fundi um að leggja niður nemendafélagsnefnd SHÍ. Var þessi lagabreytingartillaga staðfest á SHÍ fundi.

#### NÝSKÖPUNAR- OG FRUMKVÖÐLANEFND

##### **Skipan nefndar**

Í nýsköpunar- og frumkvöðlanefnd 2018-2019 sátu Katrín Björk Gunnarsdóttir (forseti), Guðjón Björn Guðbjartsson, Vífill Harðarson, Gunnhildur Sif Oddsdóttir, Berglind Höskuldsdóttir og Daníel G. Daníelsson.

Í ár var nefndin skipuð af tveimur fulltrúum fylkinganna í Stúdentaráði og fjórum fulltrúum úr hópi almennra nemenda.

##### **Starfsárið**

Starf nefndarinnar fól fyrst og fremst í sér að kynna nýsköpunarstarf á Íslandi fyrir nemendum



Háskóla Íslands og skapa vettvang fyrir nemendur til þess að taka þátt í frumkvöðlastarfi. Nefndin vann m.a. í nánú samstarfi við Icelandic Startups. Nefndarmeðlimir kynntust nýsköpunarheiminum á Íslandi betur og mynduðu góð tengsl við aðila úr nýsköpunarsenunni.

### Gulleggið

Nefndin skipaði verkefnastjórn Gulleggsins ásamt nýsköpunarnefnd Háskólans í Reykjavík. Gulleggið er frumkvöðlakeppni þar sem keppendur skila inn viðskiptaáætlun og dómnefnd velur svo bestu og áreiðanlegustu viðskiptaáætlunina. Var verkefnastjórninni skipt niður í eftirfarandi teymi; markaðsteymi, viðburðarteymi og efnisteymi. Sátu tveir meðlimir nefndarinnar í efnisteymi, þrír meðlimir í viðburðarteymi og einn í markaðsteymi. Efnisteymið hélt utan um allt útsent efni til keppenda og einnig tölulegar upplýsingar um úrslit og annað. Viðburðarteymið sá um alla viðburði sem haldnir voru í tengslum við Gulleggið en margir viðburðir voru haldnir yfir ferlið. Markaðsteymið sá um allt markaðsefni á samfélagsmiðlum Gulleggsins, bæði á Facebook, Instagram og Twitter. Ásamt ofangreindum verkefnum sá verkefnastjórnin í heild sinni um ýmiss önnur atriði sem við komu ferlinu. Ferlið var lædómsríkt fyrir nefndarmeðlimi og var einstakt tækifæri til þess að kynnast almennu nýsköpunarstarfi á Íslandi betur.

### Slush

Fyrstu vikuna í desember 2018 héldu tveir meðlimir nefndarinnar, Guðjón Björn Guðbjartsson og Berglind Höskuldsdóttir, til Helsinki til þess að vinna sem sjálfboðaliðar á nýsköpunar ráðstefnunni SLUSH. Markmið ferðarinnar var að kynnast nýsköpunarheiminum betur, stækka tengslanetið og fá hugmyndir hvernig nefndin getur stuðlað betur að nýsköpunarstarfi fyrir stúdenta innan HÍ. Gegn því að vinna sem sjálfboðaliði fæst passi á ráðstefnuna og nutu nefndarmeðlimirnir góðs af því. Á ráðstefnunni voru margir fjölbreyttir fyrirlestrar, pallborðsumræður, kynningar og fleira. Ráðstefnan gaf góða innsýn inn í heim sprotafyrirtækja og tækifæra í nýsköpun. Nefndarmeðlimir kynntust einnig stúdentum frá öðrum háskólum sem stuðla að nýsköpunarstarfi innan þeirra háskóla og fengu góð ráð hvernig nefndin getur gert betur. Nefndarmeðlimum var einnig boðið til kvöldverðar í Sendiráði Íslands í Helsinki og viðburði á vegum Icelandic Startups sem voru utan dagskrár SLUSH. Ferðin var vel heppnuð, tengslanet nefndarmeðlima stækkaði töluvert og þekkingin jókst mikið.

### Student Talks

Student Talks var haldið í annað skipti Íslandi í mars 2019 en var það haldið í fyrsta skipti af nýsköpunarnefnd SHÍ árið 2018. Student Talks eru samtök nemenda sem halda hvetjandi og áhugaverða fyrirlestra í háskólum um allan heim. Viðburðurinn fer fram á ensku eins og aðrir viðburðir Student Talks. Viðburðurinn í ár bar yfirskriftina *Averting the Global Warming Crisis*. Fjórir umhverfissinnar héldu örfyrirlestra sem fjalla um umhverfismálefni og hvað við sem einstaklingar getum lagt af mörkum til að aðstoða við þetta mest aðkallandi vandamál okkar tíma. Fyrirlesararnir voru Rebekka Karlsdóttir, Rakel Guðmundsdóttir, Enar Kornelius Leferink og Stuart Daniel James, eru þau öll nemendur við Háskóla Íslands. Viðburðurinn var haldinn í fyrirlestrarsal Veraldar Vigdísar þann 21. mars. Berglind Höskuldsdóttir sá um verkefnastjórnun Student Talks fyrir hönd nefndarinnar og var í samskiptum við stjórn Student Talks sem staðsett er í Kaupmannahöfn.

### UMHVERFIS- OG SAMGÖNGUNEFND

#### Skipan nefndar

Umhverfis- og samgöngunefnd Stúdentaráðs 2017-2018 var skipuð þeim Ásmundi Jóhannssyni (forseti), Maríu Mist Jóhannsdóttur (ritari), Sigrúnu Eir Þorgrímsdóttur og

Vigdísi Ólafsdóttur, Alexandra Ísey Grétarsdóttir sat í nefndinni í upphafi skólaárs en þurfti að láta láta af störfum vegna persónulegra ástæðna.

### **Starfsárið**

Starfsárið fól aðallega í sér vinnu í kringum Grænfánaverkefnið sem tók upp megnið af starfsárinu. Nefndin vann mikið með Þorbjörgu Söndru Bakke, umhverfisfulltrúa HÍ, og mun hún vinna áfram með nefnd næsta árs í Grænfánavinnu.

### **Endurskoðun stefnu**

Í byrjun haust fór nefndin yfir þáverandi stefnu SHÍ í umhverfis- og samgöngumálum og var stefnan endurgerð út frá þeim hugmyndum sem komu fram í stefnumótunarferð SHÍ 2018.

### **Kaffikort**

Í byrjun árs boðaði nefndin til fundar með Rebekku (upplýsingafulltrúa FS) og Þorbjörgu Söndru Bakke (verkefnastjóra sjálfbærni- og umhverfismála HÍ) um að Háma myndi taka upp sölu á grænum kaffikortum sem lengi hefur verið kallað eftir. Kaffikortin komu í sölu um miðja vorönn og fá handhafar þeirra auka afslátt af kaffi/te gegn því að mæta með eigið ferðamál.

### **Flokkunarkennsla**

Í kringum stúdentaráðskosningar var haldin “flokkunarkennsla” þar sem að fylkingarnar tvær mönnuðu vaktir við ruslatunnur skólans og nemendum og starfsfólki var bent á hvert úrgangurinn ætti að fara. Þorbjörg Sandra tók einnig þátt hér, en var nefndinni falið að upplýsa forseta stúdentafylkinganna og finna með þeim tíma sem hentaði best fyrir verkefnið.

### **Grænfánaverkefnið**

Unnið var að umsókn að grænfánaverkefninu í samvinnu við Þorbjörgu Söndru Bakke. Skólinn var skráður í verkefnið og mun nefnd næsta árs sjá um að ljúka formlega við umsóknina. Núverandi nefnd mun leggja fram hugmyndir að markmiðum til samþykktar fyrir næstu nefnd, sem mun þá sjá um að senda þau áfram til Landverndar og byrja að vinna að því að fá Grænfánann fyrir HÍ.

### **Næturstrætó**

Eftir að fréttir bárust um það að Strætó Bs. væri að íhuga að hætta rekstri á næturstrætó skrifaði sviðsráð bókun þar sem sóst var eftir því að umhverfis- og samgöngunefnd myndi álykta um málið. Skrifaði nefndin ályktun og eftir að hafa fengi samþykki stúdentaráðs var hún send á stjórn Strætó Bs. og flesta sveitastjórnafulltrúa á höfuðborgarsvæðinu.

### **Fataskiptamarkaður**

Í samvinnu við Ungmennahús og Landvernd var haldinn fataskiptamarkaður á Háskólatorgi þann 6. apríl en hann var hluti af Norræna fataskiptadeginum (Nordic Swap day), sem haldinn er víðsvegar um Evrópu.

## STJÓRN STÚDENTARÁÐS

Á vegum Stúdentaráðs starfar stjórn, sem hefur með höndum framkvæmd þeirra ályktana er ráðið gerir og annast þau verkefni er það felur henni. Jafnframt getur hún á fundum sínum tekið ákvarðanir og afgreitt mál innan þeirra marka, er ráðið ákveður að hverju sinni. Samkvæmt lögum Stúdentaráðs skal stjórn skipuð forsetum allra sviðsráða auk forseta og varaforseta Stúdentaráðs. Forseti Stúdentaráðs, í forföllum hans varaforseti, stjórnar fundum stjórnar. Ritari og gjaldkeri eru kjörnir með einfaldri meirihlutakosningu á fyrsta fundi stjórnar.

Í stjórn Stúdentaráðs starfsárið 2018-2019 sátu:

- Elísabet Brynjarsdóttir, forseti Stúdentaráðs (forseti stjórnar)
- Sonja Sigríður Jónsdóttir, varaforseti Stúdentaráðs (varaforseti stjórnar)
- Jóna Þórey Pétursdóttir, forseti sviðsráðs Félagsvísindasviðs
- Sigurður Ýmir Sigurjónsson, forseti sviðsráðs Heilbrigðisvísindasviðs
- Alexandra Ýr van Erven, forseti sviðsráðs Hugvísindasviðs (gjaldkeri)
- Kolbrún Lára Kjartansdóttir, forseti sviðsráðs Menntavísindasviðs
- Eyþór Óli Borgþórsson, forseti sviðsráðs Verkfræði- og náttúruvísindasviðs

Áheyrnarfulltrúar stjórnar voru Þórhallur Valur Benónýsson, oddviti Vöku, og Jónas Már Torfason, framkvæmdastjóri Stúdentaráðs og ritari. Stjórn Stúdentaráðs fundaði tíu sinnum yfir önnina.

---

### *Verklagsreglur stjórnar Stúdentaráðs 2018-2019*

Helstu ábyrgðir og skyldur stjórnar:

- 1) Að taka fyrir og annast framkvæmd ályktana sem Stúdentaráð samþykkir.  
Dæmi: ráðning framkvæmdastjóra og ritstjóra
- 2) Gjaldkeri annast gerð fjárhagsáætlunar Stúdentaráðs í samráði við framkvæmdastjóra. Áætlunin er lögð fyrir Stúdentaráð til samþykktar.
- 3) Að skýra Stúdentaráði reglulega frá helstu viðfangsefnum stjórnar
- 4) Að gæta gagnkvæmra upplýsingatengsla á milli Stúdentaráðs og nemendafélaga stúdenta.

Eftirfarandi reglur eru jafnframt settar til viðmiðunar við störf sín:

- Að funda að minnsta kosti einu sinni í mánuði, viku fyrir hvern Stúdentaráðsfund*
- Að birta samþykktar fundargerðir fyrir Stúdentaráði*
- Að forsetar sviðsráða undirbúi kynningu á störfum sínum fyrir Stúdentaráði í lok annar 2018*

Athugið að þessi listi er ekki tæmandi og einnig eru ýmis tilfallandi verkefni sem stjórn sinnir yfir hvert skólaár í samstarfi við réttindaskrifstofu SHÍ, Stúdentaráð og aðra hagsmunaaðila hverju sinni.

---

## SKRIFSTOFA STÚDENTARÁÐS

Réttindaskrifstofa Stúdentaráðs deildi með sér þremur stöðugildum sem skiptust yfirleitt þannig:

- Forseti Stúdentaráðs: 100% hlutfall
- Varaforseti: 20% hlutfall
- Hagsmunafulltrúi: 40% hlutfall
- Lánaþjófur: 50% hlutfall
- Framkvæmdastjóri: 60% hlutfall
- Ritstjóri: 30% hlutfall

Framkvæmdastjóri og ritstjóri eru faglega ráðnar stöður og því breyttust starfsgildi þeirra ekkert yfir önnina. Aðrar stöður á skrifstofunni voru sveigjanlegar m.t.t. álagpunkta yfir önnina.

## ÁRSSKÝRSLA FORSETA

Skrifstofa Stúdentaráðs er staðsett á þriðju hæð Háskólatorgs og er opin stúdentum og öðrum aðilum alla virka daga frá 9-17. Vinnutími forseta, þar sem forseti var í fullu starfi, miðaði því við opnunartímann og fólust störf forseta aðallega að hafa yfirsýn með daglegum rekstri skrifstofunnar. Forseti útdeildi sömuleiðis verkefnum til annarra starfsmanna innan skrifstofunnar.

Í upphafi starfsárs settist forseti niður með öllu starfsfólki skrifstofunnar og útbjó starfslýsingar. Í gegnum starfsárið var mikilvægt að viðhalda góðum samskiptum við hvern og einn innan skrifstofunnar, taka reglulega stöðuna og framvindu verkefna.

Markmið forseta eru að taka þátt í skilvirkni og góðum starfsháttum á skrifstofu Stúdentaráðs og sjá til þess að störf ráðsins séu unnin á faglegan og skilvirkan hátt. Sömuleiðis var mikilvægt að tryggja að hagsmunabaráttan sé sýnileg og aðgengileg fyrir alla og meðal annars er hægt að stuðla að því með skýrri stefnu.

Ábyrgð forseta voru stefnumótun Stúdentaráðs, hafa yfirumsjón með innra starfi Stúdentaráðs (fundargögn, trygging stofnanaminnis, skipulag gagna og yfirsýn yfir lögum ráðsins) og vera málsvari Stúdentaráðs út á við og gagnvart stjórnarsýslu Háskólans. Forseti Stúdentaráðs er jafnframt fundarstjóri funda Stúdentaráðs, sér um að boða þá fundi og hefur yfirsýn yfir gögnum fyrir fundinn. Forseti er jafnframt forseti stjórnar Stúdentaráðs og stýrir þeim fundum ásamt því að halda utan um gögn stjórnar.

Öll starfsemi Stúdentaráðs komu á borð forseta og því er fjallað um alla starfsemi í **kafla 7**.

## ÁRSSKÝRSLA VARAFORSETA

Varaforseti Stúdentaráðs er til taks og hleypur í skarðið ef forseti forfallast. Varaforseti er yfirumsjónarmanneskja þeirra tíu fastanefnda sem starfa í umboði Stúdentaráðs og er tengiliður nefndameðlima við skrifstofu Stúdentaráðs. Í samstarfi við forseta og annað starfsfólk skrifstofunnar sér varaforseti um stefnumótunarvinnu ráðsins en t.d. skipulagði varaforseti stefnumótunarferð ráðsins sem farin var nú í sumar. Varaforseti sér um skírteinisviðauka og beiðnir um þá frá nemendum, situr sem fulltrúi SHÍ í LUF, heldur utan um mælendaskrá á Stúdentaráðsfundum, hefur umsjón með markaðs- og samskiptamálum SHÍ í samráði við starfsfólk skrifstofu og fleiri tilfallandi verkefni. Varaforseti eins og annað starfsfólk skrifstofunnar tekur þátt í að skilvirkni og góðum starfsháttum sé háttáð á skrifstofu SHÍ. Varaforseta staðan er líklega sú staða sem er mest sveigjanleg og því er mikilvægt að varaforseti geti stokkið í þau verkefni sem upp koma fljótt og örugglega og hafi góða aðlögunarhæfni þar sem verkefni geta verið af öllum toga.

### Tengiliður við nefndir Stúdentaráðs

Kosið var í fastanefndir á Stúdentaráðsfundi 9. apríl 2018 skv. lögum Stúdentaráðs. Varaforseti boðar, skv. lögum, fyrsta fund nefnda þar sem aðaldagskrárliður er kosning forseta nefndarinnar. Fyrsti fundur nefnda var haldinn í vikunni 16. - 20. apríl. Nefndirnar eru tíu talsins og mikil vinna að hópa hverri nefnd saman á tíma sem hentar öllum. Varaforseti setti saman fundardagskrá sem var eins fyrir hverja og eina nefnd, aðallega til þess að mikilvæg atriði myndu ekki gleymast. Þrátt fyrir að mikill tími fari í að boða fundi allra nefndanna og finna tíma sem hentar öllum, er það mikilvæg vinna. Aðallega til þess að koma öllum nefndum af stað fyrir haustið. Gott er að reyna að vera búinn að hitta allar nefndir fyrir mitt sumar (t.d. klára í júlí) vegna þess að haustið er mikill álagstími á skrifstofunni.

Á Stúdentaráðsfundi 30. maí 2018 var lagabreyting varðandi nefndir og meðlimi þeirra samþykkt. Þar kemur fram að nefndir séu ekki lengur bundnar við að ráða fimmta meðlim eftir sumarið heldur megi það gerast að sumri til, í síðasta lagi að hausti. Þetta var gert til þess að gefa nýnemum tækifæri á að sækja um í nefndirnar og einnig vegna þess að nefndir frá starfsárinu 2017-18 höfðu orð á að ekki væri nauðsynlegt að vera komin með fimmta meðlim yfir sumartímamann.

Hluti nefndaforseta voru beðin um að vera hópstjórar í stefnumótunarferð Stúdentaráðs 30. júní-1. júlí. Varaforseti og forseti Stúdentaráðs héldu fundi til undirbúnings með þeim í vikunni 18.- 22. júní. Gott var að einstaklingurinn sem væri að fara að vinna mest með stefnunna yfir árið myndi stýra umræðunum og stefnumótuninni.

19. júlí 2018 sendi varaforseti skilaboð á alla nefndaforseta sem við átti (ekki forseta Nýsköpunar- og frumkvöðlanefndar og Nemendafélagsnefndar) til að athuga stöðuna á fimmta meðlim. Reynsla varaforseta er sú að mikilvægt sé að taka stöðu á nefndunum á nokkurra mánaða fresti, bæði til þess að allir séu meðvitaðir um það sem framundan er og fyrir skrifstofu Stúdentaráðs til að sjá hvort einhver vinna sé að fara fram innan nefndanna. Í byrjun janúar og svo aftur í byrjun mars minnti varaforseti alla nefndaforseta á að skil á ársskýrslu væru í seinasta lagi 15. mars.

Á Stúdentaráðsfundi í febrúar samþykkti ráðið lagabreytingu um að Nemendafélagsnefnd yrði felld niður og að forseti Alþjóðanefndar yrði ekki lengur tilnefndur af fylkingum heldur yrði faglega ráðinn sem alþjóðafulltrúi SHÍ. Samskipti varaforseta yrðu þá við átta nefndir í stað tíu á komandi starfsári.

Auk allra þessara verkefna var varaforseti tengiliður nefndanna við skrifstofu Stúdentaráðs allt starfsárið og til taks ef fyrirspurnir lágu fyrir eða annað slíkt.

### ÁRSSKÝRSLA HAGSMUNAFULLTRÚA

Starfsárið var viðburðarríkt. Samtals bárust 129 mál frá því að skipti áttu sér stað í mars 2018 og þar til í lok apríl 2019. Eða um 6-9 mál á mánuði. Haustönnin var þá talsvert stærri en vorönnin, með að meðaltali 11 mál á mánuði.

Skortur á yfirlitsgögnum fyrir síðustu starfsár gera samanburð erfiðan. Þó hefur málaskrá – sem síðasti hagsmunafulltrúi, Sigmar Aron Ómarsson, setti á laggirnar fyrir starfsárið 2017-2018 – veitt embættinu nauðsynlegt yfirlit fyrir öll mál núverandi og síðasta starfsárs. Er það sérstaklega mikilvægt þar sem öflug hagsmunagæsla byggir fyrst og fremst á sterku og stöðugu eftirliti til að stemma stigu við mismunun.

Ef marka má málaskrána hefur fjöldi mála aukist um 112%, eða frá 61 málum yfir í 129 mál. Kvenkyns stúdentar eru þá með langflestar ábendingar (eða samtals 83 talsins). 109 mál koma frá íslenskum nemendum (84%) og 20 þeirra frá erlendum nemendum (16%). Til að auðvelda nemendum aðgengi að hagsmunafulltrúa var þá komið fyrir stórum hnappi á síðunni Student.is þar sem hægt er að senda inn fyrirspurnir eða ábendingar. Á starfsárinu hafa 15% fyrirspurna átt upptök sín þaðan og er það mjög góð byrjun.

Málin eru þá mjög fjölbreytt og miserfið. Megnið af málunum frá íslensku nemendum eru einfaldar fyrirspurnir um helstu réttindi stúdenta, og snýr langvinsælasta ábendingin að aðgengi að gömlum prófum. Oftast nær eru málin auðleysanleg í samvinnu við deildir skólans, þó eru fjöldi mál sem hafa krafist gífurlegs tíma og samvinnu við mismunandi skipulagsheildir.

Fyrirspurnir frá erlendum nemendum snúa meira að lifnaðarháttum hérlendis, sama hvort það sé húsnæðis- eða atvinnutengt. Algengustu málin innan skólans varða þó menningar- eða tungumálaörðugleika. Málstefna skólans stígur þá ekki skrefið til fulls, t.a.m. með þýðingar á prófum. Ásamt því er skortur á almennilegum skilgreiningum innan skólans varðandi menningarlega mismunun. Þessi mál verða þá oft víðari umfangs þar sem áframhaldandi dvalarleyfi erlendra nemenda hérlendis er gjarnan þétt bundið námsframvindu þeirra.

Líkt og áður segir verður málaskrá nýtt í umfangsmeiri tilgangi. Því hefur verið merkt við þau námskeið eða deildir þar sem brot áttu sér ítrekað stað (t.a.m. þverneitað aðgang að gömlum prófum). Mun fráfarandi og verðandi hagsmunafulltrúi, Guðjón Björn Guðbjartsson, taka fundi með þeim deildum í maí og júní. Tilraun verður gerð til að rétta úr þeim mistökum sem hafa átt sér stað, annað hvort meðvitað eða ómeðvitað, í samráði við deildirnar til að tryggja bætari hagsmuni fyrir nemendum háskólans.

Samhliða þessum málum hefur fráfarandi hagsmunafulltrúi unnið að „Handbók hagsmunafulltrúa“ í þeim tilgangi að viðhalda og rækta sterkari stofnanaminni. Tilvist hennar er einnig sérstaklega mikilvæg til að tryggja stöðugleika embættisins við fylkingaskipti. Handbókin tekur til langflestra almennra þátta í starfi hagsmunafulltrúa. Til einföldunar er hún þrískipt: fyrsti hluti fer yfir skipulagsheild háskólans og SHÍ; annar hluti fer yfir reglur háskólans, stjórnarsýslulög ásamt fleiri reglubálkum tengt starfi skólans; þriðji hluti fer yfir mismunandi aðferðir við hagsmunagæslu, annað hvort út frá formlegri eða óformlegri kvörtunarferlum eða grundvallaratriðum í samningstækni og samskiptahæfni. Handbókin var einnig skrifuð með það í huga að hægt væri að nýta hana innan sviða – annað hvort meðal hagsmunafulltrúa fulltrúarráðanna eða fyrir nemendafélögin sjálf. Er það í þeim tilgangi að bæði auka aðgengi nemenda að úrræðum en jafnframt létta álag af hagsmunafulltrúa SHÍ.

Til viðbótar við handbókina hefur einnig verið safnað saman hagnýtum ráðum og viðbrögðum við vinsælum fyrirspurnum í skjal fyrir verðandi hagsmunafulltrúa.

Að lokum, hefur fráfarandi hagsmunafulltrúi – á grundvelli eigin reynslu af embættinu – safnað saman atriðum í verkefnalista fyrir verðandi hagsmunafulltrúa. eru þessi verkefni auðvitað valkvæð, en telja þau mál sem fráfarandi hagsmunafulltrúa þykir mikilvæg.

#### ÁRSSKÝRSLA LÁNASJÓÐSFULLTRÚA

Elísa Björg Grímsdóttir, viðskiptafræðinemi, gengdi stöðu lánasjóðsfulltrúa SHÍ starfsárið 2018-2019.

Lánasjóðsfulltrúi Stúdentaráðs vinnur að hagsmunum stúdenta í málefnum er varða Lánasjóð íslenskra námsmanna. Lánasjóðsfulltrúi heldur úti ráðgjafþjónustu fyrir nemendur Háskóla Íslands og nemendur við Háskólann á Akureyri varðandi öll þau mál er snúa að LÍN. Samstarf lánasjóðsfulltrúa við SHA (Stúdentafélag Háskólans á Akureyri) var komið á fót starfsárið 2017-2018 og var þetta því annað árið þar sem lánasjóðsfulltrúi veitir nemendum HA sömu þjónustu og nemendum HÍ og reyndist það mjög vel.

Þar að auki eru verkefni lánasjóðsfulltrúa að sjá til þess að þjónustusamningi við LÍN sé fylgt og halda upplýsingaflæði milli LÍN og SHÍ virku. Þá situr lánasjóðsfulltrúi SHÍ í stjórn LÍN og talar þar fyrir hagsmunum stúdenta SHÍ og SHA.

Yfir árið hélt lánasjóðsfulltrúi þónokkrar kynningar fyrir stúdentaráðsliða og aðra um lánasjóðinn í þeim tilgangi að fræða þá um eitt helsta hagsmunamál stúdenta. Í upphafi starfsárs nýs Stúdentaráðs var haldin kynning um LÍN fyrir nýja stúdentaráðsliða og var einnig haldið fræðslukvöld um lánasjóðinn fyrir stúdentaráðsliða í ágúst 2018. Eins hélt lánasjóðsfulltrúi tvær kynningar fyrir SHA á árinu og bauð upp á persónulega ráðgjöf fyrir nemendur háskólans á Akureyri. Þá bauðst lánasjóðsfulltrúi einnig til að halda fræðslu og taka við spurningum fyrir báðar stúdentafylkingarnar og voru það Röskvuliðar sem tóku vel í það og þáðu fræðslu í janúar 2019.

Lánasjóðsfulltrúi sótti stjórnarfundum á tímabilinu júní 2018-maí 2019, varaformaður SHÍ í stjórn LÍN sat tvo fundi f.h. aðalfulltrúa í júní 2018 og september 2018. Eins sat lánasjóðsfulltrúi mánaðarlega fundi í endurgreiðslumálanefnd LÍN ásamt stjórnarformanni. Þá var samþykkt af stjórn að ráðast í endurskoðun á húsnæðislið í framfærslugrunni LÍN fyrir úthlutunarreglur 2020-2021 og var samþykkt á stjórnarfundum í febrúar að stofna undirhóp sem verður falið að fara í það verkefni fyrir næstu úthlutunarreglur. Þar fékk fulltrúi SHÍ sæti ásamt stjórnarformanni LÍN sem er mikið fagnaðarefni.

#### ÁRSSKÝRSLA RITSTJÓRA

Starfsár ritstjóra, Ragnhildar Þrastardóttur, hófst í júní 2018. Þá var vefsíða Stúdentablaðsins, studentabladid.is, endurhönnuð og henni breytt mikið. Viðmótið er nú talsvert aðgengilegra en það var áður og vefsíðan hefur nýst vel í vetur þar sem stefnan hefur verið að setja inn allt efni úr Stúdentablaðinu um það bil tveimur vikum eftir að hver útgáfa kemur út svo efnið sé aðgengilegra. Einnig hafa verið skrifaðar greinar sem einungis birtast á netinu, til dæmis viðtal við félagsmálaráðherra um húsnæðismarkaðinn, frétt um styrk til Hugrúnar og pistlar frá nemendum við Háskóla Íslands.

Vinna við Akademíuna hófst svo í júlí og stóð fram í ágúst. Akademían, handbók um allt sem viðkemur námi við Háskóla Íslands, var gefin út í byrjun september. Halldór Sánchez sá um umbrot og teikningar. Mikið af efni frá fyrra ári var endurunnið enda mikið af grunnupplýsingum sem breytast ekki á milli ára og á Ingvar Þór Björnsson, ritstjóri Akademíunnar árið 2017, þakkir skilið fyrir að veita aðgang að efni úr Akademíu ársins 2017. Julie Summers sá um að yfirfara eldri þýðingar og skapa nýjar þýðingar þar sem á þurfti að halda.

Stúdentablaðið, tímarit stúdenta við Háskóla Íslands, kemur út fjórum sinnum á skólaári og í september hófst ritstjóri handa við að móta ritstjórn, blaðamanna- og þýðendahóp. Fjöldinn allur af fólki kom að útgáfu blaðsins. Í ritstjórn sátu Birna Almarsdóttir, Eiríkur Búi Halldórsson (fulltrúi Vöku), Elín Edda Þorsteinsdóttir (grafískur hönnuður), Eydís María Ólafsdóttir (ljósmyndari), Isabella Ósk Másdóttir, Julie Summers (yfirmaður þýðinga), Lísu Björg Attensperger (samfélagsmiðlastýra), Ragnheiður Birgisdóttir, Ragnhildur Þrastardóttir (ritstjóri) Sævar Bachmann Kjartansson, Sigurður Hermannson (prófarkalesari) og Theodóra Listalín Þrastardóttir (fulltrúi Röskvu).

Eins og áður segir fór Julie Summers fyrir hópi þýðenda en á þessu starfsári var mikil aðsókn í það að fá að þýða og fleiri komu að þýðingunum en áður. Julie á þó sérstakar þakkir skilið fyrir óeigingjörn störf í þágu þess að Stúdentablaðið sé aðgengilegt fleirum en hún hefur unnið hart að þýðingum Stúdentablaðsins síðastliðin þrjú ár. Ásamt Julie þýddu þau Ásdís Sól Ágústsdóttir, Mark Ioli, Sahara Rós Ívarsdóttir og Þóra Sif Guðmundsdóttir.

Ritstjórn stýrir því efni sem fer í blaðið og tekur á sig mesta þungann af skrifum í blaðið. Blaðamenn eru þó einnig viðloðandi blaðið og taka að sér að skrifa efni eftir þörfum og áhuga. Ákaflega margir sýndu því áhuga að skrifa fyrir blaðið en Anna Katrín Jensdóttir, Gríma Katrín Ólafsdóttir, Guðrún Þorsteinsdóttir, Jóna Gréta Hilmarsdóttir, Kristín Nanna Einarsdóttir, Salvör Ísberg og Snorri Mátsson skrifuðu greinar sem blaðamenn og einnig birtust nokkrar aðsendar greinar.

Þemu tölublaðanna fjögurra voru eftirfarandi:

### 1. Húsnæðismál

### 2. Fjármál

### 3. Umhverfismál

### 4. Atvinnumál og nýsköpun

Hvað varðar breytingar frá fyrri árum þá eru samfélagsmiðlarnir ritstjóra efst í huga. Það skipti sköpum að fá í teymið samfélagsmiðlastjóra sem var ákaflega virkur í að auglýsa blaðið og efni þess á Facebook, Instagram og Twitter sem skilaði sér í mun fleiri fylgjendum en áður. Ritstjórnin ákvað að fækka fundum strax eftir útgáfu fyrsta tölublaðs svo þeir yrðu markvissari og tími allra myndi nýtast betur. Þannig var ekki fundað vikulega, eins og gert árið áður, heldur einungis tvisvar fyrir hvert tölublað og þótti það heppnast vel. Blaðamenn funduðu með ritstjóra einu sinni fyrir hvert tölublað.

Fastir liðir í blaðinu voru pistlar frá nemendum í HÍ sem stunda skiptinám erlendis, viðtöl við útskrifaða nemendur úr HÍ sem hafa skilað inn áhugaverðum lokaverkefnum, viðtöl við ráðherra um málefni ungs fólks og fleira.

Að mati ritstjóra mætti fjölbreytni í ritstjórn og blaðamannahópi vera enn meiri en fólk sem kemur að blaðinu er mjög gjarnan í hug- eða félagsvísindum. Tveir nemendur af verk- og náttúruvísindasviði og einn af heilbrigðisvísindasviði komu þó að útgáfu blaðsins í þetta skiptið og þykir það betrumbót frá fyrra ári þar sem allir meðlimir í ritstjórn nema einn voru af hugvísindasviði. Þegar auglýst var eftir ritstjórnarmeðlimum var fólk af öllum sviðum hvatt til þess að sækja um.

Hvað varðar hugmyndir fyrir næsta ár þá leggur ritstjóri til að það sé auglýst á samfélagsmiðlum Stúdentablaðsins þegar blað er í mótun og hvert þema þess sé svo hinn almenni stúdent hafi tækifæri á að senda inn efni. Sömuleiðis væri mjög gott ef blaðamenn og ritstjórnarmeðlimir gætu fengið einhvers konar þjálfun í fréttaskrifum ef áhugi er fyrir hendi í samráði við námsleið blaða- og fréttamennsku. Auglýsingasala gekk vel þetta skólaárið en markvissari auglýsingasöfnun gæti skilað Stúdentaráði meiri hagnaði og því leggur ritstjóri til að á næsta útgáfutímabili setji ritstjóri og framkvæmdastjóri sér markmið í sameiningu um það hversu miklar auglýsingatekjur af hverju tölublaði verði.

Þessir rúmlega tuttugu einstaklingar sem komu að útgáfu blaðsins með sjálfbodaðastarfi sínu eiga skilið þúsund þakkar fyrir.



## ÁRSSKÝRSLA FRAMKVÆMDASTJÓRA

Starf framkvæmdastjóra felst einkum í að tryggja daglegan rekstur Stúdentaráðs; greiða reikninga og innheimta kröfur, sjá um bókhald ráðsins í samráði við endurskoðanda þess og treysta fjárhagsstöðu ráðsins til lengri og skemmri tíma. Umfram það getur fjölbreytt flóra verkefna lent í skauti framkvæmdastjóra og því af nógu að taka í þessari ársskýrslu. Fyrst verður vikið að fjárhagsstöðu Stúdentaráðs og samningum þess. Næst verður fjallað um helstu verkefni framkvæmdastjóra á liðnu ári, hvort sem þau hafa verið með reglubundnu sniði og millibili eða óvenjuleg og tilfallandi. Loks verða gerðar tillögur af því sem betur mætti fara til frambúðar.

### Samningar Stúdentaráðs

Stúdentaráð hefur enga sjálfstæða tekjulind umfram auglýsingasölu í Stúdentablaðinu. Samt sem áður hefur Stúdentaráð talsverð útgjöld, þar af er langstærstur hlutinn laun og launatengd gjöld. Eins og verður vikið að hér á eftir duga tekjur af auglýsingasölu skammt til þess að standa undir rekstri Stúdentaráðs, hefur Stúdentaráð því gert samninga við Háskóla Íslands, fyrirtæki á almennum markaði og við Lánasjóð íslenskra námsmanna til að tryggja ráðinu tekjur. Verður vikið stuttlega að hverjum samningi fyrir sig.

#### Samningar við Háskóla Íslands

Samningar Stúdentaráðs við Háskóla Íslands veitir ráðinu stærstan hluta af sínum tekjum. Skipta má samningunum í þrennt: samningur um rekstur skrifstofu, samningur um aðstoð við erlenda stúdenta og nemendafélög og samningur um Stúdentasjóð. Samingurinn um Stúdentasjóð er ekki til á skriflegu formi, en um það bil 10 milljónir hafa verið veittar til Stúdentaráðs á undanförunum árum til nota undir styrki úr Stúdentasjóði.

Á árinu var jafnframt gerður viðauki við samning um þjónustu við erlenda stúdenta sem felur í sér fjármagn fyrir stöðu alþjóðafulltrúa á skrifstofu Stúdentaráðs. Sá viðauki á að tryggja Stúdentaráði tekjur til að greiða nýju stöðugildi Stúdentaráðs laun fyrir 50 prósent vinnu samkvæmt gildandi kjarasamningum. Að einhverju leyti hefur verið óskýrt nákvæmlega hvaða samningar eru í gildi milli Stúdentaráðs og Háskóla Íslands. Því væri ráð að koma meiri festu á það fyrirkomulag og hafa alla samninga skriflega með nákvæmri útlistum á skyldum Stúdentaráðs samkvæmt þeim.

#### Samningar við fyrirtæki

Stúdentaráð hefur gert samninga við ýmis fyrirtæki á almennum markaði. Í þeim felst annaðhvort samkomulag um kaup á föstum auglýsingum í Stúdentablaðinu og Akademíunni og/eða fastur styrkur til handa Stúdentaráði. Að jafnaði veitir Stúdentaráð samningsaðilum sínum færi á að koma vörum sínum og þjónustu á framfari við stúdenta Háskóla Íslands og taka þátt í eða halda viðburði innan veggja skólans. Að jafnaði er Stúdentaráð bundið trúnaði um efni samninga og verður því innihald þeirra ekki rakið með ítarlegri hætti. Stúdentaráðsliðum hefur þó verið heimilt að skoða samningana á skrifstofu Stúdentaráðs.

### Fjárhagsstaða Stúdentaráðs

Fjárhagsstaða Stúdentaráðs hefur tekið stakkaskiptum til hins betra frá undanförunum árum. Nokkur óregla hefur verið á utanumhaldi fjárhagsins og var hvorki skilað ársreikningum né ársskýrslum á þriggja ára tímabili, frá 2014 til 2017. Skrifstofa síðasta starfsárs fékk það verkefni að láta gera ársreikninga Stúdentaráðs afturvirkir fyrir þau ár sem upp á vantaði, og eftir að núverandi skrifstofa tókst að skila af sér ársreikningum fyrir síðasta ár er aftur komin festa á þetta utanumhald, þótt ársskýrslurnar verði ekki gerðar afturvirkir.

Er ársreikningar voru loks gerðir kom í ljós að nokkuð mikill halli hafi verið á rekstri ráðsins á tímabilinu, en á starfsárunum 2015 til 2016 og 2016 til 2017 var samanlagður hallarekstur Stúdentaráðs um 10,4 milljónir króna. Skrifstofa Stúdentaráðs á síðasta starfsári tókst að rétta nokkuð úr kútnum og skilaði um 800 þúsund króna hagnaði eftir starfsár sitt.

Á þessu hefur svo áfram verið byggt, og stefnir á að Stúdentaráð skili nokkuð góðum afgangi á núverandi starfsári. Í fyrsta sinn í nokkur ár hefur Stúdentaráð haft fjárhagsáætlun sem hefur reglulega verið uppfærð, en ekki hefur verið mögulegt að gera fjárhagsáætlun á traustum grunni þar sem ársreikningar hafa ekki legið því til grundvallar. Endanleg niðurstaða ræðst vitaskuld af ársreikngum þegar þeir verða tilbúnir, en samkvæmt fjárhagsáætlun Stúdentaráðs þegar þetta er skrifað má búast við sæmilegum afgangi.

Afgangurinn er töluverður miðað við undanfarin ár og telur undirritaður að það sé æskilegt að áfram verði reynt að halda afganginum í þessu horfi í einhvern tíma. Það er gulls ígildi fyrir Stúdentaráð að hafa sterka fjárhagsstöðu til frambúðar, bæði með tilliti til vaxtatekna sem fást af því, auk þess sem að mikilvægt er að hafa sjóð til ráðstöfunar komi eitthvað upp á og til að tryggja að Stúdentaráð hafi alltaf greiðslugetu til að standa við skuldbindingar sínar. T.a.m. lenti skrifstofan í erfiðleikum yfir sumartímamann og þurfti fyrirframgreiðslu frá Háskóla Íslands til að greiða laun í ágúst.

#### Aðgerðir til að treysta fjárhagsstöðu Stúdentaráðs

Eftir fremsta megni hefur verið reynt að sýna aðhald í rekstri Stúdentaráðs á árinu, án þess þó að það bitni á starfsemi og sýnileika ráðsins. Nokkrir hlutir hafa þar skipt sköpum.

- Ekki verið ráðist í óþarfa útgjöld sem ekki tengjast starfsemi Stúdentaráðs, sviðsráða eða nefnda beint. Að undanskyldum kaffi- og kakókaupum fyrir fund Stúdentaráðs og litlu-jól í desember hafa engar veitingar verið keyptar fyrir starfsfólk eða kjörna fulltrúa Stúdentaráðs. Þá hefur jafnframt verið lögð áhersla á að tryggja fjármögnun annarsstaðar frá í formi styrkja fyrir verkefni sem Stúdentaráð tekur sér fyrir hendi og því eru mörg þau verkefni sem útfærð hafa verið í ár verið rekin með minniháttar útgjöldum úr hendi Stúdentaráðs og í einhverjum tilvikum með minniháttar hagnaði.
- Á starfsárinu hefur verið lögð sérstök áhersla á að útvíkka samstarf Stúdentaráðs við fyrirtæki og afla þannig frekari tekna. Þetta er þó varasamt því starfsmenn Stúdentaráðs hafa takmarkaðan tíma umfram það sem fer í starfsskyldur þeirra, og saxar hver samstarfssamningur á þann tíma. Verður því að gæta varúðar við að fjölga eða útvíkka samstarfssamninga Stúdentaráðs frekar.
- Á síðasta ári var gerður samningur við rekstraraðila Októberfest sem skilar Stúdentaráði töluvert meira í aðra hönd en áður.
- Öll útgáfa Stúdentaráðs, þ.e.a.s. Stúdentablaðið og Akademían, hefur verið rekin með hagnaði. Munar þar mestu að ritstjóra Stúdentablaðsins náði hagstæðum samningi við prentsmiðju fyrir útgáfu Stúdentablaðsins, auk þess að upplagið var minnkað frá fyrri árum. Fastar auglýsingar báru þungan af fjármögnunni og hefðu þær getað fjármagnað útgáfu Stúdentablaðsins með ágætum hagnaði einar og sér. Önnur auglýsingasöfnun hefur verið tilviðbótar við afkomu blaðsins, en heilt yfir hefur auglýsingasöfnun þó verið lakari en á síðasta starfsári.
- Þá var ráðist í umfangsmikla innheimtu á gömlum kröfum sem gleymst hafði að innheimta á sínum tíma. Skilaði það þónokkrum tekjum, jafnvel þótt flestar kröfurnar reyndust hafa verið greiddar á sínum tíma en verið ranglega færðar til bókar.
- Loks hefur ítarleg tímaskráning skilað nokkrum sparnaði, en í ljós kom að framkvæmdastjóri væri í herra starfshlutfalli en réttlæt看legt var m.v. skyldur hans, jafnvel þótt viðbótarverkefni væru talin með, og gerði hann því tillögu um að lækka starfshlutfall sitt í sparnaðarskyni. Eins hafa starfsmenn skrifstofunnar verið duglegir við að vera ekki í óþarflega háu starfshlutfalli þegar ekki er tilefni til. Sparast af því umtalsverður launakostnaður.

#### **Föst verkefni framkvæmdastjóra**

Í ár hafði framkvæmdastjóri nokkur föst verkefni á sinni könnu. Þar ber helst á verkefnum er tengjast fjárhagslegum rekstri Stúdentaráðs, en jafnframt önnur verkefni, aðallega utanumhald

á Íþróttaskóla Stúdentaráðs, sem samþykkt var að væru hjá framkvæmdastjóra. Þá ber að nefna að framkvæmdastjóri hefur jafnframt verið öðrum starfsmönnum skrifstofunar til aðstoðar þegar svo ber á, t.a.m. við gerð umsagna til Alþingis í samstarfi við forseta, svo eitthvað sé nefnt.

#### Ársreikningur, bókhald og reikningar

Eitt af meginhlutverkum framkvæmdastjóra er að halda utan um bókhald Stúdentaráðs. Hefur það gengið vel og fátt frásögu færandi af þeim vettvangi. Samhliða bókhaldinu er það verkefni framkvæmdastjóra að ganga frá ársreikningum ráðsins, en eins og áður hefur verið tæpt á hefur lítil festa verið á ársreikningagerð undanfarin ár. Nú eru allir ársreikningar komnir í hús, og barst sá ársreikningur síðasta árs skömmu eftir áramót. Framan af gekk illa að koma réttum gögnum til endurskoðenda Stúdentaráðs, KPMG, og skrifast það að mestu hluta á mistök framkvæmdastjóra. Þegar öll gögn voru komin til KPMG tók það hins vegar nokkra mánuði að fá ársreikningana fullbúna, og voru þær skýringar gefnar að vegna erfiðleika við afhendingu gagna í upphaf hafi uppgjör Stúdentaráðs dregist inn í vertíð endurskoðenda og því verið látið mæta afgangi. Það er mat framkvæmdastjóra að slík þjónusta sé óásættanleg, enda umtalsverðum fjármunum varið í endurskoðun ráðsins. Undirritaður leggur því til að í sumar verði kannað hvort ekki séu til aðrir endurskoðendur sem eru tilbúnir að sinna þessum verkefnum fyrir Stúdentaráð, eða í það minnsta ræða þetta við KPMG. Það má þó nefna að þjónusta KPMG hvað varðar aðra endurskoðendapjónustu, svo sem launakeyrslu og uppgjör virðisaukaskatts, hefur verið til fyrirmyndar. Eins er það verkefni framkvæmdastjóra að greiða og innheimta reikninga f.h. Stúdentaráðs. Hefur það gengið vel og er ekki tilefni til að fjalla um það með nánari hætti.

#### Stúdentasjóður

Framkvæmdastjóri hefur verið stjórn Stúdentaráðs innan handar og hefur greitt út styrki úr sjóðnum. Það er ærið tilefni til að endurskoða lög sjóðsins, en þau eru ónákvæm og torlesin, ásamt því að framkvæmdin hjá stjórn sjóðsins hefur brugðið mjög frá bókstaf laganna, af eðlilegum ástæðum. Eins er ekki fullnægjandi eftirlit með því að framkvæmdastjóri greiði út samkvæmt ákvörðun sjóðsstjórnar, og þarf að koma upp ferli þar sem millifærslur af reikningum eru bornar saman við ákvörðun stjórnar um úthlutun af einhverjum öðrum en framkvæmdastjóra, en veruleg hætta er á misferli eins og staðan er nú.

#### Íþróttaskóli

Íþróttaskóli Stúdentaráðs var haldinn í ár eins og áður. Nemendur í íþróttafraeði hafa tekið að sér alla skipulagningu skólans, en framkvæmdastjóri sá í ár um skráningu og innheimtu á þátttökugjöldum. Eins og stendur er þetta ekki sjálfbært, og þarf ný stjórn Stúdentaráðs að taka afstöðu til þess hvort að þessari þjónustu verði áframhaldið. Í ár tókst framkvæmdastjóra að semja um afslátt á leigu á íþróttasalnum, sem væri gott að halda til haga, en enn sem áður er launakostnaður þónokkur og e.t.v. mest tækifæri til hagræðingar þar. Að sjálfsögðu kann þó að vera að Stúdentaráð kjósi að greiða einfaldlega með þessari þjónustu til stúdenta við háskólann, í það minnsta á meðan vel gengur við rekstur Stúdentaráðs.

#### Auglýsingasöfnun Stúdentablaðsins

Framkvæmdastjóri hefur ásamt ritstjóra Stúdentablaðsins séð um auglýsingasöfnun fyrir Akademíuna og Stúdentablaðið. Að mestu voru auglýsingarnar í Stúdentablaðinu fastar samkvæmt samstarfssamningum og blaðið sjálfbært í útgáfu eftir því. Allar viðbótarauglýsingar sem starfsfólki Stúdentaráðs tókst að safna runnu því beint inn í hagnað blaðsins. Seinni tölublöð Stúdentablaðsins skiluðu meiri hagnaði en það fyrsta, einkum vegna þess að ritstjóra tókst að gera hagstæðan samning um prentun. Mætti jafnvel skoða að gera samning við prentsmiðju til einhverra ára fram í tímann, ef verðið væri hagstætt.

### **Önnur verkefni framkvæmdastjóra**

Til viðbótar við helstu verkefni framkvæmdastjóra voru nokkur tilfallandi verkefni sem væri gott að gera skila á.

#### Heildarendurskoðun laga

Framkvæmdastjóri tók að sér að skrifa drög að nýjum lögum Stúdentaráðs, en þau voru endurskoðuð í heild sinni á starfsárinu. Voru drögin byggð á þeim áherslum sem komu fram í stefnumótunarferð Stúdentaráðs. Drögin voru svo fengin lagabreytingarnefnd Stúdentaráðs sem vann breytingarnar áfram og vísast til umfjöllunar um störf hennar að öðru leyti.

#### Innheimta

Vegna uppgjors á ársreikningum sem áður hefur verið vikið að kom í ljós að samkvæmt bókhaldi Stúdentaráðs var nokkuð af ójöfnuðum reikningum í bókhaldi ráðsins. Um sumarið féll það því í skaut framkvæmdastjóra að fara yfir ófyrndar kröfur Stúdentaráðs og innheimta þær. Stærsti hluti þessara krafna reyndust vera einföld bókhaldsmistök hjá fyrrum framkvæmdastjórum ráðsins, og kröfurnar því í raun greiddar. Hins vegar tókst að innheimta rúmlega milljón af ógreiddum kröfum til ráðsins. Gott væri að festa verklag í sess um hvernig skuli halda utan um útistandandi kröfur, en uppgjorið sem fer fram við gerð ársreikninga er veigamikill þáttur í að halda utan um útistandandi kröfur ráðsins.

#### Framkvæmd kosninga

Í ljósi nýrra persónuverndarlöggjafar þurfti að skýra úr hvernig fer með afhendingu kjörskráar til kjörstjórnar Stúdentaráðs annars vegar, og framboða hins vegar. Eftir samskipti framkvæmdastjóra við lögfræðinga Háskóla Íslands og nemendaskrá myndaðist sátt um hvernig framkvæmdin á afhendingu þessara gagna skyldi vera, og reyndist sú framkvæmd vel. Það er hins vegar óheppilegt að framkvæmdastjóri, sem starfsmaður Stúdentaráðs, sé í þessu hlutverki milligöngumanns og kann að vera tilefni fyrir réttmætum áhyggjum af hlutleysi. Þar sem að mestri vinnu við að móta þetta ferli er lokið er ekkert því til fyrirstöðu að kjörstjórn taki við þessu hlutverki á næsta ári í samræmi við fyrirliggjandi ferli, en framkvæmdastjóri gætti þess að halda utan um gögn sem tengdust þessari framkvæmd og eru þau aðgengileg á skrifstofu Stúdentaráðs.

### **Lokaorð og tillögur**

Heilt yfir tel ég að árið hafi gengið vel og að rekstur Stúdentaráðs sé í góðu standi. Að lokaorðum mínum vil ég þó gera nokkrar tillögur að því sem betur mætti fara og vert er að athuga á komandi ári.

- **Starfshlutfall**

Að mínu mati væri best ef framkvæmdastjóri væri í 40 - 50 prósent starfshlutfall, en álagspunktur eru mismiklir. 60 prósent verður þó að teljast of mikið, jafnvel þótt framkvæmdastjóri sé að taka að sér aukaleg verkefni.

- **Greiðslugeta**

Tryggja þarf að Stúdentaráð hafi til ráðstöfunar fjármagn til að greiða föst gjöld, og ætti því handbært fé Stúdentaráðs aldrei að vera minna en ein og hálf milljón að jafnaði.

- **Stúdentasjóður**

Ég tel það mjög brýnt að lög Stúdentasjóðs séu endurskoðuð sem fyrst, og jafnvel að tilefni sé til í að móta sjónarmið ráðsins í stefnumótunarferð, sem yrði svo grundvöllur fyrir frekari vinnu með endurskoðun laganna. A.m.m. þarf að gæta sérstaklega að eftirfarandi hlutum:

- Gagnsæi við útgreiðslu styrkja.
- Afstaða tekin til með nákvæmari hætti hverjir geti sótt um styrk, hversu oft og fyrir hvað.

- Að styrkir sjóðsins verði mótaðir til að lyfta frekar upp minni nemendafélögum, frekar en að stærri nemendafélög fái meiri styrk eins og staðan er nú.
- **Handbók framkvæmdastjóra**

Undirritaður ætlar sér að skrifa handbók framkvæmdastjóra, þar sem farið er yfir helstu verkefni starfsins á praktískum nótum sem hver framkvæmdastjóri getur svo unnið áfram með og mótað. Samfella í starfinu hefur verið lítil og tel ég að það muni gefa góða raun að upplýsingar séu aðgengilegar á einum stað.
- **Endurskoðun**

Endurskoðun Stúdentaráðs er dýr, og væri æskilegt að vinna færi fram í sumar þar sem reynt er að fá betri kjör og að þjónusta við ráðið sé tekin alvarlega.
- **Samingar við HÍ**

Full ástæða er til að endurskoða hvernig samningar Stúdentaráðs við Háskóla Íslands eru uppsettir, en eins og staðan er nú er gagnsæi um hvernig þessum málum er háttað lítið.
- **Teymisvinnuforrit**

Á undanförunum árum hefur Stúdentaráð notast við teymisvinnuforrit svo sem ZOHO og Slack. Betur þarf að vanda val á svona forritum, sérstaklega ef að Stúdentaráð kemur til með að leggja út fjármuni fyrir aðgangi. Það þarf að vera algjör vissa um að forritið verði notað sem skyldi, annars er ólíklegt að fjárfestingin sé réttlætunleg.

## STARFSEMI STÚDENTARÁÐS

### HANDOVER OG FRÆDSLUKVÖLD STÚDENTARÁÐS

Ákveðið var strax í upphafi starfsárs að vinna að því að efla hóp Stúdentaráðsliða á sameiginlegum vettvangi þeirra þar sem fræðsla yrði einnig höfð að leiðarljósi og í því skyni skipulagðir tveir viðburðir yfir starfsárið með þetta að markmiði: Handover dag Stúdentaráðsliða og fræðslukvöld.

### HANDOVER DAGUR STÚDENTARÁÐS

Handover dagur Stúdentaráðs var haldinn 31. mars 2018 og var skipulagður af oddvitum fráfarandi Stúdentaráðsliða, Elísabetu Brynjarsdóttur og Katrínu Ósk Ágeirsdóttur. Ákveðið var að fá að láni aðstöðu í Brautarholti, Klúbbinn og halda þar dagskrá fyrir fráfarandi og verðandi Stúdentaráðsliða. Fráfarandi Stúdentaráðsliðar miðluðu reynslu sinni af líðandi starfsári og farið var yfir hvernig ráðið starfar og fundarsköp. Eftir góða dagskrá þar fóru þau sem mættu út að borða saman á Fabrikkuna og nokkrir héldu svo áfram að skemmta sér saman út kvöldið. Kvöldið var í heildina litið vel heppnað og mikilvægt er að skapa árlega einhversskonar vettvang þar sem fráfarandi og verðandi Stúdentaráðsliðar koma saman, miðla reynslu og eiga góða stund saman.

### FRÆDSLUKVÖLD STÚDENTARÁÐS

Fræðslukvöld Stúdentaráðs var haldið 21. ágúst 2018 í Borgartúni 20 í aðstöðu Icelandic Startups sem buðu okkur til sín. Dagskráin hófst 16:30 með kynningu frá Icelandic Startups á nýsköpun og frumkvöðlastarfsemi og hvernig stúdentar geta komið að því. Í kjölfar þess voru fræðsluerindi frá lánasjóðsfulltrúa um LÍN, Q-félaginu um hinsegin málefni, Hugrónu um geðheilbrigðismál (sem féll því miður niður) og LÍS um samtökin þeirra. Kvöldið var opið öllum Stúdentaráðsliðum og varafulltrúum. Kvöldmatur var í boði Stúdentaráðs en við gerðum samstarfssamning við Dominos sem bauð okkur upp á pizzuveislu. Kvöldið var mjög vel heppnað og er fræðsla á borð við þessa, frá helstu hagaðilum í samstarfi við Stúdentaráð, mikilvægt svo forysta Stúdentaráðs geti endurspeglad sem fjölbreyttustu þarfir stúdenta Háskóla Íslands.



### STEFNUMÓTUN STÚDENTARÁÐS

#### 1. Inngangur

Stefnumótunarferð Stúdentaráðs Háskóla Íslands var farin á Úlfljótuvatn helgina 30.júní - 1.júlí. Ferðin var farin í annað skipti að fordæmi stefnumótunarferðar sem farin var á Hvanneyri sumarið 2017. Tilgangur ferðarinnar var tvíþættur, annars vegar að útbúa aðgerðaáætlun ú frá stefnu Stúdentaráðs sem búin var til í ferðinni árinu áður og undirbúa ráðið fyrir komandi starfsár og hins vegar að hrista hópinn saman og skapa vettvang fyrir hópinn til að kynnast betur. Þessi skýrsla er skrifuð í þeim tilgangi að veita innsýn í undirbúningsvinnu og framkvæmd ferðarinnar og með von um að hjálpa til við skipulagningu

næstu ferðar. Samantektin er rituð af Sonju Sigríði Jónsdóttur, varaforseta Stúdentaráðs 2018-2019.

## 2. Undirbúningur

Undirbúningur ferðarinnar hófst formlega í lok apríl. Yfirumsjónarmanneskja með skipulagi ferðarinnar var Sonja Sigríður, varaforseti. Starfsfólk skrifstofunnar ákvað sín á milli dagsetninguna 30.júní - 1.júlí og gaf Stúdentaráðsliðum og nefndarmeðlimum góðan fyrirvara til þess að taka helgina frá. Ekkert skráningarform var sent út (sem eftir á að hyggja voru mistök) en óformleg google forms könnun var send út um áhuga fólks um mætingu, umræðuefni og tegundir hópeflis. Könnunin var sett inn á facebook síðu Stúdentaráðsliða og nefndameðlima og allar upplýsingar um ferðina einnig. Gerður var facebook viðburður þar sem 44 meðlimir boðuðu komu sína. Aðalfulltrúar í Stúdentaráði, varafultrúar í Stúdentaráði, nefndameðlimir og skrifstofa Stúdentaráðs áttu kost á að fara með í ferðina. Þegar mest lét voru 48 manns í ferðinni en stór hluti fór heim eftir stefnumótunarvinnuna á laugardagskvöldinu og aðeins um 25 manns voru yfir nótt.

Mikið maus var að finna húsnæði fyrir svo stóran hóp með svo litlum fyrirvara og útlit var fyrir að mögulega þyrfti að breyta skipulagi ferðarinnar alveg og hafa hana á höfuðborgarsvæðinu. Að lokum fengum við leigðan skátaskála við Úlfljótsvatn. Húsið var mjög gamalt og mikill raki myndaði mikla fúkkalykt ofan í klóakslykt. Enginn skjávarpi var í húsinu svo við þurftum að fá lánaðan skjávarpa frá upplýsinga- og tæknisviði Háskólans. Fyrir utan þetta var húsnæðið hentugt, nægilegt rými fyrir öll, svefnpláss í koju fyrir 24 og rest á dýnum, nóg um borðbúnað og vel útbúið eldhús. Við gistum í KSÚ skálanum sem er ekki staðsettur á aðal svæðinu við útilífsmiðstöðina svo við fengum að vera alveg útaf fyrir okkur. Skemmtilegt svæði til útiveru er í kring um húsið og kolagrill til staðar.

## 3. Dagskrá

	<p style="text-align: center;"><b>DAGSKRÁ</b></p> <p style="text-align: center;">• LAUGARDAGUR •</p> <p><b>11:00 - MÆTING</b></p> <p>Mæting Hópefli 1.0</p> <p><b>12:00 - VINNUMIDJA</b></p> <p>Umræðu- og vinnuhópar um alþjóðamál, jafnréttis- og fjölskyldumál, umhverfis- og samgöngumál, aðstöðu- og húsnæðismál, gæða- og kennslumál, herferðir Stúdentaráðs, skipulag Stúdentaráðs, nemendafélög.</p> <p>Reglulegar kaffipásur</p> <p><b>16:00 - SAMANTEKT</b></p> <p>Hópstjórar taka saman niðurstöður Hópefli 2.0</p> <p><b>17:30 - NIÐURSTÖÐUR KYNNTAR</b></p> <p>Hópstjórar kynna niðurstöður úr sínum hópum</p> <p><b>19:00 - KVÖLDMATUR</b></p> <p>Grill í boði SHÍ</p> <p><b>20:00 - DJAMM</b></p> <p>Hópefli 3.0 DJAMM</p> <p style="font-size: small;">Dagskrá birt með fyrirvara um smávægilegar breytingar</p>		<p style="text-align: center;"><b>DAGSKRÁ</b></p> <p style="text-align: center;">• SUNNUDAGUR •</p> <p><b>10:00 - MORGUNMATUR</b></p> <p>Morgunmatur í boði SHÍ</p> <p><b>11:00 - SVIDSRÁÐ</b></p> <p>Kynningar frá sviðsráðum um starfsemi og markmið komandi árs</p> <p><b>12:00 - HÁDEGISMATUR</b></p> <p>Hádegismatur í boði SHÍ</p> <p><b>13:00 - LÍN</b></p> <p>Kynning frá lánasjóðsfulltrúa Vinnustofa</p> <p><b>15:00 - OPEN SESSION</b></p> <p>Opinn liður í dagskránni þar sem fólk gefst tækifæri á að halda sína eigin vinnustofu eða kynningu. Sá liður gæti fjallað um málefni eða verkefni sem viðkomandi hefur sérstakan áhuga eða þekkingu á og vill koma á framfæri.</p> <p><b>16:30 - DAGSKRÁRLOK</b></p> <p>Dagskrá endar í seinasta lagi hér</p> <p style="font-size: small;">Dagskrá birt með fyrirvara um smávægilegar breytingar</p>
--	--	--	---

Dagskránni seinkaði um u.þ.b. 20 mín á laugardeginum þar sem ekki allir hópstjórar voru mættir á réttum tíma. Annars hélt dagskráin sér að mestu leyti, tempó í málefnavinnu var glæsilegt og kynningar frá hópstjórum gengu smurt fyrir sig svo kvöldmatur var á réttum tíma. Elísabet og Pétur Geir tóku að sér að vera tímaverðir og létu vita þegar 5 mín voru eftir á hverri stöð og svo þegar átti að skipta. Okkur þótti mikilvægt að láta vita með ágætum fyrirvara að stutt væri í skipti, 1 mín viðvörðun eins og var árinu áður þótti fólki ekki nóg en 5 mín viðvörðun virkaði vel. Á laugardeginum voru teknar þrjár umferðir af vinnu og síðan kaffipása. Um kvöldið grilluðum við og höfðum hópefli og leiki fyrir öll sem heppnaðist vel. Fyrsta hópeflið var í byrjun dags þegar flest voru mætt en þá settumst við í hring og fórum nafnahring með einni sturlaðri staðreynd. Næsta hópefli stjórnaði Ágúst Arnar, Stúdentaráðsliði af Menntavísindasviði. Seinasta hópefli dagsins var eftir mat og var “þrautabraut”. Hópnum var skipt í þrjú lið sem öll fengu eins þrautabraut og fyrsta liðið til að klára brautina vann. Fyrst áttu þau að raða liðinu í stafrófsröð án þess að tala saman, næst var bundið fyrir augun á einum í liðinu og hann átti að labba ákveðna leið án þess að snerta ýmsa hluti sem urðu á vegi hans aðeins með leiðbeiningum frá einum öðrum úr liðinu. Næst átti einhver úr liðinu að chugga bjór, þegar það var búið fékk einhver úr liðinu heyrnartól og átti að humma lagið sem hann heyrði og hin áttu að giska hvert lagið var, að lokum átti liðið að mynda mannlegan píramýda. Leikurinn heppnaðist frekar vel, smá tæknilegir örðugleikar urðu með heyrnartólin og svo var liðið sem vann ekkert of ánægt með að engin verðlaun voru í boði. Aðal tilgangur þessa leiks var þó sá að fá fólk til að hristast saman og gera eitthvað skemmtilegt saman.

Dagskráin á sunnudeginum riðlaðist töluvert en það var aðallega vegna þess hve margir fóru heim kvöldinu áður. Morgunmatur var kl. 10 og kynningar frá sviðsráðum kl. 11 en öll önnur dagskrá eftir það frestaðist. Kynningar frá sviðsráðum voru hver annarri glæsilegri en tilgangurinn með þeim var að fá að sjá markmiðin og verkefnin sem sviðsráðin hafa sett sér fyrir árið. Í lok árs munu þau halda aðra svipaða kynningu en þá um hvaða markmið og verkefni þau náðu að klára. LÍN hluti dagskrárinnar frestaðist vegna þess hve fáir voru eftir. Sá dagskrárlíður verður tekinn fyrir síðar í sumar. Ekkert málefni barst í open session og því var það ekki tekið fyrir.

#### 4. Málefnavinna

Málefnavinnan fór öll fram á laugardeginum og var tvískipt. Þátttakendum var skipt upp í sex vinnuhópa til að byrja með sem voru:

Málefni	Hópstjóri
Alþjóðamál	Salka Sigurðardóttir, Alþjóðafulltrúi LÍS
Atvinnumál	Emil Dagsson, nefndarmeðlimur Fjármála- og atvinnulífsnefndar
Jafnréttismál	Óskar Steinn Jónínu Ómarsson, forseti Jafnréttisnefndar



Umhverfis- og samgöngumál	Ásmundur Jóhannsson, forseti Umhverfis- og samgöngunefndar
Gæða- og kennslumál	David Erik Mollberg, fyrrv. gæðastjóri LÍS
Fjölskyldumál	Jónas Már Torfason, framkvæmdastjóri SHÍ

Markmið þessara sex hópa var að mynda aðgerðaráætlun fyrir núverandi stefnu Stúdentaráðs. Hóparnir róteruðu á milli hópstjóra, hver hópur var í 20 mín á hverju borði og kaffipásur voru teknar eftir hverja þrjá hópa. Mikilvægt er að hópstjórar fái fyrirfram kynningu á þeirra hlutverki og hvað það er sem þeir eru að fara að gera í ferðinni. Þeirra hlutverk var að stjórna umræðum og að taka saman vinnuna á sínu borði, eftir málefnavinnuna. Æskilegt er að hópstjóri hafi góða vitneskju á málefninu sem hann tekur fyrir því er sniðugt að fá fulltrúa úr framkvæmdastjórn LÍS eða forseta nefnda til þess að stjórna.

Næst var þátttakendum skipt í þrjá hugarflugshópa sem voru:

Málefni	Hópstjóri
Nemendafélagsmál	Kristrún Helga Valþórsdóttir, forseti Nemendafélagsnefndar
Skipulag Stúdentaráðs	Hallgerður Kolbrún Jónsdóttir, forseti Lagabreytinganefndar
Herferðir Stúdentaráðs	Sonja Sigríður Jónsdóttir, varaforseti Stúdentaráðs

Hugarflugshóparnir höfðu það hlutverk að koma með allar þær hugmyndir sem þeim datt í hug varðandi hvert málefni. Hugarflugið gekk vonum frammar og hópstjórar gengu frá borði með margar frábærar hugmyndir. Á meðan hugarflugsvinnan var í gangi tóku hópstjórar úr vinnuhópunum saman sínar niðurstöður. Hópstjórar úr hugarflugsvinnu tóku saman niðurstöðurnar úr sínum hópum beint eftir hópavinnuna en kynntu ekki niðurstöður. Áætlað er að niðurstöður úr þeim hópum verði kynntar á næsta Stúdentaráðsfundi.

Málefnaflokkarnir voru valdir með könnuninni sem var send á facebook hópinn fyrir Stúdentaráðsliða og nefndameðlimi. Þátttakendur ferðarinnar höfðu því kost á því að velja hvað yrði tekið fyrir og hvað ekki. Skrifstofa Stúdentaráðs tók lokaákvörðun.

## 5. Matur

SHÍ greiddi fyrir allan mat og leigu á húsnæði, annað þurftu þátttakendur ferðarinnar að kosta sjálfir. SHÍ sá fyrir öllum kaffipásurum, kvöldmat á laugardegi og morgunmat og hádegismat á sunnudegi. Ekkert varð þó úr hádegismatnum á sunnudeginum þar sem dagskrá raskaðist. Við keyptum kaffi en fengum bakkelsi og brauð gefins í tonnatali frá Brauð & Co. Í kvöldmatinn á laugardeginum voru pylsur og bulsur. Bulsurnar kláruðust mjög hratt sem segir okkur að það hafi verið fleiri grænmetisætur/vegan en við gerðum ráð fyrir. Við klikkuðum á því að gera könnun á því hversu margir kysu kjöt og hverjir ekki. Gott að hafa í huga fyrir næstu ferð. Í morgunmat var morgunkorn, ab-mjólk og púðursykur, afgangar af bakkelsi og brauði

frá deginum áður.

## 6. Kostnaður

Þátttakendur ferðarinnar greiddu engin þátttökugjöld en vangaveltur um það voru teknar upp á skrifstofufundi og stjórnarfundum SHÍ. Reynt var að halda kostnaði í lágmarki með því að versla í ódýrari matvöruverslunum og undirbúa matinn sjálf. Heildarkostnaður á mat úr Bónus og Costco var 44.328 kr. Leigan á gistiskálanum var 60.000kr. fyrir nóttina laugardag til sunnudags. Skrifstofumeðlimir mættu kvöldinu áður til að setja upp fyrir laugardaginn, þá nótt fengum við endurgjaldslaust. Ekki þurfti að greiða fyrir ferðakostnað neinna hópstjóra.

Kostnaðarliður	Upphæð
Matur	44.328 kr.
Húsnæði	60.000 kr.
<i>Samtals</i>	<i>104.328 kr.</i>

## 7. Úrvinnsla

Hópstjórar tóku saman vinnu sína eftir vinnuhópnum og skiluðu inn á google drive skrifstofunnar. Í lokin verður öll vinna sem fór fram að vera samþykkt af Stúdentaráði ef hún á að verða að aðgerðaáætlun.

Ferill vinnunar var eftirfarandi:

1. Vinna í stefnumótunarferð á Úlfjótavatni
2. Samantekt hópstjóra
3. Nefndir vinna með niðurstöður/samantekt
4. Nefndaforsetar skrifa upp stefnuna/aðgerðaáætlunina í template frá skrifstofu
5. Nefndaforsetar kynna drög fyrir Stúdentaráði
6. Drög lögð fyrir Stúdentaráð til samþykktar

## 8. Umsagnir

Eftir ferðina voru þátttakendur beðnir að svara könnun um þeirra mat á ferðinni, hvað fór vel og hvað mætti bæta. Hér eru spurningarnar og svörin:

### 1. Er eitthvað sem þér fannst gott við viðburðinn eða vel gert?

- Góðar umræður á borðunum í vinnustofum og hugmyndasmiðjum. Hefði mátt vera tilbreyting á hópnum, þannig maður var ekki alltaf að braunstofma með sama fólkinu, veit samt ekki hvort það hefði verið eitthvað "miklu betra"
- Hópefli er major key
- Skipulagið í heild sinni og stemningin sem náði að myndast út frá henni. Einnig fannst mér rosalega þæginglegt að fá yfirlit yfir plön annarra sviða fyrir komandi starfsár. Einnig byrjaði sunnudagurinn á góðum tíma en allir fengu tíma til þess að ná sér eftir kvöldið áður.

- gott skipulag á hópavinnu og allt í kringum stefnumótunina
- Skipulagið og leikirnir
- Ég var sáttur við allt
- Flest allt
- Mjög sniðugt fyrirkomulag á vinnusmiðjunum og hópeflið geggið og vel þarft!!
- Þetta var bara afbragðs ferð.
- Allt hélt mjög góðu dampi og umræður gengu vel og voru hnitmiðaðar.
- Vinnustofurnar voru mjög góðar
- Vel skipulagt og goður matur
- Skipulagið var mjög vel gert. Fólk vann skilvirkt og var vel haldið utan um tímaramman. Flott að hafa leiki/hópefli. Mjög flott að nota þessa aðstöðu.
- Mjög ánægð með allt saman, skipulagið og framkvæmd gekk mjög vel

## 2. Er eitthvað sem hefði mátt fara betur?

- Kannski að fólk break-i úr hlutverkunum sínum meira. Þannig að starfsmenn skrifstofunnar væru ekki alltaf í stjórnunarhlutverkum eða eitthvað?eins og með þrautabrautina líka þá hefði ágúst kannski mátt tækla það aftur eða fá aðra til að stýra því og hafa skrifstofumeðlimi með í gamninu
- Nei, allt super næs
- fleiri bulsur
- Grænmetisfæði. Kvöldmatur ekki rétti staðurinn til þess að spara að mínu mati en í minnsta lagi láta fólk vita svo það geti nestað sig.
- Fleiri hefðu mátt djamma harkalega og við hefðum átt að skipuleggja hjólabátakeppni milli fylkinganna.
- Ekkert sem mér dettur í hug
- Kynningarnar þurfa vera styttri því einbeitingin var alveg farin
- Nei
- Hefði mátt vera annað en pylsur að borða. Skil það vel út frá budget-i en hefði strax orðið betra ef það höfðu verið boðið upp á hamborgara, jafnvel bara fá fólk til að koma með sinn eigin mat. Þetta er samt ekki stórmál.  
Einnig mætti benda fólki á að vera allan tíman svo hægt væri að klára dagsskránna. Ef þau skrá sig í ferðina er verið að skrá sig allan tíman, hafa það skýrt. Ef fólk getur ekki verið allan tíman að láta vita.
- Leiðinlegt hvað margir þurftu að fara um kvöldið eða um morguninn en það er skiljanlegt vegna vinnu. En af því fólk þurfti að fara og vorum fá eftir raskaðist dagskráin

## 3. Ertu með einhverjar hugmyndir fyrir komandi ár?


- Hafa þægilega staðsetningu, líkt og í ár, ekki langt frá bænum :)
- Hjólabátakeppni
- Haffa gaman
- Nei
-

## GEÐHEILBRIGÐISMÁL

## STARFSHÓPUR UM GEÐHEILBRIGÐISÞJÓNSTU INNAN HÍ

Í kjölfar mikils þrýstings frá stúdentum um bætt úrræði innan Háskóla Íslands í upphafi 2018 ákvað Háskóli Íslands að setja á laggirnar starfshóp um geðheilbrigðisþjónustu og myndi sá hópur hafa um 20 milljónir úr Aldarafmælisjóði til ráðstöfunar. Forseti Stúdentaráðs, Elísabet Brynjarsdóttir, tók sæti í þessum hópi og sat sex fundi á starfsárinu. Starfshópurinn átti að sjá um hvernig fjármagninu yrði varið næsta árið í geðheilbrigðismál. Eftirfarandi hluti voru framkvæmdir á starfsárinu:

- Tveir nýjir sálfræðingar ráðnir inn – einn ráðinn inn vorönnina 2018 og næsti á að ráða inn vorönnina 2019
- Fjölbreyttari úrræði sett á laggirnar – boðið nú upp á hópmeðferð fyrir háskólanemendur og keyra átti 4-6 hópa á einu ári með um 20 manns í hverjum hópi. Mikil aðsókn í þessa hópa og reyndist vel.
- Forvarnarstarf – HAM hópur ákveðin forvörn og starf Hugrúnar styrkt fjárhagslega
- SÁL RÆKT – nýtt úrræði á vegum sálfræðiráðgjafar sálfræðinema.



Forseti Stúdentaráðs fagnar mjög þessum umbótum sem starfshópurinn hefur getið af sér og ljóst er að það eru áframhaldandi verkefni sem hópurinn mun þurfa að takast á við á borð við húsnæði fyrir sálfræðinga og áframhaldandi stækkun stuðnings á háskólasvæði t.d. í formi heilsugæslu á háskólasvæðinu.

## NIÐURGREIDD SÁLFRÆÐIÞJÓNUSTA FYRIR SHÍ

Í upphafi árs tók forseti Stúdentaráðs ákvörðun um að niðurgreiða sálfræðiþjónustu fyrir öll þau sem stafa innan Stúdentaráðs. Í kjölfar umræðu um að setja á fót stöðu trúnaðarmanns innan SHÍ ákvað forseti að ræða við Náms- og starfsráðgjöf HÍ (NSHÍ) um mögulega lausn. Niðurstaðan var sú að fara í samstarf við Sálfræðiráðgjöf Háskóla Íslands. Öll þau sem starfa fyrir hönd Stúdentaráðs, hvort sem það er Stúdentaráðsliði, nefndarmeðlimur, háskólaráðsfulltrúi stúdenta eða fulltrúar á öðrum vettvöngum, eiga rétt á tíma hjá Sálfræðiráðgjöfinni sér að kostnaðarlausu, ef viðkomandi vill ræða málefni sem snúa að starfi sínu fyrir ráðið. Þetta geta t.d. verið samskiptaörðugleikar, árekstrar í starfi, hvers lags hindranir eða aðrar ástæður. Þetta var hugsað sem handleiðsla fyrir Stúdentaráðsliða. Tímarnir eru svo niðurgreiddir af Stúdentaráði og nafnleyndar gætt. Þetta var gert til þess að stuðla að góðum starfsvettvangi fyrir alla og að allir geti liðið vel í vinnu sinni fyrir hagsmunum stúdenta.

## HÚSNÆÐISMÁL

Húsnæðismál og stúdentafúðir eru ávallt stór hluti af hagsmunabaráttu stúdenta og var starfsárið í ár þar engin undanþága. Mesta púðrið í ár fór að því að berjast fyrir uppbyggingu við Gamla Garð og að staðið yrði við gefin loforð um íbúðir þar.

## GAMLI GARÐUR

Mikil vinna fór í árinu fyrir Stúdentaráð að halda áfram með baráttuna fyrir uppbyggingu stúdentabúða á reit Gamla Garðs, sem átti langan undanfara sem var mikilvægt fyrir nýtt ráð að koma sér inn í.

Undanfarin var í stuttu máli sá að í mars 2016 var undirritaður samningur um að byggðar yrðu allt að 400 íbúðir á háskólasvæðinu fyrir stúdenta. Samkomulagið fól meðal annars í sér að lóð við Gamla Garð yrði ráðstafað til Félagsstofnun stúdenta til uppbyggingar. Félagsstofnun stúdenta fór í framhaldi af því af stað með hugmyndasamkeppni um skipulag og hönnun á reit Gamla Garðs. Niðurstöður þeirrar samkeppni voru undirritaðar 27. mars 2017 og í framhaldi af því hófst vinna við deiliskipulag á grundvelli vinningstillögunnar. Þegar að sú deiliskipulagstillaga fór í umsagnarferli barst umsögn frá Minjastofnun sem lagðist hart gegn því að þarna myndi rísa stúdentabúðir. Í kjölfar þess sendi Stúdentaráð frá sér ályktun 23. ágúst 2017 um mikilvægi þess að staðið yrði við samninga og samkomulag um uppbyggingu. Háskóli Íslands ákvað þá að skipa samráðshóp sem tæki málið fyrir með það að markmiði að breið sátt myndi nást um nýtingu lóðarinnar og kostir og gallar yrðu metnir. Samráðshópurinn skilaði af sér undirritaðri tillögu 1. febrúar 2018.

Nýtt Stúdentaráð tók því við málinu eftir niðurstöður samráðshópsins. Þar kom m.a. fram að HÍ myndi leiða vinnu við endurskoðun deiliskipulags, vinningstillagan yrði dregin til baka og unnin ný tillaga í breiðri sátt. Ný skipulagsnefnd háskólaráðs var sett á laggirnar.

Stúdentaráði fannst lítið hafa farið fram í maí 2018 og málið í biðstöðu. Lítið heyrðist af vinnu um nýtt deiliskipulag og því ákveð Stúdentaráð að þrýsta þyrfti á þessa vinnu svo hún hæfist strax, þar sem um 800 stúdentar voru þá á biðlista eftir stúdentabúð og þörfin mikil. Mikið samtal átti sér stað við stjórnslu Háskólans, og Félagsstofnun stúdenta, og var málið að lokum tekið fyrir á fundi háskólaráðs eftir langa bið fimmtudaginn 1. nóvember.

Þar sem stúdentar höfðu lengi beðið eftir niðurstöðu í málinu og lítið frétt var einróma

samþykkt af Stúdentaráði að blása til setumótmæla á rektorsgangi þegar háskólaráðsfundurinn átti sér stað þann 1. nóvember 2018.

Á undan því bauð stjórn Stúdentaráðs háskólaráðsfulltrúum í kaffboð 31. október þar sem sjónarmið stúdenta voru lögð á borðið og gott samtal átti sér stað sem átti sér þó enga landingu og engin skýr svör fengust. Send var út yfirlýsing frá Stúdentaráði:



### Yfirlýsing frá Stúdentaráði vegna setumótmæla

Stúdentaráð efnir til setumótmæla á rektorsgangi fimmtudaginn 1. nóvember. Á fundi háskólaráðs á að fjalla um reit Gamla Garðs og byggingu stúdentabúða á reitnum. Staðið hefur til frá mars 2016 að byggja stúdentabúðir á reitnum en framkvæmdir hafa enn ekki hafist þrátt fyrir ítrekuð loforð Háskóla Íslands. Skiptar skoðanir eru á ásýnd og fegurðarmati byggingarinnar sem þar mun rísa, sem hefur þó dregið alla vinnu langt umfram eðlileg tímamörk og eftir sitja stúdentar í húsnaðisvanda.

Nú verður rætt um eitt mikilvægasta hagsmunamál stúdenta í háskólaráði. Stúdentar hafa í því ljósi ákveðið að fylla rektorsgang fyrir fund og á meðan fundi stendur og krefjast svara í lok fundar.

Krafa stúdenta er skýr:

1. Stúdentar krefjast þess að skýr tímalína verði sett vegna byggingar við Gamla Garð á fundi háskólaráðs 1. nóvember og að niðurstaða af hálfu Háskólans um endanlegt deiliskipulag liggi fyrir í síðasta lagi fyrir áramót.

Í kjölfar mótmælanna og háskólaráðsfundurinn var sett skýr tímalína og nýtt deiliskipulag kynnt fyrir Stúdentaráði á fundi þess 21. nóvember 2018. Nýtt deiliskipulag var sent inn til Reykjavíkur í janúar 2019 og Félagsstofnun stúdenta hefur hafið hönnunarferli fyrir nýja byggingu. Stefnt er að fyrstu skóflustungu haustið 2019 sem er gríðarlega stór sigur fyrir stúdenta!

## ÖNNUR HÚSNÆÐI

Á tímabilinu voru framkvæmdir í gangi við Sæmundargötu 20, en í janúar 2020 munu opna þar um 250 íbúðir fyrir stúdenta og er það stærsta opnun í sögu FS.

Á starfsárinu var jafnframt skrifað undir vilyrði fyrir 160 íbúðum í Skerjafirði og hefur nú verið úthlutað lóð til FS. Það má því segja að starfsárið hafi einkennst af uppbyggingarfasa og mikil aðsókn er í að fjölga stúdentaíbúðum fyrir stúdenta Háskóla Íslands!

## SAMGÖNGUMÁL



### STRÆTÓZIP

Eftir marga góða fundi Stúdentaráðs og Strætó bs. hefur Strætó ákveðið að bjóða stúdentum upp á fjölbreyttari valmöguleika í vali stúdenta um samgöngukort. Nú er því hægt að kaupa 6 mánaða og 12 mánaða nemakort og Zipcar fylgir frítt með. Samkomulag náðisb t um að gefa 1 klukkustund og áskrift í hverjum mánuði með öllum seldum nemakortum. Tveir Zipcar bílar eru á háskólasvæðinu.

Þetta voru miklar framfarir í samgöngumálum stúdenta og er mikilvægt að stuðla að góðu samtali milli Strætó bs. og Stúdentaráðs þar sem hagsmunir stúdenta eru ávallt að leiðarljósi.

## BORGARLÍNAN

Fulltrúar skrifstofunnar áttu fund með skipulagsstjóra Reykjavíkurborgar í júní 2018. Þar fengu stúdentar kynningar á áformum um Borgarlínuna og mikil og góð umræða skapaðist í kjölfarið um samgöngur í Reykjavík og um háskólasvæðið. Skrifstofa Stúdentaráðs lagði mikla áherslu á að verði borgarlínan að veruleika sé gífurlega mikilvægt að hún liggi framhjá Háskóla Íslands svo stúdentar geti fullnýtt sér þennan kost.

## NÆTURSTRÆTÓ

Þann 21. nóvember 2018 samþykkti Stúdentaráð einróma yfirlýsingu vegna mögulegrar skerðingu á þjónustu næturstrætó. Stúdentaráð ítrekaði mikilvægi þjónustunnar í kjölfar óvissu Strætó um áframhaldandi þjónustu. Stúdentaráð lagði áherslu á mikilvægi þjónustunnar fyrir samfélagið og sérstaklega fyrir ungt fólk á grundvelli umhverfis-, öryggis-, menningar og jafnréttissjónarmiða.

Yfirlýsingin var unnin af fulltrúum umhverfis- og samgöngunefndar og var unnin í kjölfar bókonar sviðsráðs Verkfræði- og náttúruvísindasviðs um að SHÍ ætti að senda út yfirlýsingu um málið. Í kjölfar samþykktar á yfirlýsingunni var hún send út á fjölmiðla, birt opinberlega og send á alla fulltrúa í borgarstjórn og í stjórn Strætó.

Í kjölfarið bárust fréttir af því að Strætó myndi halda áfram þjónustu næturstrétó, sem er mikilvægur áfangi fyrir stúdenta!

#### U-PASS

Eitt stærsta kolefnisfótspor Háskóla Íslands er notkun einkabílsins og töluverður fjöldi stúdenta og starfsfólks mæta í vinnuna á bíl. Stór og mikil bílastæði, sem eru gjaldfrjáls, eru um allt háskólasvæðið og hefur það verið mikið í umræðunni hjá stúdentum og stjórnslu hvernig megi breyta þessari stefnu. Allir eru á sama máli um það að það þurfi að draga úr notkun einkabílsins og Háskólinn vill finna leiðir til þessa.

Ein hugmyndin sem hefur komið upp í kringum þá umræðu er svokallað *U-pass* kerfi, að bandarískri fyrirmynd. Vatnsmýrahópurinn skilaði af sér niðurstöðum haustið 2018 þar sem þau lögðu til að þetta kerfi yrði tekið upp af háskólum á höfuðborgarsvæðinu. Kerfið felur einfaldlega í sér að við greiðslu á skrásetningargjöldum í Háskólann fær nemandi sent til sín samgöngukort sem gengur í strætó – og þarf því ekki að greiða neitt aukalega fyrir það. Samhliða þessu yrðu fleiri bílastæði gerð gjaldstæð og þannig freistast til þess að draga úr hvatanum að mæta á bíl í skólanum samhliða því sem samgöngur yrðu gerðar aðgengilegri. Hægt væri að kaupa árskort í gjaldstæði á háskólasvæðinu, neyðist stúdent til þess að vera á bíl.

Mikill samhljómur hefur verið um þessa tillögu og vinna hafin við hana. Vinnan felur í sér samningsviðræður við Strætó bs. og mögulega sveitarfélögin og ríkið sem kæmu að niðurgreiðslu á strætókortum. Á sama tíma mun HÍ líklegast þurfa að leggja út fjármagn á móti en mikill vilji hefur verið hjá skólanum til þessa.

Stúdentaráð hvetur nýtt Stúdentaráð til að fylgja þessu mikilvæga umhverfismáli eftir svo það verði að veruleika!

#### HERFERÐIR

#### STÚDENTAR MEGA EKKI HAFA ÞAÐ BETRA – LÍN HERFERÐ

Í kjölfar þess að lánasjóðurinn var kosinn sem málefni í herferð í Háskólinn okkar tók stjórn SHÍ ákvörðun um það að leggja undir LÍS hvort þau vildu fara í herferðina með Stúdentaráði. Tillagan var tekin fyrir af framkvæmdastjórn LÍS

sem samþykkti að fara í herferðina fyrir hönd allra stúdenta á Íslandi. Markmið herferðarinnar var að bæta kjör stúdenta í nýjum úthlutunarreglum LÍN, með þá sérstökum áherslum á hærri framfærslu og herra frítekjumarki.

Í lok janúar varð herferðin opinber undir yfirskriftinni *Stúdentar mega ekki hafa það betra*. Kröfur stúdenta voru að frítekjumark yrði hækkað úr 930 þúsund krónum í 1.330.000 kr og að grunnframfærslan yrði hækkuð. Unnið var náið með LÍS og auglýsingastofunni Jónsson & Le Macks sem útbjó allt auglýsingaefni fyrir herferðina. LÍS fjármagnaði allan kostnað við herferðina fyrir utan auglýsingastofuna, sem Stúdentaráð greiddi fyrir.

Grafík herferðarinnar var sett upp í auglýsingaskilti við þrjár strætóstöðvar í Reykjavík og einnig var keyptur auglýsingatími á stórum LED skiltum í Reykjavík, Hafnarfirði og Selfossi.



Plaköt voru prentuð út fyrir alla skóla til dreifingar og búið var til mikið auglýsingaefni fyrir samfélagsmiðla. Staðið var fyrir greinaskrifum þar sem farið var djúpt ofan í úthlutunarreglurnar og kröfur stúdenta. Elsa, formaður LÍS, og Elísabet forseti SHÍ fóru í viðtal í útvarpsþættingum Harmageddon.

Þann 29. janúar mætti Aldís Mjöll, gæðastjóri LÍS, í viðtal í Kastljósi ásamt Eygló Harðardóttur. Aldís kom þar kröfum stúdenta fram á skilmerkan hátt og vakti athygli á sláandi tölfraði um fækkun lánþega og rekstri LÍN.

Ásamt þessu öllu funduðu fulltrúar LÍS og SHÍ með þingmönnum Samfylkingar og Viðreisnar sem leiddi til þess að mennta- og menningarmálaráðherra var spurð í óundirbúnum fyrirspurnum um hver áform hennar voru varðandi úthlutunarreglurnar. Að endingu fengu stúdentar fund með mennta- og menningarmálaráðherra þar sem hægt var að koma kröfum stúdenta skýrt til skila.

Herferðin gekk heilt yfir mjög vel og varð til þess að frítekjumarkið var hækkað um 400.000 krónur sem er risastór áfangi fyrir stúdentana. Það er ljóst að sá árangur kemur vegna gífurlegrar vinnu og öflugrar hagsmunabaráttu stúdenta og sýnir enn og aftur fram á mikilvægi þess að hafa öfluga forystu stúdenta!

#### SAMSTÖÐUFUNDUR VIÐ LÁNASJÓÐ ÍSLENSKRA NÁMSMANNA

Í kjölfar herferðar LÍS um úthlutunarreglur LÍN var ákveðið að halda áframhaldandi þrýstingi á að gert yrði enn betur í úthlutunarreglum. Ákveðið var að blása til samstöðufundar fyrir framan Lánasjóðinn þann 26. febrúar 2019 þegar stjórnarfundur ætti sér stað þar sem úthlutunarreglur voru teknar fyrir.

Stúdentaráð kom að skipulagningu samstöðufundarins með LÍS og mættu fjölmargir fulltrúar Stúdentaráðs á viðburðinn. Fyrir fundinn fengu LÍS stuðningsyfirlýsingar frá BHM og öllum rektorum háskólastigsins. Sömuleiðis var send út áskorun á alla þingflokka og ungliðahreyfingar um að mæta og sýna stúdentum samstöðu. Fyrir fundinn var jafnframt fundað með þeim flokkum sem svöruðu boði stúdenta, Samfylkingunni og Viðreisn.

Á samstöðufundinn mætti fjöldi stúdenta sem sátu fyrir utan fundinn á meðan honum stóð. Sömuleiðis mættu fulltrúar frá BHM og þingmenn frá Samfylkingunni og Pírötum. Þetta var gert til þess að styðja við

bak þá fulltrúa stúdenta sem sátu í stjórn og kröfur þeirra um hækkun frítekjumarks og framfærslu. Fulltrúar stúdenta í stjórn LÍN, þar á meðal lánasjóðsfulltrúi SHÍ Elísa Björg Grímsdóttir, héldu á lofti kröfum stúdenta og létu ekki undan.



#### FRAMFARIR Í LÁNASJÓÐSMÁLUM OG NIÐURSTÖÐUR HERFERÐAR

Í kjölfar herferðar sem Stúdentaráð átti frumkvæði að og LÍS stóð endanlega fyrir, samstöðufundar stúdenta og meiriháttar þrýstingi og hagsmunabaráttu stúdenta, utan og innan stjórn LÍN, tókst stúdentum hið langþráða, að hækka frítekjumarkið. Frítekjumarkið hækkaði úr 930.000 krónum í 1.330.000 kr og er því gífurleg kjarabót og stór áfangi sem er afrakstur mikillar baráttu og vinnu stúdenta. Sérstakar þakkir fær lánasjóðsfulltrúi Stúdentaráðs, Elísa



Björg, fyrir vinnu sína í málinu. Elísa vann sérstaklega mikið að herferðinni sjálfri, útvegaði gögn fyrir hana og hélt kröfum stúdenta á lofti á fundum stjórnar LÍN sömuleiðis.

#### ALDURSGREININGAR UNGRA HÆLISLEITENDA

Þrír stúdentar nálguðust forseta Stúdentaráðs í maí 2018 og óskuðu eftir því að flytja erindi á Stúdentaráðsfundi um málefni hælisleitenda. Á fundi Stúdentaráðs 19. júní mætti einn af þeim stúdentum, Anna Kristín Jóhannesdóttir hjúkrunarfræðingur, og fjallaði um aðkomu Háskóla Íslands að aldursgreiningum á hælisleitendum. Hún greindi frá þeirri vinnu sem hún, ásamt Elínborgu Hörpu og Eyrúnu Ólöfu, hafa sinnt fram að fundinum. Þær hefðu fundað með rektor og fulltrúum úr vísindasiðanefnd Háskólans en þótti þær fá fátt um svör. Hún greindi frá því að Tannlæknadeild HÍ hefði verið að tanngreina börn á flóttu töluvert lengi sem þjónustu við Útlendingastofnun án þjónustusamnings. Einnig hafði komið upp tilfelli þar sem einstaklingur var ranglega aldursgreindur yfir 18 ára. Nú stæði til að Háskólinn myndi gera formlegan samning við Útlendingastofnun.

Stúdentaráð lagðist einróma gegn því að gerður yrði slíkur samningur og sendi frá sér yfirlýsingu þar sem ráðið harmaði aðkomu Háskóla Íslands að aldursgreiningum hingað til án opinbers samnings.

Í kjölfar fundarins fóru forseti Stúdentaráðs, forseti sviðsráðs Heilbrigðisvísindasviðs og Anna Kristín á fund með rektor, forseta heilbrigðisvísindasviðs og ráðgjafa rektors. Á þeim fundi voru sjónarmið stúdenta rædd og formlega staðfest að verið væri að undirbúa gerð þjónustusamnings við Útlendingastofnun.

Í kjölfar þess leitaði Háskólinn umsagna til jafnréttisnefndar háskólaráðs, vísindasiðanefndar háskólaráðs og stjórnar heilbrigðisvísindasviðs. Að lokum tók háskólaráð þær umsagnir saman og stofnaði starfshóp sem ætti að taka allar þessar upplýsingar saman og ræða við mismunandi fagaðila og koma með tillögu að lokum til háskólaráðs. Benedikt Traustason, fulltrúi stúdenta, sat í þeim hópi og kom sjónarmiðum stúdenta á framfæri innan hópsins.

Á meðan þessu ferli stóð vakti Stúdentaráð mikla athygli á málinu í samfélaginu sem varð til þess að starfsfólk háskólans og nýdóttarar á Menntavísindasviði, Félagsvísindasviði og Hugvísindasviði söfnuðu í undirskriftalista til stuðnings Stúdentaráði. Helstu rök Stúdentaráðs voru tilvísanir í alþjóðlega umræðu, ábendingar mannréttindasamtaka og vísað var í siðareglur vísindasiðanefndar háskólans. Sömuleiðis varð mikil umræða um siðferði samningsins og sjálfstæði háskólans. Stúdentaráð tók þátt í málstofu sem Róttæki sumarháskólinn stóð fyrir og Jóna Þórey Pétursdóttir tók þátt í pallborðsumræðum sem Rósa Björk Brynjólfssdóttir, alþingismaður, skipulagði.

Háskólaráð samþykkti endanlega að gerður yrði þjónustusamningur við Útlendingastofnun til níu mánuða, en þá yrði hann endurskoðaður af fulltrúum Tannlæknadeildar og Útlendingastofnunar. Stúdentaráð sendi þá frá sér yfirlýsingu þar sem ráðið harmaði þessa niðurstöðu.

Á Alþingi er til umfjöllunar frumvarp til breytingar á lögum um aldursgreiningar. Fari það frumvarp í gegn er komin rík ástæða fyrir Háskólann til þess að endurskoða samninginn og slíta honum. Þetta er því mál sem verður án vafa fylgt eftir af næstkomandi Stúdentaráði.

Báðar yfirlýsingar Stúdentaráðs má finna í kaflanum *Útgefið efni*.

## GLEÐIGANGAN 2018

Á fundi Stúdentaráðs 8. ágúst 2018 var einróma samþykkt að Stúdentaráð myndi ganga í Gleðigöngunni 2018. Stúdentaráð, Röskva og Vaka sameinuðust því í Gleðigönguna laugardaginn 11. ágúst. Við gengum fyrir jöfnu aðgengi allra að námi og þemað var: „Háskóli er fyrir alla, ekki bara sís og straight konur og kalla“. Í stefnu Stúdentaráðs um hinsegin málefni segir meðal annars að nauðsynlegt sé að SHÍ sé í góðum samskiptum við hinsegin nemendur og hagsmunasamtök þeirra, t.d. Q-félag hinsegin stúdenta og Samtökin 78.



## HÁSKÓLINN OKKAR

Í ár var ákveðið að ráðast markvisst í að auka þátttökulýðræði innan Háskóla Íslands og auka aðgengi allra stúdenta að hagsmunabaráttu stúdenta. Mikið samstarf var við Reykjavíkurborg og Íbúa ses sem sáu um alla uppsetningu á heimasíðunni og viðmótinu fyrir verkefnið. Verkefnið er unnið að fyrirmynd Betri Reykjavík. Stúdentaráð hefur fjármagn milli handanna til þess að fara í auglýsingaherferð og þrýsta sérstaklega á ákveðið málefni sem varðar hagsmuni stúdenta. Sem dæmi um málefni má nefna lánasjóðsmál eða húsnæðismál. Í fyrra fór Stúdentaráð í herferð vegna undirfjármögnunar háskólastigsins en í ár viljum við heyra frá stúdentum Háskólans og gefa þeim ákvörðunarvaldið.

Samráðsvettvang Stúdentaráðs var að finna á Betri Reykjavík, þar var öllum frjálst að senda hugmyndir inn til 1. október 2018. Í kjölfar þess var opnað fyrir kosningu meðal allra stúdenta

á sama vefsvæði 8. október

þar sem stúdentar gátu kosið um það málefni sem þeir vildu að Stúdentaráð beiti sér sérstaklega fyrir í formi herferðar.



Meginmarkmið okkar er að efla stúdenta, hvetja til lýðræðislegrar þátttöku meðal þeirra um málefni sem varða okkur öll, tengja stúdenta saman til að rökræða málefni og forgangsraða þeim í störfum okkar hjá Stúdentaráði í þágu stúdenta með það að leiðarljósi að bæta háskólann og

umhverfið okkar. Með þessu vonast Stúdentaráð sömuleiðis til að standa fyrir aðgengilegri hagsmunabaráttu sem stúdentar geta vonandi allir staðið á bak við.

Verkefni *Ódýrara að lifa sem námsmaður* og *Lánasjóðurinn okkar* báru sigur úr býtum. Í tilefni þess að úthlutunarreglur eru teknar fyrir í byrjun árs var ráðist í herferð fyrir bættum kjörum stúdenta í úthlutunarreglum lánasjóðsins í samstarfi við LÍS.

## OKTÓBERFEST

Októberfest var haldið í sextánda skiptið helgina 6. – 8. september 2018. Í ár var nýjun á hátíðinni þar sem að Stúdentaráð réði inn starfsmann í verktakavinnu fyrir hátíðina. Auglýst var eftir starfsmanni í júní 2018 og stjórn Stúdentaráðs ákvað að ráða Guðnýju Ljósbrá Hreinsdóttur í verkefnið. Helstu verkefni hennar og ábyrgðarsvið voru samskipti við verktaka, umsjón með markaðsmálum, almennt utanumhald um Októberfest og samantekt og skýrslugerð eftir hátíðina.

### Almennt

Októberfest var haldið í ár í sextánda skiptið helgina 6.-8. september. 20 ára aldurstakmark er á hátíðina, en fá allir háskólanemendur þó að kaupa sér miða. Hátíðin var á sama tíma og nýnemavika Háskóla Íslands, sem var vissulega óheppilegt en mikið samstarf var við markaðs- og samskiptasvið og þjónustuborð Háskólatorgs til að tryggja að allt myndi ganga vel upp. Í skýrslunni verður farið yfir miðasölu, nágrannagöngu, öryggismál á hátíðinni, umhverfi hátíðarinnar og rusl, hávaða og kvartanir og aðgengi að hátíðinni. Leitast verður eftir því að varpa ljósi á það sem fór vel og sömuleiðis hvað mætti fara betur.

### Miðasala og markaðssetning

Miðasala á hátíðina hófst í byggingum háskólans fimmtudaginn 30. ágúst og var í viku í byggingum Háskólans. Samráð var haft við umsjónarmenn bygginga, Önnu Birnu Halldórsdóttur á Þjónustuborði Háskólatorgs, markaðs- og samskiptasvið sem og Félagstofnun stúdenta.

Í ár var ákveðið að vera með forsölu á hátíðina á [midi.is](http://midi.is) í tvær vikur áður en sala hóst í byggingum háskólans. Þar seldust um 900 miðar af 3000, og var þetta gert með það í huga að það yrði ekki mikil röð og örtröð í háskólanum og að þetta myndi ekki koma niður á nýnemavikunni. Þetta gekk eftir.

Stúdentaráð ákvað að auglýsa eftir samskiptafulltrúa fyrir hátíðina sem myndi sjá um öll markaðsmál og samskipti við verktaka og var Guðný Ljósbrá Hreinsdóttir ráðin. Þetta hefur ekki verið gert áður, en gekk ótrúlega vel eftir í ár og mælum við með að þetta verði gert aftur næstu ár þar sem þetta tók mikið álag af skrifstofu Stúdentaráðs sem gat þá sinnt hagsmunamálum á sama tíma sem og allt skipulag og utanumhald um hátíðina gekk ótrúlega vel.

### Nágrannaganga

Stúdentaráð hringdi í helstu fyrirtæki og stofnanir í kringum hátíðarsvæðið, til dæmis Norræna húsið, Alvogen, Þjóðminjasafnið, Hótel Sögu og Barnaspítalann. Jafnframt var gengið í hús við Oddagötu, Aragötu, Bjarkargötu, Tjarnagötu, Fjólugötu, Smáragötu og Sóleyjargötu með miða þar sem eftirfarandi upplýsingar komu fram:

„Kæru nágrannar

Eins og þið eflaust vitið mun **Októberfest Stúdentaráðs Háskóla Íslands** fara fram um næstu helgi á lóðinni fyrir framan Háskólann. Hátíðinni mun óhjákvæmilega fylgja hávaði sem gæti borist til nærliggjandi húsa.

Við í Stúdentaráði viljum því biðjast fyrirfram afsökunar á þeim óþægindum sem það kann að valda og bendum á að hafa samband við okkur í netfangið [shi@hi.is](mailto:shi@hi.is) ef þið viljið koma athugasemdum á framfæri.

**Hátíðin mun standa yfir á eftirfarandi tímasetningum:**

Fimmtudagurinn 6. september - 20:00-01:00

Föstudagurinn 7. september - 21:00-03:00

Laugardagurinn 8. september - 21:00-03:00

Okkar allra bestu kveðjur,  
Stúdentaráð Háskóla Íslands”

Alls var gengið í 120 hús í nágrenninu, sem er mun meira en hefur verið gert síðustu ár og langt umfram það sem er tiltekið í samningi við Háskólann um að þurfi að gera. Við gengum í hús viku áður en hátíðin hófst og hvöttum nágranna til að hafa samband við okkur ef einhverjar spurningar kæmu upp. Okkur barst einungis einn tölvupóstur, sem var orðrétt eins og í fyrra og var sendur af sama aðila. Honum var svarað um hæl og eftir þau samskipti heyrðist ekkert meira.

Sömuleiðis var óskað eftir við því við FS að þau myndu senda út tölvupóst á alla íbúa Stúdentagarða hér í kring þar sem þau yrðu látin vita af hátíðinni. Þeim barst engin kvörtun.

**Tálmanir og öryggismál**

Uppsetning á hátíðarsvæðinu fór fram 3. - 5. september. Exton sá um alla uppsetningu á hátíðinni ásamt Stúdentaráði, en Stúdentaráð mætti alla þrjá daganna og aðstoðaði við uppsetningu á tjöldum, að leggja gólfefnið inni í tjöldunum, setja upp grindverk í kringum svæðið og fleira.

Tálmanir voru því settar upp á þessum tíma. Verktakar hátíðarinnar, Paxal ehf, höfðu sent yfirlitsmyndir af hátíðinni til Laufeyjar Sigurðardóttur hjá Háskóla Íslands. Eftir að tjöldin og hátíðarsvæðið voru komin upp kom lögreglan og slökkvuliðið á svæðið til að meta hvernig ætti að tryggja öryggi og koma upp betri tálmunum. Við fylgdum þeirra fyrirmælum í einu og öllu, og voru tálmanir í ár töluvert meiri en í fyrra. Sömuleiðis var séð til þess að aðgengi sjúkra- og leigubíla yrði gott.

Stúdentaráð óskaði eftir upplýsingum frá Nemendaskrá um fjölda nýnema sem var undir tvítugu. Gerðar voru ráðstafanir með það í huga að þessi hópur hefur ekki náð áfengisaldri. Öryggisgæslan við innganginn spurði alla um skilríki við komu, og þeir sem voru undir tvítugu fengu sérstaka gerð af armbandum sem gerði þá starfsmönnum barsins auðveldlega kleift að aðgreina þau frá þeim sem hafa náð aldri til að kaupa vínveitingar. Einungis háskólanemar undir tvítugu var leift að kaupa miða á hátíðina, annars gilti tuttugu ára aldurstakmarkið fyrir alla aðra.

Stúdentaráð leggur mikið upp úr því að öryggi sem flestra sé tryggt á hátíðinni. Á hátíðarsvæðinu voru hengd upp plaköt með upplýsingum um hvað hátíðargestir geti gert ef þeir verða fyrir hvers kyns kynferðislegri áreitni og/eða ofbeldi. Sömuleiðis var sendur út fjöldapóstur til nemenda daginn sem hátíðin hófst þar sem farið var yfir atriði varðandi öryggi hátíðargesta. Kamrarnir voru allir upplýstir og voru bæði kynjaskiptir kamrar og kynlausir. Öryggisgæsla var í kringum kamrana.

Gestir hátíðarinnar hafa ekki aðgang að byggingum Háskóla Íslands á meðan hátíðinni stóð og var því opnunartími bygginga skertur yfir hátíðina. Stúdentaráð lét nemendur skólans vita af þessu með fjöldapóst og greiddi sömuleiðis fyrir gæslu innan bygginga háskólans.

**Umhverfi og rusl**

Stúdentaráð ítrekaði að á hátíðarsvæðinu yrði ekkert afgreitt í gleri. Hugað var sérstaklega að minningarlundum um fórnarlömb voðaverkanna í Útey sem er rétt hjá hátíðarsvæðinu og séð til þess að hátíðarsvæðið yrði girt af þannig gestir færu ekki að minningarlundinum.

Daginn eftir hvert kvöld mætti skrifstofa Stúdentaráðs og tíndi rusl í kringum byggingar Háskólans. Gengið var um hátíðarsvæði, malarstæði, aðalbyggingu, Háskólatorg, Árnagarð, Gimli og Odda, Þjóðminjasafnið og í kringum Gamla Garð alla daga. Mesta ruslið var föstudagsmorgun og bárust nokkrar athugasemdir varðandi það frá starfsfólki Háskólans, en við upplýstum þau um að við værum bókstaflega að tína rusl þegar athugasemdirnar bárust og þau þökkðu fyrir það með sáttum.

Stúdentaráð óskaði eftir á hátíðarsvæðinu yrði flokkunaraðstaða fyrir hátíðargesti, en mest er um plast og dósir.

### Hávaði og kvartanir

Undanfarin ár hafa borist ýmsar kvartanir frá íbúum vegna hávaða og lærum við í Stúdentaráði eitthvað nýtt á hverju ári. Í ár voru gerðar miklar ráðstafanir með það í huga hvert hljómur myndi berast. Stóra tjaldinu þar sem aðalsviðið var reis upp þannig að hátalararnir snéru að Vatnsmýrinni, frá íbúabyggð. Það sem við vissum þó var að við gátum ekki stýrt vindáttinni og því óvissa um hvort tónlistin myndi berast eitthvert, og þá hvert. Allt kom þó fyrir ekki og var mikill vindur, sérstaklega fimmtudagskvöld. Við vorum í miklum samskiptum við veðurfræðing á Veðurstofunni og gerðum ávallt ráðstafanir samkvæmt hans ráðum.

Eftir fimmtudagskvöldið fékk undirrituð veður af umræðu sem var í gangi inni á lokuðum hóp inni á samfélagsmiðlinum *Facebook*. Ákvað ég því að ganga í hópinn og svara áhyggjuröddum þar inni. Eftirfarandi svar var nágrönnum okkar í Vesturbænum gefið:

*„Sæl öll, Elísabet heiti ég og er forseti Stúdentaráðs, en Stúdentaráð stendur fyrir Októberfest. Ég vil byrja á að biðjast afsökunar að hátíðin hafi valdið ónæði síðustu nótt, en hátíðin stendur yfir næstu tvær nætur og lýkur á laugardaginn. Við munum taka allar þessar athugasemdir til greina og munum dempa hljóðin í kvöld, við erum sömuleiðis með fagaðila í að meta vindátt og hvernig við getum beint hávaðanum þannig að hún berist sem minnst til ykkar og annarra nágranna. Hátíðin hefur verið haldin í 16 ár og vindáttinn spilar stórt hlutverk í hvernig hljóðið berst til nágranna.*

*Ef að þið verðið vör við hávaða í kvöld þá hvet ég ykkur til að senda línu á Októberfest SHÍ Facebook síðuna og við munum svara því um leið og bregðast við.”*

Óskað var eftir við nágrannar og einstaklingar myndu hafa samband við síðu Októberfest og að kvörtunum yrði meðal annars beint til okkar svo við gætum brugðist við þeim. Engar kvartanir bárust beint til okkar fyrr en sunnudagsmorgun eftir að hátíðin var yfirstaðin og því reyndist mjög erfitt fyrir okkur að átta okkur á því hversu umfangsmikið ónæðið var.

Hins vegar vorum við í góðum samskiptum við lögregluna og lögreglan hávaðamældi öll kvöldin í hverfunum í kring. Í öll þau skipti vorum við ekki nálægt hámarksörkum hávaða. Þrátt fyrir það gerðum við ráðstafanir fyrir föstudagskvöldið og tókum út nokkra magnara sem myndi þá draga úr hljóðinu. Samkvæmt umræðu á *Facebook* virtist föstudagskvöldið hafa verið skárra en enn sá maður athugasemdir um tímalengdina á hátíðinni. Því var brugðist við því á laugardagskvöldið og var dagskráin okkar búin mun fyrr en hún átti að vera, eða um 01:30 þegar hún átti að vera til 03:00.

Að mínu mati gerðum við allt til að koma til móts við alla í kringum okkur og það reyndist okkur mjög erfitt að sjá neikvæða umræðu og athugasemdir um skipulags- og tillitsleysi. Hins vegar var töluvert af jákvæðum ummælum líka, í raun mun fleiri en neikvæð ummæli, og stór hópur af nágrönnum sem búa m.a. alveg við hátíðarsvæðið sem sögðust varla heyra í þessu. Við tókum þó allar athugasemdir sem við heyrðum af til greina, þrátt fyrir að ekkert hafi borist beint til okkar fyrr en eftir hátíðina.

Einnig kom upp leiðindamál, en einn íbúi Vesturbæjar gerði færslu á *Facebook* þar sem hún hafði fundið persónuupplýsingar um forseta Stúdentaráðs og hvatti fólk til þess að senda forseta Stúdentaráðs skilaboð á *Facebook* sem og að hringja í hann, þrátt fyrir að forseti Stúdentaráðs hafði óskað eftir því að öllum kvörtunum yrði beint til Stúdentaráðs. Þetta olli því að forseti Stúdentaráðs fékk mikið magn af skilaboðum til sín á *Facebook* þar sem ráðist var á persónu hennar sem og símtöl á öllum klukkustundum sólarhringsins.

### Aðgengi

Stúdentaráð fer ávallt eftir því að aðgengi eigi að vera fyrir alla á hátíðina. Því voru fengnir sérstakir kamrar fyrir fatlaða og malarbílastæðið hreinsað af stóru grjóti svo hjólastólar ættu að komast þar um.

Hins vegar fengum við ábendingu um það að það mætti vera sérstakur hjólastólapallur inni í sjálfu tjaldinu svo þeir sem eru í hjólastólum þurfi ekki að óttast þrengsli og mannmergðina á meðan hlustað er á ljúfa tóna.

### Helstu samstarfsaðilar

Þeir aðilar sem Stúdentaráð hefur verið í samskiptum við fyrir hátíðina eru eftirfarandi:

- Paxal ehf.: verktakarnir sem sáu um uppsetningu á hátíðinni sjálfri og allan búnað
- Íslenska Gámafélagið: sá um alla sorphirðu
- Veitingaþjónusta: Fimm mismunandi matarvagnar voru á svæðinu
- Þjónustuborð Háskólatorgs: mikil og góð samskipti áttu sér stað við Önnu Birnu, og hafði hún engar athugasemdir um hvernig allt fór fram í ár og var sátt.
- Umsjónarmenn fasteigna: varðandi miðasölu í byggingum háskólans
- Markaðs- og samskiptasvið: mikil samskipti við þau upp á að auglýsa hátíðina, og varðandi nýnemavíkuna. Mikil vinna fór í að sjá til þess að báðir viðburðir myndu ganga upp á sama tíma. Sömuleiðis fengum við tónlistaratriði til að spila í hádeginu á miðvikudegi á Háskólatorgi.
- Framkvæmda- og tæknisvið: Mikil samskipti hafa verið við Sigríði Sigurðardóttur og Laufeyju Sigurðardóttir upp á að öll ákvæði samstarfssamnings við Háskólann væru uppfyllt og upp á að halda góðum samskiptum og upplýsingaflæði okkar á milli.
- Heilbrigðiseftirlitið
- Reykjavíkurborg
- Lögreglan: Ekki eitt lögreglumál kom upp, nokkrar hávaðakvartanir bárust til lögreglu en lögregla hávaðamældi þar og var hávaði ekki nálægt hávaðamörkum.
- Slökkvilið: Gáfu okkur dýrmætar ráðleggingar varðandi tálmanir, hvernig hægt er að tryggja öryggi hátíðargesta og hvernig aðkoma fyrir sjúkrabíla ætti að vera.
- Félagstofnun stúdenta: Í samstarfi við þau sendu þau út fjölpóst á íbúa Stúdentagarða. Ekki ein kvörtun hefur borist til þeirra.
- Securitas: Sáum um alla öryggisgæslu á vegum Stúdentaráðs

### Niðurstaða og umræður

Hátíðin fór fram í sextánda skipti í ár í Vatnsmýrinni á lóð Reykjavíkurborgar við háskólasvæðið. Samkvæmt öryggisgæslu var þetta ein friðsamasta hátíð frá upphafi, engin lögreglumál komu upp, ein kona missteig sig og þurfti að vera flutt upp á sjúkrahús en er við góða heilsu og lítil sala á áfengi var í ár sem styður við að minni drykkja hafi verið í ár á hátíðarsvæðinu miðað við önnur ár.



Samskipti við helstu samstarfsaðila gekk mjög vel, miðasala á Háskólatorgi gekk vel og var lítið um raðir. Tónlistaratriði var bókað með góðum fyrirvara í ár sem spilaði í hádegishléi á Háskólatorgi. Uppsetning á hátíðarsvæði var lokið með góðum fyrirvara í ár og var tilbúið degi áður en hátíðin fór fram. Seldust um 3000 miðar í heildina.

Vindátt og veður var ekki með Stúdentaráði í liði í ár, og beindist hávaði aðallega í átt að Vesturbænum. Forseti Stúdentaráðs var á tánnum alla hátíðina, alla klukkustundir sólarhringsins í raun, og svaraði öllum þeim kvörtunum sem hann vissi af. Engar kvartanir bárust beint til Stúdentaráðs fyrir en eftir að hátíðinni lauk og var þá orðið of seint að bregðast við þeim. Gerðar voru allar þá ráðstafanir sem hægt var að gera á hátíðinni, dagskrá lauk fyrir síðasta kvöld þrátt fyrir að við höfðum leyfi lengur, dregið var úr fjölda hátalara sem voru notaðir og þeim beint frá íbúabyggð. Félagstofnun stúdenta bárust engar kvartanir frá íbúum Stúdentagarða, sem búa næst hátíðinni.

Að mati forseta Stúdentaráðs er ekki ráðlegt að færa hátíðina né hætta við hana. Októberfest er eina hátíðin sem er haldin fyrir alla stúdenta háskólans, þar sem öll nemendafélög koma saman og er órjúfanlegur hluti af félagslífi háskólastúdenta. Októberfest er tónlistarhátíð þar sem listir og menning fá að blómstra, drykkja hefur minnkað með árunum og Stúdentaráð hefur leitast eftir öllum mögulegum lausnum til að koma til móts við sem flesta. Mikil vinna hefur verið lögð í að halda hátíðina og að gera það á sem faglegastan máta, mikið skipulag liggur á bakvið hátíðina og er Stúdentaráð stolt af því að standa á bakvið hátíð sem þessa.

#### 100 ÁRA AFMÆLI FULLVELDIS ÍSLANDS

Þann 1. desember 2018 voru 100 ár liðin síðan Ísland hlaut fullveldi. Ríkisstjórn Íslands stóð í tilefni þess fyrir aldarafmæli sjálfstæðis og fullveldis Íslands. Dagskrá dagsins var mótuð í samvinnu við ungt fólk, og átti Stúdentaráð í góðu samstarfi við fulltrúa frá forsætisráðuneytinu. Stúdentaráð var nálgast vorið 2018 en þá var metið svo að heppilegt væri að hafa LÍS með í ráðum og virkja þannig alla stúdenta landsins. Haldnir voru nokkrir hugarflugsfundir, bæði með forsætisráðuneyti og einnig innan LÍS milli aðildarfélaga. Hlutirnir þróuðust þannig að hvert og eitt aðildarfélag átti að sjá um dagskrá í sínum skóla en að sameiginlegt þema yrði stúdentar og fullveldið – lítið fram á veginn til næstu 100 ára.

Pétur Geir og Sonja Sigríður sáu um alla undirbúningsvinnu fyrir þennan viðburð fyrir hönd Stúdentaráðs. Undirbúinn var viðburður á Litla torgi þann 1. desember klukkan 11 þar sem stúdentar voru fengnir til að móta dagskrá. Ljóðskáld komu og fluttu nýstárleg ljóð um fullveldið og sjálfstæði, trans flóttamaður kom og ávarpið samkomuna og að lokum var haldin ræðukeppni þar sem þrjár fulltrúar rökræddu um fullveldi Íslands. Það var vel mætt á þennan viðburð og Stúdentaráð bauð upp á súpu í kjölfarið og að sjálfsögðu fengu allir tækifæri til þess að skrifa í Selskinnu.

Forseti Stúdentaráðs hélt svo áfram út daginn og mætti meðal annars á hátíðarmóttöku dönsku drottningarinnar í Veröld Vigdísar.

## LANDSPING 2019

## UNDIRBÚNINGUR

Landssamtök íslenskra stúdenta (LÍS) heldur árlega landsþing en það hefur æðsta vald í öllum málum samtakanna. Aðildarfélag LÍS hafa undanfarin ár skipst á að skipuleggja landsþingið í samráði við LÍS og í ár var komið að Stúdentaráði. Forseti og varaforseti Stúdentaráðs komu að þeirri vinnu ásamt formanni og varaformanni LÍS í gegnum starfsárið 2018-2019.

Skipulagning og vinna í kringum landsþingið hófst í ágúst 2018, en fundað var reglulega eftir að vinnan hófst. Byrjað var að taka ákvörðun um þema þings sem var staðfest af fulltrúaráði: sjálfbærni og samfélagsleg ábyrgð. Í kjölfar þess hófst undirbúningur þings, drög að dagskrá undirbúin og hugmyndir að fyrirlesurum og vinnustofum unnar. Jafnframt var unnið að styrktarumsókn til Erasmus+ sem var skilað 4. október 2018 sem var samþykkt. Landsþingið hlaut einnig styrk frá Háskólasjóði sem forseti SHÍ sá um að sækja um.

Upphaflega var stefnt að því að halda landsþingið á Hólum, en það gekk ekki og fór því svo að landsþingið var haldið á Bifröst annað árið í röð. Stúdentaráð sá um að finna fundarstjóra og fundarritara sem komu úr röðum Stúdentaráðs, en Benedikt Traustason var fundarstjóri og Jónas Már Torfason og Númi Sveinsson voru fundarritarar. Jafnframt sá Sonja Sigríður um að fá styrki fyrir þingið og fékk veglegan naslstyrk frá vegan heildsala sem kom sér vel á þinginu. Undirbúningurinn gekk yfir höfuð mjög vel, mikil vinna var lögð í þetta með mörgum fundum en lendingin var stórkostlegt landsþing sem var haldið 29. – 31. mars.



## ÞÁTTTAKA SHÍ Á LANDSPINGI 2019

Stúdentaráð á 13 þingfulltrúa á landsþingi stúdenta, sem er reiknað út frá fjölda félaga í aðildarfélagi. Fulltrúar stúdenta HÍ á landsþingi stúdenta í ár voru:

- Elísabet Brynjarsdóttir
- Sonja Sigríður Jónsdóttir
- Jóna Þórey Pétursdóttir
- Kolbrún Lára Kjartansdóttir
- Rebekka Karlsdóttir
- Magdalena Katrín Sveinsdóttir
- Eyrún Baldursdóttir
- Margrét Ósk Gunnarsdóttir
- Eyþór Óli Borgþórsson



- Aðalbjörg Egilsdóttir
- Guðrún Karítas Blomsterberg
- Marinó Örn Ólafsson
- Þórhildur Elínardóttir Magnúsdóttir

Stúdentaráð hélt kynningu á landsþinginu á fundi Stúdentaráðs í febrúar þar sem Elsa, formaður LÍS, kom og kynnti landsþingið fyrir Stúdentaráði. Í kjölfar þess var lögð fram tillaga um hvernig þingfulltrúar yrðu skipaðir á landsþingið, en ákveðið var að skipta sætum milli skrifstofu, núverandi Stúdentaráðs og verðandi Stúdentaráðs þar sem landsþingið átti sér stað eftir kosningar.

Í kjölfar Stúdentaráðsfundar var haldinn upplýsingafundur fyrir Stúdentaráðsliða þar sem LÍS kom aftur og kynnti öll fundargögn. Gafst Stúdentaráðsliðum þá tækifæri til að spyrja spurninga og að lokum fóru allir saman yfir gögnin og undirbyggðu breytingatillögur. Stúdentaráð sendi inn breytingatillögur á verk- og fjárhagsáætlun, lagabreytingatillögur, 14 breytingatillögur á jafnréttisstefnu og 4 breytingatillögur á alþjóðastefnunni. Stúdentaráð var eina aðildafélagið sem sendi inn breytingatillögur og má þannig skýrt skynja kraftinn sem býr í öllum þeim sem sátu í Stúdentaráði í ár.

Á landsþinginu sjálfu tóku fulltrúar Stúdentaráðs virkan þátt í öllum umræðum, vinnustofum og á þinginu sjálfu. Undir önnur mál var tekin fyrir tillaga SHÍ um að LÍS myndi beita sér fyrir aldursgreiningum og fá stuðningsyfirlýsingu frá European Students Union (ESU) varðandi aldursgreiningar á hælisleitendum í Háskóla Íslands. Tillagan var einróma samþykkt af öllum þingfulltrúum þingsins.

#### VERK FALL FYRIR LOFTSLAGIÐ



Það sem setti án vafa stóran svip á síðari hluta starfsárs Stúdentaráðs var verkfall fyrir loftslagið. Forseti Stúdentaráðs kom að því að koma því af stað, ásamt formanni LÍS, og tók þátt í skipulagshópnum fyrir verkfallið. Aðrir sem komu að verkfallinu voru Ungir umhverfissinnar og Samband íslenskra framhaldsskólanema. Forystuaðilar SHÍ og LÍS höfðu fundað mikið saman vegna undirbúnings fyrir landsþing og var það á einum slíkum fundi sem málið bar á góma.

Þar var rætt um loftslagsverkfall hinnar sænsku Gretu Thunberg, en um það leyti var verkfall hennar orðið að alþjóðlegu verkfalli stúdenta og ungmenna um allan heim. Forystuaðilar SHÍ og LÍS ákváðu að nú væri kominn tími til að Ísland slægist með í hópinn.

Fyrsta verkfallið var haldið á Austurvelli föstudaginn 22. febrúar en á fyrsta verkfallið söfnuðust um 450 ungmenni og stúdentar saman. Síðan þá hafa verkföll fyrir loftslagið átt sér stað á hverjum föstudegi á Austurvelli, milli klukkan 12-13, og því verður ekki hætt fyrr en töluverðar og róttækar aðgerðir hafa átt sér stað í átt að betri heim og bjartari framtíð.

Þann 15. mars var alheimsverkfall (e. *global strike for the climate*) sem Ísland tók þátt í en það fór fram í um 120 löndum og yfir 2000 borgum og bæjum um allan heim. Þann dag átti verkfallið sér stað á Íslandi á þremur stöðum á landinu: í Reykjavík, á Akureyri og Akranesi. Í Reykjavík var skipulögð kröfuganga frá Hallgrímskirkju niður á Austurvöll þar sem dagskrá hófst og voru flutt ávörp. Þann 15. mars mættu um 2000 ungmenni saman og kröfðust aukinna aðgerða og fjáruútláta fyrir loftslagið.

Í kringum verkfallið hefur átt sér stað töluvert hagsmunabarátta, en forseti Stúdentaráðs hefur fundað með Guðmundi Inga Guðbrandssyni, umhverfis- og auðlindaráðherra, og Katrínu Jakobsdóttur, forsætisráðherra, ásamt öðrum skipuleggjendum hópsins. Forseti Stúdentaráðs mætti sömuleiðis í fjölmörg viðtöl ásamt öðrum skipuleggjendum og hélt sömuleiðis ávarp á öllum verkföllum hingað til. Þátttaka Stúdentaráðs í þessu verkfalli hefur verið gífurlega mikilvæg og hefur búið til öflugan umræðuvettvang um loftslagsmál innan samfélagsins og þá sérstaklega háskólasamfélagsins. Það er svo sannarlega kominn tími á breytingar.



## AURORA SAMSTARFSNET

### STARF INNAN AURORA

Stúdentaráð tilnefnir tvo fulltrúa á hverju ári sem taka þátt fyrir hönd stúdenta Háskóla Íslands í netverkinu Aurora. Aurora samanstendur af níu háskólum í Evrópu sem eiga það sameiginlegt að vilja vinna betur að jafnrétti, nýsköpun og fjölbreytni innan háskólasamfélagsins í Evrópu og eru haldnar ráðstefnur tvisvar á ári þar sem allir fulltrúar koma saman í þrjá daga í senn að ræða hin ýmsu málefni. Jafnframt á sér stað vinna jafnt og þétt yfir árið að sameiginlegum markmiðum.

Innan Aurora er starfrækt sérstakt stúdentaráð þar sem tveir stúdentar frá hverjum háskóla koma saman og ræða málefni sem snerta stúdenta.

#### 1. Ráðstefna í Duisburg-Essen 1. – 3. maí 2018

Fulltrúar stúdenta HÍ á þessa ráðstefnu voru Elísabet Brynjarsdóttir, forseti SHÍ, og Sonja Sigríður Jónsdóttir, varaforseti SHÍ, sem mætti í stað alþjóðafulltrúa þar sem hann var í prófum. Háskóli Íslands styrkir stúdenta um ferðakostnað til þess að tryggja þátttöku stúdenta og eru stúdentar Háskólanum þakklátir fyrir það tækifæri.

Ráðstefnan í Duisburg-Essen var fjórða ráðstefna netverksins og þar var lögð áhersla á vinnuhópa innan Aurora. Fulltrúar Íslands tóku þátt í *Open Educational Resources*. Stúdentar funduðu sjálfir formlega tvisvar á ráðstefnunni. Á seinni fundi ráðsins var kosið um forseta stúdenta innan Aurora og bauð Elísabet Brynjarsdóttir sig fram og hlaut kjör. Hún tók því við embættinu formlega í júlí 2018 og starfaði sem forseti Aurora starfsárið 2018-2019



2. Ráðstefna í Antwerp 28. – 30. maí 2018  
Fulltrúar stúdenta HÍ á ráðstefnunna í Antwerp voru Elísabet Brynjarsdóttir og Derek T. Allen, alþjóðafulltrúi SHÍ. Ráðstefnan í Antwerp var fimmta ráðstefna Aurora og var þemað á henni sjálfbærni. Stúdentar hittust og áttu sína eigin vinnustofu sem Elísabet skipulagði sem fjallað um geðheilbrigðismál. Í kjölfar hennar var ákveðið að stúdentar myndu búa til herferðarmyndband sem var svo birt í maí 2019.
3. Ráðstefna í Grenoble Alpes 27. – 29. maí 2019  
Þriðja og síðasta ráðstefna Aurora á þessu starfsári verður haldin í lok maí 2019 og fulltrúar stúdenta á henni verða Elísabet Brynjarsdóttir og Jóna Þórey Pétursdóttir, nýkjörinn forseti Stúdentaráðs 2019-2020. Á ráðstefnunni munu fara fram forsetakosningar innan Aurora auk stefnumótunar fyrir Stúdentaráð Aurora.

Þátttaka Stúdentaráðs í Aurora er gífurlega mikilvæg og hefur margt afrekast á árinu. Elísabet útbjó handbók fyrir stúdenta innan netverksins, átti sæti í stjórn Aurora og hélt mánaðarlega Skypefundum með stúdentum netverksins. Aurora er kjörinn staður fyrir Háskólann til þess að miðla því sem vel er gert innan HÍ og læra sömuleiðis af öðrum skólum. Stuðningur Háskóla Íslands við stúdenta í þessu starfi hefur verið ómetanlegur og hefur skapast gott samstarf milli starfsfólks og stúdenta.

---

#### ALÞJÓÐAFULLTRÚI STÚDENTARÁÐS

Frá upphafi starfsárs var hafist handa við að tryggja aukið fjármagn frá Háskóla Íslands fyrir stöðu alþjóðafulltrúa á skrifstofu Stúdentaráðs. Umfang alþjóðamála innan Háskólans hafa aukist töluvert frá þátttöku HÍ í Aurora sem og erlendir nemendur verða sífellt fleiri við Háskóla Íslands. Stúdentaráð átti fund með rektor vorið 2018 þar sem lögð var fram beiðni um að fá fjármagn fyrir stöðunni. Í kjölfar þess var ráðist í vinnu með fjármálasviði Háskólans og Skrifstofu alþjóðasamskipta við að móta stöðuna og koma henni í formlegt ferli. Rektor hafði ávallt sýnt málinu mikinn skilning og samþykkti að veita fjármagn í stöðuna. Framkvæmdastjóri vann náið með fjármálasviði Háskólans að gerð samnings varðandi stöðuna og forseti Stúdentaráðs vann náið með Skrifstofu alþjóðasamskipta varðandi undirbúning stöðunnar og hver starfslýsing hennar yrði. Staðan skiptist upp í tvennt: annars vegar vinna fyrir stúdenta innan Aurora netverksins og hinsvegar vinna fyrir erlenda nemendur innan Háskóla Íslands. Hægt er að ráða tvo aðila inn í þetta stöðugildi til að sinna sitthvorum hlutanum eða eina manneskju sem sinnir báðu en samanlagt er þetta hálf stöðugildi.

Það er því mikið fagnaðarerindi fyrir stúdenta að þetta gífurlega mikla hagsmunamál komst í gegn og á Háskóla Íslands hrós skilið fyrir að taka svo vel í erindi stúdenta og stuðla þannig enn fremur að bættu umhverfi fyrir erlenda stúdenta innan veggja Háskólans. Fyrsti alþjóðafulltrúi Stúdentaráðs verður því ráðinn í maí 2019 og mun sá aðili móta stöðuna fyrir komandi ár í samstarfi við Skrifstofu alþjóðasamskipta.

## STÚDENTARÁÐSFUNDIR

Á starfsári Stúdentaráðs 2018-2019 voru haldnir samtals 11 löglegir fundir Stúdentaráðs, að undanskildum kjörfundi og skiptafundi. Allar fundargerðir frá fundum ráðsins eru aðgengilegar á heimasíðu Stúdentaráðs, student.is

## SKIPTAFUNDUR 19. MARS 2018

Skiptafundur Stúdentaráðs var haldinn 19. mars 2018. Á skiptafundi var kjörið um formann, varaformann, lánasjóðs- og hagsmunafulltrúa Stúdentaráðs. Nýr formaður tók formlega við fundarstjórn og sömuleiðis tók nýtt Stúdentaráð formlega við af fráfarandi ráði.

Á fundinum var lögð fram ein tillaga af Stúdentaráðsliða sem má finna í viðauka B.

## STÚDENTARÁÐSFUNDUR 9. APRÍL 2018

Fyrsti fundur Stúdentaráðs eftir skiptafund var haldinn 9. apríl. Á fundinum voru m.a. lagðar fram þrjár lagabreytingatillögur sem má finna í viðauka D, haldin var kynning á Lánasjóði íslenskra námsmanna, kjörið var í nefndir Stúdentaráðs, kosið um fulltrúa Stúdentaráðs á Háskólaþingi og fjármálaáætlun ríkisstjórnar tekin til umræðu.

Á fundinum voru lagðar fram fjórar tillögur af stjórn Stúdentaráðs og Stúdentaráðsliðum sem má finna í viðauka B.

## STÚDENTARÁÐSFUNDUR 9. MAÍ 2018

Annar fundur Stúdentaráðs var haldinn 9. maí í tilefni þess að lítið þokaðist áfram í málefnum Gamla Garðs og áframhaldandi uppbyggingu stúdentabúða á háskólasvæðinu. Kynnt var fyrir Stúdentaráðsliðum tímalína Gamla Garðs, aðdragandann á verkinu og að lokum rætt hver staðan væri í dag. Stúdentaráðsliðar ræddu um aðgerðir sem grípa ætti til, til þess að þrýsta á að byggingar hæfust sem fyrst. Samþykkt var einróma á fundinum að ræða við rektor og stjórnsýsluna, og í framhaldi þess að undirbúa stúdentamótmæli.

Á fundinum var lögð fram ein tillaga af Stúdentaráðsliðum Röskvu sem má finna í viðauka B.

## STÚDENTARÁÐSFUNDUR 30. MAÍ 2018

Þriðji fundur Stúdentaráðs var haldinn 30. maí. Steinunn Gestsdóttir, aðstoðarrektor og Andrea Gerður Dofradóttir, verkefnastjóri, mættu á fundinn og kynntu stefnu Háskóla Íslands. Fyrirverandi formaður Stúdentaráðs, Ragna Sigurðardóttir, kynnti ársskýrslu starfsársins 2017-2018 og forsetar allra fastanefnda Stúdentaráðs komu og kynntu sig og nefndirnar. Einnig voru lagðar fram þrjár lagabreytingatillögur, sem má finna í viðauka D.

Á fundinum var lögð fram ein tillaga af skrifstofu Stúdentaráðs sem má finna í viðauka B.

## STÚDENTARÁÐSFUNDUR 19. JÚNÍ 2018

Fjórði fundur Stúdentaráðs var haldinn 19. júní. Í þetta skiptið kom framkvæmdastjóri Félagsstofnunar stúdenta, FS, og hélt kynningu á starfsemi þeirra. Á fundinum mætti sömuleiðis stúdent, Anna Kristín, sem óskaði eftir því að bera upp erindi varðandi aldursgreiningar á ungum hælisleitendum innan veggja Háskóla Íslands. Rædd voru næstu skref okkar eftir fyrirlesturinn og ákveðið að Stúdentaráð myndi óska eftir fundi með forseta heilbrigðisvísindasviðs, deildarforseta tannlæknadeildar og rektor. Eftir þá umræðu var kosið í nefndir háskólaráðs.

Á fundinum voru bornar upp tvær tillögur undir önnur mál sem má finna í viðauka B.

## STÚDENTARÁÐSFUNDUR 8. ÁGÚST 2018

Fimmti fundur Stúdentaráðs fór fram 8. ágúst. Guðbjörg Lára frá Reykjavíkurborg kom og kynnti Betri Reykjavík fyrir Stúdentaráði og í kjölfarið var lögð fram tillaga um að Stúdentaráði myndi fara af stað með sambærilegt verkefni sem kallast „Háskólinn okkar“.

Kosið var um fulltrúa í stjórn Stúdentasjóðs, varafulltrúa í stjórn FS, fulltrúum SHÍ í ritstjórn Stúdentablaðsins og að lokum fulltrúa í jafnréttisnefnd SHÍ. Forseti alþjóðanefndar, Derek Allen, kynnti enska þýðingu á lögum Stúdentaráðs og framkvæmdastjóri og gjaldkeri, Jónas Már Torfason og Alexandra Ýr van Erven, kynntu drög að fjármálaáætlun fyrir árið. Lögð var fram ein lagabreytingatillaga sem má nálgast í viðauka D.

Á fundinum voru bornar upp þrjár tillögur af skrifstofu Stúdentaráð og Stúdentaráðsliðum sem má finna í viðauka B.

#### STÚDENTARÁÐSFUNDUR 25. SEPTEMBER 2018

Sjötti fundur Stúdentaráðs fór fram 25. september. Á fundinum komu fulltrúar stúdenta í Háskólaráði að kynna starfsemi sína og áttu sér stað góðar umræður milli Stúdentaráðsliða og fulltrúa stúdenta í Háskólaráði. Eftir þá kynningu fór fram uppgjör á Októberfest og rætt var um stöðu uppbyggingu stúdentaþúða á reit Gamla Garðs. Kosið var um fulltrúa í nokkrar nefndir Stúdentaráðs og málnefnd Háskóla Íslands. Rætt var aftur um stöðu á aldursgreiningum á ungum hælisleitendum og var einróma samþykkt að Stúdentaráð tæki afstöðu gegn þeim með yfirlýsingu.

Á fundinum voru bornar upp 3 tillögur af Stúdentaráðsliðum sem má finna í viðauka B.

#### STÚDENTARÁÐSFUNDUR 22. OKTÓBER 2018

Sjöundi fundur Stúdentaráðs fór fram 22. október. Á fundinum var aftur farið yfir stöðu á málefni Gamla Garðs og tafir á uppbyggingu á reitnum. Stúdentaráð samþykkti einróma að efna til setuverkfalls á rektorsgangi þegar fundur háskólaráðs færi fram þann 1. nóvember til þess að krefjast skýrrar tímalínu á framkvæmdum og niðurstöðu á málinu. Einnig var samþykkt að bjóða öllum fulltrúum háskólaráðs í kaffiboð með stúdentum fyrir fundinn með ráðinu til þess að ræða áherslur stúdenta. Á fundinum var einnig farið yfir niðurstöður kosninga í verkefninu „Háskólinn okkar“ þar sem verkefni „Ódýrara að lifa sem námsmaður“ og „Lánasjóðurinn okkar“ urðu fyrir valinu sem verkefni í herferð. Haldin var kynning á stefnum Stúdentaráðs frá stefnumótunarferð um sumarið 2018 og lögð var fram lagabreytingatillaga sem má nálgast í viðauka D.

Á fundinum voru bornar upp 4 tillögur af forseta Stúdentaráðs, Stúdentaráðsliðum og varafulltrúa sem má finna í viðauka B.

#### STÚDENTARÁÐSFUNDUR 21. NÓVEMBER 2018

Áttundi fundur Stúdentaráðs fór fram 21. nóvember. Á fundinn mætti Jón Atli Benediktsson, rektor Háskóla Íslands, ásamt Sigríði Sigurðardóttur og Þorbjörgu Söndru Bakke frá framkvæmda- og tæknisviði. Þau kynntu fyrir stúdentum nýja deiliskipulagstillögu á reit Gamla Garðs og sömuleiðis tímalínu sem stúdentar kröfðust með setumótmælum þann 1. nóvember. Á fundinum var sömuleiðis kynning á ársreikningum 2017-2018 og kynning á fjárhagsáætlun fyrir starfsárið ásamt áframhaldandi kynningum á stefnum Stúdentaráðs. Skipuð var kjörstjórn ráðsins fyrir kosningar. Lagðar voru fram lagabreytingatillögur sem má finna í viðauka D.

Á fundinum var borin upp ein tillaga af Stúdentaráðsliðum sem má nálgast í viðauka B.

#### STÚDENTARÁÐSFUNDUR 18. DESEMBER 2018

Stúdentaráðsfundur desember mánaðar var því miður ólöglegur og telst því ekki með sem eiginlegur fundur. Haldin voru litlu jól þar sem Stúdentaráðsliðar gerðu sér glaðan dag saman.

#### STÚDENTARÁÐSFUNDUR 23. JANÚAR 2019

Níundi fundur Stúdentaráðs fór fram 23. janúar 2019. Fundurinn var með öðru sniði í þetta skiptið en hann var tileinkaður heildarendurskoðun laga Stúdentaráðs. Samþykkt heildarendurskoðun laga Stúdentaráðs má finna í viðauka C.

#### STÚDENTARÁÐSFUNDUR 26. FEBRÚAR 2019

Tíundi fundur Stúdentaráðs fór fram 26. febrúar 2019. Á fundinum var kynning frá LÍS þar sem þau kynntu fyrirkomulagið á landsþinginu og í kjölfar þess var greitt atkvæði um tillögu um skipun þingfulltrúa Stúdentaráðs á þinginu. Einnig voru teknar fyrir nokkrar lagabreytingatillögur, sem má finna í viðauka D: nemendafélagsnefnd var lögð niður, launað stöðugildi alþjóðafulltrúa var fest í lög, lögmati fundar var breytt og birting kosninganiðurstaðna fest í lög. Kynning var á fjárhagsáætlun frá framkvæmdastjóra Stúdentaráðs.

#### STÚDENTARÁÐSFUNDUR 15. APRÍL 2019

Ellefti, og jafnframt síðasti fundur starfsársins, var haldinn 15. apríl 2019. Á fundinum var rætt uppgjör frá Landsþingi LÍS, samþykkt var einróma umsögn Stúdentaráðs um fjármálaáætlun ríkisstjórnar og umræða var um hvernig fyrirkomulag á skiptafundi Stúdentaráðs ætti að vera. Jafnframt kynntu allir sviðsráðsforsetar starf sviðsráða síðasta starfsárið og skiluðu af sér ársskýrslu með formlegum hætti. Lagðar voru fram þrjár tillögur af Stúdentaráðsliðum sem má finna í viðauka B.

#### KJÖRFUNDUR STÚDENTARÁÐS 13. MARS 2019

Kjörfundur Stúdentaráðs var haldinn í fyrsta skiptið 13. mars 2019. Ný lög, sem voru samþykkt árið 2018, um kjörfund komu því til nota í fyrsta sinn, en tilgangur þess að aðskilja kjörfund og skiptafund er sá að skapa skipatímabil milli kjörna fulltrúa innan Stúdentaráðs og tryggja þannig betri samfellu í starfi.

Á kjörfundinum var forseti, varaforseti, lánasjóðsfulltrúi og hagsmunafulltrúi SHÍ kjörnir fyrir starfsárið 2019-2020. Eftirfarandi aðilar hlutu kjör:

- Jóna Þórey Pétursdóttir, forseti
- Benedikt Traustason, varaforseti
- Guðjón Björn Guðbjartsson, hagsmunafulltrúi
- Marínó Örn Ólafsson, lánasjóðsfulltrúi

Kjörnir fulltrúar, og nýtt Stúdentaráð, hefja því störf eftir skiptafund Stúdentaráðs sem verður haldinn 13. maí 2019.

Á fundinum voru jafnframt varafulltrúar fyrir nýja Stúdentaráðsliða kjörnir, kjörið var um tilnefningar fylkinga í nefndir Stúdentaráðs og að lokum var lögð fram tillaga um hvernig Stúdentaráð tilnefnir í stjórn FS, sem má finna í viðauka B.

#### SKIPTAFUNDUR STÚDENTARÁÐS 13. MAÍ 2019

Skiptafundur Stúdentaráðs 2019 fór fram mánudaginn 13. maí en þá komu fráfarandi og verðandi Stúdentaráð saman þar sem formleg skipti áttu sér stað. Ársskýrsla Stúdentaráðs var kynnt og fráfarandi Stúdentaráðsliðar deildu með nýjum fulltrúum alls konar fróðleik og visku fyrir komandi starfsár.

## ÚTGEFIÐ EFNI STÚDENTARÁÐS

AKADEMÍAN 2018



## STÚDENTABLAÐIÐ







Stúdentaráð Háskóla Íslands

## ÁLYKTANIR OG YFIRLÝSINGAR STÚDENTARÁÐS



Stúdentaráð Háskóla Íslands

### Viðbrögð SHÍ vegna endurskipun í embætti framkvæmdarstjóra LÍN

Stúdentaráð Háskóla Íslands gagnrýnir harðlega vinnubrögð mennta- og menningarmálaráðherra við ferli skipunar í embætti framkvæmdarstjóra Lánasjóðs íslenskra námsmanna (LÍN). Þann 13. júní var framkvæmdastjóri endurskipaður til næstu fimm ára án þess að staðan hafði verið auglýst opinberlega. SHÍ tekur heilshugar undir yfirlýsingu Landssamtaka íslenskra stúdenta (LÍS) sem send var út 20. júní sl. þar sem þessi vinnubrögð voru gagnrýnd.

Krafa stúdenta um að auglýsa eigi opinberlega í stöður sem þessar er skýr, og á að gilda í hvert skipti sem ráðningartímabili lýkur. LIS leggja áherslu á að gagnsæi og fagmennska séu höfð að leiðarljósi í starfsemi ráðuneytisins og að vinnubrögð sem þessi endurspeglir ekki þau gildi. Undir þetta tekur SHÍ. Stúdentaráði þykir óásættanlegt að mennta- og menningarmálaráðherra fari á bak orða sinna með slíkum hætti en í mars síðastliðnum sagði hún það vera sína stefnu að auglýsa ætti stöður sem þessar opinberlega og að ráðningin ætti að fara fram með gagnsæjum hætti.

Hvorki tilkynning né rökstuðningur hefur verið gefinn, auk þess var ákvörðunin um endurskipun framkvæmdastjóra ekki tilkynnt á stjórnarfundum sjóðsins sem haldinn var 14. júní sl., daginn eftir skipunina, en þar eiga fulltrúar stúdenta sæti. SHÍ telur þetta ekki samrýmast því sem kalla má gagnsætt ferli við ráðningu framkvæmdarstjóra í slíkt embætti og að farið hafi verið í bága við vandaða stjórnsýsluhætti.



Stúdentaráð Háskóla Íslands



Stúdentaráð Háskóla Íslands

**Stuðningsyfirlýsing Stúdentaráðs Háskóla Íslands við ljósmæður og ljósmæðranema vegna kjaradeilna**

Stúdentaráð Háskóla Íslands lýsir yfir stuðningi við ljósmæður í kjaradeilum sínum ásamt stuðningi við ljósmæðranema vegna baráttu þeirra fyrir nemalaunum í störfum sínum.

Nemalaun ljósmæðranema voru felld niður árið 2014 í kjölfar hagræðingar vegna niðurskurðar fjármagns til Háskóla Íslands. Um er að ræða rúmlega 200 ólaunaðar vaktir á heilbrigðisstofnunum um land allt ýmist um morgna, kvöld, nætur eða helgar í gegnum námsferilinn. Uppsveifla hagkerfisins undanfarin ár hefur ekki skilað sér í bættum kjörum ljósmæðranema, sem vinna frítt á Landspítala þrátt fyrir að hafa fjögurra ára menntun að baki sem gefur þeim starfsréttindi. Um fimmtíu núverandi og verðandi ljósmæður sendu nýverið áskorun til stjórnvalda að taka aftur upp fyrra fyrirkomulag, þar sem nemalaun voru greidd fyrir tvær annir af starfsnáminu. Stúdentaráð styður þá áskorun heilshugar.

Ljósmóðurfræði samanstendur af að lágmarki sex ára námi: fjögurra ára grunnnámi í hjúkrunarfræði auk tveggja ára námi í ljósmóðurfræði á meistarastigi. Eftir sex ára nám er menntun og ábyrgð ljósmæðra ekki metin að verðleikum. Dæmi eru um það að ljósmóðir lækki verulega í launum miðað við þau laun sem hún hafði áður sem hjúkrunarfræðingur. Starfsreynsla hjúkrunarfræðinga er því ekki metin til hækkunar á laun ljósmæðra þrátt fyrir að próf í greininni sé skilyrði fyrir námi.

Stúdentaráð lýsir yfir áhyggjum af nýliðun í stétt ljósmæðra, en hún stendur ekki undir því brottfalli sem verður næstu tíu árin, þar sem um 44% starfandi ljósmæðra fara á eftirlaun innan þess tíma og einungis 6% ljósmæðra eru yngri en 35 ára. Einnig hafa ljósmæður sem starfa nú á Landspítalanum margar sagt upp vegna bágra kjöra og framkomu stjórnvalda. Sömuleiðis hafa ljósmæðranemar sagt opinberlega að þær íhugi að starfa ekki sem ljósmæður að námi loknu, þar sem þær sætta sig ekki við launalækkun eftir framhaldsnám.

Stúdentaráð og Curator, félag hjúkrunarnema, krefjast þess að samningsnefnd ríkisins og stjórnvöld sýni þessari kröftugu kvennastétt þá virðingu að meta nám þeirra og reynslu að verðleikum í þessari kjaradeilu.

*Fyrir hönd Stúdentaráðs, sviðsráðs Heilbrigðisvísindasviðs og Curator,*

*Elísabet Brynjarsdóttir, forseti Stúdentaráðs*

*Sigurður Ýmir Sigurðsson, forseti sviðsráðs Heilbrigðisvísindasviðs*

*Fanney Kristjánsdóttir, formaður Curators, félag hjúkrunarnema*



Stúdentaráð Háskóla Íslands



Stúdentaráð Háskóla Íslands

### Ályktun Stúdentaráðs Háskóla Íslands um úthlutunarreglur Lánasjóðs íslenskra námsmanna 2018-2019

Stúdentaráð hefur lagt mikla áherslu á að framfærslugrunnur námsmanna nægi til þess að námsmenn geti framfleytt sér og er því ótækt að mennta- og menningarmálaráðherra hafi ekki hlustað á fulltrúa stúdenta í stjórn LÍN, sbr. bókun þeirra sem má lesa í heild sinni [hér](#). Sömuleiðis lýsir ráðið yfir vonbrigðum með vinnubrögð ráðherra fyrir undirritun úthlutunarreglna.

Eins og Stúdentaráð vakti athygli á nýverið í herferð sinni eru lágmarkslaun á Íslandi um 280.000 krónur, og verða 300.000 krónur í maí, en grunnframfærsla námsmanna er um 184.000 krónur skv. nýjum úthlutunarreglum. Hækkun framfærslugrunns úr 92% í 96% er skref í rétta átt en stúdentar eiga ekki að þurfa að sætta sig við lægri framfærslu en útreiknaða lágmarksframfærslu. Stúdentaráð krefst þess að að framfærslan verði 100% en jafnframt að lágmarksframfærsla verði endurskoðuð í heild sinni.

Sömuleiðis hefur Stúdentaráð lagt mikla áherslu á að frítekjumarkið verði hækkað. Á meðan laun í landinu hafa hækkað að meðaltali um 32% frá árinu 2014 hefur frítekjumarkið haldist óbreytt í 930.000 krónum fyrir skatt. Stúdentar eiga að standa öðrum samfélagshópum jafnt og því er ótækt að frítekjumarkið standi enn í stað í ofanálag við að stúdentar eru enn ekki með fulla lágmarksframfærslu.

Stúdentaráð Háskóla Íslands fagnar þeim umbótum sem stúdentar hafa kallað eftir, til dæmis að flóttafólk muni öðlast rétt á námslánum hjá LÍN. Ráðið fagnar sömuleiðis hækkun á barnalánum og að iðnnemar geti nú fengið lán fyrir fullu námi. Hækkun framfærslugrunns í 96% er vissulega skref í rétta átt en ekki sú kjarabót sem fulltrúar stúdenta óskuðu eftir og ekki sú kjarabót sem stúdentar þurfa. Stúdentaráð krefst þess að hlustað verði á raddir stúdenta í nýskípaðri verkefnastjórn um málefni LÍN.

*Fyrir hönd Stúdentaráðs Háskóla Íslands,*

*Elísabet Brynjarsdóttir, formaður*



Stúdentaráð Háskóla Íslands



Stúdentaráð Háskóla Íslands

#### Ályktun Stúdentaráðs Háskóla Íslands um ríkisfjármálaáætlun 2020 - 2024

Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnar kemur fram að hafin verði stórsókn í menntamálum og stefnt að því að fjármögnun háskólastigsins nái meðaltali OECD-ríkjanna fyrir árið 2020. Um leið og Stúdentaráð fagnar því að gert er ráð fyrir auknu fjármagni til háskólastigsins á næstu árum er fjármálaáætlunin í núverandi mynd gagnrýnisverð. Ítrekuð gagnrýni á ríkisstjórnina þegar kemur að menntamálum og málefnum stúdenta kann vissulega að að virka lýjandi en að sama skapi er það lýjandi fyrir stúdenta að loforð eru gefin sem verða ekki framfylgt. Að stjórnarsáttmálinn skuli stefna að meðaltali OECD en fjármálaáætlunin stigi það skref ekki til fulls eru veruleg vonbrigði.

Staðfesti Alþingi fjármálaáætlunina óbreytta er ljóst að ekki er gert ráð fyrir að ná þessum markmiðum á næstu fimm árum, þvert á stjórnarsáttmála og stefnu Vísinda- og tækniráðs. Til þess að háskólarnir geti sinnt grundvallarstarfsemi sinni, ásamt því að tryggja gæði kennslu og þjónustu við nemendur, þarf framlag til háskólastigsins að aukast um fimm ma.kr. hið minnsta. Töluverð innspýting er ráðgerð árið 2019, sem ráðið fagnar, en á sama tíma eru það vonbrigði að ekki eigi að halda áfram af sama krafti eftir 2019 til að ná meðaltali OECD.

Fjallað er um Hús íslenskunnar og að það eigi að rísa á tímabilinu, sem Stúdentaráð fagnar. Á sama tíma er greinilega ekki gert ráð fyrir húsnaði Heilbrigðisvísindasviðs, sem þegar er hafin þarfagreining á í annað skiptið og á að rísa meðfram uppbyggingu nýs meðferðarkjarna Landspítalans. Umræða um byggingu húss Heilbrigðisvísindasviðs hefur staðið yfir í fjölmörg ár og nemendur og starfsfólk Háskólans beðið þolinmóð. Það er óskiljanlegt af hverju ríkisstjórn gerir ráð fyrir uppbyggingu spítalans við Hringbraut án þess að hugsa til Háskólans og hlut stúdenta í uppbyggingu heilbrigðiskerfisins. Hús Heilbrigðisvísindasviðs er nauðsynleg forsenda áframhaldandi þróunar þverfaglegar teymisvinnu innan heilbrigðiskerfisins ásamt því sem stúdentar sviðsins hafa í of langan tíma þurft að setta sig við stöðugt byggingaflakk og í mörgum tilfellum lélega aðstöðu. Ráðið er vongott um að áætluninni verði breytt og sú bygging höfð í huga.

Í fjármálaáætluninni er fjallað um „stuðning við námsmenn“ og þar undir málefni Lánasjóðs íslenskra námsmanna. Stjórnvöld leggja áherslu á að ráðast í endurskoðun á námslánakerfinu og á að leggja fram nýtt frumvarp um lánasjóðinn á haustþingi 2019. Stefnt er að því að þróa námsstyrkjakerfi að norrænni fyrirmynd í stað núverandi lánasjóðskerfis en stjórnvöld gera ekki ráð fyrir að fyrirhugaðar breytingar hafi áhrif á útgjöld til málefnasviðsins. Ef fjármagn til styrktar stúdenta eykst ekki um leið og styrkjakerfi verður tekið upp er hætt við því að fjármagnið sem er nú til staðar verði ráðstafað upp á nýtt og að það komi helst niður á þeim stúdentum sem þurfa mest á stuðningi að halda.

Mennta- og menningarmálaráðherra hefur áður fjallað um að allir eigi að hafa jöfn tækifæri til menntunar og tekur ráðið heils hugar undir það. Ráðið undrar sig hins vegar á því að í fjármálaáætluninni sé kynnt að til þess að stuðla að bættri námsframvindu sé stefnan sú að stúdentar sem geti sýnt fram á fulla námsframvindu fái námsstyrk sem er ekki til þess fallandi að stuðla að jöfnum tækifærum. Þar sem komið hefur verið á fót sérstakri verkefnastjórn um málefni lánasjóðsins og endurskoðun laga telur ráðið fjármálaáætlun vera undarlegan vettvang til að kynna slíka stefnu.



Stúdentaráð Háskóla Íslands

Stúdentaráð sér ekki fram á að hægt sé að stórefla menntakerfið án stuðnings við stúdenta, en hann er forsenda þess að jafnrétti til náms sé raunverulegt. Kjör stúdenta hafa staðið í stað allt of lengi og það er tími til kominn að stúdentar hætti að búa við lakari kjör en aðrir þjóðfélagshópar. Stúdentaráð hvetur Alþingi að standa við gefin loforð og efla framþróun, nýsköpun og sérhæfingu samfélagsins með stóruknum stuðningi við stúdenta.



Stúdentaráð Háskóla Íslands



Stúdentaráð Háskóla Íslands

Reykjavík, 1. apríl 2019

### Ályktun Stúdentaráðs Háskóla Íslands um úthlutunarreglur Lánasjóðs íslenskra námsmanna 2019-2020

Það er fagnaðarerindi að í nýútgefnum úthlutunarreglum hafi frítekjumarkið loks verið leiðrétt og tekur nú mið af launaþróun síðustu ára. Frítekjumarkið hefur verið hækkað um 43% og er komið í 1.330.000 kr. Stúdentaráð Háskóla Íslands hefur nú barist fyrir því í nokkur ár að frítekjumarkið verði hækkað. Ráðið stóð fyrir herferð 2018 og vakti þar athygli á að frítekjumarkið hafði staðið í stað frá árinu 2014 þrátt fyrir að laun í landinu hefðu þá hækkað að meðaltali um 32%. Í ár fór SHÍ í aðra herferð með Landssamtökum íslenskra stúdenta til þess að vekja áfram athygli á stöðnun frítekjumarkans og lögðu áherslu á að um 70% lánþega LÍN færu yfir frítekjumarkið og skertist framfærslan þeirra því töluvert í samræmi við það.

Lánasjóðsfulltrúi Stúdentaráðs, Elísa Björg Grímsdóttir, ásamt öðrum fulltrúum stúdenta í stjórn LÍN, hafa staðið vaktina fyrir hagsmunum stúdenta innan stjórnar með þryði. Hækkun frítekjumarkans er jafnframt afrakstur vinnu margra aðila sem hafa komið að þessari baráttu en herferðin í ár var afrakstur verkefnisins „Háskólinn okkar“ þar sem allir stúdentar Háskóla Íslands gátu kosið og valið hvaða herferð Stúdentaráð myndi standa fyrir. Lánasjóðurinn varð meðal annars fyrir valinu og er þetta því afrakstur okkar allra. Hjartanlega til hamingju með þetta framfaraskref kærú stúdentar.

Frítekjumarkið var þó einungis einn þáttur af herferðinni. Annar jafn stór, ef ekki stærri, hluti þeirrar herferðar var að vekja athygli á gífurlega lágru grunnframfærslu stúdenta sem er ein helsta ástæða fyrir báðum kjörum og skorti á fjárhagslegum stuðningi stúdenta. Framfærsla stúdenta var ekki hækkuð í nýjum úthlutunarreglum þrátt fyrir að í yfirlýsingu mennta- og menningarmálaráðuneytis kæmi fram að það eigi að bæta fjárhagsstöðu nemenda. Stúdentaráð lýsir yfir áhyggjum af þessu í ljósi þess að lág grunnframfærsla mun að öllu óbreyttu fylgja stúdentum inn í nýtt lánasjóðskerfi, nema ráðherra bæti úr því í næstu úthlutunarreglum 2020-2021. Sama hvernig nýtt lánasjóðsfrumvarp verður, verði það lagt fram, mun lág framfærsla enn vera raunveruleiki stúdenta. Því er ólíklegt að stuðningurinn dugi til þess að þau sem eru verst sett nái að framfleyta sér. Stúdentaráð telur að hlutverk sjóðsins sé að allir eigi að geta stundað nám óháð efnahag. Við ítrekum að þessi framfærsla er lán, sem er borguð til baka af stúdentum eftir námslok, og því ætti stúdentum ekki að vera sniðinn svo þröngur stakkur sem raun ber vitni.

Jafnframt hafa komið fram tilkynningar ráðherra um áform um nýtt lánasjóðsfrumvarp en Stúdentaráð telur óábyrgt að ráðið tjái sig um það á þessum tíma í ljósi þess að engin frumvarpsdrög liggja fyrir. Stúdentaráð er vongott um framhaldið og leggur áherslu á mikilvægi þess að nýtt frumvarp hafi að leiðarljósi gildi lánasjóðsins, sem er að stuðla að félagslegum jöfnuði. Ráðherra hefur sagt að frumvarpið fari í opið samráð í júní en þá mun Stúdentaráð hafa sterkari forsendur til ályktunar um frumvarpið.

Stúdentaráð Háskóla Íslands fagnar að þeim umbótum sem stúdentar hafa kallað eftir verði að veruleika nú um leið og áframhaldandi lág framfærsla veldur vonbrigðum. Stúdentaráð skorar á mennta- og menningarmálaráðherra að hafa lága framfærslu hugfasta í áframhaldandi vinnu við lánasjóðsfrumvarpið og gera enn betur í næstu úthlutunarreglum til þess að tryggja hlutverk lánasjóðsins sem jöfnunarsjóð.



Stúdentaráð Háskóla Íslands



Stúdentaráð Háskóla Íslands

Reykjavík, 17. apríl 2019

### Almenn stuðningsyfirlýsing Stúdentaráðs Háskóla Íslands við flóttafólk

Flóttamannavandi heimsins hefur ekki verið umfangsmeiri frá Seinni Heimsstyrjöld. Í fyrra fór fjöldi fólks á flóttu í fyrsta skipti yfir 60 milljónir manna og er yfir helmingur þeirra börn.<sup>1</sup> Það er rúmlega tvöfalt fleiri en íbúar Norðurlandanna. Rúm ein milljón manns er í brýnni þörf á endurbúsetu. Talið er að fjöldi flóttafólks muni aukast á næstu áratugum, einkum vegna afleiðinga loftslagsbreytinga.

Þrátt fyrir núverandi ástand eru íslensk stjórnvöld ekki að bregðast við með nauðsynlegum aðgerðum. Árið 2018 tók Ísland á móti 50 kvótaflóttamönnum<sup>2</sup> og er það langt undir getu íslensks samfélags. Stúdentaráð vill sjá stjórnvöld auka til muna fjölda kvótaflóttamanna sem Ísland tekur á móti. Þá vill Stúdentaráð sjá Háskóla Íslands vinna gegn mismunun gagnvart flóttafólki, m.a. með því að auka aðgengi að námi. Stúdentar um allan heim þurfa að taka afstöðu með flóttafólki og er Stúdentaráð þar ekki undanskilið.<sup>3</sup>

Stúdentaráð vill þrýsta á stjórnvöld til að fylgja kröfum Amnesty International um málefni flóttafólks sem eru orðrétt:

1. Viðhalda, auka við og koma á laggirnar öruggum og lagalegum leiðum fyrir flóttafólk (öðrum leiðum en endurbúsetu).
2. Berjast gegn tvíhliða/alþjóðlegum samningum sem grafa undan samábyrgð.
3. Fleiri lönd virði réttinn til að leita og njóta verndar og bindi enda á endursendingar til landa þar sem hættan er mikil.<sup>4</sup>

Stúdentaráð Háskóla Íslands stendur með flóttafólki og hvetur íslensk stjórnvöld, þar á meðal Háskóla Íslands, til að gera slíkt hið sama.

<sup>1</sup> Amnesty: "Verndun fólks á flóttu" <https://amnesty.is/starfid-okkar/malefni/verndun-folks-a-flotta>

<sup>2</sup> Stjórnarráðið: "Móttaka kvótaflóttafólks árið 2018"

<https://www.stjornarradid.is/verkefni/allar-frettir/frett/2017/08/31/Mottaka-kvotafloftafolks-arid-2018/>

<sup>3</sup> Amnesty: "Help us build a longer table" <https://longertable.amnestyusa.org/>

<sup>4</sup> Amnesty: "Verndun fólks á flóttu" <https://amnesty.is/starfid-okkar/malefni/verndun-folks-a-flotta>



Stúdentaráð Háskóla Íslands



Stúdentaráð Háskóla Íslands

Reykjavík, 24. apríl

### Stuðningsyfirlýsing Stúdentaráðs við frumvarp til laga um kynrænt sjálfræði

Stúdentaráð Háskóla Íslands styður réttindi trans og intersex fólks og lýsir yfir stuðningi við frumvarp til laga um kynrænt sjálfræði sem tekið var til umræðu á Alþingi í byrjun mánaðar. Frumvarpið felur í sér að koma til móts við ný og breytt viðhorf til opinberrar skráningar kyns og stuðla þannig að réttarbótum trans og intersex einstaklinga. Lagt er til að einstaklingar hafi rétt til þess að skilgreina sjálfir kyn sitt og miða þannig að því að tryggja að kynvitund þeirra njóti viðurkenningar. Kynvitund segir til um hvernig við viljum lifa og vera í okkar kyni. Kynvitund hefur ekki með kynfæri, líffæri eða útlit að gera, heldur snýr að upplifun okkar af eigin kyni.

Það segir sig sjálft að þetta frumvarp snúi að ákveðnum hópi stúdenta en t.a.m. er ógjörningur að fá í gegn nafnabreytingu óháð þjóðskrá og kennitölu, líkt og á Uglunni, innan þeirra fjölmörgu samtengdu tölvukerfa Landspítalans. Frumvarpið myndi því gera það að verkum að nafna- og kynskráning færi mun fyrir í gegn en hún gerir í dag, en núverandi lög kveða á um að einstaklingur þurfi að hafa verið „undir eftirliti [trans] teymisins í a.m.k. 18 mánuði og hafi verið í gagnstæðu kynhlutverki í a.m.k. eitt ár.“<sup>1</sup>

Enn fremur er lögunum ætlað að standa vörð um rétt einstaklinga til líkamlegrar friðhelgi. Líkamleg friðhelgi merkir óskoraður réttur einstaklings til sjálfræðis yfir eigin líkama og að aðrir virði rétt hans til lífs, öryggis, frelsis og mannlegrar reisnar. Gangi lögin eftir verður óheimilt að gera varanlegar breytingar á kynfærum, kynkirtlum eða öðrum kyneinkennum einstaklings 16 ára eða eldri án skriflegs samþykkis hans. Stúdentaráð lýsir yfir áhyggjum að þessi réttur tryggi ekki börnum undir 16 ára aldri þessa vernd en algengt er að nýfædd börn með óræð kyneinkenni séu látin gangast undir slíkar aðgerðir stuttu eftir fæðingu.

Stúdentaráð fagnar frumvarpinu heilshugar og hvetur til þess að það gangi hratt í gegn og í sinni allra víðustu mynd. Stúdentaráð vill því ítreka athugasemdir Samtakanna '78, Intersex Íslands og Trans Íslands sem birtar voru í samráðsgátt 22. mars 2019.<sup>2</sup>

<sup>1</sup> Lög um réttarstöðu einstaklinga með kynáttunarbrotum

<sup>2</sup> Samráðsgátt, [https://samradsgatt.island.is/oll-mal/\\$Cases/Details/?id=1301](https://samradsgatt.island.is/oll-mal/$Cases/Details/?id=1301)





Stúdentaráð Háskóla Íslands

## UMSAGNIR STÚDENTARÁÐS TIL HÁSKÓLA ÍSLANDS



Stúdentaráð Háskóla Íslands

Reykjavík, 27. september 2018

### **Yfirlýsing Stúdentaráðs vegna aðkomu Háskóla Íslands að aldursgreiningum á hælisleitendum og mögulegs þjónustusamnings við Útlendingastofnun**

Stúdentaráð Háskóla Íslands leggst einróma gegn því að gerður verði þjónustusamningur við Útlendingastofnun varðandi aldursgreiningar á hælisleitendum. Sömuleiðis harmar Stúdentaráð að Háskóli Íslands hafi haft aðkomu að aldursgreiningum hingað til án opinbers þjónustusamnings.

Forsaga málsins er sú að þrír einstaklingar, Elínborg Harpa, Anna Kristín og Eyrún Ólöf, nálguðust forseta Stúdentaráðs og óskuðu eftir að flytja erindi á Stúdentaráðsfundi um málefni hælisleitenda. Á fundi Stúdentaráðs 19. júní síðastliðinn fjallaði Anna Kristín Jóhannesdóttir, hjúkrunarfræðingur, um aðkomu Háskóla Íslands að aldursgreiningum á hælisleitendum. Hún greindi frá því þær hefðu fundað með rektor og fulltrúum úr vísindasiðanefnd Háskólans en þótti þeim fátt hafa verið um svör. Í kjölfar Stúdentaráðsfundar fóru forseti Stúdentaráðs, forseti sviðsráðs heilbrigðisvísindasviðs og Anna Kristín á fund með rektor, forseta heilbrigðisvísindasviðs og ráðgjafa rektors. Þar kom í ljós að verið væri að undirbúa mögulegan þjónustusamning við Útlendingastofnun og koma þessu málefni þannig í formlegri farveg.

Kaupandi þjónustunnar, Útlendingastofnun, nýtir meðal annars niðurstöður rannsóknanna sem eru framkvæmdar innan veggja Háskólans til að úrskurða um málefni hælisleitenda. Aldursgreiningar sem byggja á tannrannsóknum eru umdeildar í fræðasamfélaginu á heimsvísu og þá sérstaklega vegna ónákvæmni niðurstaðna rannsóknanna sem og siðferði þeirra. Því hefur verið haldið fram að rannsóknin sé valkvæð, en fyrir einstaklinga sem eru í jafn viðkvæmri stöðu og hælisleitendur er erfitt að tala um val, þar sem hinn möguleikinn er að vera vísað úr landi. Sömuleiðis er erfitt að fullyrða og ganga úr skugga um að upplýst samþykki liggja fyrir rannsókninni.

Útlendingastofnun hefur áður sagt að þau byggji úrskurð sinn um aldur ungra hælisleitenda nær eingöngu á þessum niðurstöðum frá Háskólanum, og þar af leiðandi hafa niðurstöðurnar áhrif á framvindu mála og afdrif umsækjenda um alþjóðlega vernd. Einnig hefur verið fjallað um að einstaklingar sem undirgangast þessar greiningar kunni að hljóta af þeim andlegan skaða.

Við Háskóla Íslands eru vísindasiðareglur í gildi sem voru samþykktar af háskólaráði árið 2014. Bendir Stúdentaráð sérstaklega á 1.2. gr. sem gerir kröfu til rannsakenda um að þeir forðist eftir fremsta megni að valda skaða og „tryggi að ábata og byrði af rannsókn sé dreift af sanngirni og að þeir misnoti ekki aðstöðu sína gagnvart viðkvæmum einstaklingum.“ Jafnframt bendir Stúdentaráð á 2.3. gr. um skyldu til að



Stúdentaráð Háskóla Íslands



Stúdentaráð Háskóla Íslands

valda ekki skaða: „Rannsakendur skulu gæta þess að rannsóknin valdi þátttakendum ekki skaða, hvorki andlegum né líkamlegum, og skulu forðast neikvæðar afleiðingar fyrir þátttakendur.“ Í 2.15. gr. segir enn frekar: „Rannsakendur skulu gæta þess að skaða ekki hagsmuni fólks sem tilheyrir hópi í erfiðri stöðu.“ Í reglum er einnig lögð mikil áhersla á samþykki þátttakenda í rannsóknum.

Án þess að kafa dýpra í siðferðisleg sjónarmið telur Stúdentaráð jafnframt vert að benda á 2. gr. laga um opinbera háskóla nr. 85/2008 um hlutverk háskóla en þar segir í 2. málslíð: „Hann miðlar fræðslu til almennings og veitir þjóðfélaginu þjónustu í krafti þekkingar sinnar.“ Einnig bendir Stúdentaráð á 3.mgr. 2. gr. fyrrgreindra laga: „Háskólar ráða skipulagi starfsemi sinnar og ákveða hvernig henni er best fyrir komið.“ Til skýringar á þessu ákvæði segir m.a. í frumvarpi laganna: „Þessu ákvæði er ætlað að tryggja að stjórnvöld eða aðrir hlutist ekki til um fræðilegt starf innan háskóla heldur virði rannsóknafrelsi og sjálfstæði þeirra í fræðilegu tilliti. Þeim verða ekki gefin fyrirmæli af hálfu stjórnvalda eða hagsmunaaðila um viðfangsefni, aðferðir og efnistöð við kennslu, rannsóknir, þekkingarleit eða sköpun.“

Stúdentaráð telur að Háskóli Íslands sé fyrst og fremst menntastofnun. Háskóli Íslands hefur sömuleiðis lýst yfir áhuga á að styðja betur við fjölskyldur innflytjenda og gera menntun fyrir þann hóp aðgengilegri. Aðkoma Háskólans að tanngreiningum skýtur því skökku við í því samhengi.

Stúdentaráð leggst einróma gegn því að rannsóknir sem þessar séu stundaðar innan veggja Háskólans. Háskólinn hefur á undanförunum árum öðlast mikla alþjóðlega athygli, alþjóðlegir nemendur koma í auknum mæli til Íslands til að stunda nám við stofnunina og þar á meðal eru innflytjendur. Þessir einstaklingar, sem verið er að aldursgreina, geta orðið framtíðarstúdentar við stofnunina og Stúdentaráði er umhugað um gott orðspor Háskólans fyrir alla í samfélaginu, á alþjóðlegum vettvangi sem og jafnt aðgengi allra að skólanum. Stúdentaráð telur að það sé með öllu ólíkandi að verið sé að styðja við vísindarannsóknir innan Háskólans sem eru umdeildar, ónákvæmar og vekja upp spurningar um siðferðislegt eðli.

Stúdentaráð hvetur því Háskóla Íslands til þess að taka ekki þátt í slíkum aldursgreiningum, hvorki með beinum né óbeinum hætti né að þær séu framkvæmdar innan veggja Háskólans. Stúdentaráð hvetur þó Háskólann til dáða í áætlum sínum um aukinn stuðning við fjölskyldur innflytjenda.



Stúdentaráð Háskóla Íslands  
Sæmundargötu 2  
101 Reykjavík

Reykjavík, 17. apríl 2018

### **Efni: Umsögn fulltrúa stúdenta um endurskoðun á vinnumatskerfi**

Fulltrúar stúdenta á háskólaþingi 13. apríl 2018 fagna vinnu og umfjöllun um endurskoðun matskerfis opinberu háskólanna. Augljóst er að mikil undirbúningsvinna hefur farið fram og ekki einfalt verk framundan. Sömuleiðis er fulltrúum stúdenta ljóst að matskerfi opinberra háskóla tengist beint gæðamálum og þar sem er verið að vinna nú gæðastefnu háskólanna er viðeigandi að ráðast í endurskoðun á matskerfinu.

Matskerfið tengist gæðamálum því kerfið býr til framgangs- og hvatakerfi fyrir starfsfólk háskólanna, og stuðlar að gæðum rannsóknar og kennslu. Eins og kerfið er nú uppbyggt er þung og mikil áhersla á rannsóknir, en lítil sem engin áhersla á framsækna og fjölbreytta kennsluhætti né þjónustu starfsfólks við samfélagið. Sömuleiðis er lítil hvati fyrir starfsfólk að sinna mikilvægum störfum innan nefnda þar sem mikil og þörf umræða fer fram, oft sem snúa beint að hagsmunum stúdenta og háskólasamfélagsins í heild sinni. Sömuleiðis í núverandi kerfi virðist magn skipta meira máli en gæði. Vilhjálmur Árnason kom vel að orði í ræðu sinni á þinginu - aukið framleiðslumagn kemur niður á gæðum og að hans mati ætti kennsla að vera frumskylda starfsfólks háskólans. Fulltrúar stúdenta taka heilshugar undir það.

Ljóst er að fjármögnun spilar inn í matskerfið þar sem meðal annars er að ræða hvatakerfi. Ef það kemur ekki meira fjármagn inn í kerfið þarf að endurraða fjármunum sem eru nú þegar til staðar og kemur það þá niður á rannsóknarstarfi, sem hefur skapað háskólanum sérstöðu nú þegar. Aukið fjármagn til háskólastigsins hefur verið stórt hagsmunamál stúdenta undanfarið og ekki síður nú og mikilvægt að háskólinn ráðstafi viðbótarfjármagni í þágu starfsfólks og stúdenta.

Aukin áhersla á kennslu í matskerfi er stórt hagsmunamál stúdenta. Matskerfið fyrir stúdentum birtist helst í gæðum kennslu og mismiklum áhuga kennara á að breyta til í kennsluháttum og auka framsækna kennsluhætti. Ljóst er að það er dulin ástæða fyrir því að kennsluhættir þróast hægt, sem liggur að miklu leyti í matskerfinu. Því styðja stúdentar það heilshugar að ráðist verði í endurskoðun á vinnumatskerfinu með það í huga að auka gildi kennslu og þátttöku í samfélaginu.



Háskólaráð Háskóla Íslands  
Sæmundargötu 2  
101 Reykjavík

Reykjavík, 25. júní 2018

### **Efni: Umsögn Stúdentaráðs um stefnu HÍ um gæði náms og kennslu 2018-2021**

Stúdentaráð Háskóla Íslands fagnar vinnu að stefnu Háskólans í gæða- og kennslumálum sem og aðkomu fulltrúa stúdenta að stefnunni. Sömuleiðis þökkum við fyrir að kallað hafi verið eftir álit Stúdentaráðs.

Stúdentaráð tekur undir með því jákvæða sjónarmiði sem birtist í stefnunni að nemendur séu fullgildir og virkir þátttakendur í námssamfélagi skólans. Ráðið mun gera sitt besta að uppfylla verkefni sitt sem er þar útlistað: *Í samstarfi við SHÍ skoðað hvernig hægt er að stuðla að virkri þátttöku allra nemenda í félagsstarfi við skólann með sérstakri áherslu á hópa sem kunna að taka lítinn þátt.*

Við tökum undir og ítrekum mikilvægi þess að kennsluframlag sé metið að verðleikum í framgangs- og umbunarkerfi skólans. Eftir síðasta Háskólaþing 13. apríl sl. sendi Stúdentaráð frá sér ályktun varðandi þessa endurskoðun matskerfis, en þar sagði meðal annars: *„Aukin áhersla á kennslu í matskerfi er stórt hagsmunamál stúdenta. Matskerfið fyrir stúdentum birtist helst í gæðum kennslu og mismiklum áhuga kennara á að breyta til í kennsluháttum og auka framsækna kennsluhætti. Ljóst er að það er dulin ástæða fyrir því að kennsluhættir þróast hægt, sem liggur að miklu leyti í matskerfinu. Því styðja stúdentar það heilshugar að ráðist verði í endurskoðun á vinnumatskerfinu með það í huga að auka gildi kennslu og þátttöku í samfélaginu.“*

Ljóst er að mikil undirbúningsvinna hefur farið fram nú þegar við mótun stefnunar og vill Stúdentaráð hrósa þeim aðilum sem komið hafa að vinnunni.

*Virðingarfyllst f.h. Stúdentaráðs Háskóla Íslands*

*Elísabet Brynjarsdóttir, forseti Stúdentaráðs Háskóla Íslands*



Háskólaráð Háskóla Íslands  
Sæmundargötu 2  
101 Reykjavík

Reykjavík, 21. mars 2018

**Efni: Umsögn Stúdentaráðs um drög að jafnréttisáætlun Háskóla Íslands 2018-2020**

Stúdentaráð Háskóla Íslands fagnar vinnu um jafnréttisáætlun sem og aðkomu fulltrúa stúdenta í jafnréttisnefnd Háskóla Íslands að áætluninni.

Ráðið bendir á að í áætluninni er fjallað um að mismun á grundvelli kyns, uppruna, lítarháttar, fötlunar, kynhneigðar, kynvitundar, aldurs, heilsufars, trúarbragða, skoðana eða menningar er óheimil innan Háskóla Íslands. Stúdentaráð leggur til að bætt verði þar við að mismunun á grundvelli *búsetu, efnhags og kyngervis* sé einnig óheimil.

Þá bendir Stúdentaráð á að í markmiðum og aðgerðum sem eru ráðgerðar til að jafnréttisáætlun nái fram að ganga á næstu árum mætti bæta við aðgerð við markmið er snýr að erlendum nemendum. Markmiðið felur í sér að stuðningur í námi og stoðþjónusta við nemendur af erlendum uppruna verði eflað. Ráðið leggur til að við markmiðið bætist aðgerð sem snýr að því að tryggja stöðu alþjóðafulltrúa á réttindaskrifstofu stúdenta sem hefur þann tilgang að veita nemendum af erlendum uppruna, og þá sérstaklega nemendum sem ekki hafa íslensku að móðurmáli, sértæka aðstoð við réttindamál á jafningjagrundvelli. Ráðið leggur til að byrgðaraðili verði Stúdentaráð Háskóla Íslands.

*Virðingarfyllt f.h. Stúdentaráðs Háskóla Íslands*

*Elisabet Brynjarsdóttir formaður Stúdentaráðs Háskóla Íslands*



Stúdentaráð Háskóla Íslands



Stúdentaráð Háskóla Íslands

Reykjavík, 14. mars 2019

## YFIRLÝSING STÚDENTARÁÐS

vegna gerðar verksamnings Háskóla Íslands við Útlendingastofnun um  
aldursmat út frá tannþroska á ungum hælisleitendum

Stúdentaráð lýsir yfir miklum vonbrigðum með ákvörðun háskólaráðs vegna afgreiðslu þjónustusamnings við Útlendingastofnun varðandi aldursgreiningar á ungum hælisleitendum á Íslandi. Fimmtudaginn 7. mars staðfestu allir fulltrúar háskólaráðs, nema einn fulltrúi stúdenta, Benedikt Traustason, sem greiddi atkvæði á móti, tillögu rektors. Tillagan felur í sér að rektor sé falið, í samráði við Heilbrigðisvísindasvið, að ganga frá samkomulagi við Útlendingastofnun um verksamning við Háskóla Íslands um klíniska munnholsskoðun og röntgenmyndatökur á börnum á flóttu.

Þann 27. september 2018 lagðist Stúdentaráð einróma gegn því að Háskóli Íslands geri verksamning við Útlendingastofnun um að skólinn framkvæmi rannsóknir á tönnum hælisleitenda til ákvörðunar aldurs þeirra. Sömuleiðis vakti ráðið athygli á því að þessar aldursgreiningar hafi farið fram, án samnings, frá árinu 2014 samkvæmt upplýsingum frá Háskóla Íslands. Hins vegar hefur nú komið fram að þessar rannsóknir hafa farið fram innan stofnunarinnar mun lengur og ekki aðeins sem þjónusturannsókn fyrir Útlendingastofnun heldur hafa gögnin einnig verið nýtt í rannsóknir og fræðigreinar sem hafa verið birtar frá árinu 2013 og ágríp sem rannsakendur hafa sent inn frá árunum 2009, 2010, 2011, 2015 og 2016 sömuleiðis. Stúdentaráð telur það grafalvarlegt mál að slíkar rannsóknir hafi farið fram yfir svo langt tímabil á jafn viðkvæmum hópi, án samnings, og jafnframt að það hafi verið birtar vísindagreinar með gögnum og myndum af tönnum hælisleitenda. Þar sem gögnin hafa verið nýtt í opinberar fræðigreinar og vísindarannsókn telur Stúdentaráð að brotið hafi verið á vísindasiðareglum Háskóla Íslands frá árinu 2014. Bendir Stúdentaráð sérstaklega á eftirfarandi ákvæði reglnanna:

- 1.2. gr.: „... rannsakendur tryggi að ábata og byrði af rannsókn sé dreift af sanngirni og að þeir misnoti ekki aðstöðu sína gagnvart viðkvæmum einstaklingum.“
- 2.3. gr.: „Rannsakendur skulu gæta þess að rannsóknin valdi þátttakendum ekki skaða, hvorki andlegum né líkamlegum, og skulu forðast neikvæðar afleiðingar fyrir þátttakendur.“
- 2.15. gr.: „Rannsakendur skulu gæta þess að skaða ekki hagsmuni fólks sem tilheyrir hópi í erfiðri stöðu.“



Stúdentaráð Háskóla Íslands



Stúdentaráð Háskóla Íslands

2.4.1. gr.: „Almennt gildir að rannsóknir á fólki skulu byggjast á upplýstu samþykki þátttakenda.”

2.4.3. gr.: „ Sé um þátttakendur að ræða sem eru ekki sjálfráða þarf að leita upplýsts samþykkis foreldris, forráðamanns eða staðgengils.”

Áfram mætti lengi telja en í reglunum er lögð mikil áhersla á samþykki þátttakenda í rannsóknum og skylduna til að skaða ekki hagsmuni þeirra sem gangast undir rannsóknir framkvæmdar í Háskóla Íslands.

Forsaga málsins er sú að þrír einstaklingar, Elínborg Harpa, Anna Kristín og Eyrún Ólöf, nálguðust forseta Stúdentaráðs og óskuðu eftir að flytja erindi á Stúdentaráðsfundi um málefni hælisleitenda. Á fundi Stúdentaráðs 19. júní 2018 fjallaði Anna Kristín Jóhannesdóttir, hjúkrunarfræðingur, um aðkomu Háskóla Íslands að aldursgreiningum á hælisleitendum. Hún greindi frá því þær hefðu fundað með rektor og fulltrúum úr vísindasiðanefnd Háskólans en þótti þeim fátt hafa verið um svör. Í kjölfar Stúdentaráðsfundar fóru forseti Stúdentaráðs, forseti sviðsráðs Heilbrigðisvísindasviðs og Anna Kristín á fund með rektor, forseta Heilbrigðisvísindasviðs og ráðgjafa rektors. Þar kom í ljós að verið væri að undirbúa mögulegan þjónustusamning við Útlendingastofnun og koma þessu málefni þannig í formlegri farveg.

Eftir þann fund hefur málið farið til umsagnar til jafnréttisnefndar og vísindasiðanefndar háskólaráðs, stjórn Heilbrigðisvísindasviðs hefur tekið málið fyrir og að lokum lá málið fyrir hjá háskólaráði. Þá hafa doktorsnemar, nýdoktorar og starfsfólk Háskóla Íslands tekið sig saman og safnað undirskriftum gegn þessum verksamningi á Menntavísindasviði, Félagsvísindasviði og Hugvísindasviði. Háskólaráð ákvað að stofna starfshóp sem myndi nálgast málið heildrænt fyrir hönd ráðsins og skila af sér afstöðu til atkvæðagreiðslu. Sú afstaða liggur fyrir og hefur háskólaráð samþykkt að undirrita verksamning við Útlendingastofnun.

Kaupandi þjónustunnar, Útlendingastofnun, nýtir meðal annars niðurstöður rannsókna sem eru framkvæmdar innan veggja Háskólans til að úrskurða um málefni hælisleitenda. Með því að gera verksamning við Útlendingastofnun er Háskóli Ísland að taka skýra afstöðu með þessum framkvæmd þessara greininga og er ekki lengur hlutlaus. Háskólinn er sjálfstæð menntastofnun og er eitt helsta hlutverk hans gagnvart samfélaginu að vera leiðandi í þekkingaröflun og miðlun þeirrar þekkingar. Með gerð slíks verksamnings er vegið að sjálfstæði stofnunarinnar og þeirra rannsókna sem fara fram innan hennar. Nánar tiltekið er fræðafólk innan HÍ að stunda rannsóknir og fræðastörf sem tengjast hælisleitendum á sama tíma og stofnunin er skuldbundin til þess að taka þátt í rannsóknum á tönnum þessara hópa sem hafa áhrif á málsmeðferð þeirra hérlendis. Það er í besta falli þversagnakennt. Háskólinn



Stúdentaráð Háskóla Íslands



Stúdentaráð Háskóla Íslands

hefur fært rök fyrir því að með verksamningnum sé skólinn ekki að taka afstöðu með eða gegn rannsóknum á tönnum til aldursmats en ákveður að framkvæma rannsóknirnar engu að síður að beiðni Útlendingastofnunar. Það er óábyrgt að lúta beiðni um framkvæmd rannsókna án þess að svara spurningum á skýran hátt um réttmæti rannsóknanna. Að HÍ telji sig ekki þurfa að taka afstöðu til rannsókna sjálfa sem hann mun framkvæma innan veggja skólans vegur að trúverðugleika niðurstöðu háskólans og réttmæti samningsins í heild sinni.

Háskólinn telur sig jafnframt best til þess fallinn að sinna þessari þjónustu og vilja löggjafans, þrátt fyrir að engir skýrir verkferlar hafi legið fyrir öll árin á undan og þrátt fyrir að verksamningurinn sem á að undirrita standist ekki alþjóðlegt verklag. Í því tilliti vísum við til sérálits fulltrúa stúdenta í háskólaráði, Benedikts Traustasonar, [sem má nálgast hér](#).

Óljóst er hvenær stjórnýsla Háskóla Íslands fékk vitneskju um að verið væri að veita þessa þjónustu innan veggja skólans. Auk þess er óljóst hvenær ferlið fór formlega af stað innan stjórnýslunnar en gefið var skýrt út að á meðan samningur væri í undirbúningsferli ættu engar tanngreiningar að fara fram innan skólans. Stúdentaráði hefur hins vegar borist ábendingar um að tanngreiningar hafi farið fram við Tannlæknadeild í september og nóvember 2018 þegar slíkt átti að vera óheimilt. Stúdentaráð telur það grafalvarlegt og að skoða þurfi það nánar og að það sé enn einn þáttur sem dregur úr trúverðugleika háskólans þegar kemur að afgreiðslu þessa máls.

Stúdentaráð telur jafnframt spurningum ósvarað á borð við hvort Háskóli Íslands telji fylgdarlaus börn geti veitt upplýst samþykki fyrir þátttöku þeirra í umræddum rannsóknum og hvort þessar rannsóknir séu valkvæðar. Eins og bent hefur verið á kveða vísindasiðareglur háskólans á um að þessum atriðum sé fullnægt til þess að rannsóknir séu framkvæmdar innan veggja skólans.

Stúdentaráð telur það skammarlegt að Háskóli Íslands virðist ekki hafa tekið eftirfarandi rök til greina við úrvinnslu málsins því enn standa eftir ósvaraðar spurningar. Það er Stúdentaráði þungbært að æðsta vald háskólans hafi samþykkt að Háskóli Íslands taki sér stöðu með þeim hætti sem samningurinn greinir, í málefnum hælisleitenda hérlandis. Stúdentaráð ítrekar jafnframt þá afstöðu sína frá því í september 2018, en ráðið leggst einróma gegn því að slíkar greiningar séu gerðar innan skólans.

*Fyrir hönd Stúdentaráðs Háskóla Íslands,*

*Elísabet Brynjarsdóttir  
Forseti Stúdentaráðs*





## UMSAGNIR STÚDENTARÁÐS TIL ALÞINGIS



### Umsögn Stúdentaráðs Háskóla Íslands um fjárlög 2019

Í myndskreyttum stjórnarsáttmála ríkisstjórnar koma fram fagrar staðhæfingar um að öflugt menntakerfi sé forsenda framfara og boðuð er stórsókn í menntamálum. Stefnt er að því að fjármögnun háskólastigsins nái meðaltali OECD-ríkjanna fyrir árið 2020 og meðaltali Norðurlanda árið 2025, sem muni skipta sköpum fyrir bæði kennslu og rannsóknir í íslenskum háskólum.

Til þess að ná meðaltali OECD-ríkjanna fyrir árið 2020 þyrfti að auka útgjöld um þrjú milljarða til háskólastigsins á næstu tveimur árum. Til þess að ná meðaltali Norðurlandanna þyrfti háskólastigið um það bil tveggja milljarða aukningu árlega til ársins 2025.

Raunhækkun háskólastigsins fyrir árið 2019 er um 705 milljónir (1,6%) og fjármálaáætlun 2019-2023 gerir ráð fyrir um 2,7 milljarða viðbót næstu fimm árin til háskólastigsins í heild sinni. Það liggur því í augum uppi að ríkisstjórnin ætlar sér hvorki að standa við þau loforð að háskólar Íslands nái meðaltali OECD-ríkjanna né Norðurlandanna á tímabilinu.

Ljóst er að fjármagn á hvern nemenda mun ekki aukast, ef miða má frumvarpið, nema að fækkun nemenda á háskólastigi eigi sér stað. Aðgangstakmarkanir eiga, að mati Stúdentaráðs, einungis að vera teknar upp þegar markmið þeirra er að auka gæði náms með hagsmuni nemenda að leiðarljósi en ekki til þess að bæta upp fyrir skort á fjármagni til háskólastigsins, þegar ríkisstjórn getur ekki staðið við gefin loforð. Að sama skapi er vert að benda á að nemendum á háskólastigi hefur fækkað síðustu ár og að Norðurlöndin mennta nú hlutfallslega fleiri einstaklinga á háskólastigi en Ísland. Það síðasta sem ríkisstjórnin ætti að vilja er að breikka þetta bil milli Íslands og Norðurlandanna enn frekar; þvert á móti ætti hún að stuðla að frekari menntun, sem ríkisstjórnin telur forsendu framfara í stjórnarsáttmála sínum.

Á Norðurlöndunum eru heildartekjur háskóla á ársnema að meðaltali 4,4 milljónir á ári en á Íslandi eru þær aðeins 2,6 milljónir. Nemendur á Íslandi fá því um 1,8 milljónum króna minna. Í fjárlögunum er raunhækkun Háskóla Íslands um 200 milljónir. Launa- og verðlagsbætur eru stór hluti af þessari hækkun en fjöldi ársnema sem greitt er fyrir stendur nánast í stað í frumvarpi til fjárlaga 2019.

Nemendur fá 70% meira í Svíþjóð.

Nemendur fá 42% meira í Finnlandi.

Nemendur fá 85% meira í Danmörku.

Nemendur fá 81% meira í Noregi.

Gríðarlega mikilvægt er fyrir íslenskt samfélag að hafa samkeppnishæft menntakerfi en til þess þarf ríkisstjórnin að gera líkt og samanburðarríkin og auka bæði fjárfestingar í námi og nemendum. Ljóst er að þessi tvö markmið ríkisstjórnarinnar, að ná meðalfjárframlögum OECD ríkjanna fyrir 2020 og Norðurlandanna fyrir 2025, munu ekki verða að veruleika.

Því harmar Stúdentaráð nýútgefið fjárlagafrumvarp í núverandi mynd og skorar á Alþingi að gera betur og ná settum markmiðum í fjármögnun háskólastigsins.

Fyrir hönd Stúdentaráðs Háskóla Íslands

Elísabet Brynjarsdóttir, forseti SHÍ



Stúdentaráð Háskóla Íslands



Stúdentaráð Háskóla Íslands

18. desember 2018

Sæmundargata 4, 105 Reykjavík

## UMSÖGN STÚDENTARÁÐS

### Frumvarp til laga um breytingu á lögum um húsnæðisbætur (réttur námsmanna og fatlaðs fólk), 140. mál.

Stúdentaráð fagnar því að verið sé að huga að bættum kjörum námsmanna og fatlaðra á leigumarkaði. Líkt og kemur fram í frumvarpinu er meginreglan varðandi þá sem búa í herbergjum með sameiginlegum aðgangi að eldhúsi og baðherbergi sú að þeir njóta ekki húsnæðisbóta, enda telst slíkt fyrirkomulag ekki til „íbúðarhúsnæðis“. Lagt er til, í b-lið 1. gr., að réttur námsmanna til húsnæðisbóta verði rýmkaður. Fram til þessa hafa þeir einir sem leigja í samnýttu húsnæði, á heimavist eða námsgörðum sem tengjast viðurkenndum menntastofnunum innan hins almenna menntakerfis á Íslandi, sbr. c-lið 11. gr. laga um húsnæðisbætur, átt þess kost að fá húsnæðisbætur. Í frumvarpinu er fjallað um til stuðnings breytingunum að ljóst er að slík búsetuúrræði bjóðast ekki öllum þeim sem þess óska, hvort sem það er vegna fjárhagsstöðu eða vegna þess að þeir kjósa að búa með öðrum, og því er þessi lagabreyting lögð til.

Stúdentaráð tekur heilshugar undir það að réttur námsmanna til húsnæðisbóta verði rýmkaður og styður því frumvarpið. Stúdentaráð hvetur nefnd og þing að veita þessu máli brautargengi.

Stúdentaráð vekur jafnframt athygli á því að Félagsstofnun stúdenta (hér eftir FS), sem er starfrækt fyrir stúdenta Háskóla Íslands, getur aðeins þjónustað um 10% stúdenta í dag um íbúð. FS á og rekur um 1.200 leigueiningar en nemendafjöldi Háskóla Íslands er um 12.000 manns. Markmið FS er að geta þjónustað að minnsta kosti 15% og er talsverð uppbygging framundan en stúdentar geta ekki beðið og þurfa að leita annarra úrræða. Í dag eru um 720 stúdentar við Háskóla Íslands á biðlista hjá FS eftir húsnæði.

Byggingarfélag námsmanna (BN) er annað leigufyrtæki fyrir stúdenta sem fellur undir c-lið 11. gr. laga. Félagið er með samtals 469 leigueiningar í boði fyrir stúdenta á höfuðborgarsvæðinu. Í dag eru milli 400-450 aðilar á biðlista félagsins eftir íbúðum.



Stúdentaráð Háskóla Íslands

Námsmenn hafa sömuleiðis töluvert lægri framfærslu en aðrir hópar samfélagsins, sé miðað við framfærslu Lánasjóðs íslenskra námsmanna. Grunnframfærsla námslána til einhleyps námsmanns í leigu- eða eigin húsnæði er 184.806 kr. á mánuði. Til samanburðar eru grunnatvinnuleysisbætur 270.000 kr. á mánuði og lágmarkslaun 300.000 á mánuði frá 1. maí 2018. Leiguverð á á höfuðborgarsvæðinu hækkaði um 13% milli árunna 2016 og 2017 og 9,6% milli árunna 2017 og 2018 samkvæmt tölum frá Hagstofunni. Á sama tíma hefur LÍN hækkað húsaleigugrunn námslána um 2,5% milli árunna 2016-17. Framfærsla námsmanna á námslánum heldur því engan veginn í við hækkun leiguverðs.

Ljóst er að þörfin er mikil og brýn og því hvetur Stúdentaráð Alþingi til þess að réttur námsmanna, sem og fatlaðra, til húsnæðisbóta verði rýmkaður.

F.h. Stúdentaráðs Háskóla Íslands  
Elísabet Brynjarsdóttir  
Forseti



Stúdentaráð Háskóla Íslands



Stúdentaráð Háskóla Íslands

8. nóvember 2018

Sæmundargata 4, 105 Reykjavík

### UMSÖGN STÚDENTARÁÐS við þingsályktunartillögu um dag nýrra kjósenda

Skrifstofa Stúdentaráðs þakkar fyrir erindið. Við fögnum áhuga þingmanna á því að auka lýðræðisþátttöku ungs fólks og vonum að málið nái fram að ganga.

Þorri stúdenta við Háskóla Íslands er á aldrinum 20 til 29 ára og má ætla það sé sá hópur sem helst mætti flokka sem „námsmenn“, þ.e. einstaklingar sem eru í fullu námi og stunda litla sem enga atvinnu til viðbótar við skólagöngu. Ef marka má niðurstöður Hagstofu Íslands um kosningaþátttöku í sveitarstjórnarkosningum sem fram fóru vorið 2018, eru það kjósendur á þessu aldursbili, þ.e. 18–29 ára, sem taka minnstan þátt í kosningunum. Gróflega áætlað, án tillits til annarra breytna, má ætla að u.þ.b. helmingur námsmanna við Háskóla Íslands hafi setið heima við síðustu sveitarstjórnarkosningar.

Stúdentaráð Háskóla Íslands telur þetta áhyggjuefni, enda minnkar þetta vægi námsmanna og háskólastúdenta í almennri umræðu um þeirra eigin málefni og minnkar e.t.v. hvata ráðamanna til að veita þessum hópum vægi. Þessi skilningur kemur heim og saman við sjáanlega þróun og upplifun ungs fólks á eigin kjörum – að þau fari versnandi. T.d. má nefna þróun meðalráðstöfunartekna ungs fólks, sér í lagi á aldrinum 16 til 24 ára, en hjá þessum aldurshópi hafa ráðstöfunartekjur *lækkað* á árunum 1990 til 2014 (til fróðleiks nefndarmanna vísast til greinar greiningardeildar Arion banka, sem finna má [hér](#)).

Í öllu falli telur Stúdentaráð Háskóla Íslands að brýnt sé að efla kosningþátttöku ungmenna, og fagnar því þingsályktuninni. Hins vegar teljum við að koma þurfi í auknum mæli til móts við fólk sem ekki getur sótt fund sem haldinn yrði í höfuðborginni. Þó svo að gert sé ráð fyrir að framhaldsskólanemar fái svigrúm til að sækja dagskránnu, er nokkuð af ungu fólki sem ekki sækir framhaldsskólanám heldur starfar á almennum vinnumarkaði. Þá þyrfti að athuga betur hvernig verkefnið yrði útfært í hinum dreifðu byggðum landsins, en ætla mætti að svona verkefni reynist best í framkvæmd sé það gagnvirkt, en ekki upptaka af fyrirlestri. Loks eru margir fyrstu kjósendur innflytjendur í fullu starfi og þyrfti því að koma til móts við þá sem ekki kæmst vegna vinnu.

F.h. Stúdentaráðs Háskóla Íslands  
Jónas M. Torfason  
framkvæmdastjóri



20. janúar 2019

Sæmundargata 4, 105 Reykjavík

## UMSÖGN STÚDENTARÁÐS við frumvarp til laga um lækun kosningaldurs

Skrifstofa Stúdentaráðs þakkar fyrir erindið. Við fögnum áhuga þingmanna á því að auka lýðræðisþátttöku ungs fólks og vonum að málið nái fram að ganga.

Þorri stúdenta við Háskóla Íslands er á aldrinum 20 til 29 ára og má ætla það sé sá hópur sem helst mætti flokka sem „stúdenta“, þ.e. einstaklingar sem eru í fullu námi og stunda litla sem enga atvinnu til viðbótar við skólagöngu. Ef marka má niðurstöður Hagstofu Íslands um kosningaþátttöku í sveitarstjórnarkosningum sem fram fóru vorið 2018, eru það kjósendur á þessu aldursbili, þ.e. 18–29 ára, sem taka minnstan þátt í kosningunum. Gróflega áætlað, án tillits til annarra breytna, má ætla að u.þ.b. helmingur námsmanna við Háskóla Íslands hafi setið heima við síðustu sveitarstjórnarkosningar.

Stúdentaráð Háskóla Íslands telur þetta áhyggjuefni, enda minnkar þetta vægi námsmanna og háskólastúdenta í almennri umræðu um þeirra eigin málefni og minnkar e.t.v. hvata ráðamanna til að veita þessum hópum vægi. Þessi skilningur kemur heim og saman við sjáanlega þróun og upplifun ungs fólks á eigin kjörum – að þau fari versnandi. T.d. má nefna þróun meðalráðstöfunartekna ungs fólks, sér í lagi á aldrinum 16 til 24 ára, en hjá þessum aldurshópi hafa ráðstöfunartekjur *lækkað* á árunum 1990 til 2014 (til fróðleiks nefndarmanna vísast til greinar greiningardeildar Arion banka, sem finna má [hér](#)). Skýrt dæmi um þetta eru almennir kjarasamningar á vinnumarkaði, þar sem 18 og 19 ára einstaklingar eru sjálfkrafa með nokkuð lægri laun en félagar þeirra sem fyllt hafa 20 ár.

Eins og vitað er má almennt líta á kjósendahópa sem vissar „blokkir“, þ.e. að einstaklingar með sambærilega hagsmuni kjósa almennt á sambærilegan hátt. Má í þeim efnum vísa til stofnun margra stærstu stjórnsmálaflókka 20. aldar en þeir voru að jafnaði stofnaðir í kringum hagsmuni tiltekinna stétta í samfélaginu. Skipulag blokkarinnar og lýðræðisleg þátttaka hennar stýrir svo oft hve mikið vægi sjónarmið hópsins hafa í almennri umræðu og hversu mikið fólk í ákvörðunarstöðum hlustar á téð sjónarmið.



## Stúdentaráð Háskóla Íslands

Eins og segir hér fyrir ofan hafa kjör ungs fólks versnað frá upphafi síðasta áratug síðustu aldar. Má e.t.v. rekja hluta af þessari kjaralækkun til þess hve lítinn þátt sjónarmið ungmenna, sem eru að stórum hluta námsmenn, hafa í almennri stjórn málaumræðu. Virðist því liggja vel við höggi að slá því föstu að aukin lýðræðisþátttaka ungmenna og hlutfall þeirra af gildum atkvæðum í lýðræðislegum kosningum hækki, muni athygli stjórn málastéttarinnar færast meir í átt að hagsmunamálum ungs fólks.

Stúdentaráð telur að lækkun kosningaaldurs ein og sér geri e.t.v. ekki mikið fyrir „ungmenna-blokkina“, ef svo má að orði komast. Öflug fræðsla um mikilvægi lýðræðis, virkni þess og gangvirki ákvörðunartöku í íslensku samfélagi samhliða lækkun kosningaaldurs gæti það þó vel. Stúdentaráð telur í öllu falli að valdefling ungs fólks og aukinn þáttur þeirra í opinberri ákvarðanatöku vera af hinu góða og gæti lækkun kosningaaldurs vel verið mikilvægur þáttur í átaki þess efnis.

Eins finnur Stúdentaráð fá rök sem mæla gegn því að einstaklingar sem eru orðnir 16 ára fá færi á því að taka þátt í kosningum til sveitarstjórna og hafi þannig áhrif á sitt nærumhverfi, en margar þær ákvarðanir sem eru á borði sveitarstjórna um allt land, stórra og smáa, varða hagsmuni ungmenna mjög náið.

Í ljósi náninna tengsla hagsmuna ungmenna og hagsmuna stúdenta mælir Stúdentaráð Háskóla Íslands því heilshugar með að frumvarpið sé samþykkt, en leggur þó jafnframt til að samhliða lækkuninni verður farið í öflugt átak til að efla lýðræðisvitund fyrstu kjósenda.

*F.h. Stúdentaráðs Háskóla Íslands  
Jónas M. Torfason  
framkvæmdastjóri*

Nefndasvið Alþingis  
b.t. fjárlaganefndar

Reykjavík, 23. apríl 2019

## UMSÖGN STÚDENTARÁÐS

### um tillögu til þingsályktunar um fjármálaáætlun 2020 - 2024, 750. mál

Erindi þetta er sent á fjárlaganefnd Alþingis og varðar fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar.

Fyrir það fyrsta vill Stúdentaráð taka undir það sem fram kemur um framtíðarsýn og meginmarkmið fjármálaáætlunarinnar<sup>1</sup>, en þar segir að vel menntað fólk leggi grunninn að nútímalegu þekkingarsamfélagi þar sem rannsóknir og þekkingarstarfsemi verði grundvöllur verðmætasköpunar og atvinnulífs. Þar segir enn fremur:

*Meginmarkmið stjórnvalda hvað varðar starfsemi á háskólastigi er að framsækna og alþjóðlega samkeppnishæfar rannsóknarstofnanir og háskólar skapi þekkingu, miðli henni og undirbúi nemendur til virkrar þátttöku í nútímaþekkingarsamfélagi og til verðmætasköpunar sem byggist á hugviti, nýsköpun og rannsóknum.*

Þessu getur Stúdentaráð svo sannarlega verið sammála. Hins vegar telur Stúdentaráð Háskóla Íslands að tilefni sé til að bregðast við nokkrum atriðum sem í fjármálaáætlun er að finna.

### Fjármögnun háskólastigsins

Það að fjármögnun íslenskra háskóla nái meðaltali OECD ríkjanna fyrir 2020 er sagt vera eitt helsta markmið fjármálaáætlunarinnar hvað háskólastigið varðar.<sup>2</sup> Þessu markmiði hefur verið haldið á lofti af yfirvöldum og er m.a. að finna í samstarfssáttmála ríkisstjórnarinnar, en þar segir jafnframt að markmið stjórnvalda sé að ná meðaltali Norðurlandanna í fjármögnun háskólastigsins fyrir 2025.<sup>3</sup>

Af samanburði á útgjaldaramma háskólastigsins fyrir þessa fjármálaáætlun sem nú er til umfjöllunar, og þeirri sem samþykkt var í fyrra og tekur til tímabilsins 2019 til 2023, virðist vera að fjárframlög til háskólastigsins lækki umtalsvert árin 2020 og 2021 frá fyrri áætlun, ásamt minni lækkun árið 2022. Í heildina litið verður Háskóli Íslands af rúmlega 1,7 milljörðum á þessu tímabili, sé litið til heildarútgjaldaramma.

Lækkunin er mest framan af, og er vandséð hvernig ríkisstjórnin hyggst mæta loforði sínu um að ná meðaltali OECD ríkjanna í fjármögnun háskóla, nema forsendur útreikninga hafi breyst til muna.

<sup>1</sup> Fjármálaáætlun 2020 - 2024, bls. 341

<sup>2</sup> Fjármálaáætlun 2020 - 2024, bls. 347

<sup>3</sup> Stjórnarsáttmáli ríkisstjórnarinnar, bls. 8

Nefndasvið Alþingis  
b.t. fjárlaganefndar

## Fjárfesting í innviðum

Í fjármálaáætlun virðist hvorki vera gert ráð fyrir að hús Heilbrigðisvísindasviðs né Hús íslenskunnar muni rísa á tímabilinu, en eftir báðum mannvirkjunum er beðið af mikilli eftirvæntingu og mikilvægi þeirra er gífurlegt fyrir stúdenta Háskóla Íslands.

Í áætluninni segir að fjármagni vegna Húss íslenskunnar sé hliðrað til vegna fyrirsjáanlegra tafa<sup>4</sup>, en fjármagnið virðist ekki vera rekjanlegt innan áætlunarinnar og Stúdentaráði er ekki kunnugt um neinar ástæður fyrir því að verkið ætti að tefjast. Stúdentaráð krefst skýrra svara frá ríkisstjórn um af hverju þessar tafir standa. Óvissa um framkvæmdirnar er bagaleg og ásýnd háskólasvæðisins bíður hnekki ef reitur húsnæðisins verður áfram í því standi sem hann er í dag.

Þá er hvergi minnst á nýtt húsnæði Heilbrigðisvísindasviðs, sem alltaf hefur staðið til að muni rísa samhliða nýjum meðferðarkjarna Landspítalans við Hringbraut, en framkvæmdir á honum eru þegar komnar langt á veg. Háskóli Íslands hefur samþykkt að taka frá 300 milljónir af fé Happraættis Háskóla Íslands til að verja í framkvæmdir. Því vantar ekkert nema vilja stjórnvalda til að framkvæmdir hefjist, þau standi við gefin loforð og ráðstafi fjármagni á móti Háskóla Íslands.

Uppbygging á nýjum spítala verður að fela í sér uppbyggingu fyrir stúdenta Heilbrigðisvísindasviðs. Landspítalinn er háskólasjúkrahús sem tekur á móti hundruðum stúdenta á hverjum degi. Núverandi aðstaða stúdenta krefst mikils byggingarflakks sem hefur fjárhagsleg áhrif og erfiðar alla daglega vinnu stúdenta sem og stjórnsýslu. Ef stúdentar sviðsins hefðu eitt húsnæði þar sem þau gætu komið saman og stundað nám myndi það ekki einungis spara fjármagn, heldur einnig auka möguleika á þverfaglegri teymisvinnu milli deilda. Bygging húsnæðisins hefur staðið til í fjöldamörg ár og nýbúið er að gera nýja þarfagreiningu. Háskóli Íslands hefur því staðið við sinn hlut til að stuðla að uppbyggingu húsnæðisins en ekkert bólar á hlut ríkisstjórnar. Endurreisn heilbrigðiskerfisins verður ekki að raunveruleika eingöngu með byggingu nýs spítala, heldur verður að styrkja stoðir hans. Mikilvægasta stoðin er mannauðurinn og hann kemur frá Háskólanum. Því er óásættanlegt að ekkert fjármagn er að sjá í fjármálaáætlun tileinkað húsi Heilbrigðisvísindasviðs.

## Nýsköpun og rannsóknir

Ef litið er til 7. kafla fjármálaáætlunar ríkisstjórnarinnar má sjá fjárveitingar til nýsköpunar, rannsókna og þekkingargreina. Ef gert er ráð fyrir að meðaltali 2% verðbólgu yfir árin 2016-2023 þá nemur hækkun til málaflokksins ekki nema um 4% yfir það tímabil. Það er ekki í anda ríkisstjórnarsáttmálans sem nefnir nýsköpun og rannsóknir sem eina af megináherslum ríkisstjórnarinnar.

<sup>4</sup> Fjármálaáætlun 2020 - 2024, bls. 105



Nefndasvið Alþingis  
b.t. fjárlaganefndar



Stúdentaráð Háskóla Íslands

Forgangsmarkmið ríkisstjórnar<sup>5</sup> 2019 samanstanda m.a. af því að eigi síðar en árið 2030 verði ýtt undir nýsköpun og fjölgað störfum við rannsóknir og þróun fyrir hverja milljón íbúa, auk þess sem útgjöld til rannsókna og þróunar hins opinbera og einkageirans verði aukin. Fjármálaáætlunin er ekki í anda þess.

Árið 2018 lagði Nýsköpunarhópur Viðskiptaráðs Íslands<sup>6</sup> til 10 aðgerðartillögur um hvernig efla megi nýsköpun í íslensku samfélagi til að auka verðmætasköpun og stuðla að sjálfbærum hagvexti til lengri tíma. 5 tillögur eru beindar að aðgerðum ríkisins og voru þrjár þeirra að auka skilvirkni og efla stuðningskerfi nýsköpunar, auðvelda frumkvöðlum að stofna fyrirtæki og að efla hvata til rannsókna og þróunar. Fjárveitingar hins opinbera til þessa málaflokks er forsenda þess að hægt sé að fylgja tillögunum eftir.

Það er skýlaus krafa Stúdentaráðs að stjórnvöld stórauki fjármagn til nýsköpunar og rannsókna.

---

<sup>5</sup>

<https://www.stjornarradid.is/verkefni/utanrikismal/throunarsamvinna/heimsmarkmidin/forgangsmarkmid-rikisstjornarinnar/#Tab9>

<sup>6</sup> <https://vi.is/malefnastarf/utgafa/skyrslur/nyskopunarheit-10-adgerdartillogur-til-ad-efla-nyskopun/>

## SJÓÐIR STÚDENTARÁÐS

## HRAFNKELSSJÓÐUR

Forseti Stúdentaráðs situr sem formaður sjóðsstjórnar Hrafnkelssjóðar. Hrafnkelssjóður var stofnaður 1930 af hjónunum Ólafíu Guðfinnu Jónsdóttur og Einari Þorkelssyni til minningar um son þeirra, Hrafnkel Einarsson. Við stofnun sjóðsins 1930 var ákveðið að Hrafnkelssjóður yrði virkur þegar öld væri liðin frá fæðingu Hrafnkels, 13. ágúst 2005. Veittur hefur verið styrkur úr sjóðnum sex sinnum og á þessu starfsári var sjöunda styrkveitingin.

Auglýst var eftir umsækjendum fyrir sjöundu styrkveitingu sjóðsins í gegnum almennan háskólapóst, í Stúdentablaðinu, á heimasíðu Stúdentaráðs og á samfélagsmiðlum. Alls bárust 37 umsóknir og fjölmargir afburðastúdentar sóttu um í ár. Stjórn Hrafnkelssjóðs ákvað á fundi þann 9. ágúst 2018 að veita Árna Frey Gunnarssyni styrk. Námsferill Árna er glæsilegur og hann hefur hlotið mikið lof meðmælenda sinna. Styrkurinn mun nýtast til meistaranáms Árna í stærðfræði við Cambridge-háskóla á Englandi. Í framhaldi þeirrar gráðu hyggst Árni leggja stund á doktorsnám á mörkum stærðfræði og læknávisinda. Styrkveitingin fór fram í hádeginu á Hilton Reykjavík þann 13. ágúst 2018.

Næsta úthlutun úr sjóðnum verður 13. ágúst 2020.



Frá afhendingu styrksins 13. ágúst 2018.

Frá vinstri: Nína Hjördís Þorkelsdóttir, Árni Freyr Gunnarsson, Elísabet Siemsen (rektor Menntaskólans í Reykjavík), Elísabet Brynjarsdóttir (forseti Stúdentaráðs og formaður sjóðsstjórnar) og Stefán Friðfinnsson (f.h. Stúdentafélags Reykjavíkur og gjaldkeri sjóðsstjórnar).

## STÚDENTASJÓÐUR

## Í stjórn Stúdentasjóðs 2018-2019 sátu:

- Sigurður Vopni Vatnsdal, formaður
- Egill Örn Richter Ingibergsson, varaformaður
- Marinó Örn Ólafsson,
- Mikael Rafn Línberg Steingrímsson,
- Harpa Almarsdóttir,
- Grétar Þór Sigurðsson
- Sigurbjörg Ásta Ólafsdóttir

Á árinu var áfram notast við rafrænar umsóknir og lagt til að umsækjendur notuðust við Google Drive og Dropbox til að gera nauðsynleg fylgiskjöl aðgengileg. Gert var umsóknareyðublaðið skýrara og með nákvæmari leiðbeiningum til að auðvelda vinnu við úthlutanir. Var það gert með aðstoð frá Pétri Geir og Jónasi Má.

Ef vandkvæði komu upp fyrir úthlutanir í tengslum við skýringar á lögum og reglum sjóðsins tók stjórn afstöðu í sameiningu áður en úthlutun hófst. Ef vandkvæði komu upp meðan á úthlutun stóð tók stjórn einnig afstöðu í sameiningu um þau vandkvæði.

Dagsetningar á úthlutunarfundum stjórnar stúdentasjóðs 2018-2019:

- 29. október 2018
- 17. desember 2018
- 14. mars 2019
- 14. maí 2019

## ÁBENDINGAR UM LÖG OG REGLUR SJÓÐSINS:

1. Skýra hvað sé átt við með “aðila” og “kosninga” í lið 4.4. d
  - Alþingi, Stúdentaráðs, hvað?
2. Taka út grein 2.9 um greiningarnefnd því hún er í raun ekki virk og hefur ekki verið síðustu ár
  - Þá þyrfti að breyta grein 2.8 þar til samræmis.
  - Úhlutunarnefnd greiningarstyrkja hefur bara verið stjórn sjóðsins hingað til.
3. Skýra þarf betur lið 2 í verklagsreglum stjórnar - Almennar athugasemdir:
  - Ekki er hægt að sækja um styrk vegna atburðar á síðasta skólaári. Fastir styrkir og höfðatölustyrkir hlaupa ekki á milli anna. Hægt er að sækja um aðra styrki milli úthlutana.
  - Þ.e.a.s. Hvort að félög sem fengu fastan styrk og höfðatölustyrk fyrir áramót geti sótt um aftur á núverandi önn.

4. Setja inn að umsækjendum um höfðatölustyrk sé skylt að setja inn nákvæman fjölda félagsmanna
  - Mögulega með sönnun á borð við félagatal.
5. Gæta þess að lög og allir þeir staðir sem reglurnar birtast séu samræmdar eða hafa þetta bara á einum stað. Uppfæra þarf t.d. lög stúdentasjóðs á [www.sjodir.hi.is](http://www.sjodir.hi.is).
6. Skoða það að breyta einnig titlum innan stjórnar stúdentasjóðs. t.d. Formaður-forseti Varaformaður-Varaforseti.
7. Skoða má ýmislegt um gengi og leiðréttingar, Er það hlutverk stjórnar að leiðrétta fyrir gengi *ef kvittanir sem við fáum eru í erlendri mynt*, eða umskækjandía, eða er það gert yfir höfuð ?
  - Þ.e.a.s Spurning hvort næsta stjórn taki þetta bara fyrir í verklagsreglum sem þau setja, við vorum ýmist að leiðrétta og ekki leiðrétta fyrir gengi.
8. Forföll úr stjórn: Skoða þarf: Ef stjórnarfulltrúi forfallast úr stjórn af einhverjum ástæðum, skal endurkjör fara fram samkvæmt 2.1 a)
9. Skoða þarf að ef til þess kemur, þá gæti forseti áskilið sér rétt að vísa stjórnarmeðlim Stúdentasjóðs frá störfum á grundvelli mætingarleysis eða óvandvirkni til þess að fá virkari einstakling í stjórn. Hægt að gera í samvinnu við þann sem hefur ekki verið virkur. Eða að Stjórn getur gert það með einföldum meirihluta í atkvæðagreiðslu.

## SAMSTARFSADILAR STÚDENTARÁÐS

## NEMENDAFÉLÖG OG ÖNNUR FÉLÖG INNAN HÁSKÓLA ÍSLANDS

Í upphafi starfsárs var lögð mikil áhersla á að efla samskipti Stúdentaráðs við nemendafélög og upplýsa þau um allar boðleiðir ásamt starfi ráðsins.

Í lok vorannar 2018 var boðað til fyrsta nemendafélagsfundar, en öll nemendafélög innan Háskólans voru boðuð og máttu tveir fulltrúar frá hverju félagi sækja fundinn. Fundurinn var haldinn þriðjudaginn 29. maí í HT-101 og var hann mjög vel sóttur af formönnum og öðrum stjórnarmeðlimum félaga. Haldin var kynning á Stúdentaráði og skrifstofu Stúdentaráðs, hvernig nemendafélögin geti nýtt Stúdentaráð í starfi sínu og í lokin var haldin stutt kynning á störfum nemendafélaga innan skólans og gefin ákveðin ráð til þeirra. Mikil ánægja var á fundinum meðal formanna og gafst samstarfið vel.

Helstu hagsmunamál framundan voru rædd og gátu nemendafélög komið sínu að varðandi þau og viðburðir Stúdentaráðs voru kynntir. Nemendafélögin spila stóran leik varðandi Októberfest og er mikilvægt að forseti félagslífs- og menningarnefndar sé í góðu samstarfi við nemendafélögin.

Í kjölfar fundarins var stofnaður hópur á Facebook fyrir forystu allra nemendafélaga ásamt skrifstofu Stúdentaráðs og forseta félagslífs- og menningarnefndar. Sá vettvangur nýttist vel þar sem nemendafélögin gátu átt í samskiptum sín á milli auk þess sem Stúdentaráð gat miðlað efni til nemendafélaganna.

## LANDSSAMTÖK ÍSLENSKRA STÚDENTA

Á starfsárinu myndaðist ótrúlega gott samstarf við forystu LÍS, þá sérstaklega milli forseta og varaforseta SHÍ og formanns og varaformanns LÍS. Þessir aðilar áttu reglulega fundi yfir starfsárið og unnu náið saman að skipulagningu landsþings LÍS, loftslagsverkfalls stúdenta og ungmenna, herferðar fyrir bættum lánasjóði og fleira.

Stúdentaráð á tvo fulltrúa í fulltrúaráði LÍS sem funda einu sinni í mánuði. Þar mæta fulltrúar frá öllum aðildarfélögum LÍS og ræða málefni LÍS sem og málefni aðildarfélaganna. Elísabet Brynarsdóttir, forseti SHÍ, og Sonja Sigríður Jónsdóttir, varaforseti SHÍ, áttu sæti í fulltrúaráði LÍS starfsárið 2018-2019. Öllum fundargerðum fulltrúaráðs var miðlað til Stúdentaráðs í fundargögnum fyrir hvern Stúdentaráðsfund.

## LANDSSAMBAND UNGMENNAFÉLAGA

Stúdentaráð á einn fulltrúa innan fulltrúaráðs LUF (Landssambands ungmennafélaga) sem situr í ár í senn. Skv. lögum Stúdentaráðs er sá fulltrúi valinn úr hópi starfsfólks skrifstofu SHÍ og staðfestur af stjórn. Í ár sat Sonja Sigríður Jónsdóttir, varaforseti sem fulltrúi SHÍ í ráðinu. Fulltrúaráð miðar við að funda að minnsta kosti fjórum sinnum yfir árið en Sonja mætti á þrjá fundi yfir starfsárið. LUF býður öllum aðildarfélögum sínum uppá að taka þátt í Leiðtogaskóla Íslands (LSÍ), árlegu verkefni þeirra sem býður félögum aðildarfélaga að þjálfa persónulega hæfni sína, efla tengslanet, deila reynslu, auka getu og valdefla sig á sviði leiðtogahæfni. Þátttaka SHÍ í LSÍ misfórst því miður á starfsárinu vegna upplýsinga sem komust ekki til skila í tæka tíð en LUF bauð SHÍ í staðinn að fá fræðslu frá LSÍ sérstaklega miðaða að nýjum Stúdentaráðsliðum sem taka við eftir skiptafund 13. maí 2019.

## FÉLAGSSTOFNUN STÚDENTA



Á starfsárinu átti skrifstofa Stúdentaráðs í mjög nánum og góðum samskiptum við skrifstofu Félagsstofnunar stúdenta og ljóst að samstarfið skiptir stúdenta miklu máli enda mikilvæg mál sem Félagsstofnun stúdenta fer með.

Forseti Stúdentaráðs situr sem áheyrnarfulltrúi í stjórn FS sem hefur mjög jákvæð áhrif á starfið, þar sem forseti SHÍ

getur þá lagt til tillögur til stjórnar beint og farið með mál frá stjórn til Stúdentaráðs. Þá voru tíðir fundir forseta Stúdentaráðs með framkvæmdastjóra FS varðandi hagsmunamál stúdenta á borð við uppbyggingu stúdentaíbúða.

FS fagnaði 50 ára afmæli 2018 með tíðum uppákomum, bæði á Háskólatorgi sem og annarsstaðar í samfélaginu. Ítarleg umfjöllun um starfsemi FS birtist í Fréttablaðinu í júní 2018 þar sem rætt var við framkvæmdastjóra FS, forseta SHÍ og Björn Bjarnason sem leiddi stofnun stofnunarinnar á sínum tíma í Stúdentaráði 1968. FS og stjórn FS stóð að lokum fyrir hátíðarmóttöku í Gamla Garði þar sem allir fyrrverandi stjórnarformenn, framkvæmdastjórar FS og formenn SHÍ síðustu 50 ár var boðið að fagna afmælinu.

Félagsstofnun stúdenta stendur fyrir öflugu starfi og hafa stúdentar mikinn hljómgrunn varðandi starfsemi þeirra. Á þessu starfsári var hlustað vel á raddir stúdenta og voru margir sigrar sem unnust á árinu. Þar á meðal má nefna:

- Framleiga stúdentaíbúða yfir sumartímamann í kjölfar tillögu Stúdentaráðs
- Nýtt deiliskipulag fyrir stúdentaíbúðir á reit Gamla Garðs hafa verið sendar til Reykjavíkurborgar og hönnunarferli hafið sem er risastór áfangi í hagsmunabaráttu stúdneta!
- Djúpgámar hafa nú verið settir við stúdentaíbúðir til þess að auðvelda flokkun heimilissorps.
- Aukið úrval fyrir grænkeru í Hámu.
- Græn kaffikort í Hámu til að stuðla að minni notkun einnota mála.
- Aukinn sveigjanleiki í úthlutunarreglum stúdentaíbúða fyrir foreldra sem fara í fæðingarorlof.
- Minna einnota og meira fjölnota í Hámu.

## STJÓRNSÝSLA HÁSKÓLA ÍSLANDS

Forysta Stúdentaráðs átti tíða fundi með rektor Háskóla Íslands, Jón Atla Benediktssyni. Mikil samstarfviðli var hjá rektor við stúdenta og gátu stúdentar átt opið og hreinskilið samtal við rektor var þess óskað. Heppilegt væri fyrir næstu starfsár að funda a.m.k. einu sinni í mánuði með rektor að fara yfir helstu hagsmunamál stúdenta.

Gott samtal við aðra starfsmenn stjórnsýslu Háskólans er mikilvægur þáttur í betri hagsmunabaráttu stúdenta og til þess að auka skilning stjórnsýslunnar á starfsemi Stúdentaráðs. Reglulegir fundir áttu sér stað með skrifstofu Alþjóðasamskipta, framkvæmda- og tæknisviði auk markaðs- og samskiptasviðs. Rektorsskrifstofan í heild sinni var sömuleiðis mjög hjálpleg og leitaði oft á tíðum til Stúdentaráðs með málefni og viðburði sem snertu stúdenta.

## FYRIRTÆKI

Þegar Röskva tók við meirihluta í Stúdentaráði 2017 var rekstur Stúdentaráðs í töluverðum halla og takmarkað fjármagn til staðar fyrir hagsmunabaráttu stúdenta. Fjárhuginum hefur verið snúið við, meðal annars vegna mikillar vinnu skrifstofu Stúdentaráðs við að gera



samstarfssamninga við fyrirtæki á almennum markaði. Skilmálar samninganna eru að jafnaði bundnir trúnaði og verða þeir því ekki til umfjöllunar, en sá siður hefur verið á að Stúdentaráðsliðum og fleirum sem þessir samningar kunna að varða geta skoðað samningana á skrifstofu Stúdentaráðs. Alls voru gerðir samningar við sex fyrirtæki á starfsárinu, en þrjú af þeim eru nýir á þessu ári. Síðasta sumar voru samningar við Landsbankann, Símann (Þrenna), og Orkusöluna endurnýjaðir og hefur samstarfið gengið vel og verið til eftirbreytni. Auk þess voru gerðir þrjú nýir samningar, við Dominos, Atlantsólú og Tékkland bifreiðaskoðun.

## KJÖRSTJÓRN OG KOSNINGAR 2019

Kjörstjórn SHÍ 2019 var kosin á fundi Stúdentaráðs og hana skipa Áslaug Björnsdóttir, Guðmundur Snæbjörnsson, Ási Þórðarson og Málfríður Guðný Kolbeinsdóttir sem er jafnframt forseti hennar. Málfríður er jafnframt fyrsti forseti kjörstjórnar í ljósi nafnabreytinga á embættinu, en hún gegnir að öllu leyti sambærilegu hlutverki og formaður hafði gert fyrir hennar tíð.

### FUNDIR KJÖRSTJÓRNAR

#### Fundur kjörstjórnar 10. Desember

Kjörstjórn hittist á skrifstofu SHÍ þann 10. desember 2018. Skrifstofa Stúdentaráðs er staðsett á 3. hæð Háskólatorgs, Sæmundargötu 4, 101 Reykjavík.

Gestir á fyrsta fundi ársins voru Elísabetu Brynjarsdóttir, forseti Stúdentaráðs, Jónasi Már Torfason framkvæmastjóri Stúdentaráðs og Kristjáni Orri Víðissin, fráfarandi formaður kjörstjórnar SHÍ.

Farið var yfir tímalínu sem að fyrrum kjörstjórn vann eftir og Kristján fór yfir vafamál síðasta árs. Mikið var rætt um kjörskrána í tengslum við nýju persónuverndarlöggjöfina en Háskóli Íslands vill takmarka ábyrgð sína og ekki láta SHÍ hafa hann í markaðstilgangi, því er SHÍ orðinn vinnsluaðili. Ákveðið var á fundinum að afhenta kjörskrá án símanúmera og afhenda alla en fylkingarnar vinni eftir ákveðnum reglum. Jónas setti upp nánari verklýsingu sem má sjá hér að neðan í minnisblaði.

Tengiliðir inn í fylkingarnar sem kjörstjórn hafði samband við voru:

Fyrir hönd Vöku: Jóhann Sigurðsson, formaður Vöku

Fyrir hönd Röskvu: Sigurður Vopni Vatnsdal, forseti Röskvu.

Eftirfarandi aðilar voru kjörnir í kærunefnd, í samræmi við d-lið 65. Gr. laga SHÍ:

- Arnar Vilhjálmur Arnarsson.
- Pétur Marteinn Urbancic Tómasson.
- Silja Rán Arnarsdóttir.

Forseti Stúdentaráðs var látinn vita af hverjum kærunefnd samanstóð af til upplýsingar. Dagsetningar fyrir kosningar voru ákveðnar 6.-7. febrúar 2019 og haft var samband við formenn beggja fylkinga til upplýsingar.

Einnig var sett upp tímalína til að vinna eftir út frá lögum SHÍ og skýrslu kjörstjórnar frá 2018.

1. Ákveða dagsetningar
  - a. 6. - 7. febrúar
2. Tilkynna framboðsfrest (senda út tölvupóst í vikunni, 7-11. jan)
3. Semja tölvupóst sem sendur verður út
4. Fá lista hjá nemendaskrá
5. Útbúa kjörskrá fyrir hvert fræðasvið 2 vikum fyrir kosningar
6. Fá aðgang að kjörstjórnar emaili
7. Ákveða opnunartíma kosningakerfis - tilkynna 15 dögum fyrir kjörfund
8. Hafa samband við RHÍ
9. Skipa kærunefnd
10. Skila skýrslu í mesta lagi 2 vikum eftir kosningar



11. Ákveða hvenær kjörskrá þarf að vera komin á skrifstofu SHÍ svo hægt sé að skoða hana
12. Ákveða hvenær framboðsfrestur rennur út. Vera á skrifstofu SHÍ milli 16 og 18 og svo fara yfir undirskriftir eftir það
13. Ákveða hvenær frestur til að kæra kjörskrá rennur út
14. Hafa prufukosningar vikunni fyrir kosningar
15. Hörður - funda með honum til að sýna okkur kerfið

Auglýsing eftir framboðum var send út í tölvupósti 14. janúar

- ENGLISH VERSION BELOW -

*Kæru nemendur,*

*Kjörstjórn Stúdentaráðs Háskóla Íslands (SHÍ) lýsir hér með eftir framboðum til Stúdentaráðs Háskóla Íslands árið 2019. Þar munu nemendur hvers fræðasviðs kjósa sér sviðsráð með því að velja á milli frambjóðenda viðkomandi sviðs. Saman mynda sviðsráðin Stúdentaráð Háskóla Íslands.*

*Kosningarnar verða haldnar miðvikudaginn 6. og fimmtudaginn 7. febrúar n.k. Þær eru rafrænar og fara fram í gegnum innri vef Háskólans, Ugluna ([www.ugla.hi.is](http://www.ugla.hi.is)), frá kl. 09:00-18:00.*

*Framboð til Stúdentaráðs og háskólaráðs skulu uppfylla reglur 56. til 60 gr. laga SHÍ um framboð einstaklinga, hópa eða félag, auk skilyrða um kjörgengi þeirra og meðmælendur. Skilafrestur framboða er til kl 18:00, 28. janúar 2018.*

*Kjörstjórn mun taka á móti framboðum á skrifstofu SHÍ, sem staðsett er á þriðju hæð Háskólatorgs, milli klukkan 16:00-18:00 síðasta framboðsdaginn, og verður ekki tekið við framboðum eftir þann tíma. Komi upp vandkvæði skal hafa samband við forseta kjörstjórnar, Málfríði Guðnýju Kolbeinsdóttur, í gegnum netfangið [mgk2@hi.is](mailto:mgk2@hi.is) eða [kjor@hi.is](mailto:kjor@hi.is).*

*Kjörskrá mun liggja frammi á skrifstofu Stúdentaráðs þann 23. janúar og skulu kærur vegna kjörskrár hafa borist kjörstjórn eigi síðar en kl 12:00 þann 30. janúar. Á kjörskrá eru þeir nemendur sem skráðir eru í nám við Háskóla Íslands skólaárið 2018-2019.*

*Vakin er athygli á því að eftir almennar kosningar til Stúdentaráðs er haldinn skiptafundur Stúdentaráðs þar sem fram fer kosning á formanni, varaformanni, hagsmuna- og lánasjóðsfulltrúa SHÍ. Jafnframt verður kosið um fulltrúa SHÍ í framkvæmdarstjórn LÍS á skiptafundi, sbr. 18. gr. laga SHÍ.*

*Kjörstjórn Stúdentaráðs Háskóla Íslands árið 2019 skipa Ási Þórðarson, Áslaug Björnsdóttir, Guðmundur Snæbjörnsson og Málfríður Guðný Kolbeinsdóttir.*

*F.h. Kjörstjórnar SHÍ,  
Málfríður Guðný Kolbeinsdóttir  
[kjor@hi.is](mailto:kjor@hi.is); [mgk2@hi.is](mailto:mgk2@hi.is)*

- ENGLISH VERSION -

*Elections to the Student Council 2019.*

*The elections for the Student Council will be held on 6th and 7th of February 2019.*

*Candidacy for the elections shall be handed to the Election Board at the Student Council Office (located at the third floor of the University Square) from 4 p.m. to 6 p.m. on the 28th of January.*

*If any difficulties arise, please contact the Election Board. See information below.*

The elections will be online and students vote through Ugla ([www.ugla.hi.is](http://www.ugla.hi.is)), the intra web of the University. The election days will be on the 6th and 7th of February and will be open online between 9 a.m. to 6 p.m. If, for some reason, you are unable to vote on the election days, the Election Board can be contacted, for further help and advice.

The list of those eligible to vote will be at the Student Council office from the 23th of January. There you can make sure you are on the list or make requests to be added to it. Such requests shall be made before noon on the 30th of January. Everyone who has been registered at the University of Iceland during the school year of 2018-2019 is eligible to vote. Further requirements and conditions for the candidacy are to be found in Art. 56.-60. in the Constitution of the Student Council of the University of Iceland.

After the election for the Student Council there will be held a Student Council meeting where the new Student Council members will vote for a chairman, vice-chairman, student rights and student loan officers. There will also be a vote for the two representatives of the Student Council of the University of Iceland in the Executive Committee of the National Union for Icelandic Students (LÍS), see further in Art. 17 in the Constitution of the Student Council of the University of Iceland.

On behalf of the Election Board,  
Málfríður Guðný Kolbeinsdóttir,  
kjur@hi.is; mgk2@hi.is

Kjörskrá SHÍ var komið fyrir upp á skrifstofu 23. janúar til að fólk gæti komið að skoða hana áður en frestur til að koma með kæru vegna hennar mundi renna út sem var einni viku fyrir kosningar. Engin kom sérstaklega til að skoða kjörskrána.

### Fundur kjörstjórnar 26. Janúar

Rætt var um fyrirkomulag á því að SHÍ rukkaði fylkingar fyrir að taka út bannmerkingar á símanúmerum. Niðurstaðan var að kjörstjórn ætti að halda sér frá þessu máli hvort fylkingar geri það í sameiningu að taka út bannmerkingu eða ekki svo lengi sem það er gert. Einnig var rætt um afhendingu á kjörskrá til fylkinga.

### Fundur kjörstjórnar 28. Janúar

Kjörstjórn var á skrifstofu SHÍ 28. janúar til að taka á móti undirskrifalistum vegna framboða. Kjörnefndin fór yfir listana, samræmdi þá og gekk úr skugga um það að listarnir væru í samræmi við lög Stúdentaráðs. Á fundinum var einnig farið yfir hvað kjörstjórn mundi gera ef upp kæmu ágreiningsmál.

Prufukosningar voru 31. janúar og tókst vel til.

### KJÖRDAGAR 6. OG 7. FEB

- Ítrekaðar kvartanir bárust kjörstjórn frá báðum fylkingum varðandi brot á 65. gr. laga SHÍ um áróður á kjörstað. Báðar fylkingar brugðust hratt og örugglega við ábendingum kjörstjórnar og fjarlægðu efnið sem kvarðar var yfir.
- Áminning var send á SHÍ fyrir að tengja staka aðila í fylkingum við verkefni sem sviðsráð höfðu verið að vinna. Það var ekki í samræmi við fyrrum pósta frá sviðsráðum.
- Mistök urðu á nafnbirtingu hjá Röskvu þegar framboðslistinn var birtur á fréttamiðlum. Haft var samband við Röskvu sem settu sig í samband við einstaklinginn og sendu út leiðréttingar á fréttamiðla.

- Kjörstjórn barst ábendingar um nokkra varamenn hjá Vöku sem ekki höfðu verið beðnir um að vera varamenn. Ábending var send á fylkinguna að fá samþykki hjá sínum varamönnum eða leiðrétta upplýsingar.
- Ábending barst um að Röskva væri að benda á að hægt væri að blanda listum ef fólk vildi kjósa af sitthvorum listanum. Kjörstjórn taldi það vera í lagi.
- Eftir kosningar var farið yfir röðun lista með fulltrúa frá Vöku vegna gruns um að listum hafði verið raðað óeðlilega upp. Ekki var þó talið að svo hefði verið.

Kjörstjórn fór út að borða á Forréttabárin. Þar voru úrstlitin opnuð og var kostnaður 48.490 kr.-. Farið var að lokinni máltíð og tilkynnt um úrslit fyrir fylkingunum.

Tillögur kjörstjórnar að úrbótum:

- Skýra ákvæði laga SHÍ um áróður á kjörstað, sbr. 65. Gr., þannig að það sé alveg skýrt að áróður í byggingum háskólans sé bannaðar á kjördögum.
- Skýra hvort að frambjóðendur eigi að hreinsa eftir sig áróður á stúdentagörðunum.

## VIÐAUKI A – ÁRSSKÝRSLUR SVIÐSRÁÐA

## SVIÐSRÁÐ FÉLAGSVÍSINDASVIÐS

## 1. GAGNLEGAR UPPLÝSINGAR

Hér er búið að taka saman lista yfir gagnlegar upplýsingar til að finna svör við hugsanlegum spurningum sem koma upp. Listinn er ekki í neinni ákveðinni röð og er ekki tæmandi.

- a) Sviðsráð heldur úti google drive síðu þar sem hægt er að nálgast öll gögn eins og fundargerðir, ályktanir, verklagsreglur o.fl. gögn. Þar að auki var vettvangurinn ZoHo notaður í upphafi en virkni sviðsráðsmeðlima á þeim vettvangi hélt ekki út árið.
- b) Fundarstaðir og stofur. Til að panta fundarstað er haft samband við kennslustofur@hi.is. Það er betra að panta með nokkurra daga fyrirvara. Annars hefur sviðsráðið 2018-2019 notað Lögbergisdóm þar sem forseti sviðsráðs hafði aðgang að honum í gegnum nemendafélagið Orator.
- c) Sameiginlegur vettvangur sviðsráðs hefur verið haldið úti sem hópi á Facebook. Nýtt sviðsráð gerir sinn eigin hóp. Vegna notification erfiðleika hefur einnig verið komið á fót chat-i sem er þó bara til að minna á posta á Facebook hópnum.
- d) Fulltrúaráðið heldur einnig úti hópi á Facebook. Forseti fulltrúaráðs úr sviðsráði býr vanalega til grúpu fyrir hvert ár.
- e) Sviðsráð heldur úti Facebooksíðu. Þar hefur helstu fregnum og áföngum verið flaggað

## 2. UM SVIÐSRÁÐ

Hlutverk sviðsráðs er að halda utan um, gæta og bæta hagsmunamál er varða nemendur á sviði FVS. Meðlimir þess eru sjö talsins.

Meðlimir sviðsráðs fyrir árið 2018-2019:

- Jóna Þórey Pétursdóttir, forseti (Röskva) (JPP)
- Þórhallur Valur Benonýsson (Vaka) (ÞVB)
- Vaka Lind Birkisdóttir (Röskva) (VLB)
- Katrín Ásta Jóhannsdóttir, ritari (Vaka) (KÁJ)
- Benedikt Guðmundsson (Vaka) (BG)
- Róbert Ingi Ragnarsson, umsjónarfulltrúi samfélagsmiðla (Röskva) (RIR)
- Krístrún Helga Valþórsdóttir, forseti fulltrúaráðs (Röskva) (KHV)

## 3. ÁBYRGÐARHLUTVERK

**Forseti sviðsráðs** sér um að boða til funda sviðsráðs með tveggja daga fyrirvara. Fundir eiga að vera haldnir a.m.k. einu sinni í mánuði og forseti finnur einnig fundarstað. Samkvæmt samþykktri tillögu sem sviðsráð lagði fyrir Stúdentaráðsfund var miðað við að fundir væru viku fyrir Stúdentaráðsfund til að tryggja samráð og samvinnu þegar kemur að dagskrá SHÍ

fundu. Forseti sér um að útdeila verkefnum á alla einstaklinga og ganga á eftir þessum verkefnum. Ábyrgðarhlutverk einstaklinga verður að vera skýrt. Forseti sér til þess að góður andi sé við líði.

**Ritari Sviðsráðs** sér um og ber ábyrgð á að fundargerðir séu ritaðar á fundum og haldið til haga. Fundargerðir skulu vera tilbúnar og aðgengilegar þremur dögum eftir fund.

**Umsjónarfulltrúi samfélagsmiðla** sér um að halda Facebook-síðu og öðrum miðlum uppfærðum með reglulegu millibili. Þetta er mikilvægt hlutverk fyrir ásýnd sviðsráðs FVS og svo nemendur viti hvert hægt sé að leita.

**Forseti fulltrúaráðs** sér um að hafa gott samband við forseta og hagsmunafulltrúa nemendafélaga til að efla og styrkja sameiginlega hagsmunabaráttu á sviðinu. Einnig gætir forseti fulltrúaráðs að upplýsingaflæði milli sviðsráðs og fulltrúa stúdenta innan deilda.

**Sviðsráðsmeðlimir** sjá um sín verkefni og að ganga á eftir þeim. Sviðsráð er samsett af sviðsráðsmeðlimum og hægt er að koma mörgu í framkvæmd ef að allir hjálpast við að ná settum markmiðum.

---

#### 4. STEFNUMÁL – HELSTU HAGSMUNAMÁL ÁRSINS

Eftir fyrsta skiptafundinn voru sameinuð stefnumál fylkinga og höfð til viðmiðunar fyrir komandi starfsár. Athuga verður að þau eru ekki tæmandi en einungis samantekt á helstu stefnumálum beggja fylkinga.

Sviðsráð forgangsraðaði og verkaskipti þessum málum. Nokkur voru í stöðugum framgangi og vinnslu, eins og sjúkra- og endurtektarpróf og upptaka í tímum. Þau komust á borð stjórnvalda skólans þar sem sviðsráð hafði gert allt sem hægt var og því komust nokkur slík mál í “strand” innan stjórnsýslunnar.

Stefnumál, verkaskipting og staða þeirra er:

- **Mál sem er lokið:**
  - **Próf á tölvur - Ábyrgð sviðsráð.** Var stefnumál sem komst í gegn á skólaárinu með því að prófaforritið Inspera var loks innleitt. Rök fyrir því að próf ættu að vera haldin á tölvu er t.d. jafnræðissjónarmið þar sem það útilokar möguleikann á því að mismuna eftir skrift nemenda en það hefur komið fyrir að nemendur séu með rétt svar en dregnir niður fyrir slæma skrift. Með þessu kerfi ætti um leið að komast á notkun **prófnúmera**. Til þess að einfalda innleiðingu á þessu kerfi lagði forseti sviðsráðsins fram málefnaplagg þess efnis fulltrúar sviðsráðs væru tilbúnir til þess að aðstoða kennara við að kynna Inspera prófaforritið fyrir nemendum.
  - **Könnun um sjúkrapróf og endurtektarpróf í janúar - Ábyrgð JPP, RIR, KHV.** Sviðsráð FVS stóð fyrir könnun um afstöðu nemenda til tímasetningar sjúkra- og endurtektarprófa. Afstaða nemenda var skýr en 68% nemenda vildu færa sjúkra- og endurtektarpróf vegna jólaprófa *þrátt fyrir* að álag myndi aukast á önninni og skólaárið lengjast. Nú er afstaða nemenda skýr og málið liggur hjá stjórnvöldum skólans. Vegna nánari framkvæmdar og ferli málsins innan stjórnar Félagsvísindasviðs vísast í kafla 5.2.1. þessarar skýrslu.
  - **Kynjafræði Ábyrgð KHV, JPP.** Það verður hægt að útskrifast með gráðu sem framhaldsskólakennari í kynjafræði en það hefur ekki verið

hægt hingað til. Það er vegna vinnu innan sviðsins með eftirfylgni og samvinnu sviðsráðsmeðlima. Það er mikilvægur hluti þess að gera kynjafræði að varanlegri námsleið innan HÍ og innan stjórn sviðsins var samþykkt að leggja á nefnd sem gerir kynjafræði að varanlegri námsleið.

- **Kennsluafslættir Ábyrgð RIR.** Standa nú kennurum til boða til að **nútímavæða kennslu** og er því mögulegt fyrir kennara að sækja um slíkan kennsluafslátt og nýta þann tíma sem ellegar færi í kennslu við að endurskipuleggja kennsluna og þróa námskeiðið með tilliti til krafna um góða, nútímalega kennsluhætti. Verkefnið er meðal annars sprottið af vinnu fulltrúa í sviðsráði við að koma upp tókum á fyrirlesturum á í ríkari mæli og verkefninu vandræðanámskeið:
  - **Vandræðanámskeið Ábyrgð KHV, RIR, VLB.** Vandræðanámskeið eru ein ástæða þess að kennsluafslættir komust á en sviðsráð fór af stað með verkefni í samstarfi við fulltrúaráð þar sem hagsmunafulltrúar stúdenta í öllum deildum sviðsins voru beðnir um að taka saman 5 námskeið í sinni deild sem þurfti hvað helst að bæta. Þessi listi var sendur formanni kennslunefndar sviðsins og var notaður á fundum með deildarforsetum sviða því til stuðnings að gera þarf betur í námskeiðum, bæta gæði kennslu og þróa kennslu betur. Minnst eitt þessara námskeiða mun fara í endurskipulagningu vegna þessa eftir upplýsingum sviðsráðs og því sérlega góð vinna sem kom útúr þessu verkefni.
  - **Aukið samráð Ábyrgð VLB/Sviðsráð.** Aukið samráð sviðsráða var komið á á þessu ári eftir að tillaga var samþykkt þess efnis á Stúdentaráðsfundi. Hún fól í sér að sviðsráð skuli miða að því að halda sína fundi upb viku fyrir SHÍ fundi.
  - **Nýnemadagar Ábyrgð JPP.** Voru haldnir og kynnti forseti sviðsráðs sviðsráðið og Stúdentaráð, sjá nánar undir Helstu viðburði.
  - **Fulltrúaráð Ábyrgð KHV.** Fulltrúaráð er nú virkt og hefur Forseti fulltrúaráðs verið einn úr sviðsráði sem leitar til fulltrúaráðsins vegna hinna ýmsu hagsmunamála, t.d. sjúkra- og endurtektarprófa.
  - **Endurskoðun kennslukannana Ábyrgð sviðsráð.** er nú alfarið á borði starfsmanna sviðsins og munu hin ýmsu gögn verða ljós úr þeim vegna tölfræðisamantektar um kannanirnar.
  - **Sófum Ábyrgð KÁJ, PVB.** Sófum var komið fyrir í byggingum Odda á haustönn á vegum sviðsráðs en þeir svo fjarlægðir á haustönn þar sem nýjir sófar á vegum sviðsins var komið fyrir í byggingar sviðsins eftir áherslur um slíkt í stjórn sviðsins
- **Mál sem á eftir að klára/hefja:**
    - **Prófbankar Ábyrgð JPP.** Prófbankar mega vera aðgengilegri í mörgum deildum sviðsins, þ.e að kennarar birti gömul próf. Efla

þyrfti fulltrúaráðið við að fylgja eftir þessum atriðum.

- **Lesstofur/aðstöður** *Ábyrgð sviðsráð*. Lesstofur hafa verið með svipuðu móti og síðustu ár og hafa litlar breytingar orðið þar á. Á þessu ári fékkst þó sviðið til þess að panta hnapp á lesstofu gimla og því aukið aðgengi á einum stað en gera má betur á mörgum lesstofum, t.d. varðandi hærri borð fyrir hjólastóla o.fl.
- **Flokkun** *Ábyrgð sviðsráð*. Flokkun var kynnt í sameiginlegu átaki með umhverfissviði háskólans en sviðsráð fór ekki í sérstakar aðgerðir því tengt í ár.
- **Virk endurgjöf** *Ábyrgð sviðsráð*. Er einnig hagsmunamál sem þarf að virkja fulltrúaráð í að gæta enn betur að innan sérstakra deilda. Virk endurgjöf er einn grundvallarþáttur þess að fólk læri af verkefnum og prófum og samtöl við formann kennslunefndar sviðsins hafa sýnt að hún er meðvituð um það, sviðsráð fór þó ekki í sérstakar aðgerðir því tengt á árinu.
- **Lín og almenn lögfræði** *Ábyrgð sviðsráð/Stúdentaráð* er enn klemma sem þarf að laga en báðar fylkingar og lánasjóðsfulltrúi Stúdentaráðs hefur barist fyrir því að lækka fjölda lánshæfra eininga niður í 18 til þess að komið sé til móts við þá stúdenta sem eru 18 eininga áföngum, eins og í almennri lögfræði.
- **Atvinnudagar** *Ábyrgð KÁJ, ÞVB*. Atvinnudagar var hugmynd sem var skoðuð í samstarfi við Verkfræði- og náttúruvísindasvið og Jónínu hjá Tengslatorgi en samband við fyrirtæki, skipulag og almenn framkvæmd var ekki hafin. Þó er vitað að sviðið hefur áhuga á að taka þátt í þessu með sviðsráði auk þess að VoN hefur áhuga á að hjálpa og vera með

---

## 5. NEFNDIR OG RÁÐ

Sviðsráð skipar fulltrúa í nokkrar nefndir og ráð. Nánari lýsing á hverju nefndarstarfi kemur eftir upptalninguna.

---

### NEFNDIR INNAN FVS:

- a. Stjórn FVS– einn fulltrúi sem er forseti sviðsráðs og einn til vara úr sviðsráði.
  - i. Var Jóna Þórey Pétursdóttir og Kristrún Helga Valþórsdóttir til vara. Á árinu fengum við þó heimild til þess að kalla til hvaða sviðsráðsfulltrúa sem er sem varafulltrúa þar sem mestu máli skiptir að það sé viðstaddur fulltrúi stúdenta á fundunum.
- b. Kennslunefnd FVS– einn fulltrúi og einn varafulltrúi.
  - i. Var Róbert Ingi Ragnarsson og Birta Björnsdóttir til vara.
- c. Jafnréttisnefnd FVS - einn fulltrúi og einn varafulltrúi.
  - i. Var Björn Ásgeir Guðmundsson og Adda Þóreyjardóttir Smáradóttir til vara.

## NEFNDIR INNAN SHÍ:

- d. Forseti sviðsráðs hefur sæti í stjórn SHÍ
- e. Kennslumálanefnd SHÍ – einn fulltrúi (sami fulltrúi og í Kennslumálanefnd FVS)
  - i. Var Róbert Ingi Ragnarsson og Eiríkur Búi til vara.
- f. Stúdentasjóður SHÍ – einn fulltrúi nemendafélaga á sviðinu
  - i. Var Egill Örn Richter.

## NÁNARI LÝSING Á NEFNDARSTARFI SÍÐASTA ÁRS

**Stjórn FVS**

Stjórn FVS samanstendur af deildarforsetum FVS ásamt sviðsforseta sem er formaður stjórnar. Þar eru helstu málefni sviðsins rædd og ákvarðanir teknar. Það er mjög mikilvægt að hafa fulltrúa á þessum vettvangi til að gæta vel að þeim málum er varða hagsmuni stúdenta. Fundirnir eru haldnir þegar þörf krefst og boðaðir með 2-4 daga fyrirvara.

*Mál stjórnar Félagsvísindasviðs 2018-2019.* Almennt séð höfum við átt mjög gott samstarf við Daða, forseta sviðsins. Hann er alltaf tilbúinn til þess að hlusta á ábendingar nemenda. Breytingar urðu á setu nokkura deildarforseta í stjórninni á liðnu ári.

Stjórn Félagsvísindasviðs er skipuð forsetum allra deilda innan sviðsins sem eru sex talsins. Þeir sem sitja fundina eru:

- Daði Már Kristófersson, forseti Félagsvísindasviðs
- Ásgeir Jónsson, deildarforseti Hagfræðideildar
- Eiríkur Jónsson, deildarforseti Lagadeildar
- Ingi Rúnar Eðvarðsson, deildarforseti Viðskiptafræðideildar
- Maximilian Conrad, deildarforseti Stjórn málafræðideildar
- Sigurveig H. Sigurðardóttir, deildarforseti Félagsráðgjafardeildar
- Stefán Hrafn Jónsson, deildarforseti Félagsfræði-, mannfræði- og þjóðfræðideildar
- Jóna Þórey Pétursdóttir, fulltrúi nemenda

Aðalbjörg Lúthersdóttir, verkefnastjóri hjá sviðinu ritar fundargerðir, sendir út fundargögn og annast samskipti við nemendur að miklu leyti. Á fundina koma ýmsir starfsmenn sviðsins t.a.m. frá nemendapjónustunni eða mannauðsmálum.

Hér verða talin upp nokkur dæmi um mál sem stjórn sviðsins hefur fjallað um á liðnu starfsári:

- **Kennslualmanak 2019-2020**

Stjórn sviðsins tók ákvörðun um kennslualmanak fyrir skólaárið 2019-2020 í desember 2018. Það fyrirkomulag var samþykkt með fyrirvara vegna ábendingar frá fulltrúa nemenda um að forsendur gætu breyst ef samþykkt yrði að halda sjúkra og endurtektarprófin í janúar árið 2020. Því var lagt upp með að ef slíkar breytingar kæmu til myndi sviðsstjórnin samþykkja nýtt kennslualmanak.

- **Tanngreiningar**

Forseti sviðsráðs bar upp á stjórnarfundi að sviðið ætti að taka undir með starfsfólki á MVS sem hefði tekið afstöðu gegn tanngreiningum innan veggja HÍ. Í



kjölfarið ályktaði starfsfólk HUGS um málið og loks fór af stað undirskriftarlisti á FVS, þó ekki að frumkvæði þeirra sem sátu umræddan stjórnarfund. Einn þeirra sem sátu þann stjórnarfund skrifaði undir undirskriftarlistann.

- **Námsframboð**

Rætt var um nýjar námsleiðir eins og að nefnd hafi verið komið á fót eftir gott samstarf við fulltrúa nemenda á árinu um að gera kynjafræði að aðalgrein í grunnnámi. Á næsta ári mun nefnd vinna að því að gera námið að aðalfagi í grunnnámi. Þá var rætt um nýja námsleið *BS í Hagfræði og stjórnámálum*.

- **Fjármál sviðsins og ráðningar**

Rekstur sviðsins hefur verið mjög erfiður á undanförunum árum en margir sigrar hafa verið unnir og hefur meira fjármagn nú borist til sviðsins.

- **Sjúkra og endurtektarpróf**

Sótt var um undanþágu fyrir þremur árum um að VoN fengi að halda sjúkra- og endurtektarpróf fyrir haustmiseri í janúar. Sú undanþága var samþykkt í Háskólaráði og hefur var endurnýjuð. Sviðsráð FVS fékk loforð um að loknu fyrsta 2 ára tímabilinu sem þetta væri prófað hjá VoN yrði málið tekið fyrir á FVS. Það var ekki gert og hefur engu verið breytt um tímasetningu sjúkra og endurtektarprófa. Félagsvísindasvið. Sviðsráð fundaði því með Kolbrúnu Eggertsdóttur kennslustjóra FVS, Róbert H. sviðsstjóra kennslusviðs og Margréti formann kennslunefndar FVS. Ábendingar frá þessum aðilum voru aðallega þær að eitthvað haldbært þyrfti að vera til staðar um afstöðu nemenda. Því var farið af stað með könnun um afstöðu nemenda til tímasetninga prófanna. Róbert H. Haraldsson, sviðsstjóri kennslusviðs HÍ, færir aðallega með málið og ætti sviðsráð að heyra í honum sem var gert í júlí sl. Í upphafi ágúst sl. funduðum við með honum um könnunina og framkvæmd hennar.

Nánar um framkvæmd könnunarinnar: Fyrsta uppkast af könnuninni var send til Róberts H. Haraldssonar þann 16. ágúst 2018, henni breytt í samræmi við athugasemdir og hún svo send til Kolbrúnar Eggertsdóttur og henni breytt lítillga eftir athugasemdir þaðan. Þá var könnunin einnig send til Margrétar, formanns kennslunefndar FVS, og var tekið mark á athugasemdum þaðan. Samkvæmt ráðleggingum þessara starfsmanna var könnunin prufukeyrð áður en hún var send til allra nemenda sviðsins. Því var könnunin lögð fyrir fulltrúaráð FVS, þ.e. hóp af nemendum í hagsmunabaráttu frá öllum deildum sviðsins, í upphafi september sl., 12 talsins og beðið um athugasemdir þeirra við könnuninni. Tekið var mið af þeim athugasemdum og var könnunin þá aftur send til Kolbrúnar og Margrétar og samþykkt af þeim með orðalagsbreytingum og athugasemdum. Fullmannaður sviðsráðsfundur fór yfir könnunina a.m.k. einu sinni og var lokaútgáfa hennar einnig borin undir sviðsráð. Loks var könnunin send til allra nemenda FVS með K2 forritinu í tölvupósti þann 29. september sl., auglýst í öllum hópum á Facebook sem nemendafélög FVS halda úti auk þess að Facebook síða sviðsráðs Félagsvísindasviðs auglýsti könnunina. Þá var farið í nokkrar stofur í tímum hjá kennurum sem tóku vel í þá hugmynd, til þess að kynna könnunina og fá meiri þátttöku. Þáttaka í könnuninni var mjög góð eða 23%. Þess má geta að sviðið hefur áður tekið mark á og skapað viðburði í kringum kannanir sem skiluðu 14% svörum - eins og gert var á vorönn 2018 með kennsluþingi Félagsvísindasviðs. Eftir að

könnuninni lauk þann 2. nóvember sl., var fundað með Margréti og Kolbrúnu þann 12. nóvember, sem óskuðu eftir upplýsingum um niðurstöður könnunarinnar án svara 1. árs nema og hverjar niðurstöðurnar væru ef svörun þeirra sem hafa tekið endurtektarpróf væri tekin út fyrir sviga. Í þessari samantekt má sjá þær niðurstöður. Auk þess voru niðurstöður kynntar fyrir kennslunefnd FVS sama dag, þann 12. nóvember. Þann 13. nóvember sl. var fundað með Róberti og niðurstöðurnar kynntar og óskað eftir upplýsingum um framhald málsins og þann 14. nóvember sl. kynnti forseti sviðsráðs FVS niðurstöðurnar á stjórnarfundum FVS. Þá voru niðurstöðurnar kynntar fyrir hagsmunafulltrúum nemenda í deildum sviðsins þann 20. nóvember og höfðu flestir þeirra áhuga á að taka málið upp á deildarfundum sem hefur verið gert í lagadeild, félags- mann og þjóðfræðideild. Niðurstöðurnar voru mjög afgerandi og vilja nemendur færa prófin og halda þau í janúar eða yfir 68% nemenda, þrátt fyrir að það myndi þýða að skólaárið lengist og þrátt fyrir að það þýði að álag myndi aukast fyrir nemendur yfir skólaárið. Þær má nálgast [hér](#).

Þær voru kynntar fyrir stjórn sviðsins, kennslunefnd sviðsins, kynntar á deildarfundum lagadeildar og félagsfræði- mannfræði- og þjóðfræðideild.

- **Húsnæðismál sviðsins**

Hafa verið til umræðu þar sem breytingar á þjónustuborðinu hafa verið í gangi, einnig færsla á sálfræðideild o.fl. Hafa nemendur helst haldið uppi þeirri umræðu um hvort hópavinnuherbergi fyrir nemendur geti komið

## Kennslunefnd FVS og Kennslumálanefnd SHÍ

Þetta er málefnavinna og allar hliðar á málum teknar fyrir og ræddar ítar en á stjórnarfundum. Þetta er roslega góður vettvangur fyrir okkur til að koma okkar málefnum á framfæri. Sviðsráð skipar einn fulltrúa og varafulltrúa. Sá fulltrúi fær einnig sæti í Kennslumálanefnd SHÍ. Sviðsráð 2018-2019 skipar í tvær stöður. Mælst er með því að þessir einstaklingar séu í sviðsráði. Sviðsráð ákveður hvernig skipa skal til fulltrúa. Þ.e. kosning eða auglýsing.

1. Það voru ýmis mál sem komu inn á borð kennslunefndar FVS starfsárið 2018-2019. Stærsta málið sem þurfti að tækla frá sjónarhóli stúdenta var að fara yfir könnunina um sjúkra- og endurtektarpróf og sýna fram á skýran vilja stúdenta. Róbert, fulltrúi í kennslumálanefnd þurfti að verja aðferðarfræðina og alla vinnuna á bakvið könnunina um sjúkra- og endurtektarpróf á fundum nefndarinnar. Vandræðanámskeið voru tekin fyrir á borði nefndarinnar og mikið var rætt mikið að búa til gott fjarnámskerfi. Upptökur í fyrirlestrum eru hluti af vandræðanámskeiðunum en það verkefni fór út af fyrir sig aldrei almennilega inná borð Kennslunefndarinnar.

## Nemendafélagsnefnd SHÍ

Nefnd sem sér um tengingu SHÍ við nemendafélögin. Skipað úr röðum sviðsráðs og varafulltrúa í sviðsráði. Núverandi fulltrúi er Krístrún Helga Valþórsdóttir sem er einnig forseti nefndarinnar. Nefndin var lögð niður á starfsárinu þar sem um tvíverknað var að ræða af hálfu fulltrúaráða sviðanna og svo nemendafélagsnefndarinnar. Verður því um skilvirkara kerfi að ræða í framhaldinu.

## Fulltrúaráð

Er fulltrúaráð allra nemendafélaga innan FVS. Helsta markmið Fulltrúaráðsins er að hafa sameiginlegan vettvang fyrir nemendafélögin til að eiga samskipti á og auka samráð við sviðsráðið til að efla hagsmunabaráttuna. Fulltrúaráðið er ekki eiginleg

hagsmunasamtök þó að þau séu öflugur samstarfsaðili með sviðsráði ef gera þarf ályktanir eða annars konar tilkynningar. Dæmi um það er stuðningur við breytingu á tímasetningu sjúkra- og endurtökuprófa Fulltrúaráðið er því öflugur stuðningur við hagsmunagæslu í krafti allra nemendafélaga á sviðinu. Lög Fulltrúaráðsins má nálgast á drive-i sviðsráðs Þar er nánari lýsing á tilgangi, ábyrgð þeirra.

Sviðsráð hefur einn fulltrúa í Fulltrúaráðinu sem hefur atkvæðisrétt en allir sviðsráðsmeðlimir hafa áheyrnar- og tillögurétt á fundum. Fundir voru haldnir óreglulega á þessu ári. Var talið heppilegt að sami fulltrúi væri í nemendafélagsnefnd og fulltrúaráði.

Núverandi fulltrúi er Krístrún Helga Valþórsdóttir.

---

## 6. HELSTU VIÐBURÐIR

- Nýnemadagar: Í ár vann forseti sviðsráðs kynningu. Kynningin var í aðaldagskrá nýnemadagsins fyrir alla nýja nemendur innan FVS. Þar kom fram tilgangur Stúdentaráðs og sviðsráðs. Áhersla var lögð á að fólk myndi vita hvað við gerum, hvernig væri hægt að nálgast okkur og sömuleiðis hvenær skrifstofan væri opin. Við settum myndir af öllum aðilum í sviðsráði með von um að nemendur myndu seinna kannast við þau og nýta sér þjónustuna.
- Þing Félagsvísindasviðs: Sviðsþing Félagsvísindasviðs var haldið 27. mars. Forsvarsmenn þingsins og starfsfólk sviðsins boðaði því miður ekki fulltrúa nemenda á þingið og kom því upp við könnun forseta sviðsráðs á stöðu þessa máls, degi fyrir þingið, að boðun stúdenta hefði gleymst. Jónas Már Torfason, fulltrúi stúdenta í sviðsráði 2017-2018, gat þó mætt og nýr fulltrúi stúdenta Tinna Líf Jørgensdóttir. Þau upplýstu sviðsráð um það sem fór fram á þinginu og baðst bæði Daði, forseti sviðsins, og starfsfólk sviðsins forseta sviðsráðs innilega afsökunar á þessum mistökum og lofuðu að þau myndu ekki endurtaka sig.

---

## 7. VERKLAGSREGLUR

Verklagsreglur sviðsráðs voru samþykktar á skiptafundi sviðsráðs.

### Verklagsreglur Sviðsráðs FVS

1. Sviðsráð skal funda að minnsta kosti einu sinni í mánuði.
2. Á fundum sviðsráðs hefur aðalfulltrúi áheyrnar-, málfrelsis- og tillögurétt.
3. Ef aðalfulltrúi í sviðsráði forfallast skal tilkynna forföllin og boða varamann í sinn stað.
4. Varafulltrúar sviðsráðsins hafa áheyrnar-, málfrelsis- og tillögurétt á fundum sviðsráðsins.
5. Þegar nýtt sviðsráð tekur við skal haldinn skiptafundur með fráfarandi sviðsráði. Á þeim fundi skal:
  - a. Kosið um forseta,
  - b. Kosið um ritara,
  - c. Kosið um fulltrúa í fulltrúaráði,
  - d. Kosið um umsjónarmann samfélagsmiðla
  - e. Kynna þessar verklagsreglur fyrir nýju sviðsráði.
6. Forseti sviðsráðs skal sitja í stjórn Félagsvísindasviðs nema annað sé ákveðið.
7. Ritari ber ábyrgð á fundargerðum og öðrum gögnum ráðsins.

8. Fulltrúi sviðsráðs í fulltrúaráði ber ábyrgð á upplýsingastreymi milli sviðsráðs og hagsmunafulltrúa og formanna nemendafélaga á sviðinu. Hann skal jafnframt sitja í nemendafélagsnefnd SHÍ.
9. Umsjónarfulltrúi samfélagsmiðla ber ábyrgð á facebooksíðu ráðsins.
10. Tímabilið milli kosninga til sviðsráðs og skiptafundar sviðsráðs skal nýtt sem aðlögunartímabil þannig að nýkjörið sviðsráð situr fundi með fráfaramandi sviðsráði.
11. Í upphafi hvers starfsárs skal nýtt sviðsráð setja sér starfsáætlun
12. Forseti boðar fundi með að minnsta kosti tveggja sólarhringa fyrirvara.
13. Meðlimur sviðsráðs getur krafist formann um fundarboð ef ástæða þykir til og hann hefur tillögu að fundarefni.
14. Fundur telst löglegur ef meirihluti aðalfulltrúa er mættur eða varamenn í þeirra stað.
15. Fundir sviðsráðs eru opnir öllum og haldinn skal opinn upplýsingafundur fyrir nemendur sviðsins um starf sviðsráðsins minnst einu sinni á starfsári.
16. Meðlimir sviðsráðsins skulu halda samskiptum sínu á faglegum nótum
17. Sviðsráð skal senda tölvupóst á alla nemendur sviðsins og auglýst eftir fulltrúa nemenda í kennslumálanefnd og jafnréttisnefnd sviðsins.
18. Sviðsráð ber ábyrgð á að kynna þjónustu Háskóla Íslands, réttindaskrifstofu SHÍ fyrir nemendum sviðsins, þar á meðal verklagsreglur og fagráð Háskóla Íslands um viðbrögð við kynferðislegri og kynbundinni áreitni og kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi.

#### 8. SKIPTAFUNDUR

Þegar dagsetning fyrir skiptafund verður ákveðin verður haldin skiptafundur eftir skiptafund SHÍ 13. maí 2019. Skiptafundur Sviðsráðs FVS verður í haldin 17. maí 2019. Dagskrá skiptafunds verður eftirfarandi:

1. Fundur settur
2. Ársskýrsla afhent.
3. Nýtt Sviðsráð tekur við
4. Kjör forseta.
5. Kjör ritara
6. Kjör upplýsingafulltrúa samfélagsmiðla
8. Verklagsreglur kynntar og teknar til samþykktar
7. Önnur mál.

#### SVIÐSRÁÐ HEILBRIGÐISVÍSINDASVIÐS

Í sviðsráði Heilbrigðisvísindasviðs SHÍ skólaárið 2018-2019 sátu:

Sigurður Ýmir Sigurjónsson, nemi í hjúkrunarfræði, forseti (Röskva)  
 Theodóra Listalín Þrastardóttir, nemi í sálfræði, markaðsfulltrúi (Röskva)  
 Guðný Björk Proppe, nemi í læknisfræði, ritari (Röskva)  
 Krister Blær Jónsson, nemi í læknisfræði (Röskva)  
 Leifur Auðunsson, nemi í sjúkraþjálfun, fulltrúi sviðsráðs í fulltrúaráði (Vaka)

Varafulltrúar aðalfulltrúa voru í rétttri röð:

Eyrún Baldursdóttir, nemi í hjúkrunarfræði (Röskva)  
 Martin Sindri Rosenthal, nemi í hjúkrunarfræði (Röskva)

Rannveig Júlía Sigurpálsdóttir, nemi í matvæla- og næringarfræði (Röskva)  
Guðrún Svanlaug Andersen, nemi í læknisfræði (Röskva)  
Friðrik Örn Emilsson, nemi í sálfræði (Vaka)

Skiptifundur sviðsráðs var óformlega haldinn 9.mars 2018 en formleg skipti voru 3.apríl eftir fund með sviðsforseta Heilbrigðisvísindasviðs. Á þeim fundi tilnefndi fráfarandi formaður sviðsráðs, Elísabet Brynjarsdóttir, Sigurð Ými Sigurjónsson sem forseta sviðsráðs. Theodóra Listalín óskaði eftir stöðu forseta sviðsráðs og því var ákveðið að halda kosningu meðal sviðsráðsmeðlima. Sigurður var kosinn forseti sviðsráðs og gekk í þá stöðu á fyrsta fundi nýs sviðsráðs.

Guðný Björk var kosin ritari, Theodóra Listalín sem markaðsfulltrúi og Leifur sem fulltrúi sviðsráðs í fulltrúaráði.

16.apríl var vorþing Heilbrigðisvísindafélags og hélt forseti sviðsráðs þar ræðu og undirstrikaði aðstöðu nema við heilbrigðisvísindasvið og erfiðleikann við að mynda þverfaglegt samstarf á milli deilda þegar sviðið væri mikið dreift um allt háskólasvæðið. Því var ítrekað mikilvægi þess að hús heilbrigðisvísindasviðs yrði byggt og myndi mæta þörfum nemenda bæði í fræðilegu námi og verklegu námi auk þess að hafa aðstöðu sem sinnir þörf stúdenta fyrir félagslífi.

Fyrsti formlegi fundur var haldinn 5. júní þar sem stefnumótun sviðsráðs og fyrsti sameiginlegi nýnemadagur Heilbrigðisvísindasviðs var til umræðu. Rætt var mikið um próf og réttindi stúdenta í prófum sem leiðarljós í stefnumótun en sömuleiðis var rætt um að gera könnuna meðal nemenda þar sem þeir tjáðu þau helstu vandamál sem þeir upplifuðu í námi og það myndi leggja línurnar að verkefnum fyrir sviðsráð. Á fundinum var sömuleiðis ákveðið að halda könnun líkt og fyrra sviðsráð hafði gert varðandi geðheilbrigðismál, en stungið var upp á því að könnun núverandi sviðsráðs myndi snúa að hinseginþekkingu og fræðslu meðal nemenda á Heilbrigðisvísindasviði.

Ákveðið var á stjórnarfundum að Sigurður Ýmir myndi sitja stjórnarfundum HVS og að Guðný Björk myndi sitja í nemendafélagsnefnd SHÍ fyrir hönd sviðsráðs.

- Gerðar voru tvær nefndir innan sviðsráðs, ein skemmtinefnd sem átti að skipuleggja viðburði fyrir sviðsráð og ein fræðslunefnd sem hafði það hlutverk að hafa augun opin fyrir viðburðum eða fræðsluefni sem hægt væri að kynna á sviðsráðsfundum. Í skemmtinefndinni sátu Rannveig, Martin og Guðrún og í Fræðslunefnd Leifur, Eyrún, Krister, Guðný og Guðrún.

Kynningadagur Heilbrigðisvísindasviðs var haldinn 31.ágúst og kom fulltrúi sviðsráðs mikið að skipulagi hans. Upprunalega þá hafði verið áform kennslumálanefndar að sviðsráð myndi sjá um húllumhæ á þessum degi en forseti sviðsráðs gagnrýndi að það er hlutverk nemendafélaga að sinna slíku en sviðsráð væri vettvangur hagsmuna stúdenta á heilbrigðisvísindasviði. Var því ákveðið að sviðsráð fengi fulltrúa til að kynna starf sitt í pontu og fulltrúaráðið var virkjað til þess að manna og skipuleggja húllumhæ. Guðrún Svanlaug var þar í forsvari fyrir hönd sviðsráðs en hún ásamt formanni kennslunefndar HVS,

kennslustjóra HVS, kennsluþróunarstjóra og fulltrúum frá skrifstofu HVS sáu um skipulagningu hans.

Nýnemadagurinn var haldinn í stóra salnum í Háskólabíó og hóf forseti HVS dagskrána á því að bjóða nýnema velkomna. Að því loknu voru kynningar frá náms- og starfsráðgjöf og upplýsingatæknisviði HÍ auk kynningar á umhverfismálum innan háskólans. Einnig komu nemendur úr öllum nemendafélögum innan sviðsins og voru með stutta kynningu á sér og náminu sínu. Theódóra Listalín Þrastardóttir, fulltrúi sviðsráðs, kynnti svo starfsemi sviðsráðs og Stúdentaráðs fyrir nýnemunum.

Að formlegri dagskrá lokinni var boðið upp á grillaðar pylsur. Það var margt sem mátti læra eftir þennan dag en mikilvægt er að sótt verði eftir styrkjum úr sjóðum háskólans fyrir næsta kynningadag.

Eitt fyrsta verk sviðsráðs HVS var að gera bókun á stúdentaráðsfundi þar sem óskað var eftir stuðning stúdentaráðs við kjarabaráttu ljósmæðra og ljósmæðranema. Stúdentaráð í samráði við sviðsráð og Curator, félag hjúkrunarnema gaf út sameiginlega stuðningsyfirlýsingu þar sem hvatt var til að bæta kjör ljósmæðra og koma aftur á nemalaunum ljósmæðranema. Þegar kjarasamningar komust á þá hafði verið komið á nemalaunum að nýju sem var mikið fagnað af sviðsráðinu.

Upp komst á starfsárinu að stúdent með hreyfihömlun og stundaði nám í Lífeindafræði hafði verið gert að sækja tíma í Eirberg á efri hæð. Eirberg er sú bygging sem er með hvað versta aðgengi og er ómögulegt fyrir hjólastólalundinn einstakling að sækja tíma á efri hæð þar sem engin lyfta er til staðar í húsinu. Hafði deildarstjóri Lífeindafræði ekki veitt viðkomandi stúdentu viðeigandi úrlausnir og svör, því hafði verið leitað til sviðsráðs.

Forseti sviðsráðs sendi póst á deildarstjóra Lífeindafræði og tók málið sömuleiðis upp á stjórnarfundum Heilbrigðisvísindasviðs þar sem málið var rætt og ákveðið að verklagsreglur yrðu skoðaðar svo hægt væri að finna viðeigandi lausn bæði til að fyrirbyggja að álíka atvik gæti komið upp aftur og til að hægt væri að bregðast við því hraðar ef svo skyldi gerast.

Heilbrigðisþing Velferðarráðuneytis var haldið 2.nóvember á Grand Hótel. Forseta sviðsráðs var boðið sem fulltrúi nemenda en aðeins til þess að sitja og taka þátt í umræðum. Var bent á að það væri mikilvægt að stúdentum væri sömuleiðis boðið að hafa rödd í pontu á slíkum viðburðum og tók Velferðarráðuneytið því sem góðri ábendingu. Á viðburðinum sjálfum steig forseti þó samt upp og fékk að lýsa yfir áhyggjum þess að stúdentar innan Landspítalans væru undir miklu álagi og hefði á baki sér mikla ábyrgð þrátt fyrir að vera ekki útskrifaðir fagmenn. Það væri mikilvægt að ekki líta á nema sem fullgilt starfsafl og setja á þá sambærilega ábyrgð og við útskrifaðan einstakling heldur leyfa nemum að njóta þess að vera namar. Bent var sérstaklega á hjúkrunarnema sem hefði á legudeildum sama sjúklingahóp og hjúkrunarfræðingar og gegndu þar sömu störfum og ábyrgð. Þetta væri að orsaka mikilli streitu og væru stúdentar stundum að útskrifast með einkenni „burnouts“.

Vandamálakönnunnin var lögð fyrir stúdenta seinnipart haustannar og fékk þá nafnið „Vandamálabankinn“. Þar var sótt eftir vandamálum sem stúdentar væru að upplifa í náminu auk þess að fá ábendingar um það sem þeim finnst ganga vel í sinni námsbraut. Mikið af þeim gögnum sem kom í bankann fjölluðu um upptökur í tímum og upptökupróf en tekið var fyrir upptökur í tímum á sameiginlegum fundum sviðsforseta HVS, sviðsráðs og Heiló þar sem rætt var um mikilvægi þess að upptökur á fyrirlestrum væru gerðar, sérstaklega í þeim námsleiðum sem studdust við lotukerfi. Málið var þá tekið upp á stjórnarfundum og

sviðsforsetar tóku málið til skoðunar í hverri deild. Hjúkrunardeildin fékk mikil hrós fyrir bætt verklag í kringum upptökur í vandamálabankanum.

Tanngreiningarmálið var mikið á milli tanna sviðsráðsmeðlima á fundum. 30. ágúst var haldinn fundur með rektor þar sem Elísabet, forseti SHÍ, Sigurður, forseti sviðsráðs og forsprakt umræðunnar, auk þess var lögfræðingur frá Háskólanum og sviðsforseti HVS. Stúdentar lögðust einróma gegn því að tanngreiningar hælisleitenda væru framkvæmdar innan veggja háskólans. Háskólin hafði þá haft í bígerð að gera þjónustusamning við útlendingastofnun að færa unga hælisleitendur innan veggja háskólans, leggja fyrir þá plagg um „upplýst samþykki“ þar sem þeir voru í raun tilneyddir til að fara í þessa rannsókn því ef þeir neituðu þá yrði þeim af öllum líkindum vísað úr landi. Stúdentar bentu á að það væri ósiðlegt að láta börn skrifa undir upplýst samþykki og framkvæma á þeim rannsókn þar sem bæði rannsóknin og niðurstöðurnar voru vafamál. Það væri gegn siðareglum Háskólans að framkvæma slíkar rannsóknir. Málið kom til umræðu á stjórnarfundum Heilbrigðisvísindasviðs en þar var meirihluti deildarforseta samþykkuð því að gera slíkan þjónustusamning. Á stjórnarfundi HVS þann 10. desember lagði forseti sviðsráðs fram bókun um málið, lesist [hér](#). Þrátt fyrir mótmæli SHÍ og sviðsráðs þá gekk málið í gegn hjá stjórn HVS og var lagt til umræðu hjá Háskólaráði.

Aðstaða nemenda var rædd á stjórnarfundum auk samráðsfundar Heiló með sviðsforseta. Hjúkrunarnemar höfðu verið aðstöðulausir í sínu heimahúsi, Eirberg, í að verða 3 ár auk þess að framkvæmdir í lækna­garði höfðu valdið tannlækna- og læknanemum miklum óþægindum þar sem lesstofum voru breytt og aðstaðan gerð heldur verri. Krister Blær var forsprakt gagnrýni í Lækna­garði en þar voru lesaðstöður bættar eftir að húsgögn sem voru keypt í samráði við hönnuð hentuðu alls ekki nemendum og varla var pláss til þess að opna bók á borðinu. Eftir gagnrýnina þá voru ný húsgögn keypt sem hentuðu nemendum betur. Eirberg opnaði á að leyfa nemendum að nýta sér aðstöðu til jóla­prófa­lestur fyrir formlega opnun aðstöðunnar en aðstaðan var formlega opnuð í janúar síðastliðnum. Auk þess þá er komin velvild fyrir sjálfsala í Eirberg og Stapi er undir skoðun.

Heilsudagurinn 2019 var haldinn 13. febrúar, þemað í ár var kynheilbrigði og var boðið upp á pallborðsumræðu og málstofu. Pallborðsumræðan var um heilbrigð samskipti, þar voru Karlmenn, sjúkást og fukk me fukk you í pontu en Ingileif Friðriks var fundarstjóri. Fyrir pallborðsumræðu var upplestur af skjáskotum frá Fávitur sem hafði þann tilgang að vera vitundavakning á því hvernig rafrænt kynferðislegt áreiti hljómar sé það sagt upphátt. Málstofan var um kynheilbrigði en Sigga Dögg opnaði hana með umfjöllun um starf sitt sem kynfræðing, svo kynntu 2 hjúkrunarfræðingar lokaverkefnið sitt sem snéri um starfrænt kynferðisofbeldi. Sóley Bender, prófessor lokaði svo málstofunni með erindi sem kallaðist „Virðing, lykilhugtak kynheilbrigði“.

Í hádeginu voru heilsufarsmælingar á háskólatorgi auk þess að blóðbankabíllinn var á svæðinu. Sviðsráð í sameiningu við Q félagið dreifði miðum þar sem fólk var hvatt til að gefa blóð í nafni þeirra sem mega það ekki vegna kynhneigðar eða kynhegðunar.

Hinsegin­könnun sviðsráðs var dreift á meðal nemenda í mars í gegnum Heiló. Þátttakendur voru 349 og var úrtak marktækt lýsandi fyrir stöðu hinseginþekkingar innan heilbrigðisvísindasviðs. Niðurstöður könnunar sýndu að það væri góð þekking á grunnhugtökum eins og sam- tví og gagnkynhneigð en ekki eins góð á á hugtökum eins og pan- og eikynhneigð. Nemendur töldu sig þekkja hugtakið „trans“ en þekktu ekki eins vel

hugtök eins og markkynja, intersex og kynsegin. Það sögðu flestir sig standa vel að hinseginþekkingu en játuðu þó að hafa ekki fengið hinsegin fræðslu í skóla heldur aðeins fengið sína þekkingu af samfélagsmiðlum, frá ættingjum og vinum, úr bíómyndum og af netinum. Hreinn meirihluti af nemendum töldu mikilvægt að fá fræðslu í sínu námi en 61,5% af þátttakendum segjast ekki hafa fengið neina fræðslu í gegnum sitt nám. Þetta er málefni sem sviðsráð vill bæta en það telst ekki boðlegt að Háskóli skuli útskrifa fagaðila sem sinna heilsu og vellíðan einstaklinga óundirbúna til að takast á við á heildstæðan máta heilbrigði hinsegin einstaklinga en málnotkun heilbrigðisstarfsfólks er oft úrelt auk þess að einstaklingar sem eru trans og intersex krefjast oft flókinnar heilbrigðis meðferðar og er sú krafa að sú meðferð sé fullnægjandi á bæði andlegan, líkamlegan og félagslegan máta. Aðeins er hægt að veita slíka meðferð með því að hafa þekkingu fagaðila í takt við tímann og viðeigandi orðanotkun sé notuð innan heilbrigðisstofnanna.

Þetta ár hjá sviðsráði er að verða búið en þó það hafi verið viðburðarríkt þá litaðist árið mikið af tanngreiningarmálinu og þeirri beiskju sem myndaðist í kringum það. Það er mikilvægt fyrir komandi sviðsráð að reyna að einblína á hagsmuni stúdenta, vinna náið saman og nýta sér þau gögn sem fráfarandi sviðsráð hefur safnað saman í sinni hagsmunabaráttu. Hver og einn meðlimur sviðsráðs verður að gera sér grein fyrir því að hann sé kosinn inn á sviðsráð og stúdentaráð af stúdentum Heilbrigðisvísindasviðs og beri hann þar ákveðna ábyrgð á herðum sér að vinna sjálfstætt og vera virkur í hagsmunabaráttunni. Vandamálabankinn hefur í sér enn gögn sem má nýta í verkefni auk þess að hinseginönnunin hefur mikið gildi sem skotfæri til að auka hinseginfræðslu innan sviðsins.

Stúdentaráðskosningar fóru fram 6. og 7. febrúar og lágu niðurstöður fyrir 7. febrúar. Nýtt sviðsráð tekur því við í maí og þökkum við í sviðsráði kærlega fyrir okkur og óskum nýju sviðsráði farsældar.

F.h. sviðsráðs Heilbrigðisvísindasviðs  
Sigurður Ýmir Sigurjónsson  
Forseti

## SVIÐSRÁÐ HUGVÍSINDASVIÐS

### GAGNLEGAR UPPLÝSINGAR

Hér er búið að taka saman lista yfir gagnlegar upplýsingar til að finna svör við hugsanlegum spurningum sem koma upp.

Listinn er ekki í neinni ákveðinni röð og er ekki tæmandi.

- Sviðsráð heldur úti google drifi síðu þar sem hægt er að nálgast öll gögn eins og fundargerðir, ályktanir, verklagsreglur o.fl. gögn. Þar að auki var vettvangurinn ZoHo notaður í upphafi en virkni sviðsráðsmeðlima á þeim vettvangi hélt ekki út árið.



- b) Fundarstaðir og stofur. Til að panta fundarstað er haft samband við kennslustofur@hi.is. Það er betra að panta með nokkurra daga fyrirvara. Minnt er á að kynna sér reglur er gilda um bókanir á stofum áður en haft er samband.
- c) Samskipti sviðsráðs hafa að mestu farið fram á Facebook, annar vegar er hópur með sviðsráðsmeðlimum og hins vegar hópsjall. Mesta virknin var í gegnum sjall og þá oft til að ræða tiltekna hluti sem svo áttu sér stað inni á fyrrnefndu drifi.
- d) Sviðsráð heldur úti Facebook-síðu. Þar hefur helstu fregnum og áföngum verið flaggað sem og öðru sem sviðsráði hefur verið falið að deila.

---

#### UM SVIÐSRÁÐ

Hlutverk sviðsráðs er að halda utan um, gæta og bæta hagsmunamál nemenda á Hugvísindasviði. Meðlimir þess eru fimm talsins.

Meðlimir sviðsráðs fyrir árið 2018-2019:

- Alexandra Ýr van Erven, forseti (Röskva)
- Valgerður Hirst Baldurs (Vallý), ritari (Röskva)
- Þorgerður Anna Gunnarsdóttir, umsjónarfulltrúi samfélagsmiðla (Vaka)
- Anna Margrét Arnarsdóttir (Röskva)
- Grétar Þór Sigurðsson (Röskva)<sup>1</sup>

Varafulltrúar sviðsráðs fyrir árið 2018-2019

- Isabel Alejandra Diaz (Röskva)
- Sigríður Diljá Vagnsdóttir (Röskva)
- Derek T. Allen (Vaka)
- Emil Gunnlaugsson (Röskva)
- Hanna Alexandra Helgadóttir (Röskva)

---

#### ÁBYRGÐARHLUTVERK

**Forseti sviðsráðs** sér um að boða til funda sviðsráðs með tveggja daga fyrirvara. Venja var að halda fundi á tveggja vikna fresti en a.m.k. einu sinni í mánuði. Forseti finnur fundarstað. Samkvæmt samþykktri tillögu sem sviðsráð félagsvísindasviðs lagði fyrir Stúdentaráð var miðað við að fundir væru viku fyrir Stúdentaráðsfundi til að tryggja samráð og samvinnu þegar kemur að dagskrá SHÍ funda. Forseti sér um að útdeila verkefnum á alla einstaklinga og ganga á eftir þessum verkefnum. Ábyrgðarhlutverk einstaklinga verður að vera skýrt. Forseti sér til þess að góður andi sé við líði og að öllum þyki gott að vinna í sviðsráði.

**Ritari Sviðsráðs** sér um og ber ábyrgð á að fundargerðir séu ritaðar á fundum og haldið til haga. Fundargerðir skulu vera tilbúnar og aðgengilegar þremur dögum eftir fund.

---

<sup>1</sup> Tók við af Vigdísí Hafliðadóttur þann 25. september

**Umsjónarfulltrúi samfélagsmiðla** sér um að halda Facebook-síðu. Þetta er bæði mikilvægt hlutverk fyrir ásýnd sviðsráðs sem og svo nemendur viti hvert hægt sé að leita. Fylgjendum Facebook síðunnar fjölgaði um 8% á starfstímabilinu.

**Sviðsráðsmeðlimir** sjá um sín verkefni og að ganga á eftir þeim. Sviðsráð er samsett af sviðsráðsmeðlimum og hægt er að koma mörgu í framkvæmd ef að allir hjálpast að við að ná settum markmiðum.

---

## STEFNUMÁL – HELSTU HAGSMUNAMÁL ÁRSINS

Eftir fyrsta skiptafundinn voru sameinuð stefnumál fylkinga og höfð til viðmiðunar fyrir komandi starfsár. Athuga verður að þau eru ekki tæmandi en einungis samantekt á helstu stefnumálum beggja fylkinga.

Sviðsráð forgangsraðaði þessum verkefnum og gerði verkaskiptingu. Nokkur þeirra voru í stöðugum framgangi og vinnslu, eins og sjúkra- og endurtökupróf og upptaka fyrirlestra. Hér má sjá myndræna útgáfu af forgangsröðuninni þar sem stefnumálum var raðað í hnitakerfi þar sem x-ásinn táknar skamm- langtíma verkefni og y-ásinn forgangsröðun. Sbr

Stefnumál, verkaskipting og staða þeirra er:

**Sjúkra og endurtökupróf** - Að sjúkra og endurtökupróf verði haldin í lok beggja anna hefur verið stefnumál til nokkurra ára. Málið var þó ekki í neinum formlegum farveg innan sviðsins. Sviðsráðsforseti lagði fram tillögu til stjórnar Hugvísindasviðs um efnið þar sem ímprað var á mikilvægi þess að endurtökupróf yrðu sömuleiðis haldin í janúar. Var þar meðal annars nefnt að það yrði að teljast eðlileg krafa að deildir og svið Háskólans yrðu með skýra og samrædda stefnu þegar að þessu kæmi. Einnig var voru afleiðingar þess að falla á haustönn rakin með tilliti til námslána sem og búseturétt erlenda nema. Tillagan var send á milli stjórnar Hugvísindasviðs til kennslunefndar sviðsins og þaðan til kennslumálanefndar Háskólaráðs. Málið strandar nú á reglum Háskólans um endurtökupróf og því leggur sviðsráðsforseti til til verðandi sviðsráðs að kjörið næsta skref yrði að leggja fram könnun svipaðri þeirri sem sviðsráð FVS gerði á starfsárinu.

**Rafrænt prófahald** - Að nemendum standi til boða að taka skrifleg próf á tölvur er stefnumál sem komst í gegn á skólaárinu. Rafræna prófaforritið Inspira var loks innleitt en forritið býður upp á fjölbreytta spurningamöguleika og helst innleiðingin því í hendur við nútímavæddari kennsluhætti. Rafræn próf eru þar að auki umhverfisvænni sem og greiðir forritið auðveldari leið fyrir notkun **prófnúmera** og er því einnig um jafnræðissjórnarmið að ræða.

**Efling Huldumáls** - Fulltrúar sviðsráðs áttu í samskiptum við forystu Huldumáls, nemendafélag íslensku sem annars máls, með það að markmiði að koma meiri virkni í félagið.

**Veröld - Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur** - Framkvæmdir á kaffihúsi í Veröld hafa tafist mikið og hefur kaffihúsið enn ekki opnað. Auk þess hefur myndast mikil togstreita um aðstöðu nemenda í byggingunni. Sviðsráð fundaði með hagsmunafulltrúum mála- og menningardeildar þar sem nokkur af stefnumálum sviðsráðs litu sérstaklega að byggingunni.

Hagsmunafulltrúarnir kváðust ekki þurfa aðstoð að svo stöddu en haft var auga með framvindu mála yfir veturinn.

**Aðgengismál** - Minniháttar aðgengismál í Árnagarði voru tekin í gegn og samþykkt fengin frá framkvæmda- og tæknisviði um að byggingin verði tekin í gegn í heild sinni næsta vetur.

**Nýnemadagar** - Sviðsráð óskaði eftir því að hafa aðkomu að skipulagningu nýnemadaga haust 2018 en þá höfðu allar ráðstafanir verið gerðar fyrr en búist var við. Tekin var þá ákvörðun um að fulltrúar nemenda fengu aðkomu að skipulagningu nýnemadaga 2019. Sú vinna er hafin og komin í góðan farveg.

**Snagar í Árnagarð** - Fulltrúar núverandi og verðandi sviðsráðs ásamt forseta Stúdentaráðs gerðu úttekt á kennslustofum Árnagarðs með það að markmiði að finna heppilega staði fyrir snaga og fatahengi. Umsjónarmaður Árnagarðs vísaði málinu áfram á byggingarsvið en eftir ítrekaðar tilraunir fengust engin svör þaðan og málið því strandað þar í bili. Búast má þó við að úr þessu verði skorið fyrir lok annar en ef ekki tekur næsta sviðsráð þetta vonandi upp að nýju í haust.

**Hús íslenskra fræða** - Þegar ljós var að ekki var gert ráð fyrir fjárveitingum til Húsi íslenskra fræða í fjármálaáætlun fundaði forseti sviðsráðs með Andrésí Inga þingmanni Vinstra Grænna. Í kjölfarið spurði þingmaðurinn um tímalínu framkvæmdarinnar í andsvörum til mennta- og menningarmálaráðherra á þingi þann 27. mars. Síðar fundaði sviðsráðsforseti með starfsmanni þingflokks Samfylkingarinnar þar sem frekari upplýsinga var aflað. Á næstu dögum mun grein eftir sviðsráðsforseta um stöðu byggingarinnar verða birt þar sem saga þess verður rakin og kallað verður eftir skýrri tímalínu og svör um áætlanir stjórnvalda um framkvæmdina.

**Reikni- og deililíkan menntamálaráðuneytisins og Háskólans** - Allar námsgreinar Hugvísindaviðs voru færðar upp um reikniflokk í reikni- og deililíkaninu. Er þetta í fyrsta sinn frá 1999 sem endurskoðun á líkaninu hefur verið samþykkt en með þessu fyrirkomulagi hækkar heildarfjármagn Hugvísindasviðs um rúmar 84.000.000 kr. frá fyrra ári..

**Hin Hugvísindin** - Sviðsráðið efndi til málþings, sem fékk nafnið Hin hugvísindin, um stöðu hinsegin- og kynjafræða innan hugvísinda. Töluvert vantar upp á rannsóknir í hinseginfræðum innan fræðasamfélagsins og sviðsráð vildi því varpa ljósi á hvaða möguleika slík fræði hafa upp á að bjóða innan fagsins. Við fengum innblástur frá VoN sem hélt málþing um konur í vísindum á haustönn þessa skólaárs. Málþingið var haldið í Odda stofu 201 fimmtudaginn 28. mars kl. 17:30-18:30. Viðburðinn má finna á [facebook](#).

Framsögukonur málþingsins voru fjórar, frá þremur mismunandi námsgreinum innan sviðsins. Töluðu þær um það hvernig hinseginfræði hafa nýst þeim í sínum rannsóknum, hvaða efni á eftir að skoða og hvernig hinseginfræði geta breikkað sjóndeildarhring fræðanna.

Þorbjörg Þorvaldsdóttir, formaður Samtakanna '78, fjallaði um hinseginfræði og málvísindi, Ynda Gestsson fjallaði um listfræðina og hinseginleika innan hennar, og Hafdís Erla Hafsteinsdóttir og Íris Ellenberger fjölluðu um hinseginfræði og -greiningu innan sagnfræðinnar. Valgerður Hirst sá um fundarstjórnun á málþinginu.

Mæting var framar vonum en um 30 manns mættu. Umræður voru góðar og dróst málþingið um rúman hálf tíma vegna þeirra! Sviðsráð Hugvísindasviðs bauð upp á kaffi og kleinur að þinginu loknu frammi á gangi þar sem umræðurnar héldu áfram.

Sviðsráðið vonast til að þetta sé aðeins fyrsta skrefið af mörgum í átt að eflingu hinsegin- og kynjafræða innan sviðsins!

Í kjölfar málþingsins hvatti sviðsráð þá kennara sem sóttu málþingið til að sækja um tilraunaverkefni kennslumálanefndar Háskólaráðs um kennsluafslátt til kennsluþróunar með það að markmiði að efla hinseginfræði innan deilda sviðsins

## NEFNDIR OG RÁÐ

### NEFNDIR INNAN HUGS:

- Stjórn HUGS– Sviðsráð fékk í fyrsta skipti sæti í stjórn Hugvísindasviðs sem hefur verið dýrmætt í hagsmunabaráttunni. Til þessa hafði það verið eina sviðsráðið sem hafði ekki sæti í stjórn síns sviðs. Ákveðið var að að Alexandra Ýr van Erven forseti sviðsráðs skyldi taka sætið og mætti hún á alla fundi þess að einum undanskildum vegna lokaprófs. Þegar um sætið var samið var tekið



fram að kostur væri ef sá nemandi sem tæki sætið hefði reynslu af störfum deildarráðs eða á annan hátt reyndur af hagsmunabaráttu stúdenta til þess að hámarka nýtingu sætisins. Enginn formlegur varafulltrúi var skipaður en það væri e.t.v. sniðugt fyrir komandi sviðsráð. Mjög gott samstarf var á milli sviðsráðs og stjórnar Hugvísindasviðs og var iðulega í gegnum starfsárið leitast eftir álitni nemenda á hinum ýmsu málum.

- Auk þess samdi sviðsráðs um að fá heimild til að tilnefna fulltrúa nemenda í kennslunefnd HUGS og jafnréttisnefnd HUGS. Til þessa hafði úthlutunin verið undir umsjón Veritasar. Ábending til næsta sviðsráðs er að þessi sæti skulu vera auglýst öllum nemendum sviðsins og gerð tímanlega fyrir haustönn. Auk þess má minnst á að fulltrúar fyrra árs höfðu haldið að þeir skyldu sitja áfram þennan námsvetur svo ekki er úr vegi að heyra í sitjandi fulltrúum og tilkynna þeim sömuleiðis að nýir aðilar hafa tekið við, sér í lagi ef einhverjar upplýsingar ættu að fara þeirra á milli.

---

#### NEFNDIR INNAN SHÍ

- Forseti sviðsráðs hefur sæti í stjórn SHÍ.  
Anna Margrét Arnarsdóttir er varafulltrúi.
- Forseti sviðsráðs gegndi einnig stöðu gjaldkera Stúdentaráðs.
- Stúdentasjóður SHÍ - einn fulltrúi nemendafélaga á sviðinu
  - Var Grétar Þór Sigurðsson

---

#### VERKLAGSREGLUR

Verklagsreglur sviðsráðs voru samþykktar í upphafi starfsárs.

#### Verklagsreglur Sviðsráðs HUGS

1. Sviðsráð skal funda að minnsta kosti einu sinni í mánuði.
2. Sviðsráðsmeðlimir skulu mæta tímanlega á fundi.
3. Á fundum sviðsráðs hefur aðalfulltrúi áheyrnar-, málfrelsis- og atkvæðisrétt.
4. Varamenn sviðsráðsins hafa áheyrnar-, málfrelsis- og tillögurétt á fundum sviðsráðsins
5. Ef aðalfulltrúi í sviðsráði forfallast skal tilkynna forföllin og boða varamann í sinn stað.
6. Þegar nýtt sviðsráð tekur við skal haldinn skiptafundur með fráfarandi sviðsráði
  - a. Á þeim fundi skal fráfarandi formaður sviðsráðs tilnefna nýjan forseta,
  - b. Fulltrúar nýja sviðsráðs kjósa um forsetann
  - c. Kosið skal um ritara
  - d. Verklagsreglur þessar skulu kynntar nýju sviðsráði á skiptafundi sviðsráðsins

- e. Ársskýrsla sviðsráðs skal afhent í lok starfsárs. Í henni koma fram helstu upplýsingar um starf sviðsráðs, almenn lýsing á starfi og skipulagi fráfaramandi sviðsráðs.
  - f. Fráfaramandi fulltrúar bera ábyrgð á því að nýkjörnir fulltrúar séu upplýstir um starfshætti og málavexti sviðsráðs.
7. Tímabilið milli kosninga til sviðsráðs og skiptafundar sviðsráðs skal nýtt sem aðlögunartímabil þannig að nýkjörið sviðsráð situr fundi með fráfaramandi sviðsráði
  8. Forseti boðar fundi með að minnsta kosti tveggja sólarhringa fyrirvara
  9. Tveir meðlimir sviðsráðs geta krafist formann um fundarboð
  10. Fundur telst löglegur ef meirihluti aðalfulltrúa er mættur.
  11. Fundir eru opnir öllum og haldinn skal opinn upplýsingafundur fyrir nemendur sviðsins um starf sviðsráðsins minnst einu sinni á starfsári.
  12. Fundargerðir eru aðgengilegar öllum á þar til gerðum vettvangi á vegum sviðsráðsins
    - a. Hægt er að kjósa um að hafa fundargerð ekki opna og þarf þá samþykki meirihluta
  13. Meðlimir sviðsráðsins skulu halda samskiptum sínum á faglegum nótum.
  14. Sviðsráð ber ábyrgð á að kynna þjónustu Háskóla Íslands, réttindaskrifstofu SHÍ fyrir nemendum sviðsins, þar á meðal verklagsreglur og fagráð Háskóla Íslands um viðbrögð við kynferðislegri og kynbundinni áreitni og kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi.
    - a. Sviðsráðsmeðlimir skulu skipta með sér ábyrgð á samfélagsmiðlum sviðsins mánaðarlega

---

## SKIPTAFUNDUR

Skiptafundur Sviðsráðs HUGS verður í haldin í maí 2019 eftir skiptafund SHÍ þann 13. maí. Dagskrá skiptafunds verður eftirfarandi:

1. Fundur settur
2. Ársskýrsla afhent.
3. Nýtt Sviðsráð tekur við
4. Kjör forseta.
5. Kjör ritara
6. Kjör upplýsingafulltrúa samfélagsmiðla
8. Verklagsreglur kynntar og teknar til samþykktar
7. Önnur mál.

## SVIÐSRÁÐ MENNTAVÍSINDASVIÐS

Í sviðsráði Menntavísindasviðs SHÍ skólaárið 2018-2019 sátu:

- Kolbrún Lára Kjartansdóttir, nemi í leikskólakennarafræði, forseti (Vaka)
  - Flóki Jakobsson, nemi í grunnskólakennarafræði (Vaka)
  - Ágúst Arnar Þráinsson, nemi í tómstunda- og félagsmálafræði (Röskva)
-

- Thelma Rut Jóhannsdóttir, nemi í íþróttá- og heilsufræði (Röskva)
- Axel Örn Sæmundsson, nemi í íþróttá- og heilsufræði (Vaka)

Varafulltrúar voru:

- Björnfríður S. Björnsdóttir, nemi í þroskaþjálfafraði (Vaka)
- Jónína Sigurðardóttir, nemi í uppeldis- og menntunarfræði (Vaka)
- Sigurður Vopni Vatnsdal, nemi í grunnskólakennarafræði (Rösvka)
- Margrét Steinunn Benediktsdóttir, nemi í stjórnmálafræði (Röskva)
- Hallfríður Hera Gísladóttir, nemi í þroskaþjálfafraði (Vaka)

Nýtt sviðsráð tók við vorið 2018. Á skiptafundi var kosið í embætti og var Kolbrún Lára Kjartansdóttir kjörin forseti sviðsráðs og Ágúst Arnar Þráinsson var kjörinn ritari sviðsráðs. Fyrsti fundur nýs sviðsráðs var 18. apríl en á honum kynnti Kolbrún Lára, forseti sviðsráðs, samskiptakerfið ZOHO fyrir sviðsráði. Á þessum fundi voru einnig ákveðnar áherslur sviðsráðsins í málefnum stúdenta á Menntavísindasviði (MVS). Hér verður farið yfir helstu málefni sem sviðsráð MVS tók fyrir á skólaárinu 2018-2019.

---

#### VERKLAGSREGLUR SVIÐSRÁÐS MENNTAVÍSINDASVIÐS

Verklagsreglur fyrir sviðsráð MVS 2018-2019 voru samþykktar á fundi 3. september.

---

#### SÝNILEIKI SVIÐSRÁÐS MENNTAVÍSINDASVIÐS

Sviðsráð MVS rekur facebook síðu en fyrir skólaárið 2018-2019 var síðan uppfærð reglulega með fréttum og upplýsingum til nemenda. Sviðsráðið fékk skilaboð frá stúdentum í gegnum síðuna og þá snerust skilaboðin aðallega að hagsmunamálum. Sviðsráðið tók á hverju máli og beindi þeim til Hagsmunafulltrúa SHÍ þegar þess þurfti.

Sviðsráðið var einnig virkt í kynningarmálum og tók sviðsráð og nemendafélögin Kennó, Tumi og Vatnið þátt í skipulagningu og undirbúning nýnemadags Menntavísindasviðs. Á nýnemadeginum kynnti forseti sviðsráðs starfsemi sviðsráðsins, stúdentaráðs og mikilvægi þess að vera vakandi fyrir hagsmunum stúdenta. Sviðsráð mun halda áfram að koma að skipulagi og framkvæmd nýnemadaga fyrir MVS.

Til að auka sýnileika fulltrúa í sviðsráði var ákveðið að deila myndum af aðal- og varafulltrúum sviðsráðs. Almenn ánægja yfir þessu og var talið vel heppnað.

Hugmynd kom á sviðsráðsfundi að kynna starfsemi sviðsráðs og stúdentaráðs betur á nýnemadegi. Rætt var við markaðs- og kynningarfulltrúa sviðsins sem tók vel í það. Stefnt er á að sviðsráð MVS kynni starfsemi sína fyrir öllum nýnemum haustið 2019.

---

#### SPURNINGAKÖNNUN TIL STÚDENTA MVS

Í kjölfar stefnumótunarferðar SHÍ sem var í lok júní ákvað sviðsráð MVS að gera spurningakönnun til nemenda sviðsins til þess að þarfagreina áherslur stúdenta þegar kæmi að þeirra hagsmunum. Niðurstöður spurningakönnunar má nálgast [hér](#).

---

#### FUNDUR MEÐ FS

Í kjölfar niðurstaðna úr spurningakönnun til nemenda fóru fulltrúar úr sviðsráði MVS á fund með Ólafi Ragnari Eyvindssyni, yfirkokk Hámu og Rebekku Sigurðardóttur, upplýsingafulltrúa Félagsstofnunar Stúdenta. Á fundinum bar sviðsráð upp óskir stúdenta að fá fjölnota hnífapör og bolla. Rætt var um að fá grænt kaffikort sem fæli í sér að græna

kaffikortið væri ódýrara en hin og að þá kæmi fólk með eigið fjölnota/ferða kaffimál. Ítrekað var mikilvægi þess að hafa aðgang að vatni eftir lokun Hámu. Vatnsvélin var í kjölfarið færð úr Hámu og yfir í opið rými matsalsins. Á fundinum var fagnað komu salatbars og heitra grænmetisréttu í hádeginu en áhersla lögð á að bjóða upp á fjölbreyttara úrval fyrir þau sem kjósa að sneiða framhjá dýraafurðum.

---

#### OPINN FUNDUR MVS MEÐ REKTOR

22. janúar var opinn fundur starfsfólks og nemenda Menntavísindasviðs með rektor Háskóla Íslands. Aðeins einn nemandi mætti, Kolbrún Lára forseti sviðsráðs. Á fundinum var farið yfir stefnu háskólans H21 og í lokin gaf rektor tíma fyrir spurningar úr sal. Bæði starfsfólk og fulltrúi stúdenta óskuðu eftir því að rektor kæmi oftari í Stakkahlíð. Í lok fundarins ítrekaði Kolbrún Lára við forseta MVS að auglýsa þyrfti viðburði af þessu tagi mun betur til þess að tryggja þátttöku stúdenta.

---

#### SVIÐSPING MENNTAVÍSINDASVIÐS

Í desember hélt MVS sviðsþing og var forseti sviðsráðs beðinn um að hafa ávarp eða hugleiðingu í byrjun þingsins. Ávarpið sneri að mikilvægi lýðræðis og þess að skapa lærdómssamfélag innan Háskólans. Fulltrúar sviðsráðs voru boðuð en enginn sá sér fært að mæta vegna anna. Í lok þingsins ítrekaði Kolbrún Lára við forseta MVS að erfitt væri fyrir nemendur að mæta á viðburði af þessu tagi í prófatíð og hvatti stjórn MVS að næsta þing yrði á betri tíma fyrir stúdenta og að þau fengu boð með nægum fyrirvara.

---

#### AÐSTAÐA STÚDENTA

Það hefur lengi verið ósk stúdenta sem stunda nám á Menntavísindasviði að fá sófa og þrýsti forseti sviðsráðs reglulega eftir því á stjórnarfundum sviðsins. Í febrúar 2019 keypti rekstrarsvið Háskóla Íslands nýja sófa, stóla og borð fyrir Menntavísindasvið og nýr tilkynningaskjár var settur upp í matsalnum í mars 2019.

Í október var opnuð jóga aðstaða fyrir stúdenta og starfsfólk MVS í bókasafni sviðsins. Flestir voru ánægðir með viðbótina en í jóga aðstöðunni eru reglulega jóga- og hugleiðslustundir sem eru opnar öllum.

---

#### NÁMS- OG STARFSRÁÐGJÖF

September 2018 samþykkti stjórn MVS tillögu sviðsráðs um að náms- og starfsráðgjöf yrði í boði í Stakkahlíð. Samþykkt var að þetta yrði tilraunarverkefni og að til að byrja með yrði eingöngu hægt að panta viðtalstíma á fimmtudögum. Verkefnið hefur gengið vel og nemendur hafa verið duglegir að nýta náms- og starfsráðgjöf þá daga sem hún er í boði í Stakkahlíð. Langtímamarkmið er að fá starfandi náms- og starfsráðgjafa í Stakkahlíð.

---

#### SALERNI FATLAÐRA

Síðastliðið ár hefur framkvæmda- og tæknisvið Háskóla Íslands verið að byggja salernisaðstöðu fatlaðra í Stakkahlíð sem hefur verið hagsmunamál sviðsráðsins í mörg ár. 28. janúar litu Kolbrún Lára, forseti sviðsráðs, og Björnfríður, varafulltrúi, við á salernisaðstöðuna og mældu hurðina ásamt starfsmanni sem var að vinna á svæðinu. Hurðaropið mældist 84cm breitt en samkvæmt nemenda á sviðinu sem er í rafmagnshjólástól þarf hurðaropið að vera að minnsta kosti 90cm breitt fyrir stærstu hjólástólana. Okkur fannst óboðlegt að nýja hurðin sé ekki nógu stór fyrir rafmagnshjólástóla sem nemendur sviðsins nota svo að forseti sviðsráðs Menntavísindasviðs sendi póst fyrir hönd sviðsráðsins á sviðsstjóra framkvæmda- og



tæknimála Háskóla Íslands og benti á að hurðin sé ekki nógu stór og spurði auk þess hvort það muni koma rofi fyrir sjálfvirka hurð. Við teljum það vera gríðarlega mikilvægt að það verði rofi til þess að opna hurðina sjálfvirkt þar sem að ekki allir nemendur sem koma til með að nota aðstöðuna geta opnað hurðina hjálparlaust. Kolbrún Lára hefur fylgt málinu eftir og verið í samskiptum við Sigríði Sigurðardóttur sviðsstjóra framkvæmda- og tæknimála. Kolbrún Lára nefndi áhyggjur sviðsráðsins á stjórnarfundi MVS 13. febrúar en stjórnin deildi ekki áhyggjum þeirra og stendur í fundargerð stjórnar að það „verður látið á það reyna“.

---

#### SKÚTI

Skúti átti upphaflega að vera kennslustofa með pláss fyrir 100 manns en breyttist fljótlega í lesrými fyrir nemendur. Sem lesrými var það algjörlega annars flokks en það var einnig hópavinnuaðstaða þar sem nemendur unnu hópaverkefni svo það var erfitt að lesa í friði. Skúti var nýttur sem bæði lesaðstaða og hópavinnuaðstaða og var með gamla stóla sem starfsfólk skólans vildi ekki nota, brotin borð og skilrými sem gerðu ekki sitt gagn.

Haustið 2018 kom tillaga frá nemendafélaginu Tuma að fá nýja aðstöðu fyrir nemendafélög þar sem að gamla aðstaðan var óaðgengileg fyrir fólk í hjólastól. Áður höfðu nemendafélögin skrifstofu á þriðju hæð í Kletti. Stjórn MVS samþykkti að Skúti yrði notað sem aðstaða fyrir sviðsráð og nemendafélög MVS og fengum við Skúta afhentan í nóvember. Síðan þá hefur gengið hægt að breyta rýminu en eftir að sviðsráð og nemendafélög tóku til var húsvörður Menntavísindasviðs lengi að fjarlægja húsgögn sem áttu ekki að vera áfram. Búið að leggja inn beiðni til rekstrarsviðs Háskóla Íslands og forseta MVS að sviðsráð og nemendafélög sviðsins fái fjármagn til að kaupa ný húsgögn fyrir rýmið.

Samþykkt var á sameiginlegum fundi 14. mars hjá nemendafélagunum Kennó, Tuma og Vatnsins og sviðsráði MVS að rýmið ætti að verða tilbúið fyrir næsta skólaár sem byrjar í lok ágúst 2019. Það var einnig samþykkt að þar sem að það er lás á herberginu að ef einhver nemendafulltrúi er þar inni þá skyldi hurðin alltaf vera opin til þess að auka sýnileika sviðsráðs og nemendafélaga og auka aðgengi.

Nú er verið að vinna að nýju lesrými fyrir nemendur en á bókasafni MVS eru góð lesrými en bókasafnið er ekki alltaf opið. Það þarf því að skapa nýtt rými sem yrði aðgengilegt öllum alltaf og mætir sömu stöðlum og lesrými sem er á Háskólatorgi.

---

#### ENDURTEKTARPRÓF

Að fá endurtektarpróf eða upptökupróf hefur lengi verið hagsmunamál nemenda á MVS og þrýsti forseti sviðsráðs reglulega á það á fundum stjórnar sviðsins. Í febrúar 2019 fór Kolbrún Lára, forseti sviðsráðs á deildarráðsfund sem fulltrúi nemenda hjá deild Kennslu- og Menntunarfræði og talaði um mikilvægi þess að taka upp endurtektarpróf á Menntavísindasviði. Deildarráð KM deildar tók vel í málið og síðan þá hefur deild Faggreinakennslu einnig sýnt málefninu áhuga. Á stjórnarfundi MVS 13. febrúar tók Kolbrún Lára málið upp aftur með stuðning frá deildarforsetum. Sérstök endurtökupróf hafa verið haldin á vorin á Menntavísindasviði fyrir vissa hópa en málinu var beint til kennslustjóra MVS sem fylgir málinu eftir.

---

#### NEMENDUR MEÐ ÍSLENSKU SEM ANNAÐ MÁL FÁ LENGRI PRÓFTÍMA OG ORÐABÓK Í PRÓFUM

Samþykkt var á fundi stjórnar MVS að nemendur sem væru með íslensku sem annað mál gætu sótt um að fá lengri próftíma og orðabók í prófum. Sótt er um með eyðublaði sem er á kennsluskrifstofu MVS en einnig er hægt að senda tölvupóst og fá umsóknareyðublaðið sent á háskólanetfangið sitt ef nemendur búa fjarri höfuðborgarsvæðinu.

---

#### NÝ NÁMSKEIÐ Á MENNTAVÍSINDASVIÐI

Eftir að forseti sviðsráðs átti fund með markaðsfulltrúa Menntavísindasviðs og fulltrúa frá Rauða Krossinum kom upp sú hugmynd að gera einingabært námskeið um sjálfbóðaliðastarf. Stjórn MVS tók vel í það og í haust verður áfanginn Sjálfbóðaliðastarf: Verkefni tengd menntun og velferð barna og ungmenna kenndur í fyrsta sinn. [Hér](#) má sjá kennsluskrá námskeiðsins en Ragný Þóra Guðjohnsen verður kennari og umsjónarmaður námskeiðsins.

Í kjölfar samþykktar á sjálfbóðanámskeiðinu kom hugmynd frá Thelmu Rut á fundi sviðsráðs 16. janúar að bjóða upp á áfanga þar sem að stúdentar vinna verkefni í sameiningu með því að búa til þverfagleg teymi. Sviðsráð var hlynt hugmyndinni og telur að áfangi af þessu tagi myndi þjálfa nemendur í þverfaglegu samstarfi og nýttast vel á vettvangi óháð starfsvettvangi. Það á eftir að kynna hugmyndina fyrir stjórn MVS en verður gert á fundi með stjórn MVS vorið 2019.

---

#### RÉTTUR STÚDENTA AÐ SJÁ ELDRI PRÓF

Í desember fékk sviðsráð fjölda skilaboða um að kennarar við MVS væru ekki að fylgja lögum um rétt stúdenta til að sjá eldri próf. Forseti sviðsráðs sendi póst á forseta MVS og upplýsti hana um stöðu mála. Forseti MVS leit á málið alvarlegum augum og sendi sjálf póst á alla kennara sviðsins þar sem að hún ítrekaði rétt stúdenta til þess að sjá eldri próf. Mikilvægt að stúdentar séu vel upplýstir um réttindi sín. Sviðsráð mun halda áfram að vera vakandi fyrir hagsmunum stúdenta og fræða nemendur um sín réttindi.

---

#### UMSÖGN UM DRÖG AÐ FRUMVARPI

Á stúdentaráðsfundi 27. mars óskaði sviðsráð MVS eftir stuðningi stúdentaráðs við að skrifa umsögn fyrir hönd sviðsráðsins um frumvarp til nýrra laga um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnaenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla. Tillagan var samþykkt og skrifaði forseti sviðsráðs umsögn sem var samþykkt af sviðsráði. Umsögnina má skoða [hér](#) og tillöguna sem var borin undir stúdentaráð [hér](#).

---

#### FULLTRÚAR STÚDENTA Í NEFNDUM OG RÁÐUM MVS

Erfiðlega hefur gengið síðustu ár að fá fulltrúa stúdenta í deildarráð og að mæta á deildarfundi en samkvæmt 20.gr í reglum fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009 eiga tveir fulltrúar stúdenta sæti í deildarráði sinnar deildar. Samkvæmt 17.gr sömu laga eiga þrír fulltrúar stúdenta sæti á deildarfundi sinnar deildar. Kolbrún Lára, forseti sviðsráðs, stakk upp á því að fulltrúar stúdenta í nefndum og ráðum MVS fengu greidda fundarsetu eða einingar fyrir þátttöku í félagsstörfum innan Háskólans en stjórn MVS felldi tillöguna um að fá einingar en greidd fundarseta er núna í vinnslu í samráði við nemendafélög sviðsins.

Ekkert fulltrúaráð hefur verið starfandi á MVS undanfarin ár og því átti Kolbrún Lára, forseti sviðsráðs, samtalið við nýja stjórn nemendafélaga fyrir skólaárið 2019-2020 um að virkja fulltrúaráð sviðsins. Verklagsreglur fyrir fulltrúaráð verða skipaðar eftir skiptafund við nýtt sviðsráð MVS fyrir skólaárið 2019-2020.

#### Mál sem eru í farvegi:

- Endurtektarpróf
- Lesrými stúdenta
- Greidd fundarseta stúdenta
- Kaffisjálfsali
- Þverfaglegt námskeið
- Laga vatnsvél í Hamri (H)

## SVIÐSRÁÐ VERKFRÆÐI- OG NÁTTÚRUVÍSINDASVIÐS

## GAGNLEGAR UPPLÝSINGAR

Hér er búið að taka saman helstu upplýsingar til að finna svör við hugsanlegum spurningum sem koma upp. Listinn er ekki í neinni ákveðinni röð og er ekki tæmandi.

1. Sviðsráð heldur úti google drive síðu þar sem hægt er að nálgast öll gögn eins og fundargerðir, ályktanir, verklagsreglur o.fl. gögn. Þar að auki var vettvangurinn ZoHo notaður í upphafi en við viljum teljum forritið hafa of bratta lærdómskúrvu til þess að það borgi sig að nota það. Við mælum heldur með Trello.
2. Til að panta fundarstað er haft samband við kennslustofur@hi.is eða Sigdísí Ágústsdóttur sigdis@hi.is. Það er betra að panta með nokkurra daga fyrirvara.
3. Almennar fyrirspurnir á sviðið má senda á nemvon@hi.is eða hafa beint samband við einstaklinga sem eiga í hlut.
4. Sameiginlegur vettvangur sviðsráðs hefur verið haldið úti sem hópi á Facebook. Nýtt sviðsráð gerir sinn eigin hóp.
5. Fulltrúaráðið NáttVerk heldur einnig úti hópi á Facebook. Best er að fulltrúi sviðsráðs í NáttVerk búi til nýja síðu fyrir 2019-2020.
6. Sviðsráð heldur úti Facebook síðu. Þar komum við gagnlegum upplýsingum á framfæri til nemenda og segjum frá áföngum sem við náum í gegnum árið.
7. Sviðsráð stofnaði tölvupóstfang sem notað var til þess að hafa samskipti í tengslum við málefni sviðsráðs. Tölvupóstfangið er svidsradvon@gmail.com og fær nýr forseti sviðsráðs lykilorðið á skiptafundi.
8. Sviðsráð tekur við nafnlausum ábendingum í gegnum Google Forms. Er í description á facebook síðunni en engin fyrirspurn barst á starfsárinu. Það væri hægt að auglýsa vettvanginn betur.
9. Ítarefni skjal. Linkar að stefnum og ýmsum áhugaverðum greinum má finna á drifinu.
10. Málefnamappa sviðsráðs er á drifinu. Mælt er til þess að sviðsráð 2019-2020 búi til sína eigin málefnamöppu/hugmyndabanka og geta þá notast við sama skjal til þess að skilgreina hugmyndirnar. Góð leið til þess að koma hugmyndum á framfarir við sviðsforseta og stjórn sviðsins er að fylla út þetta skjal.
11. Sviðsráð hefur ekki neinu fjármagni að ráðstafa en hægt er að leita styrkja til SHÍ eða sviðsins fyrir útgjöld í kringum t.d. viðburði.
12. Endurnýta má kynningar ár frá ári en hægt er að nálgast þær á drifi sviðsráðs.

## UM SVIÐSRÁÐ

Hlutverk sviðsráðs Verkfræði- og náttúruvísindasviðs er að sinna hagsmunagæslu fyrir nemendur á sviðinu. Sviðsráð starfar í umboði nemenda og talar þeirra rödd þegar kemur að hinum ýmsu málum. Sviðsráð sér um bein samskipti við stjórn sviðsins og upplýsir nemendur um þau mál sem eru í brennidepli hverju sinni.

Sviðsráð 2018-2019 tók við þann 20. mars 2018. Sviðsráðsfundir voru haldnir á tveggja vikna fresti út allt starfsárið nema ef eitthvað sérstakt kom upp eins og kosningar eða frí. Í upphafi hverrar annar var valinn fastur fundartími á Doodle. Það reyndist vel. Fundir voru ýmist haldnir í VR, Tæknigarði eða á Stofan Kaffihús.

---

#### AÐALFULLTRÚAR SVIÐSRÁÐS 2018-2019

Eyþór Óli Borgþórsson, forseti (Röskva)  
Dórothea Magnúsdóttir (Röskva)<sup>2</sup>  
Númi Sveinsson, markaðsfulltrúi (Röskva)  
Svana Þorgeirsdóttir (Vaka)  
Melkorka Mjöll Jóhannudóttir (Röskva)

---

#### VARAFULLTRÚAR SVIÐSRÁÐS 2018-2019

Björg Bjarnadóttir (Röskva)  
Harpa Almarsdóttir (Röskva)  
Ásmundur Jóhannsson (Röskva)<sup>3</sup>  
Helga Sigrún Hermannsdóttir (Vaka)  
Magnea Haraldsdóttir (Röskva)

---

#### ÁBYRGÐARHLUTVERK INNAN SVIÐSRÁÐS

**Forseti sviðsráðs** sér um að boða til funda sviðsráðs með tveggja daga fyrirvara. Fundir eiga að vera haldnir a.m.k. einu sinni í mánuði og forseti finnur einnig fundarstað. Samkvæmt tillögu sem lögð var fyrir á Stúdentaráðsfundi var miðað við að fundir væru viku fyrir Stúdentaráðsfundi til að tryggja samráð og samvinnu þegar kemur að dagskrá SHÍ funda. Forseti sér um að útdeila verkefnum á sviðsráðsmeðlimi og ganga á eftir þessum verkefnum. Ábyrgðarhlutverk einstaklinga verður að vera skýrt.

**Ritari Sviðsráðs** sér um og ber ábyrgð á að fundargerðir séu ritaðar á fundum og haldið til haga á drifi sviðsráðs. Fundargerðir skulu vera tilbúnar og aðgengilegar þremur dögum eftir fund.

**Umsjónarmaður samfélagsmiðla** sér um að halda Facebook-síðu og öðrum miðlum uppfærðum með reglulegu millibili. Þetta er mikilvægt hlutverk fyrir ásýnd sviðsráðs VoN og svo að nemendur viti hvert hægt sé að leita ef upp koma mál

**Sviðsráðsmeðlimir** sjá um sín verkefni og að ganga á eftir þeim. Sviðsráð er samsett af sviðsráðsmeðlimum og hægt er að koma mörgu í framkvæmd ef að allir hjálpast við að ná settum markmiðum. Mikilvægt er að hver og einn sviðsráðsmeðlimur sýni gott frumkvæði.

---

#### HELSTU ÁFANGAR OG HAGSMUNAMÁL ÁRSINS

Á 2. fundi sviðsráðs fór fram málefnavinna og stefnumótun. Þar ræddum við hvað einkennir góða hópavinnu og fórum svo í að setja okkur markmið með stefnur fylkinganna til hliðsjónar. Við skilgreindum langtímamarkmið og skammtímamarkmið. Svo komu upp hugmyndir og mál eftir því sem árið leið. Hér að neðan má sjá helstu hagsmunamál og áfanga starfsársins og stöðu þeirra:

---

#### BÚIÐ

**Kvenfyrirmyndir í verkfræði og náttúruvísindum gerðar sýnilegri:** Héldum viðburðinn „Ryðjum veginn: Konur í vísindum og verkfræði“. Þar komu fram 3 konur sem höfðu stundað nám í Verkfræði- og náttúruvísindum, og eiga það allar

---

<sup>2</sup> Tók við þann 21. nóvember þegar Harpa Almarsdóttir sagði sig úr Stúdentaráði og varð varafulltrúi.

<sup>3</sup> Tók við þann 25. september þegar af Fjölnir Brynjarsson sagði sig úr Stúdentaráði.

sameiginlegt að vera framkvæmdarstjórar fyrirtækja, og sögðu frá sigrum og hindrunum á ferlinum.

**Yfirbyggt hjólaskýli fyrir utan VR2:** Eftir 3 ára baráttu sviðsráðs hefur hjólaskýli litið dagsins ljós.

**Matarsjálfsali í Verkval:** Sviðsráð kom fyrir matarsjálfsala í Verkvali. Hann er rekinn af Ölgerðinni svo kostnaðurinn er enginn. Hins vegar er hann í samkeppni við Verkval og tekur því af fjáröflun 3. árs nema fyrir útskriftarferð. Það er vert að skoða hvort breytingarnar séu miklar milli ára.

„**Hin fullkomna skólastofa**“: Sviðsráð sendi frá sér tékklista þar sem farið var yfir hvaða atriði þyrfti að hafa í huga þegar væri verið að hanna nýja skólastofu eða uppfæra gamlar. Listann má nálgast á [drifinu](#). Hann er nú þegar að nýtast að sögn sviðsforseta.

**Tæknifræðin sýnilegri á háskóladeginum:** Tæknifræðin í Keili var með heila stofu þar sem sýnd voru verk nemenda, allt frá gervihendi til skittlesflokka.

**Undirbúningsnámskeið fyrir nýnema:** Á nýnemadögum var boðið upp á undirbúningsnámskeið í raungreinum þar sem nemendur gátu valið á milli upprifjunar á námsefni eða innsýn í nýtt efni eftir því hvar þeir væru staddir í faginu.

**Myndatökur á sviðsráðsmeðlimum.** Við birtum þær svo á facebook síðunni okkar með smá kynningu um hvern og einn.

**Aukin vitund stúdenta á hagsmunamálum:** Sviðsráð hélt kynningu á kynningardegum nýnema sem og á nýnemadögum þar sem nemendum var gert grein fyrir hvert þeir gætu leitað með hvers kyns hagsmunamál stúdenta.

**Skilvirkari samvinna:** Nýtt kerfi þróað til þess að koma málefnum frá sviðsráði í ferli innan sviðsins.

**Nemendur hvattir til þess að fara varlega í athugasemdir við svörun á kennslukönnunum.** Fulltrúar í stjórn sviðsins áttu í góðu samtali við sviðsforseta en hann er með okkur í liði og passar upp á að kynjagleraugin séu á þegar farið er yfir kennslukannanir.

**Næturstrætó:** Sviðsráð VoN lagði fram bókun á SHÍ fundi vegna mögulegrar niðurfellingar á Næturstrætó og vísaði málinu til umsagnar hjá Umhverfis- og Samgöngunefnd. Okkur til mikilla ánægju ákvað Strætó að halda áfram að bjóða upp á þjónustuna.

**Flokkun sorps gerð skilvirkari:** Á stefnuskrá okkar var að bæta við áltunnum. Þetta hefur verið leyst með öðrum hætti en málmur má nú fara í plasttunnurnar.

**Verklagsreglur sviðsráðs VoN:** Verklagsreglur voru uppfærðar með tilliti til nýrra ókynjaðra titla í takt við Stúdentaráð.

**Jafnréttisfræðsla fyrir kennara:** Í aðgerð 2.11 í “Jafnréttismál VoN 2018-2020 - aðgerðaráætlun” stendur: Að starfsfólk og stjórnendur fái fræðslu um jafnréttismál (sbr. 17. Grein laga nr. 10/2008). Fyrstu námskeiðin voru í boði á haustmisseri 2018, við mikinn fögnuð sviðsráðs.

---

Í VINNSLU

Það er undir sviðsráði sem tekur við að velja mál sem þau vilja fylgja eftir á komandi starfsári.

**Aðgengis og húsnæðismál í Háskólabíó:** Sviðsráð, með ábendingar frá nemendum, tók saman atriði sem bæta þyrfti við Háskólabíó, bæði varðandi aðgengi fólks með fötlun og aðstöðu í fyrirlestrarsölum. Búið er að leysa það sem hægt var að gera strax en á döfinni er heildstæð úttekt fagfólks. Við hvetjum komandi sviðsráð að fylgja því eftir.

**Plöntur á lesstofur:** Sviðsráð reyndi að vekja áhuga sviðsforseta á að fá plöntur á lesstofur sviðsins. Undirtekinnar voru frekar dræmar en við höfum ekki skoðað ítarlega möguleikann að fá plastplöntur.

**Nemendaskápar í VR2:** Komu í kjölfar þarfagreiningar sem framkvæmd var af sviðsráði 2017-2018. Þeir eru komnir á ganginn á fyrstu hæð í VR2 en ekki er búið að opna fyrir skráningar á þeim. Við vonum að það verði klárt fyrir næsta skólaár.

**Kennsluverðlaun nemenda:** Nemendur verðlauna kennara sem þeim finnst hafa staðið sig vel. Reiknistofnun hefur útvegað okkur tól til þess að framkvæma þetta. Þarf að ákveða útfærslu og hverjir koma að því að veita þessi verðlaun. Væri flott að fá nemendafélögin með í þetta.

**Samstarf við atvinnulífið:** Boðið verði upp á að vinna fleiri verkefni í samstarfi við fyrirtæki og námsefni sé í takt við atvinnulífið. Í umræðunni var að halda atvinnudaga (e. Career Fair) í samstarfi við FVS. Möguleikar voru skoðaðir og Jónína Kárdal hjá Tengslatorgi hafði mikinn áhuga á að auka samstarf við nemendur á þessum vettvangi. Það þarf að setja í betri skorður eigi þetta að verða að veruleika. Einnig þarf að skoða áhuga hjá fyrirtækjum en skipulag og almenn framkvæmd er ekki hafin.

**Nemendur fá fræðslu í jafnréttismálum í upphafi náms:** Sviðsráð talar fyrir því að fá félag á borð við Hugrónu, Q-félagið og femínistafélag HÍ til þess að vera með kynningar í byrjun hvers námsferils. Það þarf að passa upp á að það sé rætt fyrir nýnemadagana.

**Nýtt fyrirkomulag fyrir skipan fulltrúa stúdenta á Sviðsþing:** Sviðsráð lagði til að nýju fyrirkomulagi yrði komið á við skipan fulltrúa nemenda á Sviðsþing. Í ár fengum við að vita með stuttum fyrirvara að við ættum 51 fulltrúa á þinginu. Það reyndist erfitt að fylla í þau sæti á þessum tíma. Notast var við Google Forms en erfitt reyndist að ná til nemenda aðeins í gegnum facebook. Með því að finna betri leiðir má auka samtal við nemendur og tryggja að þeir fái tilskyld fundargögn fyrir þingið. Því lögðum við til tvær hugmyndir af betri fyrirkomulagi sem bíður afgreiðslu. Í fyrsta lagi mætti setja í hendur nemendafélaga í upphafi annar að skipa nemendur í sæti. Annar kostur væri að draga úr potti fulltrúa úr hverri deild og senda í tölvupósti og óska eftir svörum hvort viðkomandi sjái sér fært að mæta. Þannig gætu nemendur fundið fyrir meiri ábyrgð og tengingu við starfsemi sviðsins.

**Kennarar fari ekki í nýtt efni í síðustu kennsluviku:** Þónokkrar kvartanir bárust á okkar borð að kennarar væru að fara í nýtt efni í síðustu kennsluviku. Við tókum málið upp við sviðsforseta og hann ætlaði að taka það til athugunar. Eflaust þarf að gera kennurum betur grein fyrir þessu í upphafi annar svo tekið sé mið af því við gerð kennsluáætlana.

**Vegan súpa í Tæknigarð:** Sviðsráð sendi fyrirspurn á FS að fá vegan súpu í Tæknigarð. Svárið sem við fengum var á þann veg að það væri verið að vinna að því að auka framboð á vegan vörum á öllum útsölustöðum Hámu og að við ættum að láta vita ef úrvalið batnar ekki. Um að gera að ýta á eftir þessu ef vegan súpan kemur ekki fljótlega.

---

EKKI HAFIÐ

**Verklegur búnaður gerður aðgengilegri fyrir nemendur.** Höfum ítrekað þetta á stjórnarfundum og talað mikið fyrir mikilvægi þess að hafa greiðan aðgang að

verklegum búnaði sem nemandi í verkfræði og raungreinum. Það þarf að búa til umgjörð fyrir þetta og er mikilvægt að sviðsráð hafi aðkomu að því.

**Design Workshop:** Það lýsir sér í rými með alls konar tækjum, verkfærum og tólum sem allir nemendur skólans mega ganga í. Þetta má vera nýtt í hvað sem er, hvort sem það fyrir sérstakt verkefni fyrir áfanga í skólanum eða bara gjöf handa ömmu. Markmiðið er að samtvinna og örva verklegt vit, hönnunarvit, nýsköpun og áhugamál stúdenta. Nemar þurfa samt að greiða fyrir efniskostnað en geta gengið í tæki og tól á borð við 3D prentara, vatnsskurðarvélar og rennibekk.

**Rafræn skil verkefna aukin:** Mun að öllum líkindum gjörbreytast með innleiðingu á rafræna prófakerfinu Inspira. Ýta þarf enn betur á eftir þessu með umhverfismál að sjónarmiði.

---

## NEFNDIR OG RÁÐ

Sviðsráð skipar fulltrúa í eftirfarandi nefndir og ráð. Nánari lýsing á hverju nefndarstarfi kemur eftir upptalninguna.

---

## NEFNDIR INNAN VON

- Stjórn VoN - tveir fulltrúar
- Kennslunefnd VoN – tveir fulltrúar, einn grunnemi og einn framhaldsnemi
- NáttVerk - einn fulltrúi

---

## NEFNDIR INNAN SHÍ

- Forseti sviðsráðs hefur sæti í stjórn SHÍ.
- Fulltrúi kennslunefndar VoN hefur sæti í Kennslumálanefnd SHÍ.
- Úthlutunarnefnd stúdentsjóðs SHÍ - einn fulltrúi nemendafélaga á sviðinu. NáttVerk skipar.

---

## LÝSING Á NEFNDARSTARFI SÍÐASTA ÁRS

---

### STJÓRN VON

Fulltrúar voru Eyþór Óli Borgþórsson og Númi Sveinsson. Við gátum boðað varafulltrúa úr sviðsráði eftir þörfum. Stjórn VoN samanstendur af forseta sviðsins (1), deildarforsetum (6) og fulltrúum nemenda (2), en saman hafa fulltrúar nemenda 1 atkvæði.

### *Stjórn Von 2018-2019*

Dr. Sigurður Magnús Garðarsson, forseti Verkfræði og náttúruvísindasviðs  
Dr. Rúnar Unnþórsson, forseti Iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðideildar  
Dr. Magnús Tumi Guðmundsson, forseti Jarðvísindadeildar  
Dr. Anna Dóra Sæþórsdóttir, forseti Líf-og umhverfisvísindadeildar  
Dr. Magnús Örn Úlfarsson, forseti Rafmagns- og tölvuverkfræðideildar  
Dr. Oddur Ingólfsson, forseti Raunvísindadeildar  
Dr. Guðmundur Freyr Úlfarsson, forseti Umhverfis- og byggingarverkfræðideildar  
Eyþór Óli Borgþórsson, fulltrúi nemenda.  
Númi Sveinsson, fulltrúi nemenda.

Á stjórnarfundum eru helstu málefni sviðsins rædd og ákvarðanir teknar. Oft koma inn einstaklingar úr stoðþjónustu VoN, starfsmenn af öðrum sviðum og víðar úr háskólasamfélaginu til þess að taka þátt í samtalinu. Það er því mjög mikilvægt að hafa fulltrúa á þessum vettvangi til að gæta vel að þeim málum er varða hagsmuni stúdenta. Fundirnir eru haldnir á tveggja vikna fresti, á miðvikudögum kl. 10-12. Fulltrúar nemenda fá fundargögn send í pósti frá verkefnastjóra stjórnar sem annast samskipti við nemendur af miklu leiti.

Á stjórnarfundum er farið í öll helstu mál sem snerta sviðið; kennslumál, mannauðsmál, fjármál og rekstur, stefnumótun, húsnæðismál, gæðamál, jafnréttismál, rannsóknir o.s.frv. Hér að neðan má sjá nokkur dæmi um mál sem voru rædd á stjórnarfundum og eru tekin úr fundargerðum.

**HÍ21** og staða aðgerða innan deilda fyrir akkerisfundi rædd. Mikilvægt að sviðið vinni markvisst að markmiðunum.

**Samstarf HÍ og Alvotech** um nýja námsleið í Iðnaðarlíftækni. Kennsla hefst á næsta skólaári og eru kynningarfundir á döfni.

**Vægi lokaprófa** voru rædd og lagt til að ákveðin viðmið eigi að vera varðandi vægi lokaprófa. **Styrking meistaranáms** og aðgerðir 2019. Áhyggjur yfir því að margir MS nemendur skrái sig en fáir brautskráist. Kallað eftir lausnum til þess að styrkja MS námið. Einn möguleiki að fá framhaldsnámið betur á Háskóladaginn m.t.t. skiptináms.

**Heimsmarkmiðin Sameinuðu Þjóðanna** komu oft upp m.a. í tengslum við hvernig mætti bregðast við og nýta heimsmarkmiðið um sjálfbæra þróun þegar kemur að sýnileika rannsókna. Stjórnvöld eru farin að kalla eftir því að stofnanir máti sig við markmiðin og stjórn VoN er að huga að því hvernig sviðið getur innleitt markmiðin og valið sértæk markmið til að gera sín. Fulltrúar nemenda töluðu fyrir því að með því að auka almenna vitund kennara á heimsmarkmiðunum mætti tengja þau við hvern og einn áfanga.

**Stefna sviðsins í húsnæðismálum** og möguleg útfærsla á henni til lengri tíma. Rætt um hverjar helstu áherslur sviðsins ættu að vera á komandi misserum. Sviðsforseti talar fyrir hugmynd sem hann kallar „TækniTorg“ og vinnur að því að þróa hugmyndir um langtímasýn í húsnæðismálum sviðsins.

**Jafnréttismál og #metoo.** Starfshópur rektors sem viðbrögð við #metoo byltingunni setti fram drög að markmiðum sem vinna á að. Stjórn VoN skilaði inn umsögn við markmiðin og ræddi sérstaklega hvernig deildir gætu gert til þess að vinna að markmiði 9 þar sem segir: „Á öllum skólastigum skulu nemendur hljóta fræðslu um jafnréttismál þar sem m.a. skal lögð áhersla á að búa bæði kynin undir jafna þáttöku í samfélaginu, svo sem í fjölskyldu- og atvinnulífi“. Fulltrúi VoN í jafnréttisnefndi HÍ kynnti nýjan bækling „Jafnrétti í kennslu gátlisti“ sem er gátlisti fyrir kennara um samþættingu jafnréttissjónarmiða við kennslu. Tók svo upp hvað sviðið hefði gert í þágu jafnréttismála og nefndi þar fyrst viðburð sviðsráðs „Ryðjum Veginn: Konur í vísindum og Verkfræði“.

**Gæðaúttektir** eru í gangi á sviðinu. Þar fara deildir í innri endurskoðun á gæðamálum. Deildarforsetar almennt ánægðir með úttektirnar.

**Rafrænir kennsluhættir.** Stefnt er að því að taka upp staðlað alþjóðlegt námssumsjónarkerfi. Fáum utanaðkomandi stuðning við innleiðingu. HÍ hefur beint augum sínum að EdX en þar er geta prófessorar hannað rafræn námskeið og nemendur geta valið úr breiðri flóru námskeiða frá hinum ýmsu háskólum. HÍ nú þegar kominn með [þrjá áfanga á vettvanginn](#). Innleiðing Inspira, rafræna prófakerfisins, er nú í fullum gangi og hefur gengið vel. Nemendur og kennarar almennt tekið vel í kerfið. Sérstakur kostur fyrir VoN að hægt er að skrifa langa útreikninga á blöð og skanna inn. Að auki flýtt þetta verulega fyrir yfirferð prófa og sparar pappír í massavís.

**Niðurstöður nemendakannana** voru teknar fyrir og bornar saman við fyrri ár, en kannanirnar eru gerðar á 2. ára fresti. Almennt meiri ánægja á sviðinu en síðast. Hlutir sem hafa hækkað frá 2011 voru meðal annars aðgangur að sérhæfðum úrræðum, sanngjarnt námsmat og einkunnagjöf, ítarlegar umsagnir, aukin jafnréttisvitund.



## KENNSLUNEFND VON

Fulltrúi var Björg Bjarnadóttir (eftir afsögn Hörpu Almarsdóttur)

Á fundum kennslunefndar eru mál tekin ítarlegar fyrir en á stjórnarfundum. Þar er kafað dýpra út í aðgerðir og verkefni er varða kennslumál. Málin eru svo oftast en ekki afgreidd á stjórnarfundum sviðsins. Meðal mála sem nefndin tók fyrir á árinu voru eftirfarandi:

**Kennsluviðurkenning VoN.** Háskóli Íslands hefur frá árinu 1999 veitt starfsmönnum viðurkenningu fyrir lofsverðan árangur í starfi. Kennslunefnd hvers sviðs tilnefnir karl og konu. Nú er hugmynd að koma slíkum verðlaunum á fót innan sviðsins. Verið er að vinna að drögum að verklagsreglunum en þar segir meðal annars: „Hægt er að tilnefna kennara fyrir lofsverðan árangur eða sérstök nýmæli í þremur flokkum: Kennsla í námskeiðum, leiðbeining lokaverkefna og kennsluþróun.“

**Námsvalshjól HÍ** er leið til þess að styðja við námsval nemenda og treysta að ákvörðun þeirra um nám verði markvissari og betur upplýst. Námshjólíð mun koma inn á vef Háskóla Íslands. Nemendur geta fundið námsleiðir miðað við viðfangsefni sem þau hafa áhuga á. Nú vinnur kennslunefnd að því í samstarfi við deildir sviðsins að flokka námsleiðir í flokka fyrir hjólið.

**Móttaka nýnema.** Hingað til hefur einn nýnemadagur verið haldinn ár hvert til þess að bjóða nýnema velkomna á Verkfræði- og Náttúruvísindasvið. Á þessu ári voru nýnemadagar með aðeins öðruvísi sniði, eða þrjú talsins og fóru þeir fram 22-24 ágúst. Undanfarinn er sá að haustið 2017 sótti kennslunefnd sviðsins um styrk í kennslumálasjóð um að fá að halda þrjú metnaðarfulla nýnemadaga með fókus á að koma inn undirbúningsnámskeiðum í kjarnagreinum þar sem nemendur kæmu inn á sviðið misvel undirbúnir. Umsóknin var samþykkt og strax hafist handa við að undirbúa nýnemadagana enda með stærra sniði en áður. Við gerð umsóknar var leitað til sviðsráðs 2017-2018 um ábendingar sem gætu hentað. Eftirfarandi er tekið beint upp úr umsókninni:

*“Sem dæmi um kynningar sem nemendur hafa kallað eftir er kynning á jafnréttisáætlun Háskóla Íslands, kynningar frá sterkum kvenfyrirmyndum úr atvinnulífinu í verk- og raunvísindum, kynningu á þjónustu í geðheilbrigðismálum sem stendur stúdentum til boða, safnkynningu frá Landsbókasafni, kynningu frá Náms- og starfsráðgjöf ásamt kynningu á því hvaða stoðþjónusta er í boði fyrir nemendur innan VoN. Að lokum hafa nemendur kallað eftir kynningu á öllu því sem Uglan hefur upp á að bjóða, Undur Uglunnar, þ.e. hvernig er best að nota Ugluna, hvar má ná í frían hugbúnað í Uglunni (t.d. Word), mikilvægi þess að svara kennslukönnunum og fleira. Þegar líða tæki á daginn tækju nemendafélögin við og kynntu fyrir nemendum hvað þau hafa upp á að bjóða.”*

Aðrar hugmyndir sem komu fram frá sviðsráði voru workshop þar sem kæmið væri inn á sjálfstraust, tímastjórnun og andlega líðan. Það myndi mögulega hjálpa til við að minnka brottfall ef tekið væri á því strax og fókusað á að það sé ekki endilega heimsendir að falla.

**Handbók fyrir kennara. Óskrifaðar reglur sem settar væru í bókina. T.d. hvað þyrfti að vera í kennsluáætlun, ekki hærra en 80% vægi lokaprófa, og ekkert nýtt efni í síðustu viku. Ekki reglur heldur viðmið.**

**Nemendur staðfesti skráningu í námskeið til þess að nýta endurskoðun skráninga borða. Þau þyrftu að staðfesta skráningu á fyrstu tveimur vikum en gætu samt áfram skráð sig úr námskeiði seinna meir.**

**Rafrænt efni aðgengilegt í tæka tíð fyrir þau sem sækja um nám á sviðinu svo að möguleiki sé að undirbúa sig í kjarnagreinum áður en þau mæta fyrsta skóladaginn.**

## NÁTTVERK

Fulltrúi var Björg Bjarnadóttir.

Náttverk er fulltrúaráð allra nemendafélaga innan Verkfræði- og Náttúruvísindasviðs. Meðal markmiða NáttVerk er að hafa sameiginlegan samskiptavettvang og bæta samstarf

nemendafélaga við Sviðsráð VoN. Meðal hlutverka NáttVerk er að taka þátt í skipulagningu á Nýnemadögum, halda NáttVerk-leika, skipuleggja útilegu og skipa fulltrúa úr sínum deildum til þess að kynna námið á háskóladögum. Skrifstofa sviðsins er í góðu samstarfi við NáttVerk og fara samskipti mikið fram á Facebook-hóp. Lög NáttVerk má finna á google-drifi sviðsráðs VoN.

Félagið er skipað einum fulltrúa hvers aðildafélags en Sviðsráð VoN er eitt þeirra. Fulltrúi Sviðsráðs í NáttVerk ber ábyrgð á því, skv. 7. grein laga NáttVerks, að skipa aðalfund eigi síðar en 31. maí ár hvert. Að auki sér fulltrúi um að upplýsa meðlimi NáttVerk um þau mál sem SHÍ vinnur að og leita eftir álit og stuðningi NáttVerk í þeim málum sem við koma nemendum á sviðinu.

Fundir voru haldnir óreglulega í ár en við hvetjum næsta sviðsráð til þess að taka forystuhlutverk innan Náttverk. Það myndi auðvelda fyrir að ná til nemenda og nýta kraft fleiri einstaklinga.

---

## VIÐBURÐIR

### RYÐJUM VEGINN: KONUR Í VÍSINDUM OG VERKFRÆÐI

Sviðsráð stofnsetti og skipulagði viðburðinn „Ryðjum veginn: Konur í vísindum og verkfræði“. Við erum gríðarlega stolt af útkomunni og vonumst til þess að sjá þennan viðburð verða að hefð. Það er sérstök ástæða til þess að gefa konum í STEM tækifæri og pláss en þegar þetta er skrifað er Verkfræði- og náttúruvísindasvið eina sviðið sem hefur færri konur en karla í námi.



---

## SAMANTEKT

Fyrirmyndir eru mikilvægar og mættu vera fleiri þegar kemur að konum í verkfræði- og náttúruvísindum. Okkur langaði því að draga fram flottar konur úr atvinnulífinu sem eiga það sameiginlegt að hafa stundað nám í þessum greinum til þess að valdefla þær sem eru að stíga sín fyrstu skref. Þetta byrjaði sem lítil hugmynd sem okkur langaði mjög mikið að framkvæma. Við vorum þó ekki viss hvenær besti tíminn væri eða á hvaða vettvangi væri best að vera. Auk þess höfðum við ekkert fjármagn milli handanna. Við vorum sniðug að biðja um að fá að vera á dagskrá á Jafnréttisdögum, en þau samþykktu það með stuttum fyrirvara. Við völdum staðsetningu og tímasetningu, Veröld 4. Október kl. 17:30, og boltinn fór að rúlla. Sviðið bauðst til þess að greiða fyrir salinn.

Þrjár konur urðu fyrir valinu og var auðvelt að fá þær vegna góðra tengsla.

Guðbjörg Heiða Guðmundsdóttir, framkvæmdarstjóri Marel

Margrét Arnardóttir, framkvæmdarstjóri tæknisviðs Ölgerðarinnar

Helga Dögg Flosadóttir, framkvæmdarstjóri Atmonia

Fyrirlesarar voru beðnir um að miðla eigin sögu og reynslu og segja frá sigrum og hindrunum á lífsleiðinni og hvernig þær komust á þann stað sem þær eru á í dag. Við auglýstum viðburðinn á [facebook](#) en þar má finna nánari lýsingar á erindum fyrirlesara.

Sviðsráð var með kaffi og kex fyrir framan Veröld áður en viðburðurinn hófst. Viðburðurinn gekk framar öllum vonum og skapaðist jákvæð og skemmtileg stemning. Forseti sviðsráðs byrjaði á því að opna með hugleiðingum um stöðu kvenna á sviðinu. Í kjölfarið tóku kynningar við og voru frásagnirnar einlægar og myndar. Að lokum sátu fyrirlesarar saman í pallborði og tóku við spurningum.

Það væri gaman að sjá þennan viðburð verða að hefð.

## OPINN FUNDUR SVIÐSRÁÐS

Sviðsráð skal stefna að því að halda opinn fund fyrir nemendur á vorönn og haustönn. Í ár hældum við aðeins fund á vorönn en hann gekk vel og má sjá samantekt hér að neðan.

### SAMANTEKT

Opinn fundur sviðsráðs Verkfræði- og náttúrusvísindasviðs var haldinn í HT105 þann 7. mars 2019. Yfirheiti fundarins var Ert þú með hugmynd? “*Hvernig má styðja við aukna nýsköpun á Verkfræði- og náttúruvísindasviði?*”

Dagskrá fundarins var eftirfarandi:

16:30-16:40 Kynning á starfsemi sviðsráðs síðasta árið. *Númi Sveinsson*

16:40-16:50 Erindi sviðsforseta. *Sigurður Magnús Garðarsson*

16:50-17:00 Staða nýsköpunar og frumkvöðlastarfsemi á VoN. *Vífill Harðarson, Team Spark*

17:00-17:20 Umræður um nýsköpun og frumkvöðlastarfsemi. *Sviðsráðsmeðlimir*

17:20-17:50 Umræður nemenda: kennslumál, umhverfismál og frjálsar umræður.

17:50-18:00 Samantekt af hverju borði.

18:00 Fundi slitið. Áframhaldandi samræður á Stúdentakjallaranum fyrir áhugasama.

Í kringum 20 nemendur mættu og fundurinn gekk vel fyrir sig. Númi Sveinsson byrjaði á því að kynna starfssemi sviðsráðs síðasta árið og talaði meðal annars um að samskiptin hefðu verið góð við stjórn sviðsins. Sigurður Magnús sviðsforseti hélt erindi í kjölfarið og hvatti nemendur til þess að láta til sín taka í málefnum stúdenta. Þá hvatti hann sérstaklega sviðsráð næsta árs til þess að efla samskipti við nemendafélögin og taka forystuhlutverk á þeim vettvangi. Vífill Harðarson opnaði umræður um nýsköpun á sviðinu með því að segja frá sinni reynslu af nýsköpun úr bæði Team Spark og nýsköpunar- og frumkvöðlanefnd. Daníel G. Daníelsson og Edda Konráðsdóttir frá Icelandic Startup sögðu frá starfsemi félagsins og hvöttu viðstadda til þess að kynna sér Startup Reykjavík. Að lokum áttu sér stað umræður og má sjá samantektir úr þeim hér að neðan.

### NIÐURSTÖÐUR ÚR UMRÆÐUM UM NÝSKÖPUN

- Kynningar á verkefnum eldri nemenda.
- Nýta efnivið og tæki betur. Auka aðgengi nemenda að búnaði. Gera nemendum grein fyrir þeim möguleikum sem eru í boði.
- Skúr fyrir nýsköpun.
- Umbun fyrir að mæta á opna fyrirlestra.
- Nýsköpun í gömlum, stöðnuðum greinum.
- Þverfagleg samvinna og samtvinnun áfanga.
- Design hub / Innovation Hub / Design Workshop.
- Vettvangsferðir
- Nýsköpunarverkefni innan áfanga.

- Nýsköpunaráfangi á 1. Ári. Mögulega valáfangi.
- VR II, mála veggina – bjartara umhverfi.
- StartUp sauna - nýsköpunar culture - Finnland.
- Nýsköpunartímar
- Nýta Tæknigarð undir viðburði. Nota stofurnar þar.
- 1. árs nemendur aðstoða útskriftarnemendur eða framhaldsnemendur með verkefni sín. Fá innsýn í fagið sem þau eru að hefja nám í.

#### NIÐURSTÖÐUR ÚR UMRÆÐUM UM KENNSLUMÁL

- Krefjast þess að kennarar birti það sem skrifað er á töfluna á uglu.
- Upptaka fyrirlestra.
- Hafa umbun fyrir að mæta í tíma. Skyldumæting og þáttaka í tímum metin til einkunnar.
- Hvetja nemendur til að hitta kennara og spyrja spurninga.
- Hvetja nemendur til að tala í tímum. Spyrja spurninga og bíða eftir svörum. Kahoot / I-clicker.
- Kahoot námskeið fyrir kennara – Anna Helga.
- Nýnemadagar. Nýnemar settir í hópa og fá úthlutað masters/doktorsnema og fá að hjálpa til við verkefni þeirra.
- Fundur með kennurum um upptöku fyrirlestra.
  - Rökræða afhverju þetta er mikilvægt.
  - Sýna þeim hvað þetta er auðvelt.
  - Fá kennara sem gera þetta með okkur í lið.

#### NIÐURSTÖÐUR ÚR UMRÆÐUM UM UMHVERFISMÁL

- Flokkunarkeppni.
- Rafræn skil.
- Umhverfisvitund í áföngum. Koma með umhverfispól í öllum áföngum. Sbr:
  - Umhverfisverkfræði
  - Vörustjórnun og framleiðsla
  - Ferðamálafræði
  - Vélhlutafræði.
  - Umhverfisfræði.
- Efni og efniskostnaður. Fjöldapanta efni sem notuð eru í verkefni í staðinn fyrir að hver nemandi þurfi að panta. Aðgangsstýra eða lána t.d. arduino, balsavið og víra.
- Hádegisfundir. Vekja athygli á umhverfismálum á öllu sviðinu.

#### HVAÐ FÓR VEL

- Áhugaverðar umræður og góðir punktar frá fólki.
- Skemmtileg utanaðkomandi erindi.
- Sviðsforseti með góð orð til nemenda.
- Við reyndum eftir bestu getu að gera viðburðinn spennandi með því að auglýsa hann með fókusi á nýsköpun.

#### HVAÐ MÆTTI FARA BETUR - PUNKTAR TIL NÆSTA SVIÐSRÁÐS

- Mættu mjög fáir nemendur. Gæti verið að pizzur myndu auka aðsókn nemenda.
- Virkja nemendafélögin. Skylda öll nemendafélög á sviðinu til þess að skipa 2 fulltrúa á fundinn.
- Hefði mátt undirbúa stjórnendur borðanna betur.
- Hefði mátt setja upp plagg með vangaveltum eða lykilordum og birta upp á skjá. Þannig hefði verið hægt að halda umræðunum á réttum nótum.

- Stofan var ekki góð fyrir hópumræður.



## HÓPEFLISDAGUR SVIÐSRÁÐS

Það er mikilvægt í teymisvinnu er að hafa gaman, vera samstillt og kynnst styrkleikum hvers og eins. Þess vegna ákváðum við í upphafi starfsárs að skipuleggja heilan laugardag þar sem við kynntumst og skemmtum okkur saman. Við byrjuðum á því að fara í salsakennslu hjá Helgu Sigrúnu varafulltrúa í sviðsráði og áttuðum okkur þar að við ættum bara að halda okkur í stúdentapólitíkinni. Við skelltum okkur síðan í sund og gufu til þess að jafna okkur. Þaðan var haldið heim til Eyþórs í mexíkóskar vefjur og við spiluðum Kahoot og spjölluðum fram á kvöld. Við leggjum áherslu á mikilvægi þess að líta upp úr verkefnum og hafa gaman saman.



## AÐKOMA SVIÐSRÁÐS AÐ VIÐBURÐUM Á SVIÐINU

## NÝNEMADAGAR

Nýnemadagarnir heppnuðust vel og kynntum við starfsemi sviðsráðs og Stúdentaráðs fyrir nemendum. Númi Sveinsson var fyrir hönd sviðsráðs og Elísabet Brynjarsdóttir forseti stúdentaráðs með honum. Þau kynntu starfsemi Stúdentaráðs og sviðsráða og nefndu dæmi um hagsmunamál sem Sviðsráð VoN berst fyrir. Þau ítrekuðu að skrifstofan og meðlimir sviðsráðs séu alltaf til staðar til að aðstoða og opnir fyrir alls kyns ábendingum. Við mælum með því að sviðsráð fjölmenni á nýnemadaga og hafi bás fyrir utan Háskólabíó þar sem nemendur geta komið og spjallað eða spurt spurninga. Við hvetjum sviðsráð til þess að vera sýnilegt og taka þátt í ratleik nemendafélaganna.

Sviðsráð kom aðeins að undirbúningi og fundaði með kennslumálanefnd þar sem sviðsráðsmeðlimir komu með ábendingar um hvaða upplýsingar væru gagnlegar fyrir nemendur. Að auki var þar rætt um ratleik nemendafélaganna og útfærslu á honum.

#### KYNNINGARFUNDUR FYRIR NÝNEMA

Kynningarfundur fyrir nýnema var haldinn 14. Júní 2018. Hann var hugsaður til þess að kynna sviðið, námsbrautirnar og félagslíf fyrir nemendum sem höfðu skráð sig í námið og kynna fyrir þeim rafrænar leiðir útbúna af sviðinu til þess að undirbúa sig í kjarnagreinum yfir sumarið og koma betur undirbúin fyrir haustið. Stúdentaráð, sviðsráð og nemendafélög voru með kynningar á starfsemi sinni. Forseti sviðsráðs fór fyrir hönd sviðsráðs og megin markmiðið okkar var að segja frá því hvað við gerðum, hver við værum og hvernig nemendur gætu nálgast okkur.

#### SVIÐSPING VERKFRÆÐI- OG NÁTTÚRUVÍSINDASVIÐS

Sviðsþing VoN fer yfirleitt fram tvisvar á skólaári, eitt á haustönn og eitt á vorönn þrátt fyrir að lög HÍ kveði um að nóg sé að halda eitt þing á ári. Þingið er samráðsvettvangur þar sem fram fer umræða um innri málefni fræðasviðsins. Forseti sviðsins boðar til sviðsþings og eiga þar sæti allir fastir starfsmenn sviðsins. Í lögum Háskóla Íslands kemur fram:

*„Auk þess á sæti á fræðasviðsþingi einn fulltrúi nemenda á móti hverjum fimm fulltrúum annarra aðila innan fræðasviðsins, og skulu þeir kjörnir í sérstökum kosningum til eins árs í senn.“<sup>4</sup>*

Að auki kemur fram:

*„Kosningu eða tilnefningu fulltrúa á fræðasviðsþing skal lokið fyrir 1. mars á því ári sem skipunartími sitjandi fræðasviðsþings rennur út og miðast upphaf skipunartímabils við 1. júlí og lok við 30. júní að tveimur árum liðnum.“*

Eins og áður kom fram var fyrirkomulag ekki með þessum hætti fyrir Sviðsþingin í ár en við mælum með því að næsta sviðsráð skoði þetta í samráði við Sviðsforseta og komi skipun nemenda á Sviðsþing í betri umgjörð. Tólfta Sviðsþing VoN var haldið föstudaginn 9. Nóvember 2018 í Öskju 132. Dagskrá var eftirfarandi:

10:00 Setning

10:05 HÍ21 – Stefna Háskóla Íslands 2016-2021 - Staða innleiðingar

*Jón Atli Benediktsson, rektor*

*Steinunn Gestsdóttir, aðstoðarrektor kennslu og þróunar*

*Sigurður Magnús Garðarsson, sviðsforseti*

10:55 Kaffihlé

11:05 HÍ21 – Stefna Háskóla Íslands 2016-2021 - Seinni hluti

11:30 Í gangi hjá VoN - *Sigurður Magnús Garðarsson, sviðsforseti*

11:50 Önnur mál

12:00 Þingi lýkur

Þingið heppnaðist vel og sköpuðust fínar umræður. Fulltrúar nemenda voru í kringum 15 talsins.

<sup>4</sup> [https://www.hi.is/haskolinn/reglur\\_fyrir\\_haskola\\_islands](https://www.hi.is/haskolinn/reglur_fyrir_haskola_islands)

Nemendur spurðu rektor spurninga á borð við:

- *Hvers vegna er ekki notast við meðaltal nemenda í stað fjölda nemenda hverju sinni þegar fjármagni er útteilt til háskólans. Árgangar eru oft misstórir á milli ára.*
- *Í HÍ21 er talað um að auka stuðning við stundakennara og auka endurgjöf í kjölfarið. Hvernig ætliði að auka endurgjöf - verkferlar?*

Svörin frá rektor voru á þann veg að kerfið væri mjög flókið þegar kemur að fjármagnsúthlutun. Varðandi endurgjöf talaði hann um að sviðin væru að búa til vettvang þar sem nemendur geta tilkynnt ef ekki væri verið að fara eftir reglum varðandi endurgjöf. Gott væri ef nemendur pressuðu á að stöðluð endurgjafaform yrðu búin til í áföngum. Þetta minnkar hlutdrægni hjá kennurum og er sanngjarnara fyrir nemendur. Að auki flýtir það fyrir endurgjöf hjá kennurum þegar upp er staðið. Einnig var mikið talað um jafnréttismál í tengslum við HÍ21 og að farið yrði í að kortleggja nemendahópinn með tilliti til fjölbreytileika, þ.e. Kyns, kynvitundar, aldurs, þjóðernis o.fl. þátta.

## VERKLAGSREGLUR

Stjórn Stúdentaráðs gaf út viðmið að verklagsreglum en það er undir sviðsráð hvers sviðs að móta þær eftir eigin þörfum. Eftirfarandi verklagsreglur voru síðast uppfærðar 12. júní 2018.

## VERKLAGSREGLUR SVIÐSRÁÐS VON

- 1) Sviðsráð skal funda að minnsta kosti einu sinni í mánuði.
- 2) Forseti boðar fundi með að minnsta kosti tveggja sólarhringa fyrirvara.
- 3) Forseti ábyrgist fundaraðstöðu.
- 4) Sviðsráðsmeðlimir skulu mæta tímanlega á fundi.
- 5) Ritari ábyrgist fundargerðir og skilar þeim innan við viku frá fundi.
- 6) Á fundum sviðsráðs hefur aðalfulltrúi áheyrnar-, málfrelsis- og atkvæðisrétt.
- 7) Ef aðalfulltrúi í sviðsráði forfallast skal tilkynna forföllin og boða varfulltrúa í sinn stað með sólarhrings fyrirvara.
- 8) Varafulltrúar hafa rétt á að mæta á alla fundi sviðsráðs og hafa þá áheyrnar-, málfrelsis- og tillögurétt. Ef varafulltrúi situr í stað aðalfulltrúa þá hefur hann einnig atkvæðisrétt.
- 9) Þegar nýtt sviðsráð tekur við skal haldinn skiptafundur með fráfarandi sviðsráði
  - a) Aðalfulltrúar og varafulltrúar fráfarandi og nýkjörins sviðsráðs skulu mæta á skiptafund.
  - b) Fulltrúar nýs sviðsráðs kjósa um forseta og ritara.
  - c) Kosið skal um fulltrúa í fulltrúaráð (NáttVerk). Hann hefur áheyrnar- málfrelsis- og atkvæðisrétt á fundum Náttverk. Aðrir sviðsráðsmeðlimir hafa áheyrnar- málfrelsis- og tillögurétt á fundum NáttVerk.
  - d) Kosið skal um markaðsfulltrúa sviðsráðsins.
  - e) Kosið skal um tvo fulltrúa í stjórn VoN. Æskilegt er að fulltrúarnir komi úr ólíkum deildum og að kynjasjónarmið séu höfð í huga.
  - f) Kosið skal um fulltrúa og varafulltrúa í Kennslunefnd VoN sem hefur jafnframt sæti í Kennslumálanefnd SHÍ.
  - g) Kosið skal um fulltrúa í Nemendafélagsnefnd SHÍ.
  - h) Verklagsreglur skulu kynntar nýju sviðsráði á skiptafundi sviðsráðsins.
  - i) Ársskýrsla sviðsráðs skal afhent í lok starfsárs. Í henni koma fram helstu upplýsingar um starf sviðsráðs, ásamt almennri lýsingu á starfi og skipulagi fráfarandi sviðsráðs.
  - j) Fráfarandi fulltrúar bera ábyrgð á því að nýkjörnir fulltrúar séu upplýstir um starfshætti og málstöðu sviðsráðs.
- 10) Tímabilið milli kosninga til sviðsráðs og skiptafundar sviðsráðs skal nýtt sem aðlögunartímabil þannig að nýkjörið sviðsráð situr fundi með fráfarandi sviðsráði.
- 11) Sviðsráð kys um fulltrúa í Nortek samtökin.

- 12) Tveir meðlimir sviðsráðs geta krafist forseta um fundarboð.
- 13) Fundur telst löglegur ef meirihluti atkvæðabærra fulltrúa er mættur.
- 14) Fundir eru opnir öllum og haldinn skal opin upplýsingafundur fyrir nemendur sviðsins um starf sviðsráðsins minnst einu sinni á starfsári.
- 15) Fundargerðir eru aðgengilegar öllum á þar til gerðum vettvangi á vegum sviðsráðsins.
  - a) Hægt er að kjósa um að hafa fundargerð ekki opna og þarf þá einróma samþykki sviðsráðsmeðlima.
- 16) Meðlimir sviðsráðsins skulu halda samskiptum sínu á faglegum nótum.
- 17) Sviðsráð ber ábyrgð á að kynna þjónustu Háskóla Íslands, réttindaskrifstofu SHÍ fyrir nemendum sviðsins, þar á meðal verklagsreglur og fagráð Háskóla Íslands um viðbrögð við kynferðislegri og kynbundinni áreitni og kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi.
- 18) Sviðsráð sér til þess að VoN hafi aðgang að stjórnskiptingu og ábyrgðardreifingu Sviðsráðs og NáttVerk. (Hver skiptir í hvaða nefnd o.s.frv.)
- 19) Forseti sviðsráðs býr til vettvang fyrir nýskipað Náttverk.
- 20) Forseti sviðsráðs passar upp á að góður andi sé við lýði í sviðsráði.
- 21) Á sviðsráðsfundum ríkir skoðanafrelsi og skulu allir fulltrúar sviðsráðs sýna hvort öðru virðingu á fundum sem og á öðrum vettvöngum.

---

#### SKIPTAFUNDUR

Skiptafundur Stúdentaráðs fer fram 13. maí 2019. Í kjölfarið verður haldinn skiptafundur sviðsráðs en tímasetning verður auglýst síðar. Dagskrá skiptafunds verður eftirfarandi:

1. Fundur settur
2. Ársskýrsla og lykilorð af drifi og tölvupósti afhent
3. Nýtt Sviðsráð tekur við
4. Kjör forseta
5. Kjör ritara
6. Kjör markaðsfulltrúa
8. Verklagsreglur kynntar og teknar til samþykktar
9. Önnur mál.



## VIÐAUKI B – TILLÖGUR SAMÞYKKTAR AF STÚDENTARÁÐI

## T I L L A G A

**-um hinseginfræðslu til handa fulltrúum á vettvangi stúdentaráðs**

Lagt er til að allir fulltrúar í Stúdentaráði Háskóla Íslands, nefndarmeðlimir í nefndum stúdentaráðs, fulltrúar stúdenta í starfsnefndum háskólaráðs sem og starfsmenn á skrifstofu ráðsins skulu sitja hinsegin fræðslu hjá fagaðilum um málefni hinsegin fólks ár hvert. Skrifstofa Stúdentaráðs skal sjá um undirbúning og skipulagningu fræðslunnar í samráði við fræðara.

## R Ö K S T U Þ N I N G U R

Jafnrétti er eitt af þremur grunngildum Háskóla Íslands. Markmið tillögunar er að sjá til þess að fulltrúar nemenda í Stúdentaráði séu upplýstir um málefni hinsegin stúdenta þegar kemur að ákvarðanatöku er tengjast þeim. Almenn er hinseginfræðsla innan skólakerfisins af skornum skammti og er því líklegt að marga fulltrúa skorti þekkingu á málefnum hinsegin nemenda. Fræðsla af sama toga reyndist vel á seinasta starfsári. Markmið fræðslunnar er að undirbúa stúdentaráðsliða til að fjalla um mál er kunna að koma upp og tengjast hagsmunum hinsegin nemenda við Háskóla Íslands.

Jóna Þórey Pétursdóttir

Stúdentaráðsliði og oddviti Röskvu

19. mars 2018

## T I L L A G A

**-vegna fjármálaáætlunar og úthlutunarreglna LÍN**

Eftirfarandi var haft eftir forsætisráðherra við kynningu á fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar þar sem hún sagði að ríkissjóður standi mjög vel og að innspýting í uppbyggingu innviða sé í forgrunni í fjármálaáætluninni: „Við teljum að uppbyggingin sé ekki bara réttlætismál og samfélagsmál, heldur sé hún líka mikilvæg efnahagslega til að stuðla að áframhaldandi efnahagslegri sæld í landinu”

Þessi efnahagslega sæld sem forsætisráðherra vísar til er augljóslega ekki efnahagsástand stúdenta. Stúdentar hafa setið eftir frá árinu 2014. Með 930.000 króna frítekjumark á ári fyrir skatt. Með nú um 180.000 krónur á milli handanna á mánuði meðan lágmarkslaun eru um 300.000 krónur. Með aðeins 9% stúdenta sem hafa aðgang að húsnæði á viðráðanlegu verði á vegum Félagsstofnunar Stúdenta. Áframhald þess ástands er óásættanlegt.

Úthlutunarreglur LÍN gera ráð fyrir að þetta ástand sé komið til að vera sem og fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar. Í fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar er ekki gert ráð fyrir neinu auknu fjármagni í flokkinn „Stuðningur við námsmenn”, þar undir heyrir málefni lánasjóðs íslenskra námsmanna.

Innspýting fjármuna í háskólana er vissulega jákvæð þróun og verður að gefa Stúdentaráði síðasta árs hrós fyrir baráttu sína um það málefni. Ég tel ljóst að aðalbaráttuefni Stúdentaráðs á komandi skólaári sé innspýting fjármuna í mannauðinn sem leggur Háskólanám á sig, þ.e stúdenta, og að fjármagnið sem háskólinn fái sé ráðstafað í þeirra þágu. Með því verða að fylgja breytingar á LÍN, bæði úthlutunarreglum næsta árs sem og nýju lánasjóðsfrumvarpi þar sem stúdentar verða að vera leiðandi í mótun þess.

Legg ég því til að skrifstofa Stúdentaráðs álykti opinberlega um fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar sem fari fyrir rafræna kosningu Stúdentaráðs.

Jóna Þórey Pétursdóttir  
Stúdentaráðsliði og oddviti Röskvu  
9. apríl 2018

---

## TILLAGA

### -um stofnun starfshóps um Lánasjóð íslenskra námsmanna

Stúdentaráð Háskóla Íslands (SHÍ) ályktar að fela lánasjóðsfulltrúa að koma á fót starfshópi um Lánasjóð íslenskra námsmanna, sbr. 23. gr. laga SHÍ.

#### 1. Starfshópur um Lánasjóð íslenskra námsmanna

- Starfshópurinn skal skipaður að hámarki 5 áhugasömum Stúdentaráðsliðum og varamönnum úr báðum fylkingum í kjölfar auglýsingar meðal þeirra, auk lánasjóðsfulltrúa SHÍ sem stýrir störfum hópsins. Auk þess er æskilegt að formaður fjármála- og atvinnulífsnefndar sitji í starfshópnum óski hann þess. Ef formaður óskar ekki eftir setu í hópnum er auglýst eftir öðrum áhugasömum stúdentaráðsliða. Hópurinn leitar umsagna m.a. frá fastanefndum SHÍ, telji hún þörf á því. Hópurinn getur ákveðið að leita til aðila utan SHÍ með almennri auglýsingu meðal nemenda HÍ, sé vilji til þess. Stjórn Stúdentaráðs tekur lokaákvörðun um skipan hópsins.
- Starfshópurinn skal vinna að stefnumótun fyrir SHÍ í málefnum Lánasjóðs íslenskra námsmanna í samstarfi við Stúdentaráðsliða og skrifstofu SHÍ. Hópurinn skal hafa stefnu ráðsins í málefnum lánasjóðsins að leiðarljósi. Markmiðið með stofnun starfshópsins er að undirbúa SHÍ fyrir framlagningu nýs frumvarps um Lánasjóð íslenskra námsmanna og umræðna um það. Starfshópurinn skal halda opna fundi meðal háskólanema eftir þörfum og upplýsa Stúdentaráð reglulega um störf hópsins. Í lok starfsárs skilar starfshópurinn skýrslu um vinnu sína til Stúdentaráðs.

## RÖKSTUÐNINGUR

Ályktunin snýr að stofnun starfshóps. Lagt er til að lánasjóðsfulltrúa SHÍ verði falið að koma á fót starfshópi um Lánasjóð íslenskra námsmanna. Ástæða þess er sú að mennta- og menningarmálaráðherra hefur sagt það á opinberum vettvangi að hann stefni á að leggja fram frumvarp til laga um Lánasjóð íslenskra námsmanna á haustþingi 2019. Mikilvægt er að Stúdentaráð myndi sér stefnu í málefnum lánasjóðsins áður en slíkt frumvarp verður lagt fram svo ráðið getið verið virkur þátttakandi í umræðum um frumvarpið. Lagt er til að starfshópurinn verði skipaður Stúdentaráðsliðum auk lánasjóðsfulltrúa SHÍ og formanni fjármála- og atvinnulífsnefndar. Þá er áhersla lögð á samráð við aðra Stúdentaráðsliða og skrifstofu SHÍ, enda um viðamikilið mál að ræða. Með samráði er m.a. átt við að hópurinn vinni áfram með tillögur og hugmyndir sem koma fram á stefnumótunarhelgi SHÍ, sem haldin verður í sumar.

*Stjórn Stúdentaráðs*

9. apríl 2018

---

## TILLAGA

Í ljósi nýsamþykkrar laga-breytingatillögu um uppfærða titla og heiti innan Stúdentaráðs. Lagt er til að Stúdentaráð Háskóla Íslands vekji athygli uppfærslu á titlum og heitum í lögum SHÍ út á við og gefi frá sér tilkynningu í fjölmiðla. Mælt er til þess að stjórn SHÍ eigi frumkvæðið af gerð tilkynningar og beri hana svo undir Stúdentaráðsliða.

## RÖKSTUÐNINGUR

---

SHÍ vill vera fyrirmynd þegar kemur að orðræðu í samfélaginu. Því er kjörið að vekja athygli á breytingum sem þessum út fyrir háskólann sem fyrst. Þannig má til að byrja með tryggja að fjölmiðlar og aðrir aðilar sem fjalla um einstaklinga innan Stúdentaráðs noti rétt heiti. Til dæmis hefur formaður stúdentaráðs (nú forseti) verið áberandi í umræðunni og gerum við ráð fyrir að svo verði áfram. Einnig er vonin að þetta vekji fólk til umhugsunar um hvers konar titla má nota innan stofnana og fyrirtækja. Að sama skapi getur þetta verið jákvætt aðráttarafl fyrir trans og kynsegin einstaklinga, sem oft á tíðum forðast að taka þátt í ýmsum störfum vegna kynjaðrar orðræðu.

*Valgerður Hirst Baldurs og Eyþór Óli Borgþórsson*

*Stúdentaráðsliðar Röskvu*

*9. apríl 2018*

---

### TILLAGA

Lagt er til að Stúdentaráð Háskóla Íslands gefi út stuðningsyfirlýsingu við ljósmæður í kjaradeilum sínum í samvinnu við sviðsráð HVS og Curator, félag hjúkrunarnema.

### RÖKSTUÐNINGUR

Ljósmæður hafa staðið í langri kjarabaráttu þar sem menntun þeirra eftir 6 ára nám er ekki metin að verðleika. Eftir að ljósmóðir hefur lokið tveggja ára kandidatsprófi (núna meistaranám) ofan á fjögurra ára hjúkrunarnám þá lækkar hún í launum miðað við þau laun sem hún hafði sem hjúkrunarfræðingur. Starfsreynsla hjúkrunarfræðinga er því ekki metin til hækkunar á launum ljósmæðra þrátt fyrir að próf í greininni sé skilyrði. Ein úr hópi þeirra sem útskrifast sem ljósmóðir í vor á von á 100.000 króna launalækkun ráði hún sig sem ljósmóðir.

Kjarabarátta ljósmæðra kemur Stúdentaráði við því ljósmóðurnemar eru látnir vinna frítt á Landspítalanum í námi sínu þrátt fyrir að hafa fjögurra ára menntun að baki sem gefur þeim starfsréttindi. Nemalaun voru felld niður í kjölfar hagræðingar vegna niðurskurðar fjármagns til Háskóla Íslands en þrátt fyrir uppsveiflu í hagkerfinu þá hafa kjör ljósmóðurnema ekki batnað. Í ár var eitt af stefnumálum beggja fylkinga var að berjast fyrir bættum kjörum ljósmóðurnema. Nýliðun í stéttinni stendur ekki undir því brottfalli sem verður næstu tíu árin, þar sem 44% starfandi ljósmæðra fara á eftirlaun innan þess tíma auk þess að núverandi ljósmæður sem starfa á Landspítala eru farnar að segja af sér (30+/150). Við í Stúdentaráði erum skyldug til að standa vörð um þá nema sem eru við Háskóla Íslands og hér eru það ljósmóðurnemar sem þurfa á aðstoð að halda - og þó svo að útskrifaðar ljósmæður falli ekki undir þann flokk að þá ætti stuðningur okkar að vera sjálfsagður við lífsnauðsynlega kvennastétt sem fallið hefur aftur úr í kjaramálum þrátt fyrir langa menntun og ábyrgð.

Stuðningsyfirlýsing í þessu kjaramáli er enn eitt skref í átt að því að Stúdentaráð hafi sterka rödd sem er fært að bæta samfélagið í heild.

*Sigurður Ýmir Sigurjónsson,*

*Stúdentaráðsliði*

*9. apríl 2018*

---

### TILLAGA

Lagt er til að skrifstofa Stúdentaráðs semji opinbera áskorun á frambjóðendum til borgarstjórnar til þess að mæta á mótmæli vegna óútskýrðra tafa á uppbyggingu stúdentaíbúða og sýna þannig stuðning við stúdenta í verki. Samkomulag um uppbyggingu stúdentaíbúða ber að virða og fylgja eftir og óskar Stúdentaráð eftir stuðningi borgaryfirvalda.

*JPP, KHV, IAD, GSA, MH, RIR, SÝS, KBJ, LPB, GBP og SVV*  
*Stúdentaráðsliðar Röskvu*  
*9. maí 2018*

---

#### T I L L A G A

##### um ráðningarferli starfsmanns Októberfest

Réttindaskrifstofa Stúdentaráðs Háskóla Íslands (SHÍ) leggur fram eftirfarandi tillögu fyrir Stúdentaráð um ráðningarferli sérstaks starfsmanns Októberfest. Samkvæmt gildandi samningi við verktaka á SHÍ rétt á að ráða inn starfsmann sem verktaki greiðir laun fyrir. Starfsmaðurinn á að sjá um markaðsmál og almennt utanumhald um hátíðina, skv. samningi.

Lagt er til að skrifstofu sé falið að auglýsa eftir starfsmanninum, halda utan um umsóknir og fara yfir þær. Skrifstofan mun í framhaldi leggja fram tillögu fyrir stjórn Stúdentaráðs, sem tekur endanlega ákvörðun um ráðningu.

*Fyrir hönd skrifstofu Stúdentaráðs,*  
*Elísabet Brynjarsdóttir, forseti Stúdentaráðs*  
*30. maí 2018*

---

#### T I L L A G A

Lagt er til að Stúdentaráð Háskóla Íslands veki athygli á slæmu aðgengi við íþróttahús Háskóla Íslands og þrýsti á nýja og bættu aðstöðu, með aðgengi fyrir alla. Mögulega í samstarfi við líkamsræktarstöð líkt og tíðkast í öðrum einkareknum, að hluta til, háskóla í Nauthólsvíkinni.

#### R Ö K S T U Þ N I N G U R

Íþróttahús Háskóla Íslands gleymist mjög oft í umræðunni, og ekkert virðist eiga að gera til að bæta aðstöðuna og laga aðgengi. “Íþróttahús Háskóla Íslands við Sæmundargötu er opið öllum nemendum og starfsfólki gegn mjög vægu gjaldi.” Þetta er setningin sem finna má á netsíðu Háskóla Íslands. Íþróttahúsið er ekki með fullt aðgengi, og því erfitt að halda því fram að það sé opið öllum nemendum háskólans. Báðar fylkingar hafa talað mikið fyrir bættum aðgengismálum og íþróttahúsið er með eitt versta aðgengi af byggingum háskólans, ef ekki það allra versta. Því er þarft að vekja athygli á aðgengismálum hússins og þrýst sé á breytingar. Í stefnu SHÍ í jafnréttismálum er talað fyrir því að tryggja aðgengi að byggingum háskólans, og í markmiðum að vera virk í að gagnrýna og vekja athygli á skertu aðgengi. Því er nauðsynlegt að vekja athygli á þeirri byggingu sem er með hvað versta aðgengið af byggingum á háskólasvæðinu.

Varðandi síðari hluta tillögunar sem varðar möguleika á samstarfi við líkamsræktarstöð er svarið einfalt. Það er alltaf verið að tala um skort á fjármagni og þarna gæti samstarf borgað sig fyrir alla aðila. Samstarf HR við líkamsræktarstöð er dæmi sem má horfa til, þar sem aðstaðan þar er margfalt betri, og með aðgengi fyrir alla að auki.

Skák (og mát).

*Þórhallur Valur Benónýsson og Eiríkur Búi Halldórsson,*  
*Stúdentaráðsliði og varafulltrúi í Stúdentaráði*  
*19. júní 2018*

---

#### T I L L A G A

Lagt er til að SHÍ krefji forseta sviða Háskóla Íslands um svör hvers vegna fulltrúar stúdenta í stjórn sviða fá ekki laun líkt og allir aðrir nefndarmeðlimir. Fulltrúi stúdenta á menntavísinda-

sviði er sá eini í hópi nemenda sem fær greitt fyrir nefndarsetu sína. Við leggjum til að SHÍ leiti svara frá hverju sviði fyrir sig um hvers vegna öllum er ekki gert jafnt undir höfði og fulltrúi nemenda fái greitt líkt og aðrir nefndarmeðlimir.

### R Ö K S T U Þ N I N G U R

Forsetar sviðsráða eru kjörnir fulltrúar nemenda. Nemendur hafa valið þá sem sína rödd og treysta þeim til að tala sínu máli. Forseti sviðráðs menntavísindasvið er sá eini sem fær greitt fyrir nefndarsetu sína og situr raunverulega við sama borð og aðrir nefndarmeðlimir. Við viljum vita hvers vegna fulltrúar nemenda, á öðrum sviðum, fái ekki greitt fyrir sömu störf og aðrir nefndarmeðlimir. Það er fráleitt að allir nefndarmeðlimir að undanskildum fulltrúa nemenda, sem á jafnt erindi við borðið og aðrir, sé mismunað um þessi kjör. Fulltrúi nemenda þarf að fá þá upplifun að hann sitji við sama borð og aðrir á fundinum. Viðkomandi nemendur sem sinna þessum störfum leggja sömu vinnu að borði og aðrir. Allir sem sitja þessa fundir eiga að vera jafnir. Það á ekki að mismuna einum aðila um kjör sem allir aðrir fá. Með því að veita fulltrúum stúdenta laun fyrir nefndarsetu sína er verið að hvetja fulltrúa stúdenta til að eyða meiri tíma og orku í störf sín í þágu stúdenta. Gegn greiðslu myndast aukinn hvati og ábyrgð til þess að taka virkan þátt í nefndarstörfum. Að sama skapi myndast þá aukinn tími, sem hefði annars farið í launaða vinnu - því jú, við þurfum pening til að lifa. Það er nógu erfitt að vera fátækur námsmaður fyrir.

*Katrín Ásta Jóhannsdóttir*

*Stúdentaráðsliði*

*19. júní 2018*

---

### T I L L A G A

#### „Háskólinn okkar“

Réttindaskrifstofa Stúdentaráðs Háskóla Íslands (SHÍ) leggur til að Stúdentaráð efni til hugmyndasöfnunnar meðal allra stúdenta við Háskóla Íslands varðandi hvaða herferð Stúdentaráð ætti að fara í og hvaða málefni ráðið ætti sérstaklega að beita sér fyrir.

Ferlið yrði eftirfarandi: opið væri fyrir hugmyndir í september í tvær vikur. Eftir að hugmyndasöfnun lýkur yrðu þær útfærðar nánar í samráði við hugmyndasmið sem sendi inn hugmyndina, og ákveðinn fjöldi hugmynda settar fram til almennrar kosningar meðal allra stúdenta Háskóla Íslands sem færu fram í október. Eftir niðurstöðu kosninga myndi Stúdentaráð svo framkvæma þá hugmynd sem hlaut flest atkvæði.

Lagt er til að skrifstofu sé falið að halda utan um alla úrvinnslu verkefnisins og uppfæra Stúdentaráð um stöðu jafnóðum.

### R Ö K S T U Þ N I N G U R

Skrifstofa Stúdentaráðs vill leitast eftir að efla þátttöku stúdenta í starfi ráðsins og vill skrifstofan heyra hugmyndir frá nemendum skólans. Með því að efna til hugmyndasöfnunar meðal allra nemenda um hvaða herferð nemendur vilja sjá hjá ráðinu er gerð tilraun til að færa hagsmunabaráttuna nær nemendum sem og störf ráðsins. Einnig hafa nemendur lokaákvörðun um hvaða herferð það verður með kosningunni. Með því að framkvæma þá herferð sem nemendur vilja sjá vonumst við eftir að efla einnig áhuga nemenda á störfum ráðsins sem og áhuga á hagsmunum okkar sem heild.

Skrifstofa Stúdentaráðs vill leitast eftir að auka þátttökulýðræði innan starfa ráðsins. Þetta er ein útfærsla á því. Sömuleiðis verður fróðlegt að sjá þær hugmyndir sem koma upp frá nemendum, og hvaða hugmyndir fá mestan hljómgrunn. Þannig getur ráðið einnig áttað sig á hvað er í mestum forgangi hjá nemendum.

Röskva hafði á stefnuskrá sinni 2016 tillögu um „Betri háskóla” og Vaka fjallaði um þá hugmynd í kosningabaráttunni 2018. Í ljósi þess telur skrifstofan því vera hljómgrunn innan ráðsins fyrir að Stúdentaráð ráðist í slíka vinnu. Þessi útfærsla hefur verið unnin í samráði við starfsmenn skrifstofu borgarstjórnar sem og Róbert hjá fyrirtækinu Íbúar (sjá ibuar.is).

Uppsetning á vefsvæði fyrir Stúdentaráð og allt umfang í kringum þessa vinnu er ráðinu að kostnaðarlausu.

*Fyrir hönd skrifstofu Stúdentaráðs,*

*Elísabet Brynjarsdóttir, forseti*

*8. ágúst 2018*

---

### TILLAGA

Lagt er til að skrifstofa Stúdentaráðs leitist eftir upplýsingum hjá stjórnslu Háskólans um hvort fleiri dæmi séu um að starfsmenn skólans nýti sér aðstöðu, tæki eða vitneskju Háskólans í eigin hag, hvort sem í formi verktakavinnu eða með öðru móti. Sömuleiðis skal leitast eftir upplýsingum um hvort eftirlit séu með slíkri starfsemi eða viðurlög verði þau gerð uppvís. Lagt er til að haft sé samband við fulltrúa stúdenta í vísindasiðanefnd varðandi þessa tillögu.

### RÖKSTUÐNINGUR

Fyrir í sumar fékk Stúdentaráð kynningu á starfsemi tanngreininga við Háskóla Íslands og þau gífurlegu áhrif sem niðurstöður slíkra greininga, eða mats réttara sagt, getur haft fyrir ákveðna einstaklinga. Að sjálfsögðu er mest uggandi parturinn þær afleiðingar sem tiltekin ungmenni gætu staðið frammi fyrir falli greiningin röngu megin við átjándi árið en sú staðreynd er ekki síður umhugsunarverð að allt þetta átti sér stað innan veggja Háskólans án vitneskju annarra en þeirra sem framkvæmdu fyrrgreindar greiningar. Sú staðreynd að þetta hafi átt sér stað og það um nokkurra ára skeið lætur mann velta fyrir sér hvort annarskonar rannsóknir gætu átt sér stað innan Háskólans sem ekki er heimild fyrir. Nú rétt vona ég og býst svosum heldur ekki við að neitt eins afdrifaríkt og þetta mál eigi sér stað en ef þetta gat þrífist án athugasemda þá gætu vel verið önnur dæmi um að starfsmenn Háskólans séu að nýta sér aðstöðu, tæki eða vitneskju Háskólans í eigin hag, þá annaðhvort í formi verktakavinnu eða öðru. Því vildi undirrituð leitast eftir upplýsingum um hvort stjórnslan hafi vitneskju um önnur dæmi af slíkri starfsemi og hvort það sé eitthvað eftirlit eða viðurlög? Þetta yrði helst til þess gert að auka gegnsæi og þætti mér kjörið að við myndum nýta sterka stöðu okkar sem fulltrúar stúdenta til þess að leitast eftir svörum.

*Alexandra Ýr van Erven*

*Stúdentaráðsliði*

*8. ágúst 2018*

---

### TILLAGA

Lagt er til að Stúdentaráðsliðar og nefndarmeðlimir gangi saman í Gleðigöngu Hinsegin daga 2018.

### RÖKSTUÐNINGUR

Stúdentaráð vill fagna fjölbreytileikanum og sýna stuðning í verki. Mikilvægt er að Stúdentaráð sé til fyrirmyndar í málum hinsegin fólks og væri það mikil stuðningsyfirlýsingu að ganga saman í gleðigöngunni. Einnig væri þetta tilvalið tækifæri fyrir Stúdentaráðsliða að hittast utan fundartíma og brjóta upp hefðbundið starf ráðsins.

*Eiríkur Búi Halldórsson og Derek T. Allen*

*Varafulltrúar í Stúdentaráði*

*8. ágúst 2018*

## T I L L A G A

### -vegna húsnæðismála stúdenta

Vegna fundarliðar um húsnæðismál stúdenta lýsa undirrituð yfir áhyggjum af stöðu biðlista stúdenta eftir húsnæði á vegum FS. Við viljum nýta tækifærið og leggja sérstaka áherslu á eftirfylgni við uppbyggingu húsnæðis við Gamla Garð, líkt og Benedikt Traustason fulltrúi Rös kvu gerði á fundi Háskólaráðs 13. september sl. enda er slíkt í samræmi við stefnu Rös kvu. Um leið og lýst er yfir framangreindum áhyggjum viljum við fagna þeim áfanga sem tókst eftir tillögu fundaritara, Jónasar Más Torfasonar, þáverandi Stúdentaráðsliða Rös kvu, sem var lögð fram í fyrra um að stúdentar geta framleigt íbúðir sínar yfir sumartímamann ef þær standa tómar á þeim tíma. Við leggjum áherslu á hve slæmt það er að rúmlega 720 manns séu á biðlista um leið og það liggur fyrir að það fjölgi ekki íbúðum á vegum FS fyrr en árið 2020. Við leggjum því til að málið fari í ferli. Stúdentaráð ræði saman um mögulegar aðgerðir sem hægt sé að grípa til sem viðbrögð við stöðunni. Skrifstofa Stúdentaráðs leggist yfir það sem fram kemur í umræðunni og í framhaldinu verði mögulegar aðgerðir lagðar undir stjórn Stúdentaráðs.

*JÞP, TLP, TRJ, GBP, EB, KHV, AMA, VHB, AÝE, IAD, LPB, HA, SÝS, ÁAP, MMJ, GPS, RIR, MÖÓ*

*Stúdentaráðsliðar Rös kvu*

*25. september 2018*

---

## T I L L A G A

### -vegna þátttöku Háskóla Íslands í aldursgreiningu hælisleitenda

Undirritaðir Stúdentaráðsliðar Rös kvu leggja til að SHÍ samþykki hér með andstöðu við áform Háskóla Íslands um áframhaldandi þátttöku í aldursgreiningu hælisleitenda. Þá leggist Stúdentaráð sérstaklega gegn því að HÍ geri þjónustusamning við Útlendingastofnun um þátttöku í þessum rannsóknum.

*JÞP, LPB, NS, TLP, MMJ, KHV, AÝvE, VHB, GPS, IAD, SVV, EB, HA, GBP, KBJ, MÖÓ, RIR, ÁAP, DM, GSA, MSB, ÁJ, VLB, RJS*

*Stúdentaráðsliðar og varafulltrúar Rös kvu*

*25. september 2018*

---

## T I L L A G A

Lagt er til að Stúdentaráð Háskóla Íslands þrýsti á Félagsstofnun stúdenta að taka skref í átt að umhverfisvænni framleiðslu á matvælum og sækjast eftir því að fá miða frá Icelandic Wildlife Fund (IWF) í Hámu, með skilaboðunum: „Við bjóðum aðeins lax úr sjálfbærri landeldi“. Með því væri Félagsstofnun stúdenta að taka þátt í að standa vörð um íslenska náttúru og lífríki hennar og þar með taka skýra afstöðu gegn mengandi iðnaði.

*Eiríkur Búi Halldórsson, Þórhallur Valur Benónýsson og Þorgerður Anna Gunnarsdóttir*

*Varafulltrúi og Stúdentaráðsliðar*

*25. september 2018*

---

## T I L L A G A

### „Undanþága frá hámarksdvöl á Stúdentagörðum fyrir foreldra“

Undirritaðar leggur til að Stúdentaráð ræði og gangi til atkvæðagreiðslu varðandi möguleikann á breytingartillögu á úthlutunarreglum Félagsstofnunar stúdenta (héreftr FS).

---

Reglur eru við gildi hjá FS um hámarksdvöl stúdenta á stúdentagörðum. Þessar reglur eru til þess fallnar að tryggja að flestir stúdentar fái að njóta íbúðanna sem er í boði. Undirrituð sýnir því fullan skilning en vill á sama tíma kanna mögulega undanþágu, og þá breytingar á úthlutunarreglum í samræmi við það, vegna einstaklinga sem eignast börn á meðan námstíma stendur. Lagt er til að úthlutunarreglum FS verði breytt þannig að þeir einstaklingar sem eignast barn á meðan námi stendur fái undanþágu frá hámarksdvölinni og fái að dvelja eina önn umfram hámarksdvölinna, sem samsvarar orlofinu, á meðan námi stendur. Til þess að setja einhverjar skorður við þetta er á sama tíma lagt til að þetta muni aðeins eiga við um eitt barn á námstíma og að einstaklingar stundi nám á þeim tíma sem dvalið er í íbúðunum.

Verði tillagan samþykkt mun hún fara fyrir stjórn FS sem ræðir hana enn frekar og tekur hún endanlega ákvörðun um þetta.

### R Ö K S T U Þ N I N G U R

Við barneign á námstíma á stúdent, eins og kerfið er í dag, rétt á orlofi í eina önn á stúdentagörðum. Það þýðir að stúdentinn getur dvalið í eina önn með barninu á gördunum, án þess að skila inn einingum. Þetta hefur þó ekki framlengt hámarksdvölinna á gördunum, sem þýðir að eftir orlofið getur einstaklingur átt eina önn eftir af námi en ekki átt rétt á íbúð samhliða því. Lagt er því til að foreldrar geti framlengt dvalartíma sinn á stúdentagörðum, einu sinni á námsferli, sem um nemur orlofið til þess að fá tækifæri til að klára nám og eiga öruggt húsnæði á sama tíma.

*Elísabet Brynjarsdóttir og Thelma Rut Jóhannsdóttir  
Forseti Stúdentaráðs og Stúdentaráðsliði  
22. október 2018*

---

### T I L L A G A

Með 1. mgr. 22. gr. reglugerðar nr. 581/1995 um húsnæði vinnustaða er lögð skylda á vinnustaði til að aðgreina salerni og snyrtingar eftir kyni í ákveðnum tilfellum. Nánar tiltekið segir: *Þar sem að staðaldri starfa fleiri en 5 karlar og 5 konur skulu salerni og snyrting fyrir hvort kyn aðgreind.* Eftirfylgni reglugerðarinnar er á höndum Vinnueftirlits ríkisins og heyrir Vinnueftirlitið undir Félagsmálaráðuneytið.

Undirrituð sendu fyrirspurn á Vinnueftirlitið og ráðuneytið, sem finna má í fundargögnum, um hvort lagður sé sá skilningur í framangreint ákvæði að einstaklingssalerni, þ.e. vaskur og klósett í einu herbergi, skuli einnig merkt eftir kynjum. Auk þess laut fyrirspurnin að afleiðingum við frávikum frá þessum kynjamerkingum og þá hvort Vinnueftirlitið leggi áherslu á að áminna og sekta vinnustaði yrði ákvæðinu ekki fylgt eftir.

Svar Vinnueftirlitsins var á þá leið að öll salerni og snyrting skuli aðgreind ef fleiri en 5 karlar og 5 konur starfa á vinnustaðnum að staðaldri. Þar af leiðandi fellur Háskóli Íslands þar undir og þau einstaklingssalerni sem þar eru. Þá sagði í svari Vinnueftirlitsins að ef eftirlitsferðir stofnunarinnar beri með sér að ákvæði reglugerðarinnar séu ekki uppfyllt myndi eftirlitið gefa Háskólanum fyrirhættu um úrbætur. Ef ekki er bætt úr þrátt fyrir ítrekanir hafi stofnunin heimild til að beita þvingunaraðgerðum, þ.e. álagningu dagsekta.

Það hefur löngum verið á stefnu Rös kvu að fjölga kynlausum klósettum í Háskólanum til að stuðla að því að öllum líði vel og einstaklingar geti nýtt þá aðstöðu sem hentar. Þá hefur jafnréttisnefnd SHÍ hefur einnig unnið að málinu síðustu ár. Undirrituð telja að til þess að ná raunverulegum árangri þurfi Stúdentaráð að þrýsta á stjórnvöld til að gera breytingar á regluverki, þar sem það sé óboðlegt að vinnustaðir, líkt og Háskólinn, megi búast við sektunum ef klósett eru ómerkt tilteknu kyni.



Undirrituð leggja því til að Stúdentaráð sendi einróma erindi, sem vinna skal í samráði við hinsegin stúdenta, til Félagsmálaráðuneytis um að 22. gr. reglna um húsnæði vinnustaða yrði endurskoðuð, í ljósi þess að ákvæðið útiloki að salerni á stærri vinnustöðum, þ.á.m. Háskóla Íslands, geti verið kynlaus án athugasemda og/eða viðurlaga Vinnueftirlitsins.

*Jóna Þórey Pétursdóttir og Valgerður Hirst Baldurs*

*Oddviti Röskvu og Stúdentaráðsliði*

*22. október 2018*

---

## T I L L A G A

### -vegna vegan úrvals í Hámu

90 helstu vísindamenn hvað varðar loftslagsmál hafa ný gefið út skýrslu sem ber nafnið Global Warming of 1.5°C og þar sem kemur fram að mannfólk hefur aðeins 12 ár til að sporna við gróðurhúsaáhrifum. Þetta á einnig við um Íslendinga.

Kjötneysla á hvern íbúa á Íslandi er 83,8 kg. Lambakjötsiðnaður hefur aukist um 3,5% frá 2017 til 2018. Samkvæmt Ágústi Andréssyni, formanns Landssamtaka sláturleyfishafa, kemur það fram að á Íslandi er 2.000 tonna offramboð á kindakjöti á hverju ári. Hann greindi frá þessu máli á umræðufundi um stöðu og málefni sauðfjárbænda í ágúst í fyrra.

Vísindamenn segja að eitt það helsta sem fólk getur gert er að minnka neyslu okkar á mjólkurafurðum og kjöti til þess að sporna gegn hnattrænni hlýnun. Samkvæmt skýrslu sem var gefin út af Worldwatch árið 2009 var talið að 51% af losun gróðurhúsalofttegunda í heiminum sé vegna kjöt- og mjólkurframleiðslu. Samkvæmt Umhverfisstofnun var 14% af losun gróðurhúsalofttegunda á Íslandi bein tengd við landbúnað.

Veganismi er að aukast á Íslandi útaf aukinni fræðslu og vitundarvakningu bæði varðandi þau gríðarlegu áhrif kjötiðnaðarins á umhverfið og einnig vegna siðferðislegra ástæðna á bakvið það að neyta holdi dýra til matars. Samkvæmt framkvæmdastjóra Hagkaups hefur eftirspurn vegans mat gríðarlega aukist og hafa þau verið að koma til móts við þessa breytingu á neyslu. Einnig hafa aðrar verslanir aukið vegan úrval, þar á meðal bónus og krónan.

Þrátt fyrir mismunandi skoðanir gagnvart veganisma, þá er það staðreynd í dag að hver og einn þarf að fara að taka ábyrgð, bæði einstaklingar, fyrirtæki og aðrar stofnanir eins og Háskóli Íslands, um að minnka kjöt og dýraafurða framboð til þess að koma til móts við aukningu veganisma.

Við viljum skora á FS að minnka framboð kjöts og dýraafurða um 50% í mötuneytum FS, þannig það komi 50% til móts við bæði grænkeru og umhverfið í heild sinni.

Þar sem að FS verslar við Innes er auðvelt að nálgast allar “mjólkurvörur” í veganformi, þar á meðal rjóma, sýrðan rjóma og rjómaost. Þar af leiðandi ættu súpurnar auðveldlega alltaf að vera vegan, þar sem allir geta borðað vegan súpur. Þetta tekur tillit til stórs hóp í háskólanum þar með talið fólk með ofnæmi, óþol og grænkeru.

*Kristrún Helga Valþórsdóttir, Vaka Lind Birkisdóttir, Júlía Sif Liljudóttir*

*Stúdentaráðsliðar og varafulltrúi*

*22. október 2018*



## TILLAGA

### -vegna þjónustu næturstrætó

Um leið og undirrituð fagna enn tilkomu næturaksturs Strætó um helgar viljum við lýsa yfir áhyggjum á mögulegri niðurfellingu á honum eftir stutt tilraunatímabil. Við teljum fyrirkomulagið þurfa lengri tíma til þess að setjast í sess í samfélaginu. Ef eftirspurnin er ekki nægileg má spyrja sig hvort framboðið á hentugum ferðum sé gott. Að auki má spyrja sig hvort það sé ekki rökrétt að leyfa umhverfisvænum ferðamátum að njóta vafans í ljósi þess gríðarlega loftslagsvanda sem ríkir á jörðinni okkar. Öryggi fólks í miðbæ Reykjavíkur er einnig betur tryggt með tíðum strætóferðum sérstaklega nú á þeim tímum sem myrkrið og frostið er að skella á en leigubílar eru óumhverfisvænir og óraunhæfur kostur fyrir marga stúdenta vegna fjárhags. Við teljum að þörf sé á að gefa verkefninu meiri tíma og vægi. Vilja því undirrituð beina málinu til umhverfis- og samgöngunefndar SHÍ til nánari athugunar og umsagnar.

*Fulltrúar sviðsráðs verkfræði- og náttúruvísindasviðs*

*22. október 2018*

---

## TILLAGA

Lagt er til að Stúdentaráð, í samstarfi við FS, leiti leiða til þess að gera dömubindi, túrtappa og aðrar sambærilegar tíðarvörur aðgengilegar í Hámu og einnig seld í stykkjatali.

### RÖKSTUÐNINGUR

Eins og staðan er í dag þá eru túrtappar og dömubindi aðeins seld í bóksölu stúdenta og því miður teljum við það ekki vera almenna vitneskju. Þessar nauðsynjavörur eru tiltölulega faldar og ekki auðsjáanlegar. Maður veit aldrei hvenær neyðin kann að kalla, og í stað þess að þurfa jafnvel að fara heim til sín eða keyra út í næstu verslun til þess að verða sér úti um tíðarvörur væri töluvert betri kostur að hafa þetta aðgengilegt á völdum baðherbergjum í hinum ýmsu byggingum Háskóla Íslands. Flutningsmenn telja að það sé brýn nauðsyn að hafa slíkan varning aðgengilegan á fleiri stöðum en Háskólatorgi. Því miður þá eru til dæmi um það að stúlkur missi úr kennslutímum þegar blæðingar hefjast á óheppilegum tíma og þær þurfa að leita langt yfir skammt til að verða sér úti um tíðarvörur.

*Katrín Ásta Jóhannsdóttir og Svana Þorgeirsdóttir*

*Stúdentaráðsliðar*

*21. nóvember*

---

## TILLAGA

Lagt er til að Stúdentaráð og sviðsráð heilbrigðisvísindasviðs gefi út stuðningsyfirlýsingu, í samráði við Samtökin '78, Trans Ísland og Intersex Ísland, við löggjöf um kynrænt sjálfræði og veki þannig athygli á mikilvægi þess

### RÖKSTUÐNINGUR

Á Íslandi sætir intersex fólk enn lækninggripum, kynskráning er skorðuð við karl og konu, og kynleiðréttingarferlið er barn síns tíma. Frumvarp til laga um kynrænt sjálfræði hefur verið í vinnslu í fjögur ár og mun tryggja fólki frelsi yfir eigin líkama og kyni.

Með frumvarpi til laga um kynrænt sjálfræði er lagt til að í íslenskri löggjöf verði kveðið á um rétt einstaklinga til þess að skilgreina sjálfir kyn sitt og tryggja að kynvitund þeirra njóti viðurkenningar.



Frumvarpinu er einnig ætlað að standa vörð um rétt einstaklinga til líkamlegrar friðhelgi og jafnréttis fyrir lögum óháð kynhneigð, kynvitund, kyneinkennum og kyntjáningu.

Nú í lok febrúar verður frumvarpið loksins tekið fyrir á Alþingi. Það segir sig sjálft að þetta frumvarp snúi að ákveðnum hópi stúdenta en t.a.m. er ógjörningur að fá í gegn nafnabreytingu óháð þjóðskrá og kennitölu, líkt og á Uglunni, innan þeirra fjölmörgu samtengdu tölvukerfa Landspítalans. Frumvarpið myndi því gera það að verkum að nafna- og kynskráning færi mun fyrir í gegn en hún gerir í dag, en núverandi lög kveða á um að;

Sá sem hlotið hefur greiningu og viðurkennda meðferð hjá teymi Landspítala um kynáttunarvanda getur óskað staðfestingar um að hann tilheyri gagnstæðu kyni hjá sérfræðinefnd um kynáttunarvanda.

Þar skal m.a. koma fram að umsækjandi hafi verið undir eftirliti teymisins í a.m.k. 18 mánuði og hafi verið í gagnstæðu kynhlutverki í a.m.k. eitt ár

Undirritað hvetur til þess að Stúdentaráð sendi út stuðningsyfirlýsingu vegna löggjafarinnar, þar sem það er afskaplega mikilvægt að það gangi í gegn sem allra fyrst í sinni víðustu mynd, og sýni þannig trans og intersex samfélaginu stuðning og veki athygli á mikilvægi löggjafarinnar.

*Valgerður Hirst Baldurs*

*Stúdentaráðsliði*

*27. febrúar*

---

## TILLAGA

Sviðsráð Félagsvísindasviðs leggur til að Félagslífs- og menningarnefnd Stúdentaráðs verði falið að kanna áhuga á því að halda Vísindaferð Stúdentaráðs í samstarfi við skrifstofu Stúdentaráðs.

### Greinargerð

Á fundi sviðsráð Félagsvísindasviðs kom upp umræða um hvernig væri hægt að ná til nemenda og auka áhuga þeirra á hagsmunabaráttu stúdenta. Margir háskólanemar leggja það í vana sinn að kíkja í vísó á föstudagseftirmiðdögum eftir langa viku. Ef nemendafélög myndu sýna áhuga á vísó í Stúdentaráð, t.d. í lok mars eða byrjun apríl, þætti sviðsráði kjörið að nýta það tækifæri. Slíkt fyrirkomulag myndi t.d. auka gagnsæi á aðlaðandi máta.

Hægt væri að gefa fólki tækifæri á að tala innan smærri hópa um aðgerðir sem þeim þykir þörf á innan síns sviðs. Umræðum eftir kynningar væri þá t.d. skipt upp í hópa eftir sviðum. En það er bara ein útfærsla sem sviðsráð þótti fýsileg og berum við fullt traust til Félagslífs- og menningarnefndar til þess að kanna áhuga á þessum viðburði.

*Sviðsráð Félagsvísindasviðs 2018-2019*

*27. febrúar*

---

## TILLAGA

Lagt er til að Sviðsráð Menntavísindasviðs gefi út umsögn um frumvarp til nýrra laga um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnaenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla.

### RÖKSTUÐNINGUR

Menntamálaráðherra hefur nú lagt fram drög að frumvarpi um breytingu á lögum um menntun og ráðningu kennara. Frumvarpið liggur í samráðsgátt og er opið fyrir umsagnir. Frumvarpið kemur Stúdentaráði og sviðsráði MVS við en stór hópur nemenda á MVS eru kennaranemar. Minnkandi aðsókn í kennaranám og skortur á kennurum á vettvangi er mikið áhyggjuefni fyrir samfélagið í heild og útskrifaðir kennarar eru hvergi nærri því að uppfylla endurnýjun stéttarinnar.

Meginefni frumvarpsins snýr að því að lögfest verði ákvæði um eitt leyfisbréf í staðinn fyrir þrjú aðskilin leyfisbréf. Ef frumvarpið verður samþykkt taka nýju lög in gildi 1. júlí 2019 og mun hafa stórtæk áhrif á kennaranámið í heild sinni með möguleikanum á að 5. árið sé kandídatár. Sviðsráð MVS ætti að sýna frumkvæði með því að skrifa umsögn.

Undirrituð hvetur til þess að Stúdentaráð samþykki það að sviðsráð MVS fái að skrifa umsögn um málið þar sem að umsagnarfrestur er eingöngu til 8. mars og því mikilvægt að bregðast fljótt við.

*Kolbrún Lára Kjartansdóttir*  
*Forseti sviðsráðs Menntavísindasviðs*  
*27. febrúar*

---

## TILLAGA

### „Stuðningsyfirlýsing Stúdentaráðs með flóttafólki”

Undirritaður leggur til að Stúdentaráð Háskóla Íslands gefi út stuðningsyfirlýsingu með flóttafólki. Væri hún svohljóðandi:

Flóttamannavandi heimsins hefur ekki verið umfangsmeiri frá Seinni Heimsstyrjöld. Í fyrra fór fjöldi fólks á flotta í fyrsta skipti yfir 60 milljónir manna og er yfir helmingur þeirra börn. Það er rúmlega tvöfalt fleiri en íbúar Norðurlandanna. Rúm ein milljón manns er í brýnni þörf á endurbúsetu. Talið er að fjöldi flóttafólks muni aukast á næstu áratugum, einkum vegna afleiðinga loftslagsbreytinga.

Þrátt fyrir núverandi ástand eru íslensk stjórnvöld ekki að bregðast við með nauðsynlegum aðgerðum. Árið 2018 tók Ísland á móti 50 kvótaflóttamönnum og er það langt undir getu íslensks samfélags. Stúdentaráð vill sjá stjórnvöld auka til muna fjölda kvótaflóttamanna sem Ísland tekur á móti. Þá vill Stúdentaráð sjá Háskóla Íslands vinna gegn mismunun gagnvart flóttafólki, m.a. með því að auka aðgengi að námi. Stúdentar um allan heim þurfa að taka afstöðu með flóttafólki og er Stúdentaráð þar ekki undanskilið.

Stúdentaráð vill þrýsta á stjórnvöld til að fylgja kröfum Amnesty International um málefni flóttafólks sem eru orðrétt:

1. Viðhalda, auka við og koma á laggirnar öruggum og lagalegum leiðum fyrir flóttafólk (öðrum leiðum en endurbúsetu).
2. Berjast gegn tvíhliða/alþjóðlegum samningum sem grafa undan samábyrgð.

3. Fleiri lönd virði réttinn til að leita og njóta verndar og bindi enda á endursendingar til landa þar sem hættan er mikil.

Stúdentaráð Háskóla Íslands stendur með flóttafólki og hvetur íslensk stjórnvöld, þar á meðal Háskóla Íslands, til að gera slíkt hið sama.

## R Ö K S T U Þ N I N G U R

Með þessari stuðningsyfirlýsingu myndi Stúdentaráð:

1. Senda skilaboð til núverandi flóttafólks á Íslandi þess efnis að bjóða þau velkomin í íslenskt samfélag og sýna þeim stuðning í öllum þeim erfiðleikum sem fylgja því að þurfa að setjast að í nýju samfélagi.
2. Hafa áhrif á kjörna fulltrúa á Íslandi. Fulltrúar íslensks samfélags í ríkisstjórn, á Alþingi, í sveitastjórnnum og stéttarfélögum myndu fá þau skilaboð að stúdentar styðji móttöku flóttafólks og ætti það að hafa áhrif á atkvæði og aðgerðir þeirra.
3. Auka vitundarvakningu innan íslensks samfélags um málefni flóttafólks og ýta á móti fordómum og hatri.
4. Gera það skýrt fyrir valdhöfum Íslands að ákvörðun þeirra að hundska flóttamannavandann sé ekki í okkar nafni.

*Númi Sveinsson*  
*Stúdentaráðsliði*  
*15. apríl 2019*

---

## T I L L A G A

### „Mikilvægi nýsköpunar og rannsókna á Íslandi”

Undirrituð leggja til að Stúdentaráð sendi frá sér yfirlýsingu um aukningu fjárveitinga til stuðnings rannsókna og nýsköpunar hjá Rannsóknamiðstöð Íslands. Munu flutningsaðilar semja yfirlýsingu með hjálp skrifstofu Stúdentaráðs og leggja til samþykktar Stúdentaráðs rafrænt.

## R Ö K S T U Þ N I N G U R

Rannsóknamiðstöð Íslands, betur þekkt sem Rannís, úthlutar m.a. styrkjum til nýsköpunar- og rannsóknarverkefna, og eru þeir úthlutaðir úr Rannsóknarsjóði, Tækniþróunarsjóði og Nýsköpunarsjóði námsmanna. Rannís heyrir undir mennta- og menningarmálaráðuneytið og fá innlendir sjóðir Rannís fjárveitingu þaðan.

Árið 2018 lagði [Nýsköpunarhópur Viðskiptaráðs Íslands](#) til 10 aðgerðartillögur um hvernig efla megi nýsköpun í íslensku samfélagi til að auka verðmætasköpun og stuðla að sjálfbærum hagvexti til lengri tíma. 5 tillögur eru beindar að aðgerðum ríkisins og voru þær:

- 1. Auka skilvirkni og efla stuðningskerfi nýsköpunar**
2. Fylgja eftir fyrirheitum um stafræna þjónustu
- 3. Auðvelda frumkvöðlum að stofna fyrirtæki**
- 4. Efla hvata til rannsókna og þróunar**

5. Stuðla að fjölgun raunvísinda og tæknimenntaðra  
Flutningsaðilar horfa sérstaklega til aðgerða 1, 3 og 4 við gerð þessarar tillögu.

[Forgangsmarkmið ríkisstjórnar](#) 2019 samanstanda m.a. af því að eigi síðar en árið 2030 verði ýtt undir nýsköpun og fjölgað störfum við rannsóknir og þróun fyrir hverja milljón íbúa, auk þess sem útgjöld til rannsókna og þróunar hins opinbera og einkageirans verði aukin.

*Melkorka Mjöll Jóhönnudóttir og Númi Sveinsson*  
*Stúdentaráðsliðar*  
*15. apríl 2019*

---

## T I L L A G A

Undirrituð leggur til að Stúdentaráð samþykki að þrýst verði á uppbyggingu Stúdentafélaganna á Kársnesi í Kópavogi, með áherslu á aðgengi stúdenta í HÍ að íbúðunum, og býðst undirrituð til að fylgja verkefninu eftir.

*Jóna Þórey Pétursdóttir*  
*oddviti Röskvu í Stúdentaráði*  
*15. apríl 2019*

## VIÐAUKI C – HEILDARENDURSKOÐUN LAGA SHÍ

Starfsárið 2018-19 fór fram heildarendurskoðun á lögum Stúdentaráðs. Mikil vinna fór í það sem unnin var af lagabreytingarnefnd SHÍ með aðstoð frá framkvæmdastjóra og forseta SHÍ. Stúdentaráð tók sérstakan lagabreytingafund 23. janúar 2019 þar sem heildarendurskoðunin var lögð til samþykktar. Löggin voru samþykkt og bráðabirgðaatkvæði sett að þau myndu taka gildi í janúar 2020. Starfsárið 2019-2020 mun því líklegast fara í aðlögunartímabil þar sem m.a. skipulagi Stúdentaráðs var breytt á mjög afdrifaríkan hátt. Ný lög Stúdentaráðs líta því svona út:

**Lög Stúdentaráðs****I. Kafli – Nafn og tilgangur**

1. Grein – *Nafn Stúdentaráðs*
  - a. Við Háskóla Íslands skal starfa Stúdentaráð, sem nefnist fullu nafni: Stúdentaráð Háskóla Íslands (e. The Student Council of the University of Iceland), hér eftir SHÍ. Heimili þess er skrifstofa Stúdentaráðs á Háskólatorgi við Sæmundargötu. Varnarþing þess er í Reykjavík.
2. Grein – *Tilgangur Stúdentaráðs*
  - a. Stúdentaráð skal standa vörð um menningarlega og félagslega hagsmuni stúdenta við Háskóla Íslands og vera æðsti fulltrúi þeirra innan Háskólans og utan.
  - b. Stúdentaráð skal vera þeim félögum stúdenta við Háskóla Íslands, sem annast félagslíf og hagsmunamál, til aðstoðar ef þurfa þykir. Ráðinu ber að vinna að því að félögin þjóni hlutverki sínu.
3. Grein – *Aðild Stúdentaráðs að öðrum samtökum*
  - a. Ráðinu er heimilt að taka þátt í störfum annarra samtaka samkvæmt samþykkt hverju sinni. Ákvörðun um skipulagsbundna aðild að öðrum samtökum lýtur sömu reglum og lagabreytingar.
4. Grein – *Starfstími Stúdentaráðs*
  - a. Starfstími Stúdentaráðs miðast við skiptafund ár hvert, sem skal haldinn á næstu tveimur vikum eftir hefðbundin vormisserispróf. Reikningar ráðsins miðast við 1. júní og skulu yfirfarnir af löggiltum endurskoðanda.

**II. Kafli – Almenn ákvæði**

5. Grein – *Stjórnskipan Stúdentaráðs og sviðsráða*
  - a. Í Stúdentaráði Háskóla Íslands skulu fulltrúar hvers fræðasviðs taka sér sæti og gætir ráðið hagsmuna allra nemenda við skólann. Einn fulltrúi frá hverju fræðasviði mun taka sér sæti sem forseti viðkomandi sviðsráðs og fara fyrir því skv. 18. gr.
  - b. Forseti Stúdentaráðs, í forföllum hans varaforseti, skal vera málsvari ráðsins út á við og gagnvart yfirstjórn Háskólans, eftir því sem við á. Forseti Stúdentaráðs ber ábyrgð á að kynna ársskýrslu nýlokens starfsárs SHÍ á skiptafundi ráðsins.
  - c. Stúdentaráð getur ályktað um tiltekið málefni og tekur Stúdentaráðsfundur fullnaðarákvörðun í öllum málum sem heyra undir sviðsráð, fastanefndir, starfshópa, stjórn, skrifstofu, starfsfólk og fulltrúa ráðsins.
  - d. Stúdentarráð setur verklagsreglur um ályktanir ráðsins, m.a. um möguleika á rafrænni afgreiðslu þeirra.
  - e. Stúdentaráð getur lýst yfir vantrausti á alla fulltrúa sem ráðið hefur kosið til að gegna embætti.

- f. Stúdentaráðsliði getur lýst yfir vantrausti á annan Stúdentaráðsliða. Stúdentaráð skal greiða atkvæði og sé tillagan samþykkt skal boða til almenns stúdentafundar. Fari fram atkvæðagreiðsla á stúdentafundinum þarf 2/3 atkvæða fundarmanna til að víkja Stúdentaráðsliða úr embætti, enda hafi 200 stúdentar Háskóla Íslands hið minnsta tekið þátt í atkvæðagreiðslunni.
6. Grein – *Skipun helstu embætta*
- Forseti Stúdentaráðs boðar nýkjörið ráð til kjörfundar eigi síðar en sex vikum eftir kosningar til Stúdentaráðs og Háskólaráðs.
  - Kjörfundinn skal boða með tryggilegum hætti meðal stúdenta Háskóla Íslands með minnst 10 daga fyrirvara. Í fundarboði skal greina frá tilgangi fundarins og þeim möguleika að gefa kost á sér í embætti forseta, varaforseta, hagsmunafulltrúa, lánasjóðsfulltrúa SHÍ, nefndir Stúdentaráðs, ásamt öðrum embættum sem kjörið er í á fundinum. Þau sem kjörin eru á kjörfundi taka við störfum á skiptafundi, sbr. 4. gr.
  - Kjörgengir til embætta á skrifstofu, í nefndum og á vegum SHÍ eru allir þeir sem hafa verið skráðir til náms við Háskóla Íslands á síðustu þremur árum á undan sérstökum kjörfundi.
7. Grein – *Kjörin embætti*
- Á kjörfundi er kosið í helstu embætti Stúdentaráðs. Gefi fleiri kost á sér en kosið er ræður hlutfallskosning. Séu fleiri en einn kosinn í tiltekinni kosningu hlýtur sá sem hlýtur flest atkvæði embættið, svo sá sem þar eftir kemur og svo koll af kolli.
  - Á kjörfundi kjósa nýkjörnir fulltrúar Stúdentaráðs, hér eftir Stúdentaráðsliðar.
  - Forseti Stúdentaráðs er kjörinn á kjörfundi.
  - Varaforseti Stúdentaráðs er kjörinn á kjörfundi.
  - Lánasjóðsfulltrúi Stúdentaráðs er kjörinn á kjörfundi. Hann situr í stjórn Lánasjóðs íslenskra námsmanna. Hann tekur þó ekki við af fyrri fulltrúa fyrr en samningaviðræðum um úthlutunarreglur næsta skólaárs er lokið. Varafulltrúi Stúdentaráðs í stjórn LÍN skal kjörinn á kjörfundi Stúdentaráðs.
  - Hagsmunafulltrúi er kjörinn á kjörfundi.
  - Í fjármála- og atvinnulífsnefnd, jafnréttisnefnd, alþjóðanefnd, umhverfis- og samgöngunefnd, fjölskyldunefnd, félagslífs- og menningarnefnd, kennslumálanefnd og lagabreytinganefnd skulu kjörnir fjórir einstaklingar á kjörfundi.
  - Stúdentaráð skipar tvo aðila í nýsköpunar- og frumkvöðlanefnd SHÍ og eru þeir kjörnir á kjörfundi. Icelandic Startups skipar einn aðila og sjálf velur nefndin sér fjóra aðila. Auglýsa skal laus pláss meðal nemenda Háskólans að vori.
  - Stúdentaráðsliðar skulu hafa forgang yfir aðra nemendur í forsæti í nefndum, fyrir utan alþjóðanefnd þar sem alþjóðafulltrúi situr sem forseti nefndar.
  - Stúdentaráð skipar 10 fulltrúa til Háskólaþings. Á kjörfundi skulu 7 fulltrúar úr hópi Stúdentaráðsliða og varafulltrúa þeirra til þingsins og fjórir til vara, skal þetta gert í hlutfalli við niðurstöður kosninga til Stúdentaráðs. Gefi fleiri fulltrúar kost á sér kýs Stúdentaráð á milli þeirra eftir hlutfallskosningu. Hinir þrír fulltrúarnir sem eftir eru skulu skipaðir af Skrifstofu Stúdentaráðs úr hópi starfsfólks.
  - Forseti Stúdentaráðs situr til tveggja ára í fulltrúaráði Landssamtaka íslenskra stúdenta (hér eftir LÍS). Setan er samkvæmt fléttuskipulagi og er kjörtímabil hvers aðalfulltrúa tvö ár. Jafnframt skulu tveir varafulltrúar skipaðir til eins árs. Varafulltrúar skulu vera kjörnir á kjörfundi SHÍ. Kjörgengi til embættis varafulltrúa hafa allir sem skráðir hafa verið til náms á yfirstandandi skólaári. Segi fulltrúi af sér í fulltrúaráði LÍS skal fyrsti varafulltrúi taka sæti hans í fulltrúaráði. Þá tekur næsti varafulltrúi sæti þess varafulltrúa sem tók sæti í fulltrúaráði og svo koll af kolli.
  - Forseti jafnréttisnefndar Stúdentaráðs gegnir embætti jafnréttisfulltrúa Stúdentaráðs. Hann á sæti í jafnréttisnefnd Háskólaráðs.



- m. Forseti kennslumálanefndar Stúdentaráðs gegnir embætti jafnréttisfulltrúa Stúdentaráðs. Hann á sæti í kennslumálanefnd Háskólaráðs.
- n. Við kjör í stjórn Félagsstofnunar stúdenta skal hver fulltrúi ásamt varafulltrúa kjörinn sérstaklega. Heimilt er að krefjast þess, að sá sem stungið er upp á láti í ljós samþykki sitt eða samþykkið sé vottað með öðrum tryggilegum hætti. Kosið er á Stúdentaráðsfundi þegar skipa þarf nýjan fulltrúa í stjórn FS.
- o. Stúdentaráð er með tvo fulltrúa í Stúdentaráði Aurora, samstarfsneti níu háskóla í Evrópu. Annar eirra skal valinn úr hópi starfsfólks skrifstofu SHÍ og staðfestur af stjórn SHÍ en hinn skal vera alþjóðafulltrúi skrifstofu Stúdentaráðs.
- p. Stúdentaráð er með einn fulltrúa í fulltrúaráði LUF, Landssambandi ungmennafélaga. Skal hann valinn úr hópi starfsfólks skrifstofu SHÍ og staðfestur af stjórn SHÍ.
- q. Þegar skipa þarf í önnur embætti er það auglýst meðal allra stúdenta með almennum stúdentapósti. Stúdentaráð greiðir atkvæði um þær umsóknir sem berast á næsta fundi sínum.

### III. Kafli – Stúdentaráð

- 8. Grein – *Stjórnskipan Stúdentaráðs og sviðsráða*
  - a. Í Stúdentaráði sitja fyrir hvert sviðsráð að lágmarki 1 fulltrúi og 1 fulltrúi að auki fyrir hverja 1000 nemendur sem þar stunda nám. Fjölgun eða fækkun fulltrúa sviða í Stúdentaráði kemur þó ekki til framkvæmda nema niðurstaðan verði oddatala.
  - b. Stúdentaráðsliðar innan hvers sviðs skulu að auki kjósa sín á milli um forseta sviðsráðs, sem tekur einnig sæti í sviðsráði.
  - c. Fjöldi Stúdentaráðsliða hvers sviðs skal endurskoðaður í samræmi við viðurkenndan lista nemendaskrár á hverju vormisseri.
- 9. Grein – *Stúdentaráðsfundir og aðgengi að þeim*
  - a. Stúdentaráðsfundir eru opnir öllum háskólastúdentum.
  - b. Meirihluti ráðsins getur ákveðið að loka fundi þegar slíkt telst nauðsynlegt til varnar viðkvæmum persónulegum hagsmunum einstaklinga sem mál varðar eða ef óhjákvæmilegt þykir til að halda uppi friði á fundinum. Stúdentaráðsfundur getur að fenginni beiðni heimilað almennar umræður um dagskrárliði ef meirihluti viðstaddra ráðsliða samþykkir það.
  - c. Fulltrúi sérhvers nemendafélags skal þó, ef hann óskar, geta tekið til máls án sérstaks samþykkis Stúdentaráðs nema fundi hafi verið lokað, enda gæti hann reglana um fundarsköp ráðsins.
- 10. Grein – *Fundarstjórn Stúdentaráðs*
  - a. Forseti Stúdentaráðs, í fjarveru hans, varaforseti, stjórnar fundum ráðsins eða tilnefnir annan í sinn stað.
- 11. Grein – *Fundarboð Stúdentaráðsfundar*
  - a. Stúdentaráðsfundir skulu haldnir a.m.k. 10 sinnum á ári. Forseti Stúdentaráðs boðar til Stúdentaráðsfundar. Meirihluti stjórnarmeðlima getur ef ágreiningur rís um meðferð mála innan stjórnar, vísað máli til næsta ráðsfundar til ákvörðunar. Sjö stúdentaráðsliðar geta skriflega krafist fundar í ráðinu, sem skal þá halda innan viku frá því að krafan er fram komin.
  - b. Fundi skal boða með minnst 5 daga fyrirvara. Stúdentaráðsfundi skal boða á tryggilegan hátt með tölvupósti til allra ráðsliða og með annarri aðferð sem Stúdentaráðs samþykkir. Einnig skal láta fulltrúa nemenda- og hagsmunafélaga vita og birta tilkynningu á vefsíðu Stúdentaráðs. Jafnframt skal senda tölvupóst á hi-nem póstlistann og láta vita af Stúdentaráðsfundi, skal tekið fram að fundir eru opnir öllum

stúdentum sbr. 9. gr. laga SHÍ. Stúdentaráðsfundur telst löglegur sé löglega til hans boðað.

- c. Heimilt er að boða til fundar með skemmri fyrirvara ef nauðsyn ber til og ber forseta þá að gera grein fyrir ástæðu skamms fyrirvara í fundarboði. Í fundarboði skal fylgja með dagskrá og fundargögn fundarins. Fundargerðir stúdentaráðsfunda skal senda stúdentaráðsliðum og setja á vefsíðu Stúdentaráðs. Eigi atkvæðagreiðsla á stúdentaráðsfundi sem boðað er til samkvæmt grein þessari að vera lögleg verður meirihluti réttkjörinna fulltrúa hvers sviðsráðs, skv. 12. gr., að vera viðstaddur eða ef 12 ráðsliðar hið minnsta sitja hann.

12. Grein – *Atkvæði á Stúdentaráðsfundi*

- a. Hver fulltrúi í Stúdentaráði hefur eitt atkvæði á fundum þess.
- b. Einfaldur meirihluti ræður úrslitum mála og kjöri, nema annað sé tekið fram í lögum þessum. Sjö Stúdentaráðsliðar geta þó krafist almenns stúdentafundar um mál.
- c. Sé eitthvað borið upp til atkvæðagreiðslu skal Stúdentaráðsliðum og öðrum stúdentum tilkynnt það í fundargögnum. Taka skal fram í fundardagskrá að um atkvæðagreiðslu sé að ræða í þeim dagskrárlíðum þar sem það á við. Stúdentaráði er þó heimilt að ákveða að ganga til atkvæðagreiðslu, þó að hún hafi ekki verið boðuð fyrir fram, með  $\frac{2}{3}$  greiddra atkvæða. Við atkvæðagreiðslu skal atkvæði hvers og eins Stúdentaráðsliða eða löggilts varafulltrúa hans rituð í fundargerð, nema leynilegrar atkvæðagreiðslu sé óskað og hún samþykkt af þriðjungji ráðsliða með fyrrgreindri aðferð.
- d. Ráðsliða er heimilt að biðja fundarstjóra um orðið til þess að gera stuttlega grein fyrir atkvæði sínu áður en atkvæði eru talin.
- e. Nú falla atkvæði jafnt og telst tillaga því fallin. Ef atkvæði falla jafnt við kjör skal endurtaka kosningu milli frambjóðenda þegar í stað. Falli atkvæði aftur jafnt ræður hlutkesti. Framkvæmdarstjóri telur atkvæði nema hann sjálfur sé í kjöri og tilnefni Stúdentaráð þá varafulltrúa hans.

13. Grein – *Úrsögn úr Stúdentaráði*

- a. Úrsögn úr Stúdentaráði skal berast varaforseta skriflega. Segi Stúdentaráðsliði sig úr ráðinu skal næsti einstaklingur af sama framboðslista taka fast sæti í Stúdentaráði. Sé ekki öðrum einstaklingi að skipta tekur varafulltrúi þess sviðsráðsliða sem fyrstur hefði tekið sæti í hans stað og svo koll af kalli.

14. Grein – *Fundargerð Stúdentaráðsfundar*

- a. Framkvæmdarstjóri Stúdentaráðs ritar fundargerð á fundum Stúdentaráðs. Aðrir starfsmenn Stúdentaráðs rita fundargerð forfallist framkvæmdarstjóri. Heimilt er að taka Stúdentaráðsfundi upp og rita fundargerð eftir fundinn. Skal halda slíkum upptökum til haga og veita aðgang eftir óskum. Ritara er heimilt að vísa til upptöku í fundargerð varðandi almennar umræður en í fundargerðinni skulu helstu atriði fundarins koma fram.
- b. Fundargerð skal lesin upp og samþykkt í fundarlok, sé þess óskað og hafi hún verið rituð á fundinum, ellegar send út skriflega fyrir næsta fund og tekin fyrir þá til samþykktar. Skulu breytingartillögur afgreiddar þegar í stað.
- c. Frekari breytingar fundarmeðlima á gjörðabókinni eru ekki heimilar nema í formi skriflegrar athugasemdar, sem afhenda skal ritara. Ritara er skylt að skrá slíka athugasemd aftan við umdeilda fundargerð enda sé hún undirrituð og ekki lengri en 100 orð.

15. Grein – *Fundarsköp Stúdentaráðs*

- a. Fundarmeðlimur sem óskar að taka til máls skal óska þess við fundarstjóra, sem skal skrá fundarmeðlimi á mælendaskrá í þeirri röð sem þau biðja um orðið. Flutningsaðila skal þó leyft að koma að stuttum skýringum þrátt fyrir mælendaskrá.

- b. Fundar meðlimir geta skilað inn skriflegri bókun varðandi málefni sem til umræðu eru á Stúdentaráðsfundi. Skal þá slík bókun færð í fundargerð á tilheyrandi stað. Einnig geta fundar meðlimir boðað framlagningu bókunar og skal hún þá berast ritara stjórnar Stúdentaráðs eigi síðar en í upphafi næsta Stúdentaráðsfundar eftir að til hennar var boðað. Ekki eru greidd atkvæði um bókunir. Bókun skal lögð fram þegar kemur að þeim sem leggur hana fram í mælendaskrá.
  - c. Tillögur skal taka til umræðu um leið og þær berast. Þó skulu eftirfarandi tillöguflokkar bornir undir atkvæði þegar í stað og umræðulaust, nema ef á ræðu stendur eða atkvæðagreiðslu
    - i. Tillaga um fundarhlé.
    - ii. Dagskrártillaga.
    - iii. Tillaga um að ganga til atkvæðagreiðslu.
    - iv. Tillaga um að heimila atkvæðagreiðslu skv. c-lið 11. greinar.
    - v. Frávísunartillaga.
    - vi. Tillaga um að vísa máli til stjórnar eða nefndar.
    - vii. Tillaga um vantraust á fundarstjóra.
  - d. Hver Stúdentaráðsliði eða lögmætur varafulltrúi hans getur lagt fram ályktun. Skulu greidd atkvæði um hana þegar í stað sé það samþykkt samkvæmt c-lið 11. gr., ellegar á næsta Stúdentaráðsfundi. Einnig getur Stúdentaráðsliði boðað framlagningu ályktunar innan hæfilegs tíma fyrir fund og skal henni þá bætt við fundargögn og - dagskrá.
16. Grein – *Málfrelsis-, tillögu- og atkvæðisréttur á Stúdentaráðsfundi*
- a. Allir Stúdentaráðsliðar hafa málfrelsis-, tillögu- og atkvæðisrétt.
  - b. Varafulltrúar hafa málfrelsis- og tillögurétt en þó ekki atkvæðisrétt nema þeir taki sæti fyrir aðalfulltrúa. Ef ástæða þykir til má fundarstjóri takmarka þennan rétt eða víkja honum frá með samþykki Stúdentaráðs. Sama gildir um nefndarfulltrúa í nefndum Stúdentaráðs.
  - c. Aðal- og varafulltrúar í fulltrúaráði LÍS hafa málfrelsis- og tillögurétt á fundum Stúdentaráðs. Sama gildir um fulltrúa Stúdentaráðs í framkvæmdarstjórn LÍS.
  - d. Fulltrúar stúdenta í Háskólaráði hafa málfrelsis- og tillögurétt.
  - e. Forseti og varaforseti Stúdentaráðs hafa málfrelsis- og tillögurétt.
  - f. Starfsfólk réttindaskrifstofu Stúdentaráðs hefur málfrelsis- og tillögurétt.
  - g. Aðrir sem koma á Stúdentaráðsfund til að flytja erindi samkvæmt dagskrá fundar mega taka til máls innan þess dagskrárliðar, en hafa þó ekki tillögurétt né atkvæðisrétt.

#### IV. Kafli – Sviðsráð

17. Grein – *Sviðsráð*
- a. Á hverju fræðasviði Háskólans skal starfa sviðsráð Stúdentaráðs.
  - b. Sérhvert sviðsráð skal gæta hagsmuna nemenda á viðkomandi sviði í störfum sínum. Skal sviðsráð vera sjálfstætt í sínum störfum nema kveðið sé á um annað í lögum þessum. Sviðsráð skal setja sér verklagsreglur um störf ráðsins í upphafi hvers starfsárs.
  - c. Starfstími sviðsráða miðast við skiptafund ár hvert. Frá kjörfundi, sbr. 6. gr. og fram að skiptafundi skal fráfarandi sviðsráð leggja sig fram við að setja nýkjörið sviðsráð inn í fyrirliggjandi verkefni og aðstoða við undirbúning komandi starfsárs.
18. Grein – *Sviðsráðsfulltrúar*

- a. Í hverju sviðsráði Háskólans sitja 4 fulltrúar sem Stúdentaráð tilnefnið og kys á kjörfundi, í hlutfalli við kosninganiðurstöður, auk forseta sviðsráðs, sem skipaður er skv. b-lið 8. gr. Hafa stúdentaráðsliðar forgang í sviðsráð.
- b. Forseti sviðsráðs stýrir fundum þess.

## V. Kafli – Nefndir

### 19. Grein – Nefndir Stúdentaráðs

- a. Á vegum Stúdentaráðs starfa 10 fastanefndir og sitja fimm einstaklingar í hverri þeirra að undanskilinni nýsköpunar- og frumkvöðlanefnd. Stúdentaráðsliðar eiga rétt á að sitja fundi fastanefnda og hafa þar málfrelsis- og tillögurétt.
- b. Stúdentaráðsliðar skulu hafa forgang til forsætis í nefndum Stúdentaráðs.
- c. Alþjóðanefnd: Nefndin skal skipuð fimm einstaklingum. Fjóra skal Stúdentaráð skipa á kjörfundi en fimmti aðilinn er alþjóðafulltrúi sem er faglega ráðinn af Stúdentaráði. Alþjóðafulltrúi á forsæti í alþjóðanefnd.
- d. Félagslífs- og menningarnefnd: Nefndin skal stuðla að bættu félagslífi innan Háskólans og auknu menningarlegu hlutverki Stúdentaráðs.
- e. Fjármála- og atvinnulífsnefnd: Nefndin tekur til meðferðar málefni Lánasjóðs íslenskra námsmanna, önnur fjárhagsleg hagsmunamál stúdenta, skattamál og önnur skyld mál. Einnig atvinnumál stúdenta auk tengsla Háskólans, atvinnulífsins og stúdenta.
- f. Fjölskyldunefnd: Nefndin stuðlar að bættu umhverfi fyrir fjölskyldufólk innan Háskóla Íslands.
- g. Jafnréttisnefnd: Nefndin tekur til meðferðar jafnréttismál stúdenta innan Háskólans og stuðlar að bættu jafnrétti innan hans.
- h. Kennslumálanefnd: Nefndin tekur til meðferðar framkvæmd Kennslumálaþings SHÍ í samstarfi við Kennslumálanefnd, gæðanefnd og Kennslumiðstöð HÍ ásamt því að kynna nám og kennslu við skólann.
- i. Lagabreytinganefnd: Nefndin hefur það hlutverk að endurskoða lög Stúdentaráðs og Stúdentasjóðs og leggja fram tillögur til breytinga á þeim, ef þörf þykir. Hún skal líta til þess að þau séu skýr, aðgengileg, samræmd og tryggja skilvirkni í störfum ráðsins. Heimilt er að vísa lagabreytingartillögum sem bornar eru upp á Stúdentaráðsfundum til umsagnar í nefndinni.
- j. Nýsköpunar- og frumkvöðlanefnd: Nefndin hefur það hlutverk að efla nýsköpunar- og frumkvöðlastarf meðal nemenda Háskólans. Nefndin er í samstarfi við Icelandic Startups og kemur verkefnum þeirra á framfæri meðal háskólanema.
- k. Umhverfis- og samgöngunefnd: Nefndin tekur til meðferðar mál er tengjast umhverfis- og sjálfbærismálum sem og samgöngumál stúdenta. Auk þess tekur nefndin afstöðu til framkvæmda- og skipulagsmála er snerta hagsmuni stúdenta og vinnur að bættum umhverfis- og sjálfbærismálum.

### 20. Grein – Skipulag nefnda

- a. Fastanefndir Stúdentaráðs skulu á sínum fyrsta fundi, sem haldinn skal innan 6 vikna frá kjörfundi, kjósa sér forseta. Sá fundur skal tryggilega boðaður af varaforseta Stúdentaráðs.
- b. Fastanefndir halda fundi þegar þurfa þykir eða innan viku eftir að krafa um fund kemur fram, en sérhver nefndarmeðlimur getur krafist fundar.
- c. Forseti fastanefndar, sem kosinn er á fyrsta fundi, boðar fundi skriflega með a.m.k. eins dags fyrirvara, nema samkomulag sé í nefnd um annað. Fundir eru opnir öllum stúdentum, nema nefnd ákveði annað ef þörf er á.

- d. Allir Stúdentaráðsliðar hafa rétt til setu á fundum fastanefnda. Hverri fastanefnd er heimilt að kalla til aðra stúdenta til nefndarfunda.
  - e. Nefndir skulu í upphafi starfs sín setja sér starfs- og fjárhagsáætlun að svo miklu leyti sem hægt er. Nefndir skulu skila skriflegri skýrslu um störf sín til Stúdentaráðs.
  - f. Nefndir leggja stefnu í sínum málaflökki fram fyrir Stúdentaráð til samþykktar. Á þeim Stúdentaráðsfundi getur hver nefnd lagt til breytingartillögu.
  - g. Stúdentaráð felur nefndum og einstaklingum sérstök verkefni með samþykki hverju sinni. Stúdentaráði er einnig heimilt að stofna starfshópa í kringum ákveðin, afmörkuð verkefni. Þessir einstaklingar og starfshópar skulu skila skriflegri skýrslu um störf sín til Stúdentaráðs þegar verkefninu er lokið. Feli verkefnið í sér utanlandsferð á kostnað Stúdentaráðs skal skýrslan vera ítarleg og skulu fylgja með bókhaldsupplýsingar.
21. Grein – *Skipan í nefndir Háskólaráðs*
- a. Stúdentaráð skipar fulltrúa í nefndir Háskólaráðs. Sé ekki tilgreint sérstaklega hvaða embætti tekur sæti í nefnd, skal auglýst meðal háskólanema laust pláss og Stúdentaráð skal kjósa á fundi sínum fulltrúa í nefnd.
  - b. Forseti Jafnréttisnefndar SHÍ skal sitja fundi jafnréttisnefndar.
  - c. Forseti Umhverfis- og samgöngunefndar SHÍ skal sitja fundi umhverfis- og sjálfbærnefndar.
  - d. Stúdentaráð skal auglýsa eftir fulltrúa í gæðanefnd meðal framhaldsnema og kýs Stúdentaráð á milli umsækjenda á Stúdentaráðsfundi.
  - e. Fulltrúi stúdenta í kennslumálanefnd Háskólaráðs skal vera forseti Kennslumálanefndar SHÍ á skipunartíma hans.
  - f. Skipaður skal fulltrúi í vísindanefnd Háskólaráðs eftir tilnefningu FEDON, félags doktorsnema og nýdoktora við Háskóla Íslands.
  - g. Auglýst skal eftir fulltrúa í ráð um málefni fatlaðs fólks.
  - h. Auglýst skal eftir áheyrnarfulltrúa í öryggisnefnd.
  - i. Auglýst skal eftir fulltrúa í skipulagsnefnd háskólasvæðisins.

## VI. Kafli – Stjórn Stúdentaráðs

22. Grein – *Stjórn Stúdentaráðs og verkefni hennar*
- a. Á vegum Stúdentaráðs starfar stjórn, sem fer með daglega hagsmunabaráttu á vegum ráðsins.
  - b. Stjórn Stúdentaráðs annast framkvæmd þeirra ályktana, er ráðið gerir og annast þau verkefni er það felur henni. Jafnframt getur hún á fundum sínum tekið ákvarðanir og afgreitt mál innan þeirra marka er ráðið ákveður hverju sinni.
23. Grein – *Skipan stjórnar*
- a. Stjórn Stúdentaráðs skal skipuð forsetum allra sviðsráða auk forseta og varaforseta Stúdentaráðs. Sérhver fulltrúi í stjórn skal skipa varafulltrúa sinn og hefur hann seturétt á stjórnarfundum sem sá aðalfulltrúi sér sér ekki fært um að mæta á.
  - b. Forseti Stúdentaráðs, í fjarveru hans varaforseti, stjórnar fundum stjórnar. Í fjarveru þeirra einhver stjórnarmeðlima samkvæmt ákvörðun hverju sinni. Forseti, í forföllum hans varaforseti, kemur fram fyrir hönd Stúdentaráðs í skiptum þess við aðila innan sem utan Háskólans. Gjaldkeri skal vera úr röðum stjórnarmeðlima og framkvæmdarstjóri Stúdentaráðs skal vera ritari.
  - c. Ritari ritar fundargerðir stjórnarfunda og heldur utan um fundargerðir Stúdentaráðs.
  - d. Gjaldkeri undirbýr fjárhagsáætlun Stúdentaráðs eitt ár fram í tímann í samráði við framkvæmdarstjóra Stúdentaráðs og leggur hana fyrir ráðið til samþykktar. Hann

fylgist með hvernig áætlun stenst, gerir tillögur um leiðréttingar eftir því sem þörf krefur og bendir á fjáröflunarleiðir.

- e. Gjaldkeri skal í samráði við framkvæmdarstjóra gera Stúdentaráði grein fyrir fjárhagsstöðu ráðsins á þriggja mánaða fresti. Forseti og framkvæmdarstjóri skulu vera prókúruhafar að reikningum Stúdentaráðs.
- f. Aðrir fulltrúar í stjórn Stúdentaráðs taka þátt í störfum hennar með þeim hætti sem þurfa þykir.

#### 24. Grein – *Starfshættir stjórnar*

- a. Stjórnarfundur telst lögmætur ef fjórir stjórnarmeðlimir hið fæsta sitja fund.
- b. Stjórn Stúdentaráðs skal setja verklagsreglur um störf stjórnarinnar og skrifstofu Stúdentaráðs í upphafi hvers starfsárs.
- c. Stjórn Stúdentaráðs skal reglulega, minnst einu sinni á hverju starfsári, boða alla deildarfulltrúa nemenda við Háskóla Íslands á samráðsfund með sér. Á þeim fundum skal kynna störf Stúdentaráðs og Háskólaráðs fyrir deildarfulltrúum og leitast eftir álitum þeirra á helstu málefnum og upplýsingum um stöðu mála í þeirra deildum.
- d. Á hverjum fundi Stúdentaráðs skal stjórn skýra ráðinu frá störfum sínum síðan síðasti fundur var haldinn.
- e. Á þeim tíma sem líður frá kosningum og þar til ný stjórn Stúdentaráðs tekur við, er fráfarandi stjórn Stúdentaráðs óheimilt að stofna til verulegra skuldbindinga sem ekki eru í samræmi við daglegan rekstur skrifstofu Stúdentaráðs.
- f. Lýsi Stúdentaráð vantrausti á stjórnarmeðlim, skal hann víkja frá fundi. Þó er honum heimilt að krefjast annars Stúdentaráðsfundar um málið, hafi ráðið ekki verið fullskipað er vantrausti var lýst. Skal sá fundur haldinn innan viku og gildir ákvörðun hans, sé hann lögmætur. Verði vantraustið samþykkt aftur, skal Stúdentaráð kjósa annan í hans stað.

## VII. Kafli – Skrifstofa Stúdentaráðs og útgáfa

#### 25. Grein – *Skipan skrifstofu Stúdentaráðs*

- a. Stúdentaráð skal ráða eða kjósa starfsfólk samkvæmt töluliðum i-vi þessarar greinar til að annast daglega framkvæmd ráðsins á skrifstofu Stúdentaráðs. Þar skulu nemendur og kennarar Háskóla Íslands eiga aðgang að lögum og reglugerðum Háskólans, einstakra deild og sviða. Skrifstofan samanstendur af:
  - i. Forseta Stúdentaráðs, kjörinn á kjörfundi. Forseti stýrir fundum ráðsins og stjórnar þess, er málsvari ráðsins út á við og gagnvart Háskólanum ásamt öðrum verkefnum samkvæmt lögum þessum eða eðli máls.
  - ii. Varaforseta Stúdentaráðs, kjörinn á kjörfundi. Varaforseti er staðgengill forseta í forföllum og sinnir öðrum verkefnum samkvæmt lögum þessum eða eðli máls.
  - iii. Lánasjóðsfulltrúa Stúdentaráðs, kjörinn á kjörfundi. Lánasjóðsfulltrúi situr í stjórn Lánasjóðs íslenskra námsmanna fyrir hönd Stúdentaráðs og er fulltrúi ráðsins á fundum og í stefnumótun um Lánasjóðinn.
  - iv. Hagsmunafulltrúa Stúdentaráðs, kjörinn á kjörfundi. Hagsmunafulltrúi er umboðsmaður stúdenta gagnvart Háskólanum og leiðbeinir og aðstoðar stúdenta til að gæta réttar síns.
  - v. Framkvæmdarstjóra Stúdentaráðs, ráðinn skv. 26. gr. Framkvæmdarstjóri hefur yfirumsjón með rekstri skrifstofu ráðsins í samráði við stjórn Stúdentaráðs og forseta. Hann hefur yfirumsjón með bókhaldi og reikningum Stúdentaráðs og ber ábyrgð á gerð ársreikninga Stúdentaráðs. Skal hann

kynna ársreikninga fyrir Stúdentaráði eins fljótt og auðið er frá lokum reikningsárs og birta þá á vefsíðu ráðsins eftir samþykkt þeirra.

- vi. Alþjóðafulltrúa Stúdentaráðs, ráðinn skv. 26 gr. Alþjóðafulltrúi gegnir embætti forseta alþjóðanefndar. Hann starfar á réttindaskrifstofu Stúdentaráðs og skal gegna hlutverki þjónustuaðila við erlenda stúdenta við Háskóla Íslands og geta erlendir stúdentar leitað til hans með fyrirspurnir varðandi háskólavistina sem og annað sem snýr að dvöl þeirra hérlendis. Alþjóðafulltrúi er annar af tveimur fulltrúum stúdenta í Aurora samstarfsnetinu og starfar náið með Alþjóðaskrifstofu.
- vii. Ritstjóra Stúdentablaðsins og Akadémíunnar, ráðinn skv. 26 gr. Ritstjóri skal aldrei ráðinn til lengri tíma en eins árs. Hann hefur yfirumsjón með útgáfu Stúdentablaðsins og Akadémíunnar og ákveður efni ritanna í samráði við ritnefnd og ber ábyrgð á þeim að lögum. Ritstjóri skal leggja fjárhagsáætlun hvers tölublaðs fyrir framkvæmdarstjóra.

#### 26. Grein – Ráðning starfsfólks

- a. Við ráðningu þeirra fulltrúa sem ekki eru kjörnir skal meta umsækjendur á faglegum grunni og líta sérstaklega til starfsreynslu og þekkingar á viðkomandi sviði. Auglýsa skal starfið laust til umsóknar, með skýrum hætti á opinberu vefsvæði Stúdentaráðs, með tölvupósti og/eða t.d. í útbreiddu dagblaði. Auglýsinguna skal birta minnst 10 dögum fyrir lok umsóknarfrests. Sérstök ráðningarnefnd skipuð skv b lið fer fer með ráðningaferli og leggur tillögu fyrir stjórn stúdentaráðs til atkvæðagreiðslu
- b. Ráðningarnefnd er skipuð af oddvitum beggja fylkinga, forseta Stúdentaráðs og fulltrúa frá starfsmannasviði Háskólans.
- c. Fjöldi umsækjenda til starfa á réttindaskrifstofu Stúdentaráðs skal gerður Stúdentaráði opinber. Ákvörðun stjórnar Stúdentaráðs um ráðningu skal rökstudd og birt opinberlega.
- d. Eins skulu upplýsingar um ákvörðun launa starfsfólks liggja fyrir við ráðningu og öllum aðgengilegar er þeirra óskar.
- e. Starfsráðninga annarra en þeirra er getið er í 25. gr. skulu fara eftir ákvörðun stjórnar Stúdentaráðs og tilkynntar Stúdentaráði.

#### 27. Grein – Útgáfa Stúdentaráðs

- a. Stúdentaráð gefur út Stúdentablaðið, sem koma skal út reglulega yfir skólaárið. Blaðið skal fjalla um málefni stúdenta og vera opið öllum stúdentum.
- b. Stúdentaráð gefur út Akadémíuna í upphafi haustannar. Blaðið skal miða að því að kynna Stúdentaráð og Háskólann fyrir nýnemum.
- c. Ritstjóri skal auglýsa eftir fulltrúum í ritnefnd Stúdentablaðsins með almennum stúdentapósti. Stúdentaráð skal að auki skipa tvo fulltrúa í ritnefnd Stúdentablaðsins og skulu þeir kosnir hlutbundinni kosningu á fyrsta fundi ráðsins eftir skipun ritstjóra. Ritstjóra er einnig heimilt að leita sér aðstoðar við útgáfu Akadémíunnar.

### VIII. Kafli – Almennur Stúdentafundur

#### 28. Grein – Boðun almenns stúdentafundar

- a. Almenna stúdentafundi skal halda eftir kröfu 50 háskólastúdenta hið fæsta eða fimm Stúdentaráðsliða. Skal krafan vera skrifleg og beint til stjórnar Stúdentaráðs, er síðan boðar til fundarins ásamt dagskrá eigi síðar en svo, að fundinn megi halda innan viku frá því að krafan er fram komin.
- b. Til almenns stúdentafundar skal boða í almennum stúdentapósti og með auglýsingu í helstu kennslubyggingum Háskólans. Fundarefnis skal geta í fundarboði. Forseti Stúdentaráðs stjórnar kosningu fundarstjóra í upphafi fundar, en er að öðru leyti ekki

ábyrgur fyrir störfum fundarins, nema hann hljóti kjör sem fundarstjóri. Rétt til að taka þátt í afgreiðslu máls á almennum stúdentafundi hafa þeir einir, er skráðir eru til náms í Háskólanum. Komi upp ágreiningur um rétt til fundarsetu skal málinu skotið til úrskurðar fundarins.

29. Grein – *Almennur Stúdentafundur*

- a. Almennir stúdentafundir taka til umræðu og ályktana mál sem heyra til verksviðs Stúdentaráðs eða snerta á annan hátt alla nemendur sem skráðir eru til náms í Háskóla Íslands. Stúdentaráði er skylt að fara að fyrirmælum  $\frac{2}{3}$  fundarmeðlima á almennum stúdentafundi um málefni sem auglýst hefur verið í fundarboði, enda hafi 200 stúdentar Háskóla Íslands a.m.k. tekið þátt í atkvæðagreiðslu um málið. Almennur stúdentafundur getur úrskurðað um hvort Stúdentaráð hafi farið að fyrirmælum fundarins getur hann samþykkt að boðað verði til kosninga innan fjögurra vikna frá fundinum. Sömu reglur gilda um fjölda fundarmeðlima og samþykki á þeim fundi.
- b. Stúdentaráð skal tryggja að atkvæðagreiðsla fari fram leynilega.

30. Grein – *Málskotsréttur stúdenta*

- a. Skrifri 5% eða fleiri háskólanemar undir áskorun þess efnis skal Stúdentaráð boða til almennra kosninga í Háskólanum um ákveðið málefni sem við kemur hagsmunum stúdenta.
- b. Stúdentaráði er skylt að fara eftir niðurstöðu atkvæðagreiðslunnar, þar sem einfaldur meirihluti gildir, ef kjörsókn er ekki meira en 5 prósentustigum lægi en í síðustu kosningum til Stúdentaráðs.
- c. Leitast skal við að þessar kosningar séu rafrænar og að öllum háskólanemum gefist kostur á að kjósa.
- d. Stúdentaráð skal boða til kosninganna, skipuleggja þær og kynna hvað kosið er um mest viku eftir að gild áskorun berst ráðinu og skulu kosningarnar fara fram minnst viku og mest tveimur vikum síðar. Um kærur um lögmati kosninganna fer eftir 36. grein laga þessara.

## IX. Kafli – Kosningar og kjörstjórn

31. Grein – *Kosningar og kjörstjórn*

- a. Á fyrstu þremur vikum febrúar ár hvert skulu kjörnir fulltrúar allra sviða Háskólans í Stúdentaráð. Annað hvert ár skulu auk þess kjörnir fulltrúar nemenda í háskólaráð samhliða kosningum til Stúdentaráðs. Leitast skal við eftir fremsta megni að sem flestir stúdentar nýti kosningarétt sinn. Í því skyni skal taka mið af frívikum deilda. Kjörtímabil fulltrúa í Stúdentaráði er eitt ár. Kjörtímabil fulltrúa í háskólaráði er frá 1. júlí þess árs sem kosning fer fram til 30. júní tveimur árum síðar.
- b. Kosningarétt og kjörgengi til Stúdentaráðs hafa allir sem skráðir hafa verið til náms á yfirstandandi skólaári á viðkomandi fræðasviði samkvæmt reglugerð Háskólans. Sé nemandi skráður til náms á fleiri en einu fræðasviði getur hann aðeins boðið fram og kosið á einu sviði. Kjörstjórn úrskurðar um á hvaða sviði nemendur hafa kjörgengi og kosningarétt. Kosningarétt og kjörgengi til háskólaráðs hafa allir sem skráðir hafa verið til náms við Háskóla Íslands á yfirstandandi skólaári.
- c. Framboð til Stúdentaráðs geta verið einstaklingsframboð eða framboðslistar sem samanstanda af minnst tveimur frambjóðendum og mest þeim fjölda fulltrúa sem taka munu sæti í Stúdentaráði á viðkomandi sviði. Framboð til háskólaráðs skulu vera framboðslistar sem samanstanda af fjórum frambjóðendum. Allir framboðslistar skulu tilteknir á kjörseðli.
- d. Framboð skulu vera skrifleg. Skal fylgja hverju framboði skriflegt samþykki allra þeirra sem í framboði eru því til staðfestingar.



- e. Framboð skulu safna tilhlýðandi stuðningi af stúdentum á viðkomandi fræðasviði. Frambjóðendur til Stúdentaráðs geta ekki stutt eigin framboðslista og stuðningur við framboð skal vera skriflegur. Safna skal 15 stuðningsmönnum fyrir hvern einstakling á framboðslista. Þjóði sömu samtök fram framboðslista á öllum sviðum þurfa stuðningsmenn listans þó aldrei að vera fleiri en 120 í heildina.
- f. Frambjóðendur til háskólaráðs geta ekki stutt eigin framboðslista og stuðningur við framboð skal vera skriflegur. Hver einstaklingur í framboði skal studdur af 30 stúdentum við Háskóla Íslands en frambjóðendur á sama lista geta safnað undirskriftum sínum í nafni listans.
- g. Kjósandi má greiða öllum einstaklingum í framboði atkvæði sitt óháð framboðslistum, í þeirri röð sem hann kys. Kjósanda skal heimilt að kjósa einn eða fleiri frambjóðanda en þó engu fleiri en þann fjölda fulltrúa sem taka á sæti í Stúdentaráði á viðkomandi sviði og hvern frambjóðanda má aðeins setja í eitt sæti. Kjósendur geta hakað við framboðslista og velja þannig sjálfkrafa frambjóðendur listans í þeirri röð sem þeir bjóða fram á viðkomandi lista. Kjósendum er þó heimilt að breyta því vali eftir að hakað hefur verið við lista.

### 32. Grein – Kjörstjórn

- a. Stúdentaráð kys fyrir 1. desember ár hver kjörstjórn til að sjá um kosningar til Stúdentaráðs. Annað hvert ár skal sú kjörstjórn einnig sjá um kosningar til háskólaráðs. Óheimilt er að skipa Stúdentaráðsliða, háskólaráðsliða eða frambjóðendur til setu í kjörstjórn. Stúdentaráð skipar einnig forseta kjörstjórnar sérstaklega. Nú falla atkvæði jafnt á kjörstjórnarfundi, ræður þá atkvæði forseta úrslitum.
- b. Kjörstjórn annast aðalkosningar og aukakosningar, undirbýr kosningar, ákveður kjörfund og hverja aðra framkvæmd sem við kemur kosningum. Kjörstjórn er heimilt að skipa sér aðstoðarmanneskju við framkvæmd kosninga og halda atkvæðagreiðslu utan kjörfundar ef ástæða þykir til.
- c. Kjörstjórn útbýr kjörskrá fyrir hvert fræðasvið og skal hún liggja fyrir minnst tveimur vikum áður en kosning utan kjörfundar hefst. Kærur vegna kjörskrár skulu hafa borist kjörstjórn eigi síðar en kl. 12.00 á hádegi einni viku áður en kosning utan kjörfundar eða almennur kjörfundur hefst. Úrskurðum kjörstjórnar má skjóta til Stúdentaráðs. Ákveði kjörstjórn að kosning utan kjörfundar skuli ekki fara fram, miðast ofangreindir frestir við kjördag.
- d. Kjörstjórn lýsir eftir framboðum og skal framboðsfrestur vera minnst ein vika og rennur út 10 dögum fyrir kjörfund. Kjörstjórn skal auglýsa aðsetur sitt með almennum stúdentapósti, þar sem framboðum er veitt viðtaka og þar sem unnt er að ná sambandi við hana.
- e. Kjörstjórn skal skila skriflegri skýrslu um störf sín og framkvæmd kosninganna til Stúdentaráðs og háskólaráðs eigi síðar en 2 mánuðum eftir kosningarnar.
- f. Berist ekki framboð til tiltekins sviðs skal framlengja framboðsfrest á því sviði um 3 sólarhringa og fresta kosningum jafn lengi. Skal slík framlenging auglýst rækilega af kjörstjórn. Berist ekki nægilega mörg framboð til sviðsins eftir þann frest skulu framkomnir frambjóðendur, ef einhverjir eru, teljast sjálfkjörnir og nýkjörrið Stúdentaráð skipar aðra fulltrúa á viðkomandi sviðs þar til það er fullmannað skv. 13. gr. Lýsi fleiri yfir áhuga á setu í Stúdentaráði á viðkomandi sviði við svo búið skal Stúdentaráð kjósa milli þeirra hlutfallskosningu.
- g. Séu frambjóðendur til Stúdentaráðs á viðkomandi sviði ekki fleiri en fulltrúar þess sviðs skoðast þeir frambjóðendur sjálfkjörnir.

- h. Berist færri en fjögur framboð til háskólaráðs skal nýkjörið Stúdentaráð skipa aðalfulltrúa og/eða varafulltrúa í háskólaráð þar til ráðið er fullskipað og réttum fjölda varafulltrúa náð.
- i. Kjörstjórn skal auglýsa rækilega framkomin framboð og alla kosningatilhögun, svo sem atkvæðagreiðslu utan kjörfundar og hvenær kjörfundur fer fram. Kjörstjórn annast gerð kjörseðla, rafrænna jafnt sem skriflegra. Á honum skulu koma fram allir framboðendur og framboðslistar sem eru í framboði á því sviði sem kjósandinn kýs.
33. Grein – *Framkvæmd kosninga*
- a. Kosningar til Stúdentaráðs og háskólaráðs skulu vera rafrænar sé þess kostur.
- b. Kjörstjórn skal heimilt að leita til sérfróðra aðila um framkvæmd rafrænna kosninga. Framkvæmd skal vera hagað þannig að öllum stúdentum sé gert kleift að nýta kosningarétt sinn og skal kosning opin á hinu rafræna kosningakerfi í allt að tvo daga. Kjörstjórn ákveður opnunartíma hins rafræna kosningakerfis á kjördögum.
- c. Kjörstjórn skal auglýsa opnunartíma kosningakerfisins a.m.k. 15 dögum fyrir kjörfund. Heimilt er að skjóta ákvörðunum kjörstjórnar um opnunartíma kosningakerfisins til Stúdentaráðs. Skal það gert a.m.k. 10 dögum fyrir upphaf kjörfundar.
- d. Allur áróður í byggingum Háskóla Íslands skal bannaður á kjördögum. Framboðendum er aðeins heimilt að vera í byggingum, þurfi þeir að sækja tíma eða sinna öðrum sambærilegum erindum. Kjörstjórnarfulltrúar veita skriflega áminningu ef brotið er gegn lagaákvæðum um framkvæmd kosninga. Kjörstjórnarfulltrúi sem áminningu veitir skal gera áminntum aðila grein fyrir ástæðu áminningarinnar og veita honum færi á að koma að athugasemdum. Sé aðili þrívegis áminntur er kjörstjórn skylt að tilkynna stúdentum um hvaða aðila er að ræða og fyrir hvað hann var áminntur. Tilkynningin skal birt á opinberum vettvangi; á tilkynningatöflum og á heimasíðu Stúdentaráðs. Sé um að ræða framboðanda skal tekið fram hvaða framboði hann tilheyrir.
- e. Áminntur aðili getur skotið áminningunni til kærunefndar kjörstjórnar innan klukkustundar eftir að hún er veitt. Skal hún úrskurða um réttmæti áminningar innan klukkustundar frá því að kæra berst. Kjörstjórn skal skipa þrjá einstaklinga í kærunefnd viku fyrir fyrri kjördag.
- f. Framboðslistum er óheimilt að leiðbeina kjósendum skipulega um að raða atkvæðum sínum til þess að skekkja úrslit kosninga og koma fleiri fulltrúum í Stúdentaráð en eðlilegt væri miðað við fjölda atkvæða til listans. Verði framboðslisti uppvis að slíku skal kjörstjórn tilkynna opinberlega um brotið og brotlegan aðila. Við ítrekuð og alvarleg brot á þessu hefur kjörstjórn heimild til að vísa viðkomandi framboði úr kosningum. Þeirri ákvörðun má þó áfrýja til Stúdentaráðs og  $\frac{2}{3}$  hlutar Stúdentaráðs geta hnekkkt henni.
- g. Sé ekki unnt að halda rafrænar kosningar á öruggan hátt gildir eftirfarandi um kosningar:
- i. Kjörstjórn ákveður staðsetningu kjördeilda að höfðu samráði við deildar- og skorarfélög. Við val á staðsetningu skal gæta þess að kosningin geti farið leynilega fram og næði kjósenda við kosningu tryggt. Kjördeildir skulu vera á a.m.k. níu stöðum á kennslusvæðum háskólans, enda skal miðað við það að stúdentar geti á sem auðveldastan máta greitt atkvæði.
- h. Kjörfundur stendur yfir í tvo daga. Kjörstjórn ákveður hvaða kjördeildir skulu opnar frá kl. 9.00-13.00 og hverjar frá kl. 9.00-18.00 fyrri kjördag. Kjördeildir skulu opnar frá kl. 9.00-18.00 seinni kjördag. Kjörstjórn skal auglýsa kjördeildir a.m.k. 15 dögum fyrir kjörfund. Heimilt er að skjóta ákvörðunum kjörstjórnar um kjördeildir til Stúdentaráðs. Skal það gert a.m.k. 10 dögum fyrir upphaf kjörfundar.

- i. Frambjóðendum skal heimilt að hafa eftirlit með kjörstjórn hvort sem kosið er rafrænt eður ei. Kjörstjórn setur nánari reglur um það.
  - j. Þegar kjörfundi lýkur á seinni degi kosninganna er fulltrúum framboðanna heimilt að bera saman eftirlitsgögn úr mismunandi kjördeildum m.a. til að gæta þess að einstaklingur hafi ekki greitt atkvæði í tveimur kjördeildum. Þessi samburður gagna skal fara fram undir eftirliti kjörstjórnar á milli þess sem kjörfundi lýkur og talning hefst.
  - k. Fulltrúa framboðs er einnig heimilt, innan kærufrests skv. 35. gr. að nálgast eftirlitsgögnin undir eftirliti kjörstjórnar í eitt skipti, til þess að fara yfir gögnin að fengnum kosningaúrslitum. Eftirlitsgögnum framboða skal eytt að kærufresti loknum.
  - l. Kjörstjórn skal birta niðurstöður kosninga eigi síðar en fjórum vikum eftir kosningar. Þar skal koma fram fjöldi atkvæða sem hver frambjóðandi hlýtur ásamt tölum um kosningaþátttöku.
34. Grein – *Talning atkvæða í kosningu til Stúdentaráðs*
- a. Að afloknum kosningum telur kjörstjórn atkvæði og úrskurðar hverjir teljist réttkjörnir samkvæmt almennum reglum um lýðræðislegar kosningar.
  - b. Á hverju sviði skal reikna kosningaúrslit með þeim hætti að fyrir hvern kjósanda sem kys frambjóðanda í tiltekið sæti á ákveðnu sviði í Stúdentaráði, fær viðkomandi frambjóðandi tiltekinn fjölda atkvæða:
    - i. Eitt atkvæði fyrir 1. sæti.
    - ii. ½ atkvæði fyrir 2. sæti.
    - iii. ⅓ atkvæði fyrir 3. sæti o.s.frv. eftir atvikum.
  - c. Þeir frambjóðendur á hverju sviði sem hljóta flest atkvæði samkvæmt þessari talningu hljóta sæti sem aðalfulltrúar í Stúdentaráði fyrir viðkomandi fræðasvið. Þeir sem næstir koma á viðkomandi framboðslista skulu vera varafulltrúar aðalfulltrúa, jafnir að tölu og aðalfulltrúar.
35. Grein – *Talning atkvæða í kosningu til Háskólaráðs*
- a. Við kosningar til háskólaráðs skal reikna kosningaúrslit með þeim hætti að fyrir hvern kjósanda sem kys frambjóðanda í tiltekið sæti fær viðkomandi frambjóðandi tiltekinn fjölda atkvæða:
    - i. Eitt atkvæði fyrir 1. sæti.
    - ii. ½ atkvæði fyrir 2. sæti.
    - iii. ⅓ atkvæði fyrir 3. sæti.
    - iv. ¼ atkvæði fyrir 4. sæti.
  - b. Frambjóðendur til háskólaráðs hljóta eftirfarandi sæti eftir atkvæðafjölda:
    - i. Fyrsti aðalfulltrúi.
    - ii. Annar aðalfulltrúi.
    - iii. Varafulltrúi fyrsta aðalfulltrúa.
    - iv. Varafulltrúi annars aðalfulltrúa.
  - c. Hljóti frambjóðendur jafnmörg atkvæði skv. þessari talningu og skera þarf úr um hvor þeirra fær sæti í Stúdentaráði eða háskólaráði skal sá þeirra sem hlaut fleiri atkvæði í 11. sæti í kosningum ná kjöri. Ráði það ekki úrslitum er litið til 2. sætis og svo koll af kalli. Ráði það ekki úrslitum skal notast við hlutkesti.
36. Grein – *Kosningakæra*
- a. Hver sá sem hefur kosningarétt í kosningum til Stúdentaráðs og háskólaráðs getur véfengt lögmati kosninganna og skal hann þá leggja fram skriflega og rökstudda kæru til skrifstofu Stúdentaráðs innan tveggja vikna frá lokum kjörfundar. Gerðardómur Stúdentaráðs Háskóla Íslands úrskurðar um lögmati kosninganna.
  - b. Gerðardómur Stúdentaráðs HÍ skal fullskipaður ekki síðar en viku eftir að kærufrestur er liðinn, hafi skrifleg og rökstudd kæra borist skrifstofu SHÍ. Þeir frambjóðendur sem

bjóða fram í viðkomandi kosningum skulu koma sér saman um þrjá hlutlausa einstaklinga til þess að sitja í dómnum. Í dóminn skal skipa a.m.k. einn lögfræðing. Í Gerðardóminn má ekki skipa stúdenta við HÍ.

- c. Gerðardómurinn skal skila niðurstöðu sinni um lögmæti kosninganna innan tveggja vikna eftir að hann er fullskipaður. Sé niðurstaða Gerðardóms SHÍ að kosning til Stúdentaráðs og/eða háskólaráðs eða háskólapings hafi brotið í bági við lög þessi og ætla megi að brotið hafi haft áhrif á úrslit kosninganna, skulu aukakosningar fara fram innan mánaðar. Sömu reglur gilda um aukakosningar og aðalkosningar. Að kærufresti linum skal eyða kjörgögnum og eftirlitsgögnum framboðanna.

## X. Kafli – Hagsmunaskrá Stúdentaráðs

### 37. Grein – Hagsmunaskrá SHÍ

- a. Hagsmunaskrá SHÍ er samansafn upplýsinga um starfsemi fulltrúa SHÍ innan félaga- og stjórnmalastarfa. Tilgangur hagsmunaskrár er að auka gegnsæi og koma í veg fyrir hagsmunaárekstra í störfum SHÍ.
- b. Upplýsingaskyldu hafa allir fulltrúar SHÍ: Stúdentaráðsliðar (bæði aðal- og varafulltrúar), nefndarmeðlimir, skrifstofa SHÍ (bæði ráðnir og skipaðir fulltrúar) ásamt öðrum fulltrúum sem gegna embættum innan SHÍ.
- c. Upplýsingaskylda felur í sér að tilgreina:
  - i. Trúnaðarstarf innan stjórnmalaflokka síðastliðin 2 ár.
  - ii. Trúnaðarstarf innan stjórnmalaflokka samhliða starfi í SHÍ.
  - iii. Stjórnarstörf innan félagasamtaka síðastliðin 2 ár.
  - iv. Stjórnarstörf innan félagasamtaka samhliða starfi í SHÍ.
  - v. Hvaða flokka og/eða félagasamtök fulltrúi hefur starfað fyrir.
  - vi. Hvort aðild og/eða þátttaka var ólaunuð eða launuð.
  - vii. Sæti á lista, titill embættis og/eða starfsheiti.
  - viii. Mögulega hagsmunaárekstra ofangreindra liða í starfi SHÍ.
- d. Falli upplýsingar í liðum iii. og iv. í c-lið undir viðkvæmar personuupplýsingar (skv. 8. tl. 2. gr. persónuverndarlaga nr 77/2000) er viðkomandi óskýlt að gefa þær upp.
- e. Forseti SHÍ skal senda rafrænt eyðublað til útfyllingar fyrir hagsmunaskrá á viðeigandi fulltrúa, sbr. 36. gr., eigi síðar en einni viku eftir fyrsta Stúdentaráðsfund (í kjölfar skiptafundar). Komi nýr fulltrúi til starfa eða verði skipti á fulltrúum innan SHÍ skal þeim vera sent sama eyðublað eigi síðar en viku eftir að þeir hefja störf.
- f. Hagsmunaskrá skal gerð opinber og aðgengileg eins fljótt og auðið er á skrifstofu SHÍ og heimasíðu, nema viðkomandi fulltrúi stúdenta óski þess að undanskilja birtingu á heimasíðu.

### 38. Grein – Verklagsreglur

- a. Um störf Stúdentaráðs Háskóla Íslands gilda verklagsreglur sem samþykktar skulu á fyrsta fundi ráðsins eftir skiptafund árlega. Stúdentaráði er heimilt að leggja til breytingar á verklagsreglunum, skal þá kosið um þær á Stúdentaráðsfundi.

## XI. Kafli – Gildistaka og breytingar á lögum, bráðabirgðarákvæði

### 39. Grein – Lagabreytingar

- a. Til þess að lögum þessum verði breytt eða við þau aukið, verður eftirfarandi skilyrðum að vera fullnægt:
  - i. Tillaga um breytinguna þarf að hafa verið kynnt í fundarboði eða lögð fram á síðasta fundi ráðsins.

- ii. Breytingin þarf að hljóta samþykki a.m.k.  $\frac{2}{3}$  fundarmeðlima á löglega boðuðum Stúdentaráðsfundi.
  - iii. Lagabreyting öðlast þegar gildi nema á annan veg sé kveðið í henni. Lagabreytingar skal auglýsa tryggilega. Tilkynning um samþykki Stúdentaráðs á lagabreytingu skal birt á vefsíðu Stúdentaráðs.
  - iv. Sé almennur stúdentafundur haldinn um lagabreytinguna innan mánaðar frá því að hún var samþykkt, getur hann því aðeins felld hana úr gildi að hann fullnægi ákvæðum þessara laga. Fullnægi almennur stúdentafundur ekki þessum ákvæðum ákveður Stúdentaráð hvort lagabreytingin skuli felld úr gildi eða málið tekið upp að nýju.
  - v. Að loknum lagabreytingum skal forseti Stúdentaráðs gefa út gildandi lög ráðsins. Forseti Stúdentaráðs ber ábyrgð á því að gildandi lög Stúdentaráðs séu alltaf aðgengileg.
40. Grein – *Bráðabirgðaákvæði*
- a. Lagabreytingar samþykktar á fundi 23. janúar 2019 taka gildi við upphaf starfsárs Stúdentaráðs 2020-2021.

VIÐAUKI D – AÐRAR LAGABREYTINGATILLÖGUR

2. fundur - 9. apríl 2018

Flutningsaðilar: *Elísabet Brynjarsdóttir*

**L A G A B R E Y T I N G A R T I L L A G A**  
**um skipan fulltrúa SHÍ í fulltrúaráð LÍS**

Núverandi grein	Breytingartillaga
<p>18. grein</p> <p>a. ...</p> <p>b. ...</p> <p>c. ...</p> <p>d. ...</p> <p>e. ...</p> <p>f. Framboð til embættis fulltrúa SHÍ í framkvæmdastjórn LÍS. Á kjörfundi SHÍ skal kosið til embættis fulltrúa í framkvæmdastjórn Landssamtaka íslenskra stúdenta (hér eftir LÍS). Kjörtímabil fulltrúa í framkvæmdastjórn LÍS eru tvö ár. Jafnframt skulu tveir varamenn skipaðir til eins árs. Frambjóðendur taka sæti eftir atkvæðafjölda. Kjörgengi til embættis fulltrúa í framkvæmdastjórn LÍS hafa allir sem skráðir hafa verið til náms á yfirstandandi skólaári. Kosningarétt hafa nýkjörnir Stúdentaráðsliðar. Segi fulltrúi af sér skal fyrsti varamaður taka sæti hans í framkvæmdastjórn. Þá tekur næsti varamaður sæti þess varamanns sem tók sæti í framkvæmdastjórn og svo koll af kolli. Framboð til embættis fulltrúans er einstaklingsframboð. Embættið skal auglýst á sama tíma og almennar Stúdentaráðskosningar. Framboð skulu vera skrifleg. Hver einstaklingur í framboði skal studdur 30 stúdentum Háskóla Íslands. Frambjóðendur geta ekki stutt eigið framboð. Stuðningur við framboð skal vera skriflegur. Séu frambjóðendur til embættis fulltrúans færri en þrjár skal framboðsfrestur framlengdur um þrjú sólarhringa og kosningum frestað jafn lengi. Skal slík framlenging auglýst rækilega. Frambjóðendur skulu skila inn undirskriftarlistum til kjörstjórnar fyrir kjörfund Stúdentaráðs og teljast þeir þá í framboði þegar að kosningu kemur á kjörfundi. Frambjóðendur skulu fá tækifæri til að kynna sig á kjörfundi. Embættið skal auglýst á sama tíma og almennar Stúdentaráðskosningar. Um tilnefningu Stúdentaráðs til fulltrúa í framkvæmdastjórn</p>	<p>18. grein</p> <p>a. ...</p> <p>b. ...</p> <p>c. ...</p> <p>d. ...</p> <p>e. ...</p> <p>f. <b>Formaður Stúdentaráð situr til tveggja ára í fulltrúaráði Landssamtaka íslenskra stúdenta (hér eftir LÍS). Setan er fléttuskipulag og er kjörtímabil hvers aðalfulltrúa tvö ár. Jafnframt skulu tveir varafulltrúar skipaðir til eins árs. Varafulltrúar skulu vera kjörnir á kjörfundi SHÍ. Frambjóðendur taka sæti eftir atkvæðafjölda. Kjörgengi til embættis varafulltrúa hafa allir sem skráðir hafa verið til náms á yfirstandandi skólaári. Kosningarétt hafa nýkjörnir stúdentaráðsliðar. Segi fulltrúi af sér í fulltrúaráði LÍS skal fyrsti varafulltrúi taka sæti hans í fulltrúaráði. Þá tekur næsti varamaður sæti þess varamanns sem tók sæti í fulltrúaráði og svo koll af kolli. Aðal- og varafulltrúar í fulltrúaráði LÍS hafa málfrelsis- og tillögurétt á fundum Stúdentaráðs.</b></p> <p><b>Bráðabirgðaákvæði 2018:</b>  <b>Varaformaður Stúdentaráðs situr til eins árs fyrsta árið í nýju fulltrúaráði með formanni, og á næsta ári tekur nýr formaður sæti varaformanns. Varafulltrúar eru skipaðir á fyrsta fundi Stúdentaráðs eftir að lög þessi eru staðfest.</b></p>

LÍS skal farið eftir lögum LÍS, sem þar á við. (t.d. 10.gr., 13.gr. og 37.gr.)	
27. grein a. Fulltrúar Stúdentaráðs í framkvæmdastjórn LÍS hafa málfrelsi og tillögurétt á fundum ráðsins.	27. grein <del>a. Fulltrúar Stúdentaráðs í framkvæmdastjórn LÍS hafa málfrelsi og tillögurétt á fundum ráðsins</del>

### GREINARGERÐ

Lagt er til að formenn skrifstofu Stúdentaráðs sitji í fulltrúaráði LÍS. Stúdentaráð hefur skv. nýjum lögum LÍS tvo fulltrúa í nýju fulltrúaráði landssamtakanna. LÍS hefur hugsað þetta fulltrúaráð sem samráðsvettvang allra forystuadila aðildafélaga og bera þeir fulltrúar upplýsingaskyldu til sinna aðildarfélaga. Þeir sitja báðir til tveggja ára en seta þeirra skarast og er í formi fléttusetu. Núna í fyrstu skipun er einn fulltrúi skipaður til eins árs og annar fulltrúi skipaður til tveggja ára. Í ár er lagt til að formaður Stúdentaráðs og varaformaður Stúdentaráðs séu skipaðir í fulltrúaráðið. Varaformaður yrði skipaður til eins árs en formaður til tveggja ára. Á næsta ári kæmi þá nýr formaður Stúdentaráðs í stað varaformanns, og þá sitja ávallt fráfarandi og nýr formaður Stúdentaráðs saman í fulltrúaráði. Þannig er skref í átt að bættu stofnanaminni milli ára tryggt sem og tenging við Stúdentaráð hvert ár. Einnig þarf að skipa varafulltrúa fyrir aðalfulltrúa og eru þeir skipaðir til eins árs í senn.

27. grein laga fellur úr gildi í samræmi við lagabreytingartillöguna.

### Tillagan var samþykkt

2. fundur - 9. apríl 2018 Flutningsaðilar: Pétur Geir Steinsson og Valgerður Hirst Baldurs

## LAGABREYTINGARTILLAGA

### Ókynjaðir titlar í Stúdentaráði

### GREINARGERÐ

Hér er lagt til með að; í fyrsta lagi einfalda og samræma titla og heiti innan laga SHÍ, og í öðru lagi að draga úr kynjuðum titlum og heitum í takt við jafnréttisstefnu beggja fylkinga. En með „kynjuðum“ er átt við titla og heiti sem gefa óþarflega í skyn eitt kyn, og gildi þess, umfram önnur. Í fyrra tilvikinu er víða minnst á -menn, -fulltrúa eða -fólk um sama eða svipaðan titil eða heiti (sbr. t.d. 14. og 28. gr.). Slíkt getur ollið misskilningi við lestur og túlkun laganna og er hér leitast við að lagfæra það. Í síðara tilvikinu er ljóst að lög SHÍ þurfa að stuðla að frekari félagslegri breidd til að SHÍ geti sinnt hlutverki sínu sem hagsmunaafl stúdenta. Breyting á kynjuðum embættistitlum gæti virkað sem dropi í hafið en hefur talsverð áhrif á reynsluheim þeirra sem starfa innan (og jafnvel utan) SHÍ.

Fyrirhugaðar breytingar á titlum og heitum eru:

**Maður** > **Einstaklingur**

**Námsmaður** > **Nemandi**

**Formaður** > **Forseti**

**Varaformaður** > **Varaforseti**

**Aðalmaður** > **Aðalfulltrúi**

Varamaður >	Varafulltrúi
Nefndarmaður >	Nefndarmeðlimur
Fundarmaður >	Fundarmeðlimur
Stjórnarmaður >	Stjórnarmeðlimur
Aðstoðarmaður >	Aðstoðarmanneskja
Framsögumanni >	Flutningsaðili
Formennska >	Forsæti

Hvernig við tjáum okkur (orðræða) hefur gífurleg áhrif á upplifanir okkar og mótar þannig raunveruleikann sem við búum við. Nóg er til af rannsóknum á áhrifum orðræðunnar sem varpa ljósi á hvetjandi og letjandi mátt hennar. Þannig geta titlar og heiti gefið sterklega til kynna hvert er ætlast til af þátttakenda. Titill eins og „formaður“ getur þ.a.l. gefið til kynna að krafist sé a.m.k. einherrar karlmenskulegra gilda til að sinna starfinu vel sökum orðsins „maður“. Auðvelt væri að álykta í þessu samhengi að „maður“ væri í raun fullkominn staðgengill, þar sem við erum öll hluti af „mannkyninu“, en það væri að einblína of þröngt á uppruna orðsins og ekki á hversu takmarkandi það er í raun og veru fyrir stóran hluta samfélagsins. Til dæmis er augljóst hvað „kelling“ merkir í daglegu tali og hefur það áhrif á túlkun samfélags á kvenkynið – þrátt fyrir að orðabókaskilgreining og uppruni orðsins sé „kona“.

Þessu til stuðnings hafa rannsóknir sýnt neikvæðu áhrifin sem fylgja kynjuðum starfstítlum (Budziszewska, Hansen, Bilewicz 2014; Formanowicz, Bedyńska, Cislak, Braun, Sczesny 2013), fælingar- og sannfæringarmátt kynjaðrar orðræðu í starfi (Falk, Mills 1996) áhrif kynjaðra titla og heita á vali starfa og ímynd fyrirtækja/félaga (Gaucher, Friesen, Kay 2011), og jafnvel hvernig börn telja kynjuð starfsheiti sem útilokandi fyrir önnur kyn (Liben, Bigler, Krogh 2002), eða áætla að frammistaða kvenna yrði mun lægri ef persónufornafnið „hann“ er notað á undan starfsheiti (Hyde 1984) ásamt miklu fleiru. Víða er þó mikilvægt að kyn séu til- og aðgreind og er ekki tilgangurinn að draga úr því. Hér er þó einungis leitast við að draga úr kynjuðum titlum og heitum þar sem það er ónauðsynlegt og/eða hamlandi fyrir önnur kyn innan skólans.

Ber að nefna að þessar lagabreytingar eru hugsaðar sem fyrstu – af mörgum – umferðum sem hægt er að taka, bæði m.t.t. kynjaðrar orðræðu og samræmi á milli titla og heita innan laganna. Margir þættir spila hér inn (notkun persónufornafna, skortur á heitum og titlum o.s.frv.) sem þessar lagabreytingar fá ekki ráðið. Helsta þróunin hér er að skipta út „maður“ sem er klár tilvísun í karlkyn. En persónufornafnið „hann“ er þó enn viðlogandi við mikið af þeim titlum og heitum sem koma í staðinn. Það þarf því að kanna frekari lausna við því, enda hefur persónufornafnið „hann“ ekki síður slæm áhrif ef marka má rannsóknirnar hér að ofan.

Að hafa valdið til að leysa af hólmi of kynjaða orðræðu innan stofnanna er einstakt tækifæri til að tryggja frekari jafnrétti. Við ættum því að beita okkur eftir fremsta magni að því marki og ekki einungis horfa á það sem illa nauðsyn til að forðast heift annarra í kringum okkur.

Til frekari lesturs bendi ég á grein byggða á tilraunarverkefni í University of Wisconsin-Eau Claire sem ber heitið „Developing a Nonsexist/Nongendered Language Policy at the University of Wisconsin-Eau Claire“ eftir J. Erica Benson, Therese D. Kemp et al. úr tímaritinu *Feminist Teacher* fyrir gott yfirlit um stefnumótun og framkvæmd frekari verkefna í þessum dúr.



## Tillagan var samþykkt

Fundur – 9. apríl 2018

Flutningsaðili: Pétur Geir Steinsson

LAGABREYTINGARTILLAGA  
um hagsmunaskrá Stúdentaráðs

## Tillaga nr. 1

**Breytingartillaga að nýjum kafla: X. Hagsmunaskrá SHÍ****X. grein**

a. Hagsmunaskrá SHÍ er samansafn upplýsinga um starfsemi fulltrúa SHÍ innan félaga- og stjórnmalastarfa. Tilgangur hagsmunaskrár er að auka gegnsæi og koma í veg fyrir hagsmunaárekstra í störfum SHÍ.

**X. grein**

a. Upplýsingaskyldu hafa allir fulltrúar SHÍ: Stúdentaráðsliðar (bæði aðal- og varafulltrúar), nefndarmeðlimir, skrifstofa SHÍ (bæði ráðnir og skipaðir fulltrúar) ásamt öðrum fulltrúum sem gegna embættum innan SHÍ.

b. Upplýsingaskylda felur í sér að tilgreina:

Trúnaðarstarf innan stjórnmalaflokka síðastliðinn 2 ár.

Trúnaðarstarf innan stjórnmalaflokka samhliða starfi SHÍ.

Stjórnarstörf innan félagasamtaka síðastliðinn 2 ár.

Stjórnarstörf innan félagasamtaka samhliða starfi SHÍ.

Hvaða stjórnmalaflokka og/eða félagasamtök fulltrúi hefur starfað fyrir.

Hvort aðild og/eða þátttaka var ólaunuð eða launuð.

Sæti á lista, titill embættis og/eða starfsheiti.

Mögulega hagsmunaárekstra ofangreindra liða í starfi SHÍ.

c. Falli upplýsingar í liðum iii. og iv. í lið b. undir viðkvæmar persónuupplýsingar (skv. 8. tl. 2. gr. persónuverndarlaga nr. 77/2000) er viðkomandi óskilt að gefa þær upp.

**X. grein**

a. Forseti SHÍ skal senda rafrænt eyðublað til útfyllingar fyrir hagsmunaskrá á viðeigandi fulltrúa, sbr. a-lið X. greinar, eigi síðar en einni viku eftir fyrsta stúdentaráðsfund (í kjölfar skiptafundar). Komi nýir fulltrúi til starfa eða verði skipti á fulltrúum innan SHÍ skal þeim vera sent sama eyðublað eigi síðar en viku eftir að þeir hafi byrjað störf.

b. Hagsmunaskrá skal gerð opinber og aðgengileg eins fljótt og auðið er á skrifstofu SHÍ og heimasíðu, nema viðkomandi fulltrúi stúdenta óski þess að undanskilja birtingu á heimasíðu.

**GREINARGERÐ**

*Hér er lagt til með að auka gegnsæi innan SHÍ og þannig koma í veg fyrir hagsmunaárekstra innan starfsins. Augljóst er að hagsmunaárekstrar eiga í hættu á að gæta víða í hagsmunagæslu nemenda og þurfa þeir þættir sem eru líklegastir til að valda slíku – s.s. þátttaka í félagasamtökum eða stjórnmalaflokki – að liggja fyrir svo hægt sé að taka upplýsta skoðun um*

málin sem liggja fyrir.

Tilkoma hugmyndarinnar um hagsmunaskrá var sökum þátttöku fulltrúa SHÍ í stjórn málastarfi og áhyggjum, því tengdu, af hagsmunaárekstrum. Ber að nefna að erfitt getur verið að skilgreina hagsmunaárekstur – sem brýtur ekki á málfrelsisrétt stúdentaráðsliða – fyllilega og því fylgja engin viðurlög ef þess gætir. Því er grundvallarmarkmið lagabreytingarinnar að opna á upplýsingaflæðið fremur en að tilgreina ítarlega – og því ónákvæmlega að svo stöddu – hvenær eitthvað er hagsmunaárekstur eða ekki. Annað markmið er að undirstrika fyrir fulltrúum SHÍ hvaða eiginhagsmunir liggja að baki þeirra. Það væri þó nokkuð vitlaust að áætla að slíkt myndi duga til að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra, og því yrði skráin einnig gerð opinber fyrir nemendur skólans.

Eins og var minnst á hér ofar, taka ofangreindir þættir tillit til þeirra starfa sem fulltrúa SHÍ eru líklegastir til að stunda samhliða starfi SHÍ, því er þessi tillaga um hagsmunaskrá engan vegin jafn ítarleg og hagsmunaskrá Alþingis – sem tekur mun víðara tillit til efnislegra þátta – en það er einnig af eftirfarandi ástæðum; í fyrsta lagi er reynsla og eignir fulltrúa SHÍ takmörkuð og óviðeigandi m.v. meðalaldur, í öðru lagi er ekki jafn geigvænlega hætta á grófum misferlum innan SHÍ og innan Alþingis m.v. umfang (stórfelldar og áhrifaríkar mútur ásamt annarri spillingu), og í þriðja lagi því við skiljum ekki enn nógu vel hvaða aðrir þættir spila inn í hagsmunaárekstra innan SHÍ – sökum skorts á gögnum. En þessi hagsmunaskrá mun reyna stuðla að frekari þekkingu í þeim málum og mun að öllum líkindum einhver atriði bætast við upplýsingaskylduna.

Hugmyndir að frekari útfærslum gætu m.a. verið að skilgreina betur hagsmunaárekstra í starfi SHÍ, eða að auka hagsmunatengt málefni við listann (t.d. hvort fulltrúar SHÍ séu á leigumarkaði, taki námslán o.s.frv.) sem gæti gefið til kynna beintengda hagsmuni nemenda gagnvart baráttunni og sýnt fram á þá félagslegu breidd sem er, eða ætti, að finna innan starfsins.

### Tillagan var samþykkt

3. fundur - 30. maí 2018  
Brynjarsdóttir

Flutningsaðili: Elísabet

## LAGABREYTINGARTILLÖGUR um málfrelsis- og tillögurétt forseta og varaforseta Stúdentaráðs

### Tillaga

47.gr.	Breytingartillaga
a. Forseti Stúdentaráðs, í fjarveru hans, varaforseti, stjórnar fundum ráðsins eða tilnefnir annan í sinn stað.	a. Forseti Stúdentaráðs, í fjarveru hans, varaforseti, stjórnar fundum ráðsins eða tilnefnir annan í sinn stað. b. Forseti og varaforseti Stúdentaráðs hafa málfrelsis- og tillögurétt á fundum ráðsins.

## GREINARGERÐ

Lagt er til að forseti og varaforseti Stúdentaráðs hafa málfrelsis- og tillögurétt á fundum ráðsins. Önnur embætti á réttindaskrifstofu ráðsins hafa slík réttindi og hefur fyrirfarist að tryggja þau réttindi forseta og varaforseta í lögum ráðsins.

**Tillagan var samþykkt**

3. fundur - 30. maí 2018

Flutningsaðilar: *Derek T. Allen*

**LAGABREYTINGARTILLAGA**  
um skipan í fastanefndir Stúdentaráðs

**Tillaga**

<i>18.gr. b-liður</i>	<i>Breytingartillaga</i>
<p>Fjármála- og atvinnulífsnefnd, jafnréttisnefnd, alþjóðanefnd, umhverfis- og samgöngunefnd, fjölskyldunefnd, félagslífs- og menningarnefnd, kennslumálanefnd og lagabreytinganefnd skulu skipaðar 5 einstaklingum. Fjóra skal Stúdentaráð skipa á kjörfundi, en fimmta aðilann skal nefndin kjósa að hausti. Gefi fleiri en fjórir einstaklingar kost á sér í nefnd skal Stúdentaráð kjósa á milli þeirra hlutfallskosningu. Forsæti í ofangreindum nefndum, auk nýsköpunar- og frumkvöðlanefndar, skiptist í hlutfalli við atkvæðafjölda á bak við kjörna fulltrúa í Stúdentaráðskosningum. Sú fylking sem er atkvæðahæst fær að velja sér forsæti í nefnd fyrst og þar á eftir sú næst-atkvæðahæsta, o.s.frv. Þegar allir hafa valið forsæti í einni nefnd, velur atkvæðahæsta fylkingin aftur og svo koll af kolli þar til forsæti í öllum nefndum hefur verið úthlutað.</p>	<p>Fjármála- og atvinnulífsnefnd, jafnréttisnefnd, alþjóðanefnd, umhverfis- og samgöngunefnd, fjölskyldunefnd, félagslífs- og menningarnefnd, kennslumálanefnd og lagabreytinganefnd skulu skipaðar 5 einstaklingum. Fjóra skal Stúdentaráð skipa á kjörfundi, en fimmta aðilann skal nefndin kjósa í síðasta lagi að hausti. Gefi fleiri en fjórir einstaklingar kost á sér í nefnd skal Stúdentaráð kjósa á milli þeirra hlutfallskosningu. Forsæti í ofangreindum nefndum, auk nýsköpunar- og frumkvöðlanefndar, skiptist í hlutfalli við atkvæðafjölda á bak við kjörna fulltrúa í Stúdentaráðskosningum. Sú fylking sem er atkvæðahæst fær að velja sér forsæti í nefnd fyrst og þar á eftir sú næst-atkvæðahæsta, o.s.frv. Þegar allir hafa valið forsæti í einni nefnd, velur atkvæðahæsta fylkingin aftur og svo koll af kolli þar til forsæti í öllum nefndum hefur verið úthlutað.</p>

**GREINARGERÐ**

Lagt er til að fella út „að hausti“ svo nefndir hafi val um hvenær þær auglýsi eftir fimmta aðilanum í nefndinni.

**Tillagan var samþykkt**

5. fundur - 8. ágúst 2018

Flutningsaðilar: *Lagabreytinganefnd SHÍ*

**LAGABREYTINGARTILLAGA**  
um úrsögn aðila úr sviðsráði og Stúdentaráði

Núverandi grein	Breytingartillaga
<p>14. grein</p> <p>a. Forfallist fulltrúi í sviðsráði eða Stúdentaráði skal boða varamann. Aðalfulltrúar í sviðsráði og Stúdentaráði tilnefna varafulltrúa í sinn stað eigi síðar en 4 vikum eftir kosningar sem bera skal upp á Stúdentaráðsfundi til samþykktar. Varafulltrúi skal stunda nám við Háskóla Íslands á sama sviði og sá aðalfulltrúi sem hann tilnefndi. Ekki er heimilt að tilnefna aðalfulltrúa í sviðsráði og Stúdentaráði sem varafulltrúa. Varafulltrúar hafa málfrelsi og tillögurétt á fundum Stúdentaráðs, en þó ekki atkvæðisrétt nema þeir taki sæti fyrir aðalfulltrúa. Ef ástæða þykir til má fundarstjóri takmarka þennan rétt eða víkja honum frá með samþykki Stúdentaráðs.</p> <p>b. Nú hættir aðalfulltrúi í sviðsráði og Stúdentaráði og skal sá fulltrúi sem næstur hefði náð kjöri taka sæti hans.</p>	<p>14. grein</p> <p>a. Forfallist fulltrúi í sviðsráði eða Stúdentaráði skal boða varamann. Aðalmenn í sviðsráði og Stúdentaráði tilnefna varamann í sinn stað eigi síðar en fjórum vikum eftir kosningar sem bera skal upp á stúdentaráðsfundi til samþykktar. Varmaður skal stunda nám við Háskóla Íslands á sama sviði og sá aðalmaður sem hann tilnefndi. Ekki er heimilt að tilnefna aðalmann í sviðsráði og Stúdentaráði sem varamann. Varamenn hafa málfrelsi og tillögurétt á fundum Stúdentaráðs, en þó ekki atkvæðisrétt nema þeir takisæti fyrir aðalfulltrúa. Ef ástæða þykir til má fundarstjóri takmarka þennan rétt eða víkja honum frá með samþykki Stúdentaráðs.</p> <p>b. <b>Úrsögn úr Stúdentaráði skal vera skrifleg. Hætti aðalfulltrúi í sviðsráði og/eða Stúdentaráði skal næsti einstaklingur af sama framboðslista taka fast sæti í Stúdentaráði og/eða sviðsráði. Í tilvikum þar sem framboðslisti er tæmdur skal varafulltrúi tiltekins Stúdentaráðsliða taka sætið.</b></p>
<p>28. gr.</p> <p>a. Úrsögn úr Stúdentaráði skal vera skrifleg. Segi Stúdentaráðsliði sig úr ráðinu skal næsti einstaklingur af sama framboðslista taka fast sæti í Stúdentaráði.</p>	<p>28. gr</p> <p><del>a. Úrsögn úr Stúdentaráði skal vera skrifleg. Segi Stúdentaráðsliði sig úr ráðinu skal næsti einstaklingur af sama framboðslista taka fast sæti í Stúdentaráði.</del></p>

### GREINARGERÐ

Lagabreytingartillaga þessi er endurskoðun á sambærilegri lagabreytingartillögu sem lögð var fyrir á 5. Stúdentaráðsfundi þessa starfsárs.

Fyrirliggjandi tillaga snýr að afsögn Stúdentaráðsliða og háttun þess. Lagabreytingarnefnd telur að segi Stúdentaráðsliði af sér eigi næsti einstaklingur af sama lista að taka sæti í hans stað, þar sem boðið hefur verið fram á listum til Stúdentaráðs hingað til.

Sjái Stúdentaráðsliði sér ekki fært um að sinna sínu starfi eins og ætlast er til ætti hann að geta sagt af sér án þess að bregðast sinni fylkingu taki andstæð fylking við sæti hans í Stúdentaráði. Þetta myndi einnig breyta uppsetningu Stúdentaráðs og sviðsráðs, og telur nefndin það vera ólýðræðislegt að breyta hlutfalli fulltrúa fylkinganna innan ráðsins vegna afsagnar. Það myndi einnig hafa gífurlegar afleiðingar hefði önnur fylkingin eins manns meirihluta innan ráðsins og neyddist einstaklingur af þeim lista að segja af sér.

Myndi Stúdentaráðsliði ákveða að kalla til varafulltrúa í hvert einasta skipti sem fundur væri boðaður myndi það af miklum líkindum minnka skilvirkni innan ráðsins.

Hvergi er það tekið fram í lögum SHÍ að kjör í ráðið sé persónukjör, heldur að kosið sé af opnum listum. Sambærilegt kerfi má finna á þjóðþingum nokkurra landa, t.a.m. Sviss, Lúxemborg, Finnlandi og Lettlandi. Í hverju og einu þessara landa er því þannig háttað að komi til afsagnar þingmanns taki næsti einstaklingur af sama lista við sæti hans. Því telur nefndin það ekki rökrétt að taka upp annað kerfi en þjóðþing þessara landa gera. Nefndin telur að best sé að taka út 14. grein b) lið þar sem hún stangast á við 28. grein og tilgreinir ekki neitt annað en andstæðu 28. greinar. Einnig að 28. grein verði í staðinn færð inn í b) lið 14. greinar.

### Tillagan var samþykkt

10. fundur - 27.02.2019  
Brynjarsdóttir

Flutningsaðili: Elísabet

Lögð er til breyting á núgildandi greinum Stúdentaráðs nr. 18, lið h. og r.

Núverandi lög (falla úr gildi)	Breytingartillaga (ný grein)
<p>18. grein</p> <p>h) Á vegum Stúdentaráðs starfa 10 fastanefndir og sitja fimm einstaklingar í hverri þeirra að undanskilinni nýsköpunar- og frumkvöðlanefnd. Fulltrúar í nefndum skulu skipaðir skv. 18. grein, að undanskilinni nemendafélagsnefnd. Stúdentaráðsliðar eiga rétt á að sitja fundi fastanefnda og hafa þar málfrelsis- og tillögurétt.</p> <p>r) Nemendafélagsnefnd: Nefndin sér um tengsl Stúdentaráðs við nemendafélög skólans. Í nefndinni skulu sitja a.m.k. fimm einstaklingar, einn úr hverju sviðsráði. Sviðsráð kys einn aðalfulltrúa eða varafulltrúa úr sínum röðum til þess að sitja í nefndinni. Nefndin kys sér forseta þegar hún er fullskipuð.</p>	<p>18. grein</p> <p>h) Á vegum Stúdentaráðs starfa 9 fastanefndir og sitja fimm einstaklingar í hverri þeirra að undanskilinni nýsköpunar- og frumkvöðlanefnd. Fulltrúar í nefndum skulu skipaðir skv. 18. grein, <del>að undanskilinni nemendafélagsnefnd.</del> Stúdentaráðsliðar eiga rétt á að sitja fundi fastanefnda og hafa þar málfrelsis- og tillögurétt.</p> <p><del>r) Nemendafélagsnefnd: Nefndin sér um tengsl Stúdentaráðs við nemendafélög skólans. Í nefndinni skulu sitja a.m.k. fimm einstaklingar, einn úr hverju sviðsráði. Sviðsráð kys einn aðalfulltrúa eða varafulltrúa úr sínum röðum til þess að sitja í nefndinni. Nefndin kys sér forseta þegar hún er fullskipuð.</del></p>

### Greinargerð

Lagt er til að nemendafélagsnefnd verði lögð niður sem formleg nefnd. Nefndin var stofnuð formlega 2018 en starfaði einnig frá 2017-18 óformlega. Nefndin átti að hafa það hlutverk að tryggja tengsl Stúdentaráðs við nemendafélög skólans.

Nefndin reyndist í raun óþörf þar sem margt sem hún gerir er tvíverknaður á verkum einhvers annars - nú eru komin fulltrúaráð hjá flestum sviðum sem tryggja samtal við

Stúdentaráð og skrifstofa Stúdentaráðs ásamt sviðsráðum hafa tryggt samskipti og upplýsingagjöf við nemendafélögin. Skrifstofa Stúdentaráðs hefur t.a.m. haldið fund fyrir formenn allra nemendafélaga, hefur haldið utan um og útbúið hóp á Facebook fyrir stjórnarmeðlimi allra nemendafélaga til að miðla upplýsingum o.fl.

**Tillagan var samþykkt**

10. fundur - 27.02.2019

Flutningsaðili: Elísabet Brynjarsdóttir

Lögð er til breyting á núgildandi greinum Stúdentaráðs nr. 18, 40 og 24.

Núverandi lög (falla úr gildi)	Breytingartillaga (ný grein)
<p>18. grein b) Fjármála- og atvinnulífsnefnd, jafnréttisnefnd, alþjóðanefnd, umhverfis- og samgöngunefnd, fjölskyldunefnd, félagslífs- og menningarnefnd, kennslumálanefnd og lagabreytinganefnd skulu skipaðar 5 einstaklingum. Fjóra skal Stúdentaráð skipa á kjörfundi, en fimmta aðilann skal nefndin kjósa í síðasta lagi að hausti. Gefi fleiri en fjórir einstaklingar kost á sér í nefnd skal Stúdentaráð kjósa á milli þeirra hlutfallskosningu. Forsæti í ofangreindum nefndum, auk nýsköpunar- og frumkvöðlanefndar, skiptist í hlutfalli við atkvæðafjölda á bak við kjörna fulltrúa í Stúdentaráðskosningum. Sú fylking sem er atkvæðahæst fær að velja sér forsæti í nefnd fyrst og þar á eftir sú næst-atkvæðahæsta, o.s.frv. Þegar allir hafa valið forsæti í einni nefnd, velur atkvæðahæsta fylkingin aftur og svo koll af kolli þar til forsæti í öllum nefndum hefur verið úthlutað.</p>	<p>18. grein b) Fjármála- og atvinnulífsnefnd, jafnréttisnefnd, <del>alþjóðanefnd</del>, umhverfis- og samgöngunefnd, fjölskyldunefnd, félagslífs- og menningarnefnd, kennslumálanefnd og lagabreytinganefnd skulu skipaðar 5 einstaklingum. Fjóra skal Stúdentaráð skipa á kjörfundi, en fimmta aðilann skal nefndin kjósa í síðasta lagi að hausti. Gefi fleiri en fjórir einstaklingar kost á sér í nefnd skal Stúdentaráð kjósa á milli þeirra hlutfallskosningu. Forsæti í ofangreindum nefndum, auk nýsköpunar- og frumkvöðlanefndar, skiptist í hlutfalli við atkvæðafjölda á bak við kjörna fulltrúa í Stúdentaráðskosningum. Sú fylking sem er atkvæðahæst fær að velja sér forsæti í nefnd fyrst og þar á eftir sú næst-atkvæðahæsta, o.s.frv. Þegar allir hafa valið forsæti í einni nefnd, velur atkvæðahæsta fylkingin aftur og svo koll af kolli þar til forsæti í öllum nefndum hefur verið úthlutað.</p> <p><b>x) Alþjóðanefnd skal skipuð fimm einstaklingum. Fjóra skal Stúdentaráð skipa á kjörfundi en fimmti aðilinn er alþjóðafulltrúi sem er faglega ráðinn af Stúdentaráði. Alþjóðafulltrúi á forsæti í alþjóðanefnd.</b></p>

<p>40. grein a. Við ráðningu framkvæmdastjóra Stúdentaráðs og ritstjóra Stúdentablaðsins skal meta umsækjendur á faglegum grunni og líta sérstaklega til starfsreynslu og þekkingar á viðkomandi sviði. Auglýsa skal starfið laust til umsóknar, með skýrum hætti á opinberu vefsvæði Stúdentaráðs, með tölvupósti og/eða t.d. í útbreiddu dagblaði. Auglýsinguna skal birta minnst 10 dögum fyrir lok umsóknarfrests.</p>	<p>40. grein a. Við ráðningu framkvæmdastjóra Stúdentaráðs, <b>alþjóðafulltrúa Stúdentaráðs</b> og ritstjóra Stúdentablaðsins skal meta umsækjendur á faglegum grunni og líta sérstaklega til starfsreynslu og þekkingar á viðkomandi sviði. Auglýsa skal starfið laust til umsóknar, með skýrum hætti á opinberu vefsvæði Stúdentaráðs, með tölvupósti og/eða t.d. í útbreiddu dagblaði. Auglýsinguna skal birta minnst 10 dögum fyrir lok umsóknarfrests.</p>
<p>24. grein a. Forseti alþjóðanefndar Stúdentaráðs gegnir embætti alþjóðafulltrúa Stúdentaráðs. Hann skal gegna hlutverki þjónustuaðila við erlenda stúdenta við Háskóla Íslands og geta erlendir stúdentar leitað til hans með fyrirspurnir varðandi háskólavistina sem og annað sem snýr að dvöl þeirra hérlendis. Heimilt er að setja nánari ákvæði um verksvið alþjóðafulltrúa í reglugerð.</p>	<p>24. grein a. <b>Alþjóðafulltrúi Stúdentaráðs gegnir embætti forseta alþjóðanefndar. Hann starfar á réttindaskrifstofu Stúdentaráðs og</b> skal gegna hlutverki þjónustuaðila við erlenda stúdenta við Háskóla Íslands og geta erlendir stúdentar leitað til hans með fyrirspurnir varðandi háskólavistina sem og annað sem snýr að dvöl þeirra hérlendis. <b>Alþjóðafulltrúi hefur málfrelsis- og tillögurétt á fundum Stúdentaráðs.</b> Heimilt er að setja nánari ákvæði um verksvið alþjóðafulltrúa í reglugerð.</p>

### Greinargerð

Undanfarið starfsár hefur verið unnið að því að fá launað stöðugildi fyrir alþjóðafulltrúa á réttindaskrifstofu Stúdentaráðs. Nú, þegar verið er að undirrita samninga við Háskólann, er því komið að því að aðlaga lög Stúdentaráðs að þessu nýja hlutverki á skrifstofunni.

Alþjóðanefnd mun áfram vera til í þeirri mynd sem hún er. Skipaðir eru fjórir fulltrúar í nefndina á kjörfundi Stúdentaráðs, en alþjóðafulltrúinn sjálfur á forsæti í nefndinni og því velja fylkingar Stúdentaráðs ekki um forsæti í þeirri nefnd.

Alþjóðafulltrúi skal vera faglega ráðin af Stúdentaráði, í samstarfi við Alþjóðaskrifstofu Háskóla Íslands. Um faglegu ráðningu hans gilda því sömu reglur og um ráðningar annarra starfsmanna á réttindaskrifstofu SHÍ.

Alþjóðafulltrúi gegnir embætti forseta alþjóðanefndar og starfar náð með henni í gegnum árið að skipulagningu viðburða og aðstoða alþjóðanemendur. Alþjóðafulltrúi hefur málfrelsis- og tillögurétt á fundum Stúdentaráðs, líkt og annað starfsfólk réttindaskrifstofunnar.

### Tillagan var samþykkt

10. fundur - 27. febrúar 2019

Flutningsaðili: Lagabreytinganefnd

## LAGABREYTINGARTILLAGA

**-um birtingu kosninganiðurstaða**

Lögð er til breyting á nágildandi grein Stúdentaráðs nr. 33

<i>Núverandi grein</i>	<i>Breytingartillaga</i>
<p>33. gr. <i>Framkvæmd kosninga</i></p> <p>a. Kosningar til Stúdentaráðs og háskólaráðs skulu vera rafrænar sé þess kostur.</p> <p>b. Kjörstjórn skal heimilt að leita til sérfróðra aðila um framkvæmd rafrænna kosninga. Framkvæmd skal vera hagað þannig að öllum stúdentum sé gert kleift að nýta kosningarétt sinn og skal kosning opin á hinu rafræna kosningkerfi í allt að tvo daga. Kjörstjórn ákveður opnunartíma hins rafræna kosningakerfis á kjördögum.</p> <p>c. Kjörstjórn skal auglýsa opnunartíma kosningakerfisins a.m.k. 15 dögum fyrir kjörfund. Heimilt er að skjóta ákvörðunum kjörstjórnar um opnunartíma kosningakerfisins til Stúdentaráðs. Skal það gert a.m.k. 10 dögum fyrir upphaf kjörfundar.</p> <p>d. Allur áróður í byggingum Háskóla Íslands skal bannaður á kjördögum. Frambjóðendum er aðeins heimilt að vera í byggingum, þurfi þeir að sækja tíma eða sinna öðrum sambærilegum erindum. Kjörstjórnarfulltrúar veita skriflega áminningu ef brotið er gegn lagaákvæðum um framkvæmd kosninga. Kjörstjórnarfulltrúi sem áminningu veitir skal gera áminntum aðila grein fyrir ástæðu áminningarinnar og veita honum færi á að koma að athugasemdum. Sé aðili þrívægis áminntur er kjörstjórn skylt að tilkynna stúdentum um hvaða aðila er að ræða og fyrir hvað hann var áminntur. Tilkynningin skal birt á opinberum vettvangi; á tilkynningatöflum og á heimasíðu Stúdentaráðs. Sé um að ræða frambjóðanda skal tekið fram hvaða framboði hann tilheyrir.</p> <p>e. Áminntur aðili getur skotið áminningunni til kærufndar kjörstjórnar innan klukkustundar eftir að hún er veitt. Skal hún úrskurða um réttmæti áminningar innan klukkustundar frá því að kæra berst.</p>	<p>33. gr. <i>Framkvæmd kosninga</i></p> <p>a. Kosningar til Stúdentaráðs og háskólaráðs skulu vera rafrænar sé þess kostur.</p> <p>b. Kjörstjórn skal heimilt að leita til sérfróðra aðila um framkvæmd rafrænna kosninga. Framkvæmd skal vera hagað þannig að öllum stúdentum sé gert kleift að nýta kosningarétt sinn og skal kosning opin á hinu rafræna kosningkerfi í allt að tvo daga. Kjörstjórn ákveður opnunartíma hins rafræna kosningakerfis á kjördögum.</p> <p>c. Kjörstjórn skal auglýsa opnunartíma kosningakerfisins a.m.k. 15 dögum fyrir kjörfund. Heimilt er að skjóta ákvörðunum kjörstjórnar um opnunartíma kosningakerfisins til Stúdentaráðs. Skal það gert a.m.k. 10 dögum fyrir upphaf kjörfundar.</p> <p>d. Allur áróður í byggingum Háskóla Íslands skal bannaður á kjördögum. Frambjóðendum er aðeins heimilt að vera í byggingum, þurfi þeir að sækja tíma eða sinna öðrum sambærilegum erindum. Kjörstjórnarfulltrúar veita skriflega áminningu ef brotið er gegn lagaákvæðum um framkvæmd kosninga. Kjörstjórnarfulltrúi sem áminningu veitir skal gera áminntum aðila grein fyrir ástæðu áminningarinnar og veita honum færi á að koma að athugasemdum. Sé aðili þrívægis áminntur er kjörstjórn skylt að tilkynna stúdentum um hvaða aðila er að ræða og fyrir hvað hann var áminntur. Tilkynningin skal birt á opinberum vettvangi; á tilkynningatöflum og á heimasíðu Stúdentaráðs. Sé um að ræða frambjóðanda skal tekið fram hvaða framboði hann tilheyrir.</p> <p>e. Áminntur aðili getur skotið áminningunni til kærufndar kjörstjórnar innan klukkustundar eftir að hún er veitt. Skal hún úrskurða um réttmæti áminningar innan klukkustundar frá því að kæra berst.</p>



Kjörstjórn skal skipa þrjá einstaklinga í kæruneftnd viku fyrir fyrri kjördag.

f. Framboðslistum er óheimilt að leiðbeina kjósendum skipulega um að raða atkvæðum sínum til þess að skekkja úrslit kosninga og koma fleiri fulltrúum í Stúdentaráð en eðlilegt væri miðað við fjölda atkvæða til listans. Verði framboðslisti uppvís að slíku skal kjörstjórn tilkynna opinberlega um brotið og brotlegan aðila. Við ítrekuð og alvarleg brot á þessu hefur kjörstjórn heimild til að vísa viðkomandi framboði úr kosningum. Þeirri ákvörðun má þó áfrýja til Stúdentaráðs og  $\frac{2}{3}$  hlutar Stúdentaráðs geta hnekkst henni.

g. Sé ekki unnt að halda rafrænar kosningar á öruggan hátt gildir eftirfarandi um kosningar:

.Kjörstjórn ákveður staðsetningu kjördeilda að höfðu samráði við deildar- og skorfélög. Við val á staðsetningu skal gæta þess að kosningin geti farið leynilega fram og næði kjósenda við kosningu tryggt. Kjördeildir skulu vera á a.m.k. níu stöðum á kennslusvæðum háskólans, enda skal miðað við það að stúdentar geti á sem auðveldastan máta greitt atkvæði.

h. Kjörfundur stendur yfir í tvo daga. Kjörstjórn ákveður hvaða kjördeildir skulu opnar frá kl. 9.00-13.00 og hverjar frá kl. 9.00-18.00 fyrir kjördag. Kjördeildir skulu opnar frá kl. 9.00-18.00 seinni kjördag. Kjörstjórn skal auglýsa kjördeildir a.m.k. 15 dögum fyrir kjörfund. Heimilt er að skjóta ákvörðunum kjörstjórnar um kjördeildir til Stúdentaráðs. Skal það gert a.m.k. 10 dögum fyrir upphaf kjörfundar.

i. Frambjóðendum skal heimilt að hafa eftirlit með kjörstjórn hvort sem kosið er rafrænt eður ei. Kjörstjórn setur nánari reglur um það.

j. Þegar kjörfundi lýkur á seinni degi kosninganna er fulltrúum framboðanna heimilt að bera saman eftirlitsgögn úr mismunandi kjördeildum m.a. til að gæta þess að einstaklingur hafi ekki greitt atkvæði í tveimur kjördeildum. Þessi samanburður gagna skal fara fram undir eftirliti

Kjörstjórn skal skipa þrjá einstaklinga í kæruneftnd viku fyrir fyrri kjördag.

f. Framboðslistum er óheimilt að leiðbeina kjósendum skipulega um að raða atkvæðum sínum til þess að skekkja úrslit kosninga og koma fleiri fulltrúum í Stúdentaráð en eðlilegt væri miðað við fjölda atkvæða til listans. Verði framboðslisti uppvís að slíku skal kjörstjórn tilkynna opinberlega um brotið og brotlegan aðila. Við ítrekuð og alvarleg brot á þessu hefur kjörstjórn heimild til að vísa viðkomandi framboði úr kosningum. Þeirri ákvörðun má þó áfrýja til Stúdentaráðs og  $\frac{2}{3}$  hlutar Stúdentaráðs geta hnekkst henni.

g. Sé ekki unnt að halda rafrænar kosningar á öruggan hátt gildir eftirfarandi um kosningar:

.Kjörstjórn ákveður staðsetningu kjördeilda að höfðu samráði við deildar- og skorfélög. Við val á staðsetningu skal gæta þess að kosningin geti farið leynilega fram og næði kjósenda við kosningu tryggt. Kjördeildir skulu vera á a.m.k. níu stöðum á kennslusvæðum háskólans, enda skal miðað við það að stúdentar geti á sem auðveldastan máta greitt atkvæði.

h. Kjörfundur stendur yfir í tvo daga. Kjörstjórn ákveður hvaða kjördeildir skulu opnar frá kl. 9.00-13.00 og hverjar frá kl. 9.00-18.00 fyrir kjördag. Kjördeildir skulu opnar frá kl. 9.00-18.00 seinni kjördag. Kjörstjórn skal auglýsa kjördeildir a.m.k. 15 dögum fyrir kjörfund. Heimilt er að skjóta ákvörðunum kjörstjórnar um kjördeildir til Stúdentaráðs. Skal það gert a.m.k. 10 dögum fyrir upphaf kjörfundar.

i. Frambjóðendum skal heimilt að hafa eftirlit með kjörstjórn hvort sem kosið er rafrænt eður ei. Kjörstjórn setur nánari reglur um það.

j. Þegar kjörfundi lýkur á seinni degi kosninganna er fulltrúum framboðanna heimilt að bera saman eftirlitsgögn úr mismunandi kjördeildum m.a. til að gæta þess að einstaklingur hafi ekki greitt atkvæði í tveimur kjördeildum. Þessi samanburður gagna skal fara fram undir eftirliti

<p>kjörstjórnar á milli þess sem kjörfundi lýkur og talning hefst. k. Fulltrúa framboðs er einnig heimilt, innan kærufrests skv. 35. gr. að nálgast eftirlitsgögnin undir eftirliti kjörstjórnar í eitt skipti, til þess að fara yfir gögnin að fengnum kosningaúrslitum. Eftirlitsgögnum framboða skal eytt að kærufresti loknum.</p>	<p>kjörstjórnar á milli þess sem kjörfundi lýkur og talning hefst. k. Fulltrúa framboðs er einnig heimilt, innan kærufrests skv. 35. gr. að nálgast eftirlitsgögnin undir eftirliti kjörstjórnar í eitt skipti, til þess að fara yfir gögnin að fengnum kosningaúrslitum. Eftirlitsgögnum framboða skal eytt að kærufresti loknum. <b>1. Kjörstjórn skal birta niðurstöður kosninga eigi síðar en fjórum vikum eftir kosningar. Þar skal koma fram fjöldi atkvæða sem hver frambjóðandi hlýtur ásamt tölum um kosningaþátttöku.</b></p>
--	---

### GREINARGERÐ

Lagt er til að festa í lög að niðurstöður kosninga til Stúdentaráðs, og Háskólaráðs annað hvert ár, verði birtar eigi síðar en fjórum vikum eftir hverja kosningu á vefsíðu stúdenta, [student.is](http://student.is)

Þetta er gert til þess að auka gegnsæi gagnvart kjósendum og öðrum sem koma að starfinu.

### Tillagan var samþykkt

10. fundur - 27.02.2019  
Stúdentaráðs

Flutningsaðili: Skrifstofa

### LAGABREYTINGARTILLAGA

um lögmæti fundar Stúdentaráðs

Lögð er til breyting á núgildandi greinum Stúdentaráðs nr. 42, 44, og 45.

<p>Núverandi lög (falla úr gildi)</p>	<p>Breytingartillaga (ný grein)</p>
---------------------------------------	-------------------------------------

## 42. grein

a. Stúdentaráðsfundir skulu haldnir a.m.k. 10 sinnum á ári. Forseti Stúdentaráðs boðar til Stúdentaráðsfundar. Meirihluti stjórnarmeðlima getur, ef ágreiningur rís um meðferð mála innan stjórnar, vísað máli til næsta ráðsfundar til ákvörðunar. Sjö stúdentaráðsliðar geta skriflega krafist fundar í ráðinu, sem skal þá halda innan viku frá því að krafan er fram komin.

## 44. grein

a. Stúdentaráðsfundi skal boða á tryggilegan hátt með tölvupósti til allra ráðsliða og með annarri aðferð sem Stúdentaráð samþykkir. Einnig skal láta fulltrúa nemenda og hagsmunafélaga v ita og b irta tilkynningu á vefsíðu Stúdentaráðs. Jafnframt skal senda tölvupóst á hi-nem póstlistann og láta vita af Stúdentaráðsfundi, skal tekið fram að fundir eru opnir öllum stúdentum sbr. 45. gr. laga SHÍ.

b. Fundi skal boða með minnst 5 daga fyrirvara. Heimilt er að boða til fundar með skemmri fyrirvara ef nauðsyn ber til og ber forseta þá að gera grein fyrir ástæðu skamms fyrirvara í fundarboði. Í fundarboði skal fylgja með dagskrá og fundargögn fundarins. Fundargerðir stúdentaráðsfunda skal senda stúdentaráðsliðum og setja á vefsíðu Stúdentaráðs.

## 45. grein

a. Eigi atkvæðagreiðsla á stúdentaráðsfundi að vera lögleg verður meirihluti réttkjörinna fulltrúa hvers sviðsráðs, skv. 13. gr., að vera viðstaddur. Hafi allir Stúdentaráðsliðar verið löglega boðaðir getur fundur þó talist löglegur ef 20 ráðsliðar hið minnsta sitja hann, þrátt fyrir að skilyrðum fyrstu málsgreinar sé ekki fullnægt.

a. Hver fulltrúi í Stúdentaráði hefur eitt atkvæði á fundum þess.

## X. grein

a. Stúdentaráðsfundir skulu haldnir a.m.k. 10 sinnum á ári. Forseti Stúdentaráðs boðar til Stúdentaráðsfundar. Meirihluti stjórnarmeðlima getur, ef ágreiningur rís um meðferð mála innan stjórnar, vísað máli til næsta ráðsfundar til ákvörðunar. Sjö stúdentaráðsliðar geta skriflega krafist fundar í ráðinu, sem skal þá halda innan viku frá því að krafan er fram komin.

**b. Fundi skal boða með minnst 5 daga fyrirvara.** Stúdentaráðsfundi skal boða á tryggilegan hátt með tölvupósti til allra ráðsliða og með annarri aðferð sem Stúdentaráð samþykkir. Einnig skal láta fulltrúa nemenda- og hagsmunafélaga vita og birta tilkynningu á vefsíðu Stúdentaráðs. Jafnframt skal senda tölvupóst á hi-nem póstlistann og láta vita af Stúdentaráðsfundi, skal tekið fram að fundir eru opnir öllum stúdentum sbr. 45. gr. laga SHÍ.

**Stúdentaráðsfundur telst löglegur sé löglega til hans boðað.**

c. Heimilt er að boða til fundar með skemmri fyrirvara en skv. b-lið ef nauðsyn ber til og ber forseta þá að gera grein fyrir ástæðu skamms fyrirvara í fundarboði. Í fundarboði skal fylgja með dagskrá og fundargögn fundarins. Fundargerðir stúdentaráðsfunda skal senda stúdentaráðsliðum og setja á vefsíðu Stúdentaráðs. **Eigi atkvæðagreiðsla á stúdentaráðsfundi sem boðað er til samkvæmt þessum bókstafslið að vera lögleg verður meirihluti réttkjörinna fulltrúa hvers sviðsráðs, skv. 13. gr., að vera viðstaddur eða ef 20 ráðsliðar hið minnsta sitja hann.**

d. Hver fulltrúi í Stúdentaráði hefur eitt atkvæði á fundum þess.

### **Greinargerð**

*Lagt er til að lögum Stúdentaráðs um boðun Stúdentaráðsfundar sé breytt. Reglulega hefur komið fyrir á undanförunum starfsárum að fundur sem hefur verið boðaður hefur verið ólögmatgur vegna mætingar stúdentaráðsliða.*

*Talsverð vinna fer í að boða Stúdentaráðsfund af hálfu forseta Stúdentaráðs og er það því sóun á tíma starfsfólks Stúdentaráðs og stúdentaráðsliða, ásamt því að vera sóun á fjármunum Stúdentaráðs.*

*Tillagan felur í sér aukna ábyrgð stúdentaráðsliða að mæta á löglega boðaðan fund. Fimm daga frestur á fundi er lágmark samkvæmt lögum Stúdentaráðs, en það miðar við formlega boðun fundar með tilheyrandi fundargögnum. Vanalega er þó gefinn dagsetning fyrir fyrirhugðum fundi mun fyrr, og ætti því ekki að vera til fyrirstöðu fyrir stúdentaráðsliða að taka daginn frá.*

*Til þess getur auðvitað komið að nauðsynlegt sé að boða fund með skemmri fyrirvara, og er þá sá varnagli settur að mæta þurfi nokkuð ströngum kröfum núverandi laga um mætingarhlutfall ráðsliða.*

**Tillagan var samþykkt**

## VIÐAUKI E – SAMÞYKKTAR STEFNUR STÚDENTARÁÐS

Í kjölfar stefnumótunar Stúdentaráðs unnu nefndir Stúdentaráðs áfram með það efni sem var unnið í stefnumótuninni. Unnið var út frá stefnum Stúdentaráðs sem voru mótaðar 2017-2018 og voru þær mótaðar ennfrekar. Sett var upp aðgerðaáætlun í hverri stefnu til þess að gera þær markvissari.

### STEFNA SHÍ Í FJÖLSKYLDUMÁLUM

Fjölskyldunefnd vann stefnu SHÍ í fjölskyldumálum og var hún samþykkt á fundi Stúdentaráðs 23. janúar 2019.

#### Fæðingarstyrkur

*SHÍ leggur áherslu á að fæðingarstyrkur námsmanna verði hækkaður. Í dag er hann 171.711 krónur og það má ekki nýta hann samhliða fæðingarorlofi sem námsmenn sem vinna með námi eiga rétt á.*

Markmið	Aðgerðir
Fæðingarstyrkur námsmanna svari neysluviðmiði	<ul style="list-style-type: none"> <li>Taka saman tölfræði (sér í lagi Eurostudent-könnunin), reynslusögur og annað sem getur varpað ljósi á stöðu forletra sem afleiðingu af núverandi fyrirkomulagi fæðingastyrkja. Næsta skref væri að leggja fram kröfur Stúdentaráðs, bæði fyrir starfshóp um nýtt lánasjóðsfrumvarp en líka fyrir ráðamenn.</li> <li>Taka saman innkomu og neyslukröfur foreldra í námi og birta það svart á hvítu</li> </ul>
Hægt að fá bæði fæðingarstyrk og fæðingarorlof á sama tíma	<ul style="list-style-type: none"> <li>Breyttar áherslur á að skerðing fæðingarstyrks við töku fæðingarorlofs væri ekki jafn afdráttarlaus og hún er nú</li> </ul>

#### Leikskólamál

*SHÍ leggur áherslu á jafnan aðgang allra barna stúdenta Háskóla Íslands að leikskólum FS, sem eru þrír: Mánagarður, Leikgarður og Sólgarður.*

Markmið	Aðgerðir
Mótframlag sveitarfélaga	<ul style="list-style-type: none"> <li>Taka saman hvaða sveitafélög hafa bestu mótframlögin fyrir stúdenta og skoða hvar áætla mætti vera best fyrir stúdenta að búa.</li> </ul>
Leikskólakostnaður	<ul style="list-style-type: none"> <li>Hvar er ódýrast að vera með barn í leikskóla á Höfuðborgarsvæðinu</li> </ul>

- Kanna hvort það sé möguleiki fyrir fólk utan að landa að fá “frí” fyrir börnin sín á leikskólanum þegar háskólinn er í fríi (sumarfrí, jólafrí).

### Húsnæðismál

SHÍ leggur áherslu á að Háskóli Íslands tryggji góða aðstöðu fyrir foreldra, sem þurfa að taka börnin sín með sér í skólann, og að Háskóli Íslands verði fjölskylduvænn vinnustaður.

Markmið	Aðgerðir
Skiptiaðstaða	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Taka út í hvaða svæðum er skiptiaðstaða og hvar aðstaðan mætti vera betri til að tryggja góða aðstöðu nemenda með börn. Það ætti að vera a.m.k eitt skiptiborð í hverri byggingu háskólans.</li> </ul>
Barnastólar	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Taka út hvar barnastólar eru staðsettir og athuga á hvaða svæðum þá vantar.</li> </ul>
Fjölskylduvæn lesherbergi	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Kanna hvort að möguleiki sé að hafa lesrými fyrir fjölskyldur í prófatíð. Þar væri hægt að hafa smá leikhorn til að tryggja að foreldrar hafi svigrúm til að sinna náminu á meðan börnin eru við leik. Það stendur til að breyta til þjónustuborð Gimli og væri tilvalið að nýta það sem fjölskylduvæn lesherbergi.</li> </ul>

### Kennslumál

Auka hlutfall námskeiða sem tekin eru upp. Fjölskyldunefnd vill að það sé skilyrði að kennslustundir sem eru kenndar eftir kl. 16 á daginn skuli teknar upp.

Markmið	Aðgerðir
Fella niður skyldumætingu	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Fara yfir í hvaða deildum er skyldumæting eftir 16:00 á daginn. Í samstarfi við sviðsráð þeirra sviða að þrýsta á að þessir tímar verði annaðhvort færðir eða eða skyldumæting yrði felld niður.</li> </ul>
Upptökur á tímum - hvatakerfi	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Gera kröfu á að þeir nemendur sem eiga börn geti fengið aðgengi að upptökum. Nemendur eigi þann kost að gera samning við kennara um að þeir hafi aðgang að upptökunni ef nemandi kemst ekki í tíma vegna óviðráðanlegra aðstæðna sem foreldri. Það ætti að tryggja jafnréttis til náms.</li> </ul>

### Fjölskylduvænir viðburðir

Nemendur með fjölskyldur hafa oft minni tæk á því að sækja viðburði tengda Háskóla Íslands og því vill SHÍ leggja áherslu á að viðburðir séu í boði fyrir alla. Fjölskyldunefnd vill stefna

*að því að íþróttaskóli SHÍ sé starfræktur á haust- og vorönn. Að auki vill nefndin halda tónlistarnámskeið fyrir börn á annarri önninni.*

Markmið	Aðgerðir
Tónlistarskóli	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Senda út spurningakönnun og athuga áhuga nemenda á að halda uppi tónlistarskóla. Ef hún kemur út jákvæð að finna nemendur innan háskólans sem hafa áhuga á að sjá um kennslu. Hann yrði þá settur upp með sama sniði og íþróttaskóli SHÍ.</li> </ul>
Vettvangsferð tengd íþróttaskóla	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Í samráði við íþróttakennaranema að hafa einhverja tímana úti, eða kanna áhuga foreldra á að kíkja í sveitaferð með tilheyrandi kostnaði.</li> </ul>
Fjölskyldubíó	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Hafa bíó einusinni á önn fyrir foreldra og börn</li> </ul>
Litlu jól	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Nefndin er að skipuleggja jólaball í samráði við stafsmanafélag HÍ. Jólaballið verður haldið milli jóla og nýárs</li> </ul>
Barnaskemmtun á Októberfest	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Þar sem nefndin fór seint af stað var ekki hægt að vera með þennan viðburð.</li> </ul>
Páskabingó	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Í lok febrúar verður farið í að sækja um styrki fyrir vinningum og viku fyrir páskafri verður haldið páskabingó á háskólasvæðinu. Þar verður foreldrum og börnum háskólanema boðið uppá að taka þátt í þessum viðburði.</li> </ul>
Aukið samstarf við deildir Háskólans	

## LÍN

*SHÍ leggur áherslu á að framfærsla barna námsmanna sé ekki háð námsframvindu foreldra. Það er ólíðandi að foreldrar í námi þurfi að segja sig úr því vegna fjárhagsstöðu.*

Markmið	Aðgerðir
Tilslökun á námsframvindu við barnsburð	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Fyrsta skref væri að taka saman reynslusögur nemenda í núverandi kerfi, og safna gögnum um hvernig það hefur áhrif á stöðu foreldra. Hér gæti Eurostudent könnunin nýst vel. Taka saman skjal um málefni barnafjölskyldna og vísa því til starfhóps um nýtt lánasjóðsfrumvarp. Gæti verið gagnlegt að skipuleggja mánaðarlegt línnámskeið, stúdentar vita oft ekki fyllilega hvernig kerfið er byggt upp</li> </ul>

Viðbót á framfærslu verði að styrk	
------------------------------------	--

### Aðrar hugmyndir

Markmið	Aðgerðir
Allsherjar herferð fyrir bættri stöðu foreldra	<ul style="list-style-type: none"> <li>Stúdentaráð er uggandi yfir stöðu foreldra innan háskólasamfélagsins, og var sú tillaga reglulega lög fram að Stúdentaráð færi í allsherjarherferð fyrir bættri aðstöðu foreldra. Við erum opin fyrir öllum hugmyndum.</li> </ul>
Student.is gerð aðgengilegri	<ul style="list-style-type: none"> <li>Breyta viðmótinu svo síðan verði aðgengilegri</li> <li>Stofna undirsíðu þar sem réttindi stúdenta yrðu útlistuð</li> </ul>

### STEFNA SHÍ Í NÁMS- OG KENNSLUMÁLUM

Kennslumálanefnd vann stefnu SHÍ í náms- og kennslumálum og var hún samþykkt á fundi Stúdentaráðs 21. nóvember 2018.

### Framsækni í fyrirrúmi

*SHÍ leggur áherslu á nútímavæðingu kennsluhátta í takt við framþróun erlendis.*

Markmið	Aðgerðir
Upptökur á öllum tímum sem kenndir eru á fyrirlestraformi fyrir 2021	<ul style="list-style-type: none"> <li>Framfylgja stefnu um gæði náms- og kennslu sem er sett fram til ársins 2021.</li> <li>Höfum nú þegar fengið heildræna endurskoðun í gegn á Félagsvísindasviði þar sem við fengum í gegn að upptökur á stærstu áföngunum yrði skoðuð og líklega innleidd á næsta vori.</li> </ul>
Auka vendikennslu	<ul style="list-style-type: none"> <li>Stúdentar þurfa að lýsa því yfir að þeir styðji aukið vægi vendikennslu.</li> </ul>

### Samræmi milli deilda

*Mikilvægt er að nemendur búi við jafnan rétt óháð því hvaða deild eða sviði þeir stunda nám við. Telur SHÍ að aukið samræmi skili sér í auknum gæðum kennslu.*

Markmið	Aðgerðir
Prófnúmer/Rafræn próf	<ul style="list-style-type: none"> <li>Með tilkomu Inspera/rafrænna prófa leysist vandinn með nemendanúmer. Þ.e. nemendur skrá sig inn með handahófskenndu notandanafni og ekki kemur fram hver</li> </ul>



	einstaklingurinn er við yfirferð. Einnig er stefnt á að taka upp nýtt námsumsjónarkerfi næsta haust (2019) sem mun auðvelda endurgjöf kennara til stúdenta.
Samræmi milli álags og eininga	<ul style="list-style-type: none"> <li>Kennsluefndir hvers sviðs þurfa að endurskoða hvaða áfangar það eru þar sem samræmi milli álags og eininga er ekki rétt. Kennslunefndir sviðanna ættu þá að vinna í þessu. Náms- og kennslumálanefnd myndi þó auðvitað vera í forystu í þessum málum.</li> </ul>
Endurtöku- og sjúkrapróf vegna jólaþrófa í desember og/eða janúar	<ul style="list-style-type: none"> <li>Félagsvísindasvið framkvæmdi yfirgripsmikla könnun á vilja stúdenta til þess að færa sjúkra- og endurtökupróf vegna jólaþrófa í desember eða janúar. Gefnar voru þær forsendur sem kennarar höfðu áhyggjur af (lenging skólaársins t.d.) en þrátt fyrir það þá var yfirgnæfandi meirihluti stúdenta hlynntur því að færa prófin. Málið er eins og staðan er núna í skoðun hjá Róberti, sviðstjóra kennslusviðs HÍ þar sem stefnt er að því að lengja skólaárið til þess að hafa prófin á réttum tíma.</li> </ul>

### Skynsemi og varkárni í aðgangsstýringu

SHÍ telur að hagur nemenda þurfi að vera að leiðarljósi í málefnum aðgangsstýringa til náms. Beita skuli varkárni við upptöku aðgangsstýringa og skal það einungis gert með gæði náms og kennslu í huga. Tryggja þarf að aðgangsstýringar skerði ekki jafnrétti til náms, sérstaklega með tilliti til erlendra nemenda.

Markmið	Aðgerðir
Fulltrúi nemenda ávallt hluti af ákvarðanatöku um aðgangsstýringu	<ul style="list-style-type: none"> <li>Tekið sé skýrt fram í hvert sinn sem rætt verður um aðgangsstýringu að stúdentar styðji það ekki nema í þeim eina tilgangi að bæta gæði námsins.</li> </ul>
SHÍ taki til skoðunar og gæti að framkvæmd óbeinna aðgangsstýringa	<ul style="list-style-type: none"> <li>Tekið saman hverjar óbeinu aðgangsstýringarnar eru og þær skoðaðar sérstaklega með því markmið að komast að hvort þær séu til þess fallnar að auka gæði náms eða sem sparnaðaraðgerð.</li> </ul>

### Gæði kennslu

SHÍ leggur áherslu á fjölbreytta kennsluhætti. Horfa skal til þess að hverfa frá námsmati sem byggist á stóru lokaprófi. Það er bæði úr takt við það sem leiðandi skólar gera og illa til þess fallið að auka hæfni nemenda eftir að námi lýkur. Deildir, námsbrautir og áfangar skulu alla jafna vera byggð upp með það í huga að stuðla að virkri þátttöku nemenda, vera með raunhæf verkefni, verklega kennslu og hóflegt vægi lokaprófa.

Markmið	Aðgerðir
---------	----------

Kennslukannanir stuttar og hnitmiðaðar	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Verið er að endurskoða framkvæmdir kennslukannana. Fulltrúar þurfa að eiga þátt í því ferli og þar mun þessi stefna koma fram.</li> </ul>
Fulltrúar nemenda taki þátt í yfirferð kennslukannana í sinni deild	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Fundað með deildarstjórum og nafnlaus gögn gefinn. Fulltrúar skrifa undir trúnaðaryfirlýsingu.</li> </ul>
Engin próf eða verkefni hafi meira en 80% vægi	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Heildarkennslustefna skólans er í endurskoðun og þar er lögð mikil áhersla m.a. á símat.</li> </ul>
Amk ein könnun/áfangapróf yfir önnina í þeim áföngum sem hafa lokapróf til þess að nemendur sjái hvar þeir eru staddir	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Kennslunefndir sviðana, undir forystu náms- og kennslumálanefnd SHÍ, þurfa að fara yfir hvaða áfangar það eru í hverri deild sem uppfylla ekki þessi skilyrði og þrýsta á að það sé lagað.</li> </ul>

## Annað

Markmið	Aðgerðir
Kennsluáætlanir ættu ávallt að vera aðgengilegar tímanlega	Setja þarf reglu um hvenær kennsluskrár ættu að vera opinberar. (Þ.e. hversu stuttu áður en námskeið hefst)
Bætt stofnanaminni.	Gagnasöfnun. Betri undirstaða fyrir næstu nefndir. Allt sem nefndin hefur gert og komist að verði sett saman í möppu sem verður síðar afhend næstu nefnd.

## STEFNA SHÍ Í JAFNRÉTTISMÁLUM

Jafnréttisnefnd vann stefnu SHÍ í jafnréttismálum og var hún samþykkt á fundi Stúdentaráðs 21. nóvember 2018.

### Aðgengismál

*Aðgengismálum er mjög ábótavant í Háskóla Íslands. Það er ólíðandi að í opinberum háskóla sem á að vera fyrir alla sé stórum hópum samfélagsins mismunað eins og raun ber vitni með skertu aðgengi að byggingum, skólastofum og öðrum rýmum. Hægt er að ráðast í fjölmargar aðgerðir til að bæta aðgengi í Háskóla Íslands og standa þannig við samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.*

Markmið	Aðgerðir
Vekja athygli á skertu aðgengi fatlaðs fólks í Háskóla Íslands	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Fá einhvern frá hagsmunasamtökum fatlaðs fólks til að fara með okkur í úttekt á aðgengi á háskólasvæðinu.</li> <li>• Framleiða myndband þar sem athygli er vakin á skertu aðgengi og dreifa myndbandinu á samfélagsmiðlum.</li> </ul>

	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Skrifa skýrslu fyrir stjórnarsýslu HÍ með tillögum um úrbætur í aðgengismálum.</li> </ul>
Bætt aðgengi í Stúdentakjallaranum	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Halda áfram að þrýsta á Félagsstofnun stúdenta um að finna lausnir fyrir bætt aðgengi í Stúdentakjallaranum</li> </ul>
Bæta aðgengi allra á háskólasvæðinu	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Setja blindraletur á flokkunartunnur</li> <li>• Leggja fleiri blindralínur</li> <li>• Aðgengi að lesstofum: Hurðaopnara á hurðir Sérstakir lampar fyrir sjónskerta Hækkanleg borð</li> <li>• Koma fyrir lyfturum á völdum klósettum á háskólasvæðinu</li> <li>• Halda áfram að þrýsta á bætt aðgengi í skólastofur og að nemendur með þörf á aðgengi lendi ekki í óaðgengilegum stofum</li> </ul>

### Nemendur með andleg veikindi

*Nemendur sem glíma við andleg veikindi eiga að njóta sömu réttinda og nemendur sem glíma við önnur veikindi. Dæmi eru um að nemendur með andleg veikindi mæti ekki nógu miklum skilningi og jafnvel fordómum vegna veikinda sinna. Þetta þarf að laga. Þá er sálfræðipjónusta fyrir nemendur HÍ mjög ábótavant og brýn þörf á bættri þjónustu.*

Markmið	Aðgerðir
Aukin sálfræðipjónusta fyrir nemendur háskólans	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Halda áfram að þrýsta á aukna sálfræðipjónustu við nemendur með þrýstingi á stjórn HÍ og sömuleiðis á heilbrigðis- og menntamálaráðherra.</li> </ul>
Kennarar fá fræðslu um andleg veikindi og viðbrögð við slíku	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Standa fyrir fræðslu um geðheilsu fyrir öll svið háskólans með það markmið að auka skilning kennara á aðstæðum fólks með andleg veikindi og tryggja að kennarar séu á sömu línu varðandi réttindi nema með andleg veikindi.</li> </ul>

### Málefni hinsegin fólks

*Í Háskóla Íslands á hinsegin fólki að líða vel. Gagnkynhneigð viðmið og kynjuð orðræða á að heyra sögunni til í háskólasamfélaginu. Í þessum efnum er brýnt að auka fræðslu meðal nemenda og starfsfólks, fjölga kynlausum rýmum og stuðla að meiri umræðu um málefnið.*

Markmið	Aðgerðir
Stuðla að aukinni hinsegin fræðslu fyrir nemendur og starfsfólk Háskóla Íslands	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Þjóða öllum sviðum HÍ og stjórnnum nemendafélaga upp á hinsegin fræðslu í samstarfi við Q-félagið</li> </ul>

	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Hvetja nemendafélög til að fara í vísó til Q-félagsins eða Samtakanna '78</li> <li>• Þrýsta á sérstaka hinsegin fræðslu fyrir nemendur í heilbrigðis- og menntavísindum</li> </ul>
Stuðla að ókynjaðri orðræðu og umhverfi í Háskóla Íslands	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Halda málþing með hinsegin fólki og íslenskufræðingum með það að markmiði að stuðla að umræðu um kynjaða orðræðu og kynhlutlaus fornöfn</li> <li>• Þrýsta á að skoðanakannanir verði ekki sendar út til nemenda þar sem aðeins er hægt að velja tvö kyn</li> <li>• Halda fund með markaðs- og samskiptasviði HÍ um kynjaða orðræðu í fréttum og tilkynningum frá Háskólanum</li> <li>• Þrýsta á að hægt sé að skrá önnur kyn en kk og kvk við skráningu í skólann</li> <li>• Útbúa fræðsluefni um hinsegin hugtök, orðræðu, fornöfn ofl á netinu og t.d. á veggspjöld</li> <li>• Þrýsta á fjölgun kynlausra klósetta</li> </ul>

### Kynning á starfsemi skólans út á við

Í Háskóla Íslands er fjölbreytt flóra bæði starfsfólks og nemenda. Kynningarefni á vegum Háskóla Íslands á að endurspeglar þessa fjölbreytni og á að sýna fólk með mismunandi bakgrunn og af mismunandi stigum samfélagsins.

Markmið	Aðgerðir
Kynningarefni á vegum Háskólans gefi fjölbreyttari mynd af nemendum	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Eiga samtalið við Markaðs- og samskiptasvið HÍ um að huga að sýnileika allra hópa í kynningarefni</li> </ul>

### Upptökur á fyrirlestrum

Ýmsar gildar ástæður geta verið fyrir því að nemendur geti ekki mætt í fyrirlestra. Því er mikilvægt að kennarar taki upp fyrirlestra svo nemendur geti nálgast þá og sé ekki mismunandi fyrir að geta ekki mætt.

Markmið	Aðgerðir
Stuðla að því að fyrirlestrar séu í auknum mæli teknir upp og birtir nemendum á netinu	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Eiga samráð við kennslumálanefnd SHÍ og reyna að leysa málið með því að stinga upp á einhverri málamiðlun, t.d. að allir fyrirlestrar verði teknir upp en ekki birtir nema nemendur biðji sérstaklega um það í pósti til kennara og að skerpt verði á réttindum kennara gagnvart óheimilli dreifingu á upptökum úr fyrirlestrum</li> </ul>

### Jafnrétti allra kynja

*Jafnrétti kynja hefur ekki verið náð í íslensku samfélagi. Mikilvægt er að háskólasamfélagið vinni markvisst að því að ná jafnrétti og að útrýma kynbundnu ofbeldi og kynferðislegri áreitni innan veggja háskólans.*

Markmið	Aðgerðir
Vinna að jafnrétti allra kynja í Háskóla Íslands	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Stuðla að virkri umræðu og fræðslu fyrir svið HÍ um jafnrétti kynjanna og um karllæg viðmið í kennslu.</li> <li>• Vinna að því að jafna hlutföll kynja í námsgreinum þar sem eitt kyn er í miklum meirihluta.</li> </ul>
Viðhald og kynning á stefnu og verklagsreglum í tengslum við einelti og ofbeldi	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Tryggja reglulega endurskoðun á stefnu og verklagsreglum HÍ um viðbrögð við einelti og ofbeldi</li> <li>• Vinna að því að upplýsingum um réttindi nemenda og viðbrögð við einelti og kynferðislegu ofbeldi verði stórbætt t.d. með því að nýta nýnemadagana og nemendafélögin</li> </ul>

#### STEFNA SHÍ Í UMHVERFIS- OG SAMGÖNGUMÁLUM

Umhverfis- og samgöngunefnd vann stefnu SHÍ í umhverfis- og samgöngumálum og var hún samþykkt á fundi Stúdentaráðs 22. október 2018.

#### Samgöngumál

*Nemendur Háskóla Íslands þurfa að komast á milli staða á skilvirkan máta, hratt og örugglega án óþarfa kostnaðar fyrir umhverfið og fjárhagslega fyrir þá sjálfa. Háskóli Íslands hefur mikla möguleika á því að búa til aðstæður fyrir fjölbreytta samgöngumáta sem hentar öllum og umhverfinu.*

Markmið	Aðgerðir
Stuðla að því að nemendur nýti sér umhverfisvænni samgöngumáta t.d. að hjóla, ganga og nýta sér almenningsamgöngur í stað einkabílsins	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Koma á fót hjólaleigu á háskólasvæðinu</li> <li>• Gera samnýtingu bíla að álitlegum kosti fyrir háskólanema meðal annars með Facebook-hóp eða þróun carpool-apps</li> <li>• Þrýsta þarf á á að Strætó bs. bjóði upp á ódýrari kjör fyrir stúdenta sem og tíðari ferðir</li> </ul>

<p>Aðgengilegra háskólasvæði fyrir þau sem nýta sér umhverfissvæna samgöngumáta</p>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Bæta aðstöðu fyrir hjólreiðafólk meðal annars með aðgengi að sturtum, yfirbyggð hjólaskýli og bættar hjólaleiðir innan háskólasvæðisins og á höfuðborgarsvæðinu.</li> <li>• Vinna að bættum gönguleiðum innan háskólasvæðisins, svo sem milli bygginga og yfir Suðurgötu og Sæmundargötu</li> <li>• Koma upp fleiri hleðslustöðvum fyrir rafmagnsbíla</li> </ul>
<p>Tryggja að breytingar sem varða samgöngumál stúdenta séu gerðar í samráði við þá</p>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Sjá til þess að Borgarlínan stoppi við Háskóla Íslands</li> <li>• Vinna með Strætó bs. og tengdum aðilum að innleiðingu samgöngukorta fyrir stúdenta sem líkjast U-pass í Bandaríkjunum</li> <li>• Vekja athygli á skipulagsmálum sem þau varða, til að mynda, umræðunni um brú milli Kársness og Skerjafjarðar</li> </ul>

### Umhverfisvitund

*Háskóli Íslands er einn stærsti vinnustaður landsins. Ríkisstofnanir þurfa að vera ábyrgar í umhverfismálum og eru stúdentar og starfsfólk háskólans ekki þar undanþegin og þurfa að sýna gott fordæmi í þessum málum.*

Markmið	Aðgerðir
<p>Halda fleiri viðburði til að stuðla að fræðslu í umhverfis- og samgöngumálum</p>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Veganvika</li> <li>• Skiptifatamarkaður</li> <li>• Samgönguvika</li> <li>• Umhverfisvika</li> <li>• Flokkunarvika</li> <li>• Loftslagsvika</li> </ul>
<p>Vinna í samstarfi með FS og HÍ að umhverfissvæna háskólasvæði</p>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Auka aðgengi að margnota umbúðum svo sem kaffibollum og matarboxum</li> <li>• Auka úrval vegan valkosta í Hámu</li> <li>• Taka einnota hnífapör úr notkun</li> <li>• Hætta sölu plastpoka hjá FS</li> <li>• Skoða hvað skilyrði þarf að uppfylla fyrir sölu á t.d. salötum og samlokum upp á að minnka plastumbúðir</li> <li>• Hefja sölu á grænum kaffikortum í samstarfi við FS.</li> <li>• Bæta booztbar við hliðiná salatbarnum þar sem hægt væri að koma með fjölnota mál</li> </ul>

- Koma upp aðstöðu til þess að skola og tæma margnota ílát
- Viðburðir á vegum HÍ bjóði ekki uppá einnota drykkjarmál

## Sorp

*Sorp er einn helsti þáttur í umhverfismálum þar sem almenningur getur látið til sín taka og látið gott af sér leiða. Til að lágmarka mengunarspor Háskólans og efla umhverfisvitund nemenda og starfsfólks vill SHÍ að háskólasamfélagið leggi sitt af mörkum við að minnka sorp. Því skal háskólasamfélagið leggja sitt af mörkum til að minnka ruslframleiðslu. Háskóli Íslands hefur sett upp flokkunarkerfi sem er ágætt að mörgu leyti en má bæta.*

Markmið	Aðgerðir
Betrumbæta flokkunarkerfi	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Samræma og einfalda flokkunarmerkingar t.d með skýrum ljósmyndum eða teikningum</li> <li>• Fækka svörtu/almennu tunnunum</li> <li>• Vera með kynningu á flokkunarkerfinu á nýnemadögum</li> <li>• Setja blindraletur á allar flokkunartunnur</li> <li>• Finna leiðir til að fá fólk til að auka flokkun t.d með því að setja upp plaköt og halda kynningar um árangur og stöðu flokkunar innan HÍ</li> <li>• Kanna möguleika á flokkunartunnu fyrir málma og áldósir</li> <li>• Kynna fyrir nemendum og starfsfólki áhrif einnota umbúða</li> <li>• Flokkunarfræðsla í formi beinna leiðbeininga, þ.e. standa við flokkunartunnur í hádegishléum sem og útbúa flokkunarleiðbeiningar sem hægt væri að setja upp við tunnurnar og á netið</li> </ul>
SHÍ fylgist með að stofnanir og fyrirtæki sem starfa fyrir Háskólann sinni starfi sínu í þágu náttúrunnar	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Skrifstofa SHÍ taki upp Græn skref</li> <li>• Hvetja skrifstofu HÍ til þess að taka upp Græn skref</li> <li>• Hvetja HÍ til þess að taka upp Grænfána verkefnið</li> </ul>
Auka flokkun á stúdentagörðum	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Láta einfaldar flokkunartunnur fylgja með öllum stúdentaíbúðum</li> <li>• Kanna möguleika á moltugerð úr lífrænum úrgangi á öllu háskólasvæðinu</li> </ul>

## STEFNA SHÍ Í FJÁRMÁLA- OG ATVINNULÍFSMÁLUM

Fjármála- og atvinnulífsnefnd vann stefnu SHÍ í fjármála- og atvinnulífsmálum og var hún samþykkt á fundi Stúdentaráðs 22. október 2018.

## Fræðsla og undirbúningur fyrir atvinnumarkað

F/A mun halda áfram nánu samstarfi með NSHÍ. Nefndin hyggst aðstoða NSHÍ að efla virkni Tengslatorgs með auglýsingum og sýnileika. Nefndin heldur fræðslukvöld í samstarfi við Landsbankann og mun atvinnulífið verða viðfangsefni eitt slíkra kvölda. Nefndin mun einnig vinna með ráðningaskrifstofunum Hagvang og Capacent og mun Hagvangur bjóða uppá ráðningarráðgjöf fyrir nemendur og Capacent standa fyrir fyrirlestri og umræðu á Stúdentakjallaranu. Einhverjar breytingar verða á Framtíðardögum þetta skólaárið, en dögnum verður fækkað úr fimm niður í þrjá og er mögulegt að nafninu verði breytt.

Markmið	Aðgerðir
Fræðsla og ráðgjöf NSHÍ	<ul style="list-style-type: none"> <li>Workshop - networking og ferilskrá. ofl.</li> </ul>
Fræðsla fjármála- og atvinnulífsnefndar SHÍ um atvinnumál	<ul style="list-style-type: none"> <li>Fyrirlestrar, samstarf: Hagvengur, Capacent, Landsbankinn.</li> </ul>
Tengslatorg	<ul style="list-style-type: none"> <li>Markaðsherferð, social media</li> </ul>
Framtíðardagar	<ul style="list-style-type: none"> <li>Breyta nafni. Þrjú dagar í stað fimm. 30. jan til 1. feb</li> </ul>

### Gagnasöfnun um atvinnumál stúdenta

Ýmis tölfræði er til hvað varðar atvinnumál nýstúdenta, en ekki eru til nein gögn um það hvort störf þeirra séu í samræmi við námið sem nemendurnir hafa lokið.

Markmið	Aðgerðir
Gagnasöfnun Háskóla Íslands	<ul style="list-style-type: none"> <li>Fá nemendur starf við hæfi að námi loknu?</li> </ul>
Gagnasöfnun SHÍ	<ul style="list-style-type: none"> <li>Fyrirtækjatengsl nemendafélaganna. Magnús Diðrik - Félagsstofnun.</li> </ul>

### Tengsl Háskólans við atvinnulífið

Í stað þess að fyrirtæki komi bara í skólann og haldi fyrirlestra, þætti okkur gaman að geta boðið uppá öðruvísi nálgun. Hálfgerð vísindaferð, sem nemendur skrá sig í og takmörkuð sæti í boði. Fyrirtækin bjóða nemendum til sín og þá gefst nemendum tækifæri til þess að tala við starfsfólk fyrirtækisins og mynda tengsl. Áherslan yrði ekki á áfengi.

Markmið	Aðgerðir
Raunhæf verkefni	<ul style="list-style-type: none"> <li>Heimsóknir “vísindaferð” með skráningu. Networking kvöld.</li> </ul>
Gestafyrirlestrar	<ul style="list-style-type: none"> <li>Samstarf</li> </ul>
Starfsnám	<ul style="list-style-type: none"> <li>Tala við HR, hvornig gera þau þetta? Komast að helstu hindrunum á fundi með HÍ. Hver er stefna HÍ?</li> </ul>

### Annað



Í samstarfi við bæði Landsbankann og Fjárráð vill F/A auka fjármálalæsi nemenda. Einfalda fyrirlestra þar sem hugtök fjármálaheimsins eru útskýrð. Hvað þýðir launaseðillinn þinn? Hvernig virka lán? Hvað þýðir það að taka námslán? Lán og afleiðingar.

Markmið	Aðgerðir
Fjármálahlíð	<ul style="list-style-type: none"> <li>Fjármálalæsi: Fjárráð, Landsbankinn</li> </ul>
Ráðgjafavettvangur innan HÍ	<ul style="list-style-type: none"> <li>NSHÍ, Hagvangur, Capacent</li> </ul>
Keppnir	<ul style="list-style-type: none"> <li>/</li> </ul>

#### STEFNA SHÍ Í ALÞJÓÐAMÁLUM

Alþjóðanefnd vann stefnu SHÍ í alþjóðamálum og var hún samþykkt á fundi Stúdentaráðs 22. október 2018.

#### Stoðþjónusta

Aðgengilegar og auðskiljanlegar upplýsingar geta skipt sköpum fyrir erlenda nemendur, sem og innlenda. Gott upplýsingaflæði er nauðsynlegt, sérstaklega fyrir einstaklinga sem eru að kynna Háskóla Íslands í fyrsta skipti. Háskóli Íslands býður upp á fjölbreytta þjónustu en til þess að hún nýtist sem best þarf að tryggja sýnileika hennar.

Markmið	Aðgerðir
Samstarf alþjóðanefndar við skrifstofu alþjóðasamskipta	<ul style="list-style-type: none"> <li>Funda reglulega með skrifstofu alþjóðasamskipta (a.m.k. mánaðarlega)</li> </ul>
Efni á ensku	<ul style="list-style-type: none"> <li>Þýða student.is, eða tala við enskunema og hafa slíkar þýðingar taldar sem verkefni</li> <li>Halda vísindaferðir á ensku</li> <li>Þýða SHÍ efni yfir á ensku</li> </ul>

#### Mikilvægi góðs mentorkerfis

Góður mentor auðveldar erlendum nemum að aðlagast nýjum aðstæðum og umhverfi og er þeim innan handar ef eitthvað kemur upp á, innan edlilegra marka. Hlutverk Alþjóðanefndar SHÍ er að halda utan um mentorkerfið og sinna því eftir bestu getu.

Markmið	Aðgerðir
Bæta skráningu erlendra nema í mentorkerfið	<ul style="list-style-type: none"> <li>Skýra hvað nákvæmlega mentorkerfið er og hvaða hlutverk gegnir mentorarnir</li> </ul>
Ekki of margir nemar á mentor	<ul style="list-style-type: none"> <li>Auglýsa meira eftir mentora</li> </ul>
Mentorskýrsla	<ul style="list-style-type: none"> <li>Endurnefna skýrsluna</li> </ul>
Pörun á nemum og mentorum	<ul style="list-style-type: none"> <li>Stofna einhvers konar sjálfvirkt kerfi</li> </ul>

- Hvetja skrifstofuna að hafa fleira staðlaða valkosti í könnunum
- Endurskoða mentorkerfið til þess að minnka magn af úrsögnum

### Kennsla

*Ein af stærstu hindrununum sem erlendir nemar takast á við í námi á Íslandi er tungumálið. Kröfur eru gerðar til erlendra nema í enskukunnáttu en erlendir nemar sem vilja hefja nám við Háskóla Ísland þurfa að standast TOEFL prófið. Samræmi þarf að vera á milli kennsluskrár og kennslu, þannig að unnt sé að uppfylla þessar kröfur.*

Markmið	Aðgerðir
Kennsla á ensku þar sem kennsla er auglýst á ensku	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Upplýsa erlenda nema um réttindi þeirra</li> <li>• Upplýsa kennurum um réttindi erlendra nemenda</li> </ul>
Þýdd próf	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Upplýsa kennurum um réttindi erlenda nema</li> <li>• Vísa mál til hagsmunafulltrúa ef eitthvað kemur upp</li> </ul>

### Trúnaðarmaður

*Þjónustan sem Háskóli Íslands veitir erlendum nemum snýr helst að skiptinimum eins og er, og fer sú þjónusta að miklu leyti fram í gegnum Skrifstofu alþjóðasamskipta. Hins vegar eru skiptinemar í rauninni lítill hluti af þeim fjölbreytta hópi sem erlendir nemar skipa. Í skýrslunni „Staða og þróun jafnréttismála við HÍ árin 2012-16“ er kallað eftir trúnaðarmanni fyrir erlenda nemendur.*

Markmið	Aðgerðir
Staða alþjóðafulltrúa á Réttindaskrifstofu SHÍ	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Fá launað stöðugildi á skrifstofu Stúdentaráðs fyrir alþjóðafulltrúa</li> </ul>

### Jafnrétti

*Veita þarf öllum erlendum nemum jafna þjónustu, hvort sem um er að ræða skiptinema, einstaklinga á eigin vegum, innflytjendur eða flóttafólk.*

Markmið	Aðgerðir
Bæta tölfræðileg gögn um erlenda nema	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Hvetja Alþjóðaskrifstofuna til að dreifa fleiri könnunum</li> </ul>
Inntöku skilyrði og skipulag náms dragi ekki úr aðgengi innflytjenda	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Ræða þetta með Skrifstofu Alþjóðasamskipta</li> </ul>

- Vísa svona mál til hagsmunafulltrúa ef eitthvað kemur upp
- Auka aðgengi innflytjenda að nauðsynlegum upplýsingum og gögnum

## Samstarf

Alþjóðanefnd SHÍ er hluti af Erasmus Student Network (ESN) og ætti að nýta þá möguleika sem aðildin gefur kost á. Háskóli Íslands hefur tekið þátt í alþjóðlega háskólasamfélaginu í gegnum Erasmus samstarf um árabíl og fer núna eftir Erasmus+, menntaáætlun Evrópusambandsins. Með því að taka þátt í ESN leggur Alþjóðanefnd SHÍ sitt af mörkum í samstarfi nemenda á alþjóðlegum vettvangi. Háskóli Ísland er einnig aðili að Aurora samstarfsnetinu sem býður upp á aukin tækifæri fyrir háskólann, stúdenta og Stúdentaráð Háskóla Íslands.

Markmið	Aðgerðir
Aukið samstarf við innlend félög sem tilheyra ESN	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Bóka fund með ESN</li> </ul>
Aurora	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Fá stöðugildi fyrir einn fulltrúa innan Aurora samtakanna</li> <li>• Taka markvissan þátt í Aurora og miðla upplýsingum til Stúdentaráðs sem og stúdenta Háskóla Íslands</li> </ul>

## STEFNA SHÍ Í LÁNASJÓÐSMÁLUM

Stúdentaráð uppfærði ekki stefnu sína í lánasjóðsmálum og er þetta því stefna sem unnin var 2017-2018

Málefni lánasjóðs íslenskra námsmanna er helsta hagsmunamál stúdenta. Það er skýlaus krafa Stúdentaráðs Háskóla Íslands (SHÍ) að ráðist verði í róttækar breytingar á Lánasjóðnum. Það er löngu kominn tími á að breyta lögum um LÍN og koma upp einhvers konar styrkjakerfi fyrir stúdenta. Það verður þó að gera í algjöru samráði við stúdenta og stjórnvöld verða að tryggja að rödd þeirra heyrst við gerð frumvarps um lög LÍN. Það er þó ekki einungis mikilvægt að ráðast í breytingar á lögum LÍN, heldur verður líka að breyta úthlutunarreglum LÍN talsvert þar sem stúdentar hafa setið eftir þegar kemur að kjarabótum.

Rannsóknir á vegum OECD benda til þess að gott aðgengi að námsstuðningi sé árangursrík leið til að auka aðgengi að menntun. Frekari rannsóknir gefa til kynna að námsstuðningskerfi, sem veita bæði lán með tekjutengdum endurgreiðslum og styrki sem fara eftir tekjum, stuðli ekki aðeins að jöfnum réttindum til framhaldsnáms heldur einnig að bættri frammistöðu nemenda. Eftirfarandi eru kröfur SHÍ er varða úthlutunarreglur LÍN, nýtt lánasjóðsfrumvarp sem og þjónustu LÍN við námsmenn. Kröfurnar eru ekki það eina sem Stúdentaráði þykir vanta hjá LÍN heldur telur ráðið þær breytingar sem það leggur til vera skref í rétta átt að bættu námslánakerfi.

### Úthlutunarreglur

Stúdentaráð Háskóla Íslands telur nauðsynlegt að frítekjumark námslána sé ekki það lágt að stúdentum sé refsað fyrir að vinna á sumrin og/eða vinna að einhverju leyti með námi. Frítekjumarkið er grátlega lágt en það er einungis 930.000 fyrir skatt og gerir það að verkum að stúdentar geta varla unnið á sumrin án þess að lán þeirra skerðist. Þá er skerðingin vegna umframtekna of há (45%) og telur SHÍ hana vera of mikla.

#### Stúdentaráð leggur höfuðáherslu á að:

1. Frítekjumarkið verði hækkað í samræmi við launaþróun og að skerðing vegna umframtekna verði lækkuð úr 45% í 35%.
2. Að þeir stúdentar sem koma úr námshléi geti sótt um fimmföldun á frítekjumarki, eða upphæð sem því nemur. Ótækt er að upphæðin sem stúdentum leyfist að vinna sér inn á ári, áður en námslán skerðist, sé undir lágmarkslaunum.

Stúdentaráð Háskóla Íslands telur mikilvægt að grunnframfærsla stúdenta verði hækkuð og leggur sérstaklega áherslu á að hún verði jöfn grunnviðmiði neysluviðmiða velferðarráðuneytisins. Þá telur SHÍ mikilvægt að húsnæðisgrunnur LÍN sé ekki miðaður við leigu á stúdentagörðum þar sem einungis 9% stúdenta á Íslandi búa á stúdentagörðum.

#### Stúdentaráð leggur höfuðáherslu á að:

1. Grunnframfærsla námslána verði hækkuð í samræmi við kjör annarra hópa.
2. Að húsnæðisgrunnur LÍN verði ekki miðaður út frá leigu á stúdentagörðum. Óraunhæft sé að miða við að allir lántakendur hjá LÍN leigi á jafn hagstæðu verði og því sem tíðkast á Stúdentagörðum.

Stúdentaráð Háskóla Íslands telur námsframvindukröfu LÍN vera of háa. Hana ætti að lækka niður í 18 ECTS-einingar líkt og hún var áður. SHÍ telur jafnframt að foreldrar í námi eigi rétt á því að framfærsla barna þeirra sé tryggð. Börn námsmanna eiga ekki að þurfa að reiða sig á að foreldri/foreldrar nái 22 ECTS-einingum til þess að framfærsla barnanna sé tryggð. SHÍ telur jafnframt að lánshæfar ECTS-einingar hjá LÍN ættu að hækka aftur upp í a.m.k. 540 ECTS-einingar.

#### Stúdentaráð leggur höfuðáherslu á að:

1. Námsframvindukrafa LÍN verði lækkuð og lánshæfum einingum fjölgað.
2. Staða barnafólks á námslánnum hjá LÍN verði tekin til sérstaklega til skoðunar og leiðrétt.

Stúdentaráð Háskóla Íslands krefst þess að stjórnvöld ráðist í endurskoðun á lögum um Lánasjóð íslenskra námsmanna sem allra fyrst og með aðkomu nemenda. Ráðið leggur áfram áherslu á að styrkjakerfi að fyrirmynd hinna Norðurlandanna verði innleitt. SHÍ gerir jafnframt þá kröfu að ráðið tilnefni fulltrúa í starfshópinn um endurskoðun laga um Lánasjóð íslenskra námsmanna. Ráðið telur að gæta verði að því að greiðslubyrði lágláunafólks verði

ekki of há og að við gerð nýs Lánasjóðsfrumvarps sé haft í huga að ekki sé vegið að jafnrétti til náms. SHÍ telur brýnt að stúdentar fái greidd lánin sín fyrirfram, en ekki eftir hvert misseri.

**Stúdentaráð leggur höfuðáherslu á að:**

1. Starfshópur verði skipaður um endurskoðun laga um LÍN og að í honum verði tveir fulltrúar stúdenta.
2. SHÍ vinni náíð með þeim fulltrúum stúdenta sem skipaðir eru í starfshópinn svo að SHÍ sé vel upplýst um framgang mála innan starfshópsins.
3. Starfshópur verði áfram starfræktur innan SHÍ til þess að vinna að því að takast á við komandi frumvarp um endurskoðun laga um LÍN.
4. Haldnar verði reglulegar kynningar fyrir SHÍ og fyrir alla nemendur við HÍ þegar frumvarp liggur fyrir um innihald þess.

Stúdentaráð telur mikilvægt að þjónustustig LÍN sé gott og að auðvelt sé fyrir stúdenta að sækja sér aðstoð hjá LÍN. Nauðsynlegt er að þjónusta við nemendur sé góð þegar kemur að jafn veigamiklum málum og lánasjóðsmálum.

**Stúdentaráð leggur höfuðáherslu á að:**

1. Sú þjónusta sem lánasjóðsfulltrúi SHÍ veitir á réttindaskrifstofu SHÍ verði auglýst eins og unnt er.
2. SHÍ fái viðeigandi aðila til að kanna streitu meðal lántakenda og annarra nemenda í tengslum við vinnu, námsframvindukröfur og fjárhag á meðan á námi stendur.
3. Fræðslufundir verði haldnir um starfsemi og úthlutunarreglur LÍN, bæði fyrir Stúdentaráð en einnig hinn almenna nemanda.
4. Aukin fjárframlög ríkisins renni til LÍN í þeim tilgangi að bæta þjónustu sem sjóðurinn veitir nemendum.